

Nd.

## 9. Frumvarp til laga

[9. mál]

um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

### I. KAFLI

#### Markmið og skólaskylda.

##### 1. gr.

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára eftir því sem nánar segir í lögum þessum. Skóli þessi nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglungum á nefndum aldri skylt að sækja skóla. Undanþágu má þó veita frá skólaskyldu, sbr. 5., 7. og 8. gr.

Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum, miðast hann við það almanaksár er nemandinn nær nefndum aldri.

##### 2. gr.

Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífellri þróun. Starfshættir skólans skulu því móttast af umburðarlyndi og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslenzku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð, sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfna hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

##### 3. gr.

Grunnskóli er níu ára skóli, þar sem fram fer barna- og unglingafræðsla.

Hann getur verið ein stofnun eða verið skipt í einingar, tvær eða fleiri eftir því sem menntamálaráðuneytið ákveður að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðsluráðs.

##### 4. gr.

Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda, þar sem honum verður við komið vegna vegalengda, vegakerfis og veðurfars. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólakerfis fyrir 7. 8 og 9 ára börn, þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið.

##### 5. gr.

Nú ber skólanefnd í skólakerfi fram við fræðslustjóra rökstutt álit um nauðsyn þess að fá um tiltekinn tíma undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. þessara laga um skólaskyldu eða lágmarksákvæði 42. gr. um starfstíma skóla. Skal fræðslustjóri þá í samvinnu við skólanefnd gera áætlun um, hvernig úr verði bætt á sem fæstum árum, og leggja áætlunina fyrir menntamálaráðuneytið ásamt umsókninni og umsögn sinni. Menntamálaráðuneytið úrskurðar síðan, hvort eða að

hve miklu leyti undanþága skuli veitt, og tekur það tillögur um endanlegar úrbætur til meðferðar við gerð framkvæmdaáætlunar um skólabyggingar.

Nú vanrækir skólahverfi að standa að sínum hluta við þær skuldbindingar, sem það hefur tekizt á hendur eða á það verið lagðar með áætlun um, hvenær og hvernig það skuli uppfylla að fullu ákvæði 1. gr. og 42. gr. þessara laga, og getur þá menntamálaráðuneytið hlutast til um, að nauðsynlegar úrbætur séu framkvæmdar og að sveitarfélag kosti þær að sínum hluta lögum samkvæmt.

Í fjárlögum skal veita sérstaka fjárhæð, sem nemi 5% af árlegu framlagi ríkissjóðs til byggingar mannvirkja vegna grunnskóla. Fjárhæð þessa er heimilt að lána þeim sveitarfélögum, sem standa að slíkum framkvæmdum, en eiga við verulega fjárhagsörðugleika að etja vegna fólksfæðar, sérstaklega lágra tekjustofna eða annarra gildra orsaka. Samstafsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 9. gr., geri tillögur til menntamálaráuneytisins um skiptingu fjárins, og ráðstafar ráðuneytið því, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um lánveitingar þessar, lánstíma og lánskjör, er miðist við það, að ríkissjóður sé skaðlaus af þeim.

#### 6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það innritist í skóla, þegar það hefur náð skólaskyldualdri, og að það sæki skóla. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli og skólastjóri fær ekki við ráðið, skal hann tilkynna fræðslustjóra um málið. Fræðslustjóri kynnir sér málsatvik og ástæður á heimili og í skóla og beitir sér fyrir úrbótum. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra, getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar.

#### 7. gr.

Undanþegin því að sækja grunnskóla samkvæmt 1. gr. eru:

- a) börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 78. gr., og
- b) börn, er búa í skólahverfum, sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr., að því leyti, sem undanþágan kveður á um.

#### 8. gr.

Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn hluta úr skólaári og færir fram knýjandi ástæður. Skal þá leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar samhljóða með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu, en skólanefnd og skólastjóri skulu fylgjast með því, að barnið stundi nám.

## II. KAFLI

### Stjórn grunnskóla.

#### 9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til. Ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna skulu vera:

1. Samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.
2. Grunnskólaráð, sbr. 66. grein.

Nefndir og ráð skv. 1. og 2. lið skulu skipuð til fjögurra ára í senn. Varámennt skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

#### 10. gr.

Landið skiptist í fræðsluumdæmi sem hér segir:

1. Reykjavíkumdæmi, sem tekur yfir Reykjavíkurborg.
2. Reykjanesumdæmi, sem tekur yfir Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfjarðarkaupstað, Keflavíkurkaupstað og Kópavogskaupstað.
3. Vesturlandsumdæmi, sem tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu.
4. Vestfjarðaumdæmi, sem tekur yfir Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu.
5. Norðurlandsumdæmi vestra, sem tekur yfir Vestur-Húnavatnssýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.
6. Norðurlandsumdæmi eystra, sem tekur yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað, Suður-Pingeyjarsýslu, Húsavíkurkaupstað og Norður-Pingeyjarsýslu.
7. Austurlandsumdæmi, sem tekur yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Neskaupstað og Austur-Skaftafellssýslu.
8. Suðurlandsumdæmi, sem tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmannaeyjakaupstað, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð og fræðsluskrifstofa.

#### 11. gr.

Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af viðkomandi landshlutasamtökum, er ákveða fjölda þeirra samkvæmt framansögðu. Jafnmargir skulu kjörnir til vara. Um kosningu og starfshætti fer samkvæmt lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga, en að öðru leyti eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

Í Reykjavík kys borgarstjórn Reykjavíkur fræðsluráð og fer hún með hlutverk landshlutasamtaka samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

Í reglugerð skal kveðið á um fundarsetu skólastjóra, fulltrúa kennara og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, svo og annarra aðila, t. d. fulltrúa sveitarfélags, er sérstaklega á hlut að tilteknu máli. Kennarafulltrúar skulu boðaðir til funda á sama hátt og fræðsluráðsmenn og hafa sama rétt og þeir til að æskja funda í fræðsluráði.

Þessir aðilar skulu hafa málfrelsi og tillögurétt á fræðsluráðsfundum.

Fræðsluráð utan Reykjavíkur skulu a. m. k. einu sinni á ári halda fund með öllum skólastjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins.

Formaður fræðsluráðs kveður til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Skytt er honum að kveðja ráðið saman, ef a. m. k. tveir fræðsluráðsmenn eða fræðslustjóri æskja þess. Fundur telst löglega boðaður, ef allir fræðsluráðsmenn, eða í forföllum aðalmanna varamenn, hafa verið boðaðir til hans a. m. k. tveim sólarhringum fyrir tilgreindan fundartíma. Fræðsluráð getur enga ályktun gert, nema meiri hluti þess sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn fræðsluráðsmaður hefur atkvæðisrétt um þau mál, sem varða hann sjálfan, og skal hann í slíkum tilvikum víkja sæti fyrir varamanni. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

#### 12. gr.

Fræðsluráð hefur með höndum eftirtalin verkefni:

1. Það fer með stjórn fræðslumála innan umdæmis síns í umboði menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli.
2. Það sér um, að gerðar séu áætlanir um fræðslumál í umdæminu, bæði árlegar fjárhags- og framkvæmdaáætlanir, svo og áætlanir til lengri tíma, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.
3. Það hefur eftirlit með störfum skólanefnda í umdæminu.

4. Það gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu fræðslustjóra umdæmisins og hefur umsjón með rekstri fræðsluskrifstofu umdæmisins.
5. Það sér um að sköpuð verði aðstaða til kennslufræðilegrar þjónustu fyrir umdæmið, eftir því sem fært þykir.
6. Það fer að öðru leyti með þau málefni, sem því eru fengin í þessum lögum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim.

#### 13. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar fræðslustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðsluráðs.

Menntamálaráðuneytið auglýsir stöðu fræðslustjóra og setur hann til eins árs. Að þeim tíma liðnum má skipa hann í starfið.

Við skipun í starf fræðslustjóra er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjenda, stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og þekkingar þeirra á skólamálum umdæmisins og þörfum þess, og skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir, sem hafa rétt til að vera skipaðir skólastjórar við grunnskóla og hafa gegnt starfi kennara eða skólastjóra í a. m. k. þrjú ár.

Heimilt er að greiða settum fræðslustjóra laun sem slíkum um þriggja mánaða skeið, áður en hann tekur við starfi, enda sé þeim tíma varið til undirbúnings undir starfið, skv. nánari ákvörðunum menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi fræðsluráðs.

Sá, sem settur er fræðslustjóri, skal fá launalaust leyfi frá starfi sínu í þágu ríkis eða sveitarfélags, sem hann kann að hafa á hendi, allt að einu ári.

#### 14. gr.

Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál í umdæminu og skal búsettur þar, sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er eða í næsta nágrenni. Hann er framkvæmdastjóri fræðsluráðs.

Meginverkefni fræðslustjóra eru:

1. Hann fylgist með því, að gildandi fyrirmælum um fræðslumál sé fylgt, bæði varðandi kennslu- og stjórnunarmál í skólum, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, svo sem grunnskólum, iðnfræðsluskólum og hús-mæðraskólum.
2. Hann hefur umsjón með gerð árlegra rekstraráætlana fyrir grunnskóla umdæmisins, endurskoðar þær og sendir menntamálaráðuneytinu.
3. Hann hefur í umboði menntamálaráðuneytis og sveitarstjórna umdæmisins umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla, sem lög þessi taka til, sbr. þó 29. gr.
4. Hann hefur með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum umdæmisins og fylgist með árangri nemenda, hvort tveggja í samráði við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins, og kynnir sér starfsskilyrði skóla, þ. e. aðstöðu til kennslu og náms, svo og aðbúnað nemenda.
5. Hann úrskurðar ágreiningsefni, sem upp kunna að koma milli skólastjóra og kennararáðs og skólastjóra og kennarafundar, sbr. 20. gr.
6. Hann gerir í sambandi við meint brot kennara eða skólastjóra í starfi þær ráðstafanir, er hann telur þörf, sbr. 56. gr.
7. Hann hefur umsjón með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskóla, sbr. 70. gr.
8. Hann kannar, í samvinnu við skólastjóra, skólalækni og sálfræðideild, hvort í fræðsluumdæminu séu nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum nemendum sakir sjóndepru, blindu, heyrnargalla, málhelti, málleysis, tornæmis, vanvita-háttar eða annars, er torveldi eðlilegan námsferil þeirra, og hlutast til um, að þeir fái kennslu við sitt hæfi.

Enn fremur fer fræðslustjóri með önnur þau mál, er lög þessi kveða á um, svo og þau sem menntamálaráðuneytið eða fræðsluráð kunna sérstaklega að fela honum.

**15. gr.**

Landshlutasamtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofum stað, en háð er sú ákvörðun samþykki menntamálaráðuneytis.

Fræðslustjóri er forstöðumaður fræðsluskrifstofu. Annað starfsfólk ræður fræðsluráð, að fengnum tillögum fræðslustjóra.

Heimilt er fræðsluráði að semja svo við landshlutasamtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög, að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi full greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðsluráði heimilt að semja svo við landshlutasamtök, að skrifstofa þeirra eða einstakra starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til.

**16. gr.**

Skólahverfi er sú eining, er stendur að einum grunnskóla, annaðhvort skóla í heild eða hluta hans. Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla innan marka sinna, telst þó eitt skólahverfi. Eitt sveitarfélag eða fleiri eða hlutar sveitarfélaga geta myndað skólahverfi.

Það er skólahverfi:

- a) Þar sem eitt sveitarfélag rekur grunnskóla eða hluta hans, án samvinnu við önnur sveitarfélög.
- b) Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt reka grunnskóla eða hluta grunnskóla í félagi með fullri eða misjafnri þátttöku aldursárganga.

Sama sveitarfélag getur átt aðild að fleiri en einu skólahverfi sem hér segir:

- 1) ef það skiptist landfræðilega milli a. m. k. tveggja skólahverfa
- 2) ef aldursárgangar þess á grunnskólastigi sækja ekki allir sama skólann en eiga skólasókn til tveggja eða fleiri skólahverfa.

Útibú frá aðalskóla, sbr. 4. og 79. gr., tilheyra skólahverfi aðalskólans. Ákvæði um skólahverfi ná ekki til skóla eða stofnana, sem rekin eru skv. 53. gr.

Menntamálaráðuneytið leggur tillögu um skiptingu landsins í skólahverfi fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórnnum, skólanefndum og skólastjórum, sem hlut eiga að máli. Síðan boðar ráðuneytið til eins fundar eða fleiri með þessum aðilum og fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um tillögurnar. Lögð skal áherzla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hæfilegs tíma, sker menntamálaráðuneytið úr.

**17. gr.**

Í sérhverju skólahverfi skal vera skólanefnd, sem fer með málefni grunnskóla, eftir því sem lög þessi og reglugerðir nánar ákveða. Skólanefnd skal kosin til fjögurra ára í senn af hlutaðeigandi sveitarstjórn (sveitarstjórnnum), sbr. 18. grein.

Í sveitarfélagi, þar sem grunnskólar eru tveir, eða fleiri, fer ein skólanefnd með málefni þeirra. Hún sér um skiptingu nemenda milli þeirra og samræmir rekstur þeirra eftir því sem hún telur haganlegt.

Heimilt er skólanefnd eða fleiri skólanefndum sameiginlega að ráða sér starfsmann, skólafulltrúa. Skólanefnd (skólanefndir) setja skólafulltrúa erindisbréf. Kostnaður við störf skólafulltrúa greiðist úr sveitarsjóði (sveitarsjóðum).

Menntamálaráðuneytið setur skólanefndum erindisbréf, er kveður nánar á um störf þeirra.

**18. gr.**

Skólanefndir skulu skipaðar sem hér segir:

- a) Í kaupstöðum og kaupúnahreppum með 900 íbúa eða fleiri, fimm mönnum, enda standi þau ein að skólarekstrinum.

Eigi fleiri sveitarfélög aðild að skólahverfinu, kýs hvert þeirra einn mann til viðbótar. Verði atkvæði við það jöfn skal sveitarfélagið þar sem skólinn er

staðsettur kjósa oddamann, ef nemendur þess eru samanlagt fleiri en allra hinna. Sé svo eigi, kýs það sveitarfélag skólahverfisins sem næstflest börn átti þar skólaárið áður en kosið er, tvo menn, í skólanefnd.

- b) Í öðrum sveitarfélögum, þar sem eitt sveitarfélag er skólahverfi, þremur mönnum.
- c) Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri standa saman að skólahverfi með jafnri aðild árganga, kýs hvert sveitarfélag einn mann. Verði tala nefndarmanna við það jöfn, kýs það sveitarfélag tvo, er flesta nemendur átti á grunnskólastigi næstliðið skólaár, áður en kosið er.
- d) Þar sem tvö sveitarfélög eða fleiri, önnur en þau sem um getur í a-lið, standa saman að skólahverfi með ójafnri aðild árganga skulu þau þeirra, er hlut eiga að öllum stigum þess, kjósa tvo menn hvert í skólanefnd, en önnur einn mann. Verði þá atkvæði jöfn skal farið að sem í c-lið.

Varamenn í skólanefndum skulu jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt. Skólanefndir skulu kjörnir í upphafi kjörtímabils sveitarstjórna.

Skólanefnd kýs sér sjálf formann og varaformann úr hópi nefndarmanna í upphafi kjörtímabils.

Fastir kennarar í skólahverfinu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til að starfa með skólanefnd, kennarafulltrúa, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt á fundum.

Þar sem kennarar við grunnskóla eru frá 1—15, skal kjörinn einn kennarafulltrúi til samstarfs við nefndina. Þar sem kennarar eru 16 eða fleiri, skulu kjörnir 2 kennarafulltrúar. Varamenn kennarafulltrúa skulu jafnmargir aðalmönnum.

Í Reykjavík fer fræðsluráð með hlutverk skólanefndar. Þar skulu kennarafulltrúar vera þrjár. A. m. k. þrjár á skólaári heldur fræðsluráð fundi með skólastjórum á grunnskólastigi í Reykjavík.

Skólastjóri á rétt til setu á skólanefndarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Um boðun funda og starfshætti skólanefnda gilda sömu ákvæði og um fræðsluráð. Skyld er að verða við tilmælum skólastjóra um fund í skólanefnd.

Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðsluráða og samtaka kennara á grunnskólastigi, reglur um, hvernig háttað skuli kosningu kennarafulltrúa samkvæmt þessari grein.

#### 19. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Hún fylgist með því, að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi skólahúsnæði í skólahverfinu.

Nú telur sveitarstjórn (skólanefnd), að þörf sé á byggingu nýs skólahúss, stækkun skólahúss eða verulegum endurbótum og skal hún þá gera í samráði við fræðslustjóra tillögur til menntamálaráðuneytisins um staðsetningu skólahúss og fyrirhugaðar framkvæmdir. Ef tvær sveitarstjórnir eða fleiri standa saman að skólahverfi, skulu þær á sama hátt gera tillögu sameiginlega ásamt skólanefnd.

Ef menntamálaráðuneytið telur, að óhæfilegur dráttur sé á aðgerðum til að sjá fyrir fullnægjandi skólahúsnæði, getur það í samráði við fræðslustjóra látið bæta úr því, sem áfátt er, á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélaga, enda þoli málið ekki bið að dómi ráðuneytisins.

Ef samkomulag næst ekki um, hvort ráðast skuli í skólabyggingu, hvar hún skuli reist og hve stór hún skuli vera, sker menntamálaráðuneytið úr að fenginni umsögn fræðsluráðs.

Skólanefnd skal líta eftir, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um, að uppfylltar séu á þessum sviðum kröfur í lögum og reglugerðum, og ber ábyrgð á, að viðhald og aukning eigi sér stað eftir þörfum.

#### 20. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar stjórna starfi grunnskóla undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði, er skóli starfar, ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skóla.

Í skólum, sem eiga rétt á 8 föstum kennurum eða fleiri, auk skólastjóra, skal almennur kennarafundur í upphafi hvers skólaárs kjósa þriggja manna kennararáð, sem ásamt skólastjóra, fer með stjórn skólans í umboði fastra kennara. Í öðrum skólum fer almennur kennarafundur með hlutverk kennararáðs.

Nú greinir skólastjóra og kennararáð á um meðferð tiltekins máls, og má þá vísa málinu til skólanefndar og fræðslustjóra, er fellir úrskurð um það. Ákvörðun skólastjóra gildir, unz úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir, nema samkomulag hafi orðið um annað.

Í reglugerð, sem ráðuneytið setur að fengnum umsögnum fræðsluráða skal nánar kveðið á um framkvæmd þessarar greinar. Þar má m. a. ákveða starfsmannafundi við heimavistarskóla.

Skólastjóri boðar til kennarafundar a. m. k. einu sinni í mánuði, en þó eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði, ef um heimavistarskóla er að ræða.

Auk þess skal boða til slíks fundar, ef þriðjungur fastráðinna kennara æskir þess.

#### 21. gr.

Nú æskir skólastjóri, og/eða foreldrar, sem börn eiga í grunnskóla, að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið. Skal þá skólastjóri boða til foreldrafundar.

Foreldrafélag setur sér samþykktir til að starfa eftir.

Fulltrúi foreldrafélags á rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti.

#### 22. gr.

Heimilt er nemendum 7. til 9. bekkjar grunnskóla að stofna nemendaráð, er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Ráðið skal skipað einum fulltrúa úr hverri bekkjardeild, sem nemendur deildarinnar velja árlega, og kýs það sér þriggja manna stjórn: formann, varaformann og ritara. Ráðið heldur gerðabók. Einn af kennurum skólans aðstoðar nemendaráð.

Formaður nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti.

### III. KAFLI

#### Skólahúsnæði.

#### 23. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði, sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður, sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m. a. tekið tillit til, hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Menntamálaráðuneytið ákveður að fenginni umsögn hlutaðeigandi fræðsluráðs, skólanefndar og sveitarstjórna, hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað.

Menntamálaráðuneytið lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

- a) er taki til allt að 10 ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft, sem ástæða þykir til;
- b) árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust að áliti ráðuneytisins.

Nafngift skóla er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn örnefnanefndar.

#### 24. gr.

Eigi tvö sveitarfélög eða fleiri félag með sér um byggingu skólahúsnæðis með jafnri eða ójafnri aðild aldursárganga nemenda, skal, ef ekki semst um annað þeirra í milli, miða skiptingu stofnkostnaðar við eftirfarandi meginatriði:

- a) íbúafjöldi,
- b) útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélögum næstliðið ár,
- c) þann barnafjöldi, sem hverju sveitarfélagi ber að senda í skólann,
- d) kennslustundafjöldi samkvæmt námsskrá í þeim bekkjum, sem aðild sveitarfélags miðast við.

Sé einungis um að ræða hluta sveitarfélags, sem aðild á að skólahverfi, skal miða liði a) og b) við þann hluta.

Verði sú breyting gerð á skólahverfi, að sveitarfélag, sem þar hefur átt aðild að, tengist öðru skólahverfi, skal ríkissjóður yfirtaka hlutdeild þess í skólabyggingunni og endurselja hana nýjum aðilum eða hinum eldri að því marki, sem um semst.

Gerist sveitarfélag aðili að skólahverfi, þar sem fyrir eru skólabyggingar, sem það mun hafa not af, skal það eftir því sem um semst kaupa hlutdeild í þeim byggingum af þeim sveitarfélögum, sem fyrir eru, og/eða ríkissjóði, sbr. undanfarandi málsgrein.

Menntamálaráðuneytið aðstoðar við samninga um skiptingu byggingarkostnaðar, sé þess óskað, og sker úr um ágreiningsatriði.

Nú óskar sveitarfélag, að gert sé ráð fyrir aðstöðu til félagsstarfsemi eða annars slíks í skólahúsi eða í tengslum við það, og skal það þá heimilt, enda samþykki menntamálaráðuneytið og skólanefnd uppdrætti. Sveitarfélag greiðir stofnkostnað að því leyti, sem lög og reglugerðir ákveða ekki annað.

#### 25. gr.

Í skólahúsi skal auk kennslurýmis gera ráð fyrir aðstöðu fyrir nemendur milli kennslustunda, snyrtiherbergjum, skrifstofu og vinnuherbergjum skólastjóra og kennara, bókasafni, aðstöðu til heilsugæzlu, íþróttaiðkana, almennrar félagsstarfsemi í þágu nemenda og annars þess, er lög þessi gera ráð fyrir. Ef henta þykir, má ætla aðstöðu til íþróttar og verklegar kennslu í öðru húsnæði.

Við gerð nýs skólahúsnæðis og endurbætur eldra skólahúsnæðis skal að því stefnt, að þar verði aðstaða fyrir nemendur til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverðar.

Við gerð heimavistar skóla skal kappkostað, að þeir minni sem mest á almenn heimili og sé þannig gengið frá, að nemendur geti jafnan náð til umsjónarmanns heimavista.

#### 26. gr.

Skólanefnd ákveður í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir hvaða sérfræðingar skuli annast hönnun skólabygginga, þ. e. undirbúningsvinnu og áætlanagerð, þar með gerð uppdráttar.

Menntamálaráðuneytið skal á a. m. k. þriggja ára fresti efna til almennrar samkeppni um uppdrætti að ákveðinni tegund skólmannvirkja miðað við breytilegar stærðir skóla og ólíkar aðstæður í landinu.

#### 27. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, ákveðið listskreytingu skólmannvirkja, og telst kostnaður, sem af því leiðir til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólmannvirkis miðað við reglur byggingadeildar ráðuneytisins, þó aldrei hærri fjárhæð en 500 þús. kr. til hvers einstaks skóla, að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu, sbr. 8. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

Ráðuneytinu til aðstoðar við ákvörðun listskreytinga skólamannvirkja skal vera tveggja manna nefnd skipuð einum fulltrúa frá Bandalagi ísl. listamanna, og einum frá því sveitarfélagi (sveitarfélögum), sem hlut á að máli hverju sinni, nema það eða þau feli Sambandi íslenskra sveitarfélaga að tilnefna fulltrúa í sinn stað til að fara með umboð sitt.

#### 28. gr.

Eðlilegt viðhald skólahúsa og skólahúsgagna, svo og kaup og endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt að mati fræðslustjóra og skólastjóra. Verði ágreiningur, sker ráðuneytið úr. Kostnaður greiðist samkvæmt 82. gr. Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við samstarfsnefnd menntamálaráðuneytis og Samband ísl. sveitarfélaga, sbr. 9. gr., árlegan hundraðshluta af brunabótamati hvers skólahúss til viðhalds húss og lóðar.

#### 29. gr.

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skulu vera í höndum skólanefndar og skólastjóra, sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytis.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt, að hvorki brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis, sem menntamálaráðuneytið kynni að ákveða, svo sem til námskeiðshalds, framkvæmdar á lögum um orlof húsmæðra o. fl.

Skólanefnd getur heimilað að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingarekstrar.

### IV. KAFLI

#### Skólastjóri, kennarar og annað starfslið grunnskóla.

#### 30. gr.

Við hvern skóla, sem starfar samkvæmt lögum þessum, skal vera skólastjóri.

Skipa má skólastjóra við grunnskóla hvern þann, sem lokið hefur kennaraþrófi, almennu eða sérgreindu, frá kennaraskóla eða háskóla. Ákveða má þó í reglugerð, að skipun í skólastjórastarf við grunnskóla verði háð því skilyrði, að umsækjandi hafi aflað sér viðbótarmenntunar í skólastjórn, sbr. 40. gr., enda verði námskeið um stjórnun skóla haldið eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Ákvæði þessi ná þó eigi til þeirra, er gegnt hafa skólastjórastarfi sem settir eða skipaðir fyrir gildistöku laga þessara.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar skólastjóra að fengnum umsögnum skólanefndar og fræðslustjóra, sem í hlut eiga.

#### 31. gr.

Í grunnskóla, sem á rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi, auk skólastjóra, ræður menntamálaráðuneytið yfirkennara til 5 ára í senn. Um embættisgengi yfirkennara gildir hið sama og um skólastjóra.

Starf yfirkennara skal auglýst á sama hátt og gerist um störf skólastjóra og kennara.

Hlutaðeigandi skólanefnd, svo og skólastjóri og kennararáð skulu láta menntamálaráðuneytinu í té umsagnir um umsóknir þær, er berast um stöðu yfirkennara. Verði þessir aðilar sammála um að mæla með ákveðnum umsækjanda, er ráðuneytinu skylt að fara eftir því.

Þar sem grunnskóli starfar í tveimur eða fleiri einingum, sem aðstæðna vegna eru ekki í sama byggðarlagi, er menntamálaráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu skólanefndar, að ráða yfirkennara, þótt forsendur þær, sem greindar eru í 1. mgr. séu ekki fyrir hendi.

Yfirkennari er staðgengill skólastjóra og vinnur undir stjórn hans að skólastjórnarstörfum.

Menntamálaráðuneytið ákveður lágmarkskennsluskyldu yfirkennara miðaða við stærð skóla.

Í skólum, sem hafa færri kennara en um getur í 1. málsgrein, fer sá kennari með skólastjórn í forföllum skólastjóra, er hann kveður til. Sé þó fyrirsjáanlega um að ræða lengri forföll en tvo mánuði, gerir skólanefnd tillögu til menntamálaráðuneytisins um ráðningu í starfið.

Yfirkennari er ríkisstarfsmaður og tekur laun samkvæmt launakerfi þeirra.

### 32. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar eða setur kennara við skóla, sem starfa samkvæmt lögum þessum, að fengnum umsögnum skólastjóra, skólanefndar og fræðslustjóra, sbr. 35. gr.

Engan má skipa kennara við grunnskóla, nema hann hafi lokið kennaraprófi, almennu eða sérgreindu, frá kennaraskóla eða háskóla, sbr. þó 77. gr.

Ákvæði þessarar greinar raska ekki réttarstöðu þeirra kennara, sem starfa við barna- og gagnfræðastigsskóla, þegar lög þessi öðlast gildi.

### 33. gr.

Þegar skólastjóra- eða kennarastaða losnar í skólahverfi, ber skólanefnd að tilkynna fræðslustjóra það tafarlaust. Fræðslustjóri sendir tilkynninguna til menntamálaráðuneytisins, sem auglýsir stöðuna.

Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um skólastjóra- og kennarastöður og sendir fræðslustjóra tillögur sínar og umsagnir. Skytt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en fræðslustjóra, ef velja skal skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólastjóra og skólanefndar, gerir hvor aðili um sig tillögur til fræðslustjóra.

Fræðslustjóri sendir tillögur og umsagnir um stöðuveitingar til menntamálaráðuneytisins ásamt umsögn sinni.

Þegar skólastjóri eða kennari lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk, skal hann tilkynna það skriflega til skólanefndar, og næsta yfirmanns síns (fræðslustjóra eða skólastjóra) fyrir 1. febrúar. Stefnt skal að því, að skipun og setning í skólastjóra- og kennarastöður, fari fram eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

Purfi að ráða skólastjóra eða kennara fyrirvaralítið, getur menntamálaráðuneytið sett mann í starfið án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal slíkar stöður svo fljótt, sem unnt er.

### 34. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar, að fenginni umsögn skólastjóra og skólanefndar, skólaráðskonu við heimavistar skóla, þar sem eru 30 nemendur eða fleiri samtímis í heimavist. Eftir tveggja ára setningartímabil við sama skóla, á skólaráðskona rétt á skipun í starf sitt, ef skólanefnd og skólastjóri mæla með því. Heimilt er ráðuneytinu að setja skilyrði um menntun og/eða starfsþjálfun skólaráðskvonna.

Skólastjóri ræður með samþykki skólanefndar stundakennara, forfallakennara, skólaráðskonu við grunnskóla með færri nemendum samtímis en 30, svo og annað starfsfólk mótuneytis.

Sveitarstjórn ræður húsvörð grunnskóla, ef hún telur þörf á. Skal hann ráðinn að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra. Sveitarstjórn ræður einnig annað starfsfólk grunnskóla en það sem tilgreint er í 1. og 2. mgr.

Heimilt er að binda ráðningu starfsfólks þess, sem um getur í 2. og 3. mgr. við tiltekinn starfstíma. Slíkt haggar þó ekki ráðningarkjörum þeirra, sem eru í föstu starfi, þegar lög þessi öðlast gildi.

Æski starfsmaður, er heyrir undir ákvæði þessi, eigi endurráðningar, ber honum

að tilkynna það þeim aðila er réði hann til starfars eigi síðar en 1. júní. Æski ráðningaraðili á sama hátt breytinga á ráðningarkjörum, eða á ráðningu í starf, skal hann tilkynna það þeim, er starfinu hefur gegnt, fyrir sama tíma, ella telst sá, sem fyrir er í starfinu, endurráðinn næsta skólaár.

#### 35. gr.

Skólastjóri eða kennari, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við grunn-skóla, skal gegna því samkv. lögum og erindisbréfi, er menntamálaráðuneytið setur.

Um setningu og skipun kennara fer eftir lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þó skulu skólastjórar og kennarar við heimavistarskóla ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslu við þau störf í slíkum skóla.

Um vinnutíma og kjör starfsmanna grunnskóla fer eftir ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamningum stéttarféлага eftir því, sem við á.

#### 36. gr.

Þegar kennari nær 55 ára aldri, minnkar starfsskylda hans um  $\frac{1}{6}$ , og er hann nær 60 ára aldri minnkar starfsskylda hans enn um  $\frac{1}{6}$  af fullri starfsskyldu.

Til þess að öðlast framangreindan afslátt þarf 20 ára kennsluferil.

#### 37. gr.

Í grunnskóla skal kennsla falin föstum kennurum eftir því, sem við verður komið, og stundakennurum að öðru leyti. Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða í einni eða fleiri kennslugreinum kennara fyrir tvo eða fleiri grunnskóla samtímis, til þess að fullnægja kennsluþörf, ef ekki er fullt verkefni fyrir hann við einn skóla.

Um réttindi kennara til að kenna í grunnskóla eða einstökum bekkjum hans skal ákveðið í lögum um menntun og réttindi kennara.

Skólastjóri við heimavistargrunnskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Heimilt er menntamálaráðuneytinu þó, ef skólastjóri æskir, að ráða sérstakan heimavistarstjóra, enda fullnægi hann skilyrðum um uppeldismenntun.

Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón nemenda jafnframt vera í höndum kennara, fóstara eða annarra starfsmanna með uppeldismenntun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

#### 38. gr.

Fyrir hverja bekkjardeild í grunnskóla skal skólastjóri velja aðalkennara. Hann fylgist með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og hefur samband við forráðamenn þeirra.

#### 39. gr.

Heimilt er fræðslustjóra, innan þeirra marka, sem um getur í 88. gr., að fela kennara fagnámsstjórn, þ. e. umsjón með kennslu í námsgrein innan fræðsluumdæmisins. Ráðningartími er allt að þrjú ár, og má endurnýja hann.

#### 40. gr.

Til endurmenntunar kennara á grunnskólastigi má auk orlofs, sbr. 41. gr., verja árlega af hálfu ríkisins fjárhæð, sem svarar til a. m. k. eins hundraðshluta af samanlögðum skólastjóra- og kennaralaunum grunnskóla.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um endurmenntun kennara.

#### 41. gr.

Nú hefur kennari gengt embætti í 5 ár, sem settur eða skipaður, og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlandis starfa ekki, og veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að  $\frac{2}{3}$  af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof en sem nemur tveggja ára embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að umsóknir og ákvarðanir um orlof berist réttum aðilum tímanlega og að orlof torveldi ekki störf skólanna yfirleitt. Að orlofi loknu er kennurum skylt að senda ráðuneytinu skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum, og er ráðuneytinu heimilt að birta slíkar skýrslur. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu að skólamállum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til skólustjóra.

## V. KAFLI

### Starfstími grunnskóla, námsefni og kennsluskipan.

#### 42. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 9 mánuðir. Skal skólaárið að jafnaði hefjast 1. september og ljúka 31. maí. Í skólahverfum, þar sem helmingur nemenda eða meira verður að aka til og frá skóla eða dveljast í heimavist, er skólanefnd, að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, heimilt að stytta árlegan starfstíma skóla allt að eftirtöldum lágmarkstíma:

- a) í 1.—3. bekk í 7 mánuði,
- b) í 4.—6. bekk í  $7\frac{1}{2}$  mánuð,
- c) í 7.—9. bekk í  $8\frac{1}{4}$  mánuð.

Í öðrum skólahverfum, er eiga við örðugar umhverfisaðstæður að búa, er tálma 9 mánaða skólaári, getur menntamálaráðuneytið að ósk skólanefndar heimilað styttingu árlegs skólatíma allt að því lágmarki, sem að framan greinir, enda liggi fyrir umsögn skólustjóra og kennarafulltrúa og meðmæli fræðsluráðs og fræðslustjóra.

Hafi stytting árlegs skólatíma verið heimiluð, gildir heimildin, meðan forsendur hennar eru óbreyttar. Sé slíkt frávik frá 9 mánaða skólaári heimilað, lækkar árlegt kennslumagn hlutaðeigandi grunnskóla í samræmi við það, nema til komi heimild fræðslustjóra að lengja vikulegan kennslutíma.

Miðað við 9 mánaða starfstíma grunnskóla og 6 daga skólaviku, skulu starfsdagar skóla á hverju skólaári teljast vera 210. Af þeim skal 195 dögum hið fæsta varið til kennslu og prófa, en allt að 15 dögum til annarra þarfa skólans, og er í því sambandi heimilt að taka tillit til sérstakra atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfinu.

Fræðsluráð getur, ef skólanefnd æskir, heimilað að kennt sé einungis 5 daga vikunnar, og skal þá lengja daglegan og/eða árlegan starfstíma skólans, sem nemur

fækkun daga, svo að nemendur fái á skólaárinu jafnmikla kennslu, hvort sem kennt er 5 eða 6 daga vikunnar.

Miðað við 9 mánaða starfstíma grunnskóla og 5 daga skólaviku skulu starfsdagar teljast vera 177, og skal þá eigi færri en 167 dögum varið til kennslu og prófa, en allt að 10 dögum til annarra þarfa skólans.

Í grunnskólum, er búa við skemmri árlegan skólatíma en 9 mánuði, skal ætla 10 starfsdaga til annarra þarfa skólans. Gildir þetta, hvort sem um er að ræða 5 eða 6 daga skólaviku.

Skólastjóri og kennararáð (skólastjóri og kennarafundur í smærri skólum) ákvarða, hversu ráðstafa skuli þeim starfsdögum skólans, 15 eða 10, sem ekki er skylt að nota til kennslu eða prófa. Skal sú ákvörðun birt nemendum og kennurum við upphaf skólaárs, ásamt skrá um, á hvaða daga lögboðin leyfi falla á skólaárinu. Heimilt er þó að víkja frá þeirri skrá hvað starfsdaga varðar, teljist það nauðsynlegt að dómi framangreindra aðila. Sé heimildin til að verja þessum dögum til annarra þarfa en kennslu og prófa ekki nýtt að fullu, fjölgar kennsludögum á skólaárinu að sama skapi.

Geti grunnskóli ekki fullnægt ákvarðaðri starfsdagaskyldu sinni á reglulegum starfstíma, skal starfstíminn framlengdur, unz fullum starfsdagafjölda er náð, þó eigi um lengri tíma en eina viku. Telst skólaári þá lokið.

Æski skólanefnd, að hluta námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla, getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað, að allt að fjórðungur kennslunnar fari fram með þeim hætti.

#### 43. gr.

Í samræmi við markmið grunnskóla setur menntamálaráðuneytið skólunum aðalnámsskrá, þar sem m. a. skal kveðið nánar á um uppeldishlutverk skólans og meginstefnu varðandi kennslufræði og kennsluskipan, auk þess sem ákvæði skulu sett um:

- a) þjálfun í notkun móðurmálsins í ræðu og riti og fræðslu um íslenzkar bókmenntir;
- b) undirstöðukennslu í stærðfræði;
- c) þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleiks, með kennslu í tónmennt, myndlist og handíðum;
- d) fræðslu um mannlegt samfélag, umheim og umhverfi í fortíð og nútíð, um Íslandssögu, mannkynssögu, samfélagshætti og landafræði;
- e) kennslu í kristnum fræðum og fræðslu um önnur helztu trúarbrögð, almenna siðfræði og háttvísi.
- f) kennslu um efnisheiminn, um frumatriði líffræði, umhverfisfræði, eðlisfræði og efnafræði;
- g) kennslu í erlendum tungumálum, og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu, og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir;
- h) kennslu í heimilisfræðum og heimilisrækt;
- i) kennslu í íþróttum, líkams- og heilsurækt og hjálp í viðlögum;
- j) ýmsar valgreinar í efstu bekkjum grunnskóla, þ. á m. verklegt nám.

Að öðru leyti ákveður menntamálaráðuneytið námsefni grunnskóla, magn þess, skiptingu milli námsgreina og skipan á námsár, sbr. þó 45. gr.

Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla skal þess sérstaklega gætt, í samræmi við markmið skólans, sbr. 2. gr., að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda.

Í aðalnámsskrá skal sérstaklega kveðið á um nám í fámennum skólum, þar sem nauðsynlegt er, að nemendur á mismunandi aldri séu saman í deild, sbr. 48. gr.,

svo og um nám í skólum, þar sem miðað er við skertan árlegan starfstíma, sbr. 42. gr. Setja skal sérstakar námsskrár fyrir nemendur, sem njóta sérkennslu skv. 51. og 52. gr.

Skólarannsóknadeild ráðuneytisins hefur námsskrá grunnskóla stöðugt til athugunar og endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar, þegar þörf er talin á. Menntamálaráðuneytið gefur aðalnámsskrá grunnskóla út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

#### 44. gr.

Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómsunda- og félagsstarfi á vegum skólans eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 80. gr.

Í félagsstarfi skal m. a. að því stefnt að nemendur verði færir um að taka að sér félagsleg störf í þjóðfélaginu.

Heimilt er skólastjórum að fela einum eða fleiri kennurum að annast sérstaklega þennan þátt skólastarfsins, og lækkar við það að sama skapi kennsluskylda þeirra.

Skólastjórar grunnskóla skulu árlega gera fræðslustjóra grein fyrir hversu varið var tómsunda- og félagslífi í skóla þeirra á næstliðnu skólaári.

Menntamálaráðuneytið gengst fyrir námskeiðum fyrir þá kennara, er með þessi mál fara í skólum, og sér um að gefnar séu út leiðbeiningar þeim til stuðnings.

#### 45. gr.

Vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skal vera sem næst þessi:

- a) í 1. bekk, 880 mínútur;
- b) í 2. bekk, 960 mínútur;
- c) í 3. bekk, 1080 mínútur;
- d) í 4. bekk, 1280 mínútur;
- e) í 5. bekk, 1360 mínútur;
- f) í 6. bekk, 1400 mínútur;
- g) í 7. bekk, 1480—1520 mínútur;
- h) í 8. bekk, 1480—1560 mínútur;
- i) í 9. bekk, 1440—1560 mínútur.

Í 1.—6. bekk er skólastjóra með samþykki fræðslustjóra heimilt að lengja eða stytta vikulegan kennslutíma nemenda um allt að 40 mínútur frá framangreindum ákvæðum. Skal þá hvors tveggja gætt, að heildartímafjöldi nemenda skólans það skólaár fari sem minnst fram yfir ákvæðin og að samanlagður kennslutímafjöldi nemenda á skólaferli þeirra á umræddu skólastigi verði sem næst ákvæðunum.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun skólastjóra. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

Stundahlé í grunnskóla skulu að jafnaði vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum, sem kenndar eru.

#### 46. gr.

Leyfis dagar í grunnskóla skulu, auk helgidaga þjóðkirkjunnar, vera sem hér segir: 1. desember, jólaleyfi frá og með 21. desember til og með 3. janúar, páska-leyfi frá og með laugardegi fyrir páskadag til og með þriðjudegi næstum eftir páska, sumardagurinn fyrsti, 1. maí og laugardagur fyrir hvítasunnu.

#### 47. gr.

Eftir að frá hafa verið taldir sérbekkir fyrir nemendur, sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 51. og 52. gr., skal við það miðað að jafnaði, að meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla fari ekki yfir 28, né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild yfir 30.

Menntamálaráðuneytið getur, sbr. 43. gr., sett ákvæði í aðalnámsskrá grunnskóla, er heimili skólum að skipta almennum bekkjardeildum í smærri hópa, þegar tilteknir námsþættir eru kenndir.

Þá er og heimilt, þegar kennarar í aldursflokki eða námsgrein vinna saman í gengi, að leysa að nokkru upp bekkja- og deildaskipan og kenna nemendum saman í ýmist smærri eða stærri hópum, enda hafi sú tilhögun eigi áhrif til breytinga á heildarkennslumagni.

#### 48. gr.

Í fámennum skólum, þar sem nemendur 1.—6. bekkjar eru á mismunandi aldri saman í deild, skulu ekki vera fleiri en þrjú aldursflokkar saman í bekkjardeild; þó skal heimilt að hafa 1.—4. bekk saman í deild. Hámarksfjöldi nemenda í bekkjardeild skal að jafnaði vera þessi:

- a) 12, ef aldursflokkar eru fjórir;
- b) 17, ef aldursflokkar eru þrjú;
- c) 22, ef aldursflokkar eru tveir.

Fræðslustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á, aukið nemendafjöldann um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild, gegn aukningu kennslumagns með fjölgun tíma eða skiptitímum. Slíkar ákvarðanir skulu ekki auka kennslumagn umfram það, sem ákveðið er í lögum, nema samþykki menntamálaráðuneytisins komi til.

#### 49. gr.

Í 7.—9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir, sem skólann sækja.

Til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi, má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 15, nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins.

## VI. KAFLI

### Réttindi og skyldur nemenda og kennara.

#### 50. gr.

Börnum og unglíngum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7., 52., 53. og 78. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við byrjun skólaárs á því almanaksári, sem það verður sjö ára. Skólaganga má þó hefjast fyrir á almanaksárinu, ef skólahverfi heldur vor-skóla. Sæki foreldrar eða forráðamaður um eða samþykki, að barn, sem náð hefur sex ára aldri fyrir 1. júlí, hefji nám á því ári, eða að barn, sem ekki verður sjö ára fyrir en 1. júlí, fresti námi um eitt ár, getur skólastjóri, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi sálfræðideildar haft þann hátt á. Nú sækja foreldrar eða forráðamaður um, að barn, sem nær sex ára aldri á síðara hluta almanaksársins, fái að hefja skólagöngu í grunnskóla. Getur þá skólastjóri heimilað þetta, ef sálfræðideild og skólalæknir mæla með því hvor um sig.

Nú lýkur nemandi öllu námi grunnskóla á átta árum með góðum árangri, og telst hann þá hafa lokið skyldunámi. Nemandi getur og á sama hátt lokið grunnskólanámi enn fyrir og þá flutt á framhaldsskólastig, telji skólastjóri, skólasálfræðingur og aðalkennari nemandann hafa til þess nægan þroska, enda komi til samþykki forráðamanna.

Fræðslustjóri getur, að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn auk skólastjóra, heimilað nemandan að hverfa frá grunnskólanámi að loknum 8. bekk í allt að eitt ár vegna þátttöku í atvinnulífi, og lýkur nemandi þá grunnskólanámi þeim mun síðar. Heimilt skal að meta þessa þátttöku nemandans í atvinnulífi til jafns við nám í tilteknum valgreinum 9. bekkjar.

#### 51. gr.

Börn, sem talin eru vikja svo frá eðlilegum þroskaferli, að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fer fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla, nema til komi kennsla á sérstofnun samkvæmt 53. gr. Kennslan fer fram eftir því, sem hentast þykir eftir afbrigðum nemenda og aðstæðum skóla og fræðsluumdæmis. Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu, þar sem því verður við komið. Heimilt er skóla að fjölga í þessu skyni vikulegum skyldustundum einstakra nemenda um allt að tveimur kennslustundum, en tilkynna skal slíkt forráðamönnum nemenda.

#### 52. gr.

Kennslu samkvæmt 51. gr. skulu njóta:

- a) börn, sem að dómi sálfræðideildar og annarra sérfræðinga skortir hæfileika til að stunda venjulegt grunnskólanám;
- b) börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám;
- c) börn, sem að dómi sálfræðideildar og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvisýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu;
- d) börn, sem að dómi sálfræðideildar og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða, að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum;
- e) börn, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðideildar og annarra sérfræðinga, þar með talin seinþroska börn, sem talin eru geta stundað venjulegt grunnskólanám.

#### 53. gr.

Þeim börnum, sem um getur í a) og b)-lið 52. gr., skal séð fyrir kennslu í sérstofnunum samkvæmt þessari grein. Þar skal þeim veitt uppeldi og fræðsla við þeirra hæfi, enda liggja fyrir álit sálfræðideildar um, að nám í grunnskóla beri ekki tilætlaðan árangur.

Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um, að slíkar sérstofnanir verði reistar. Það lætur gera heildaráætlun um slíkar sérstofnanir og rekstur þeirra, og skal hún að fullu framkvæmd innan 10 ára frá gildistöku laga þessara.

Allur stofnkostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo og rekstrarkostnaður, þar með talin daggjöld nemenda að því leyti, sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

Þegar um er að ræða nemendur, sem um getur í c), d) og e)-lið 52. gr., skal þeim séð fyrir kennslu í almennum grunnskóla eða sérstakri deild á vegum hans. Nú telur sálfræðideild, sem hlut á að máli, að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur, og skal þá séð fyrir kennslu í sérstofnun skv. þessari grein.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérstofnanir skv. þessari grein, og skal þar m. a. kveðið á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkum sérstofnunum.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða nemendum, sem grein þessi tekur til, náms tíma, er sé einu eða tveimur árum lengri en skólaskyldan býður.

#### 54. gr.

Eigi má nemandi á starfstíma skólans stunda vinnu utan skólans, er að dómi skólastjóra og skólalæknis veldur því, að hann getur ekki rækt nám sitt sem skyldi eða notið nauðsynlegrar hvíldar. Skal skólastjóri í þeim tilvikum tilkynna það forráðamanni nemandans og hlutaðeigandi vinnuveitanda, en verði ekki bót á ráðin, skal vísa málinu til meðferðar barnaverndarnefndar.

55. gr.

Nemendum ber að hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks skóla í öllu því, er skólann varðar, fara eftir skólareglum og temja sér þrúðmannlega framkomu.

Nú veldur nemandi verulegri truflun í kennslustund og lætur ekki skipast við áminningu kennara, og er þá kennara heimilt að víkja honum úr kennslustund.

Ef nemandi reynist verulega áfátt í hegðun, ber kennara að leita orsaka þess. Í ljósi fenginna upplýsinga skal hann í viðtali við nemandi og forráðamenn hans, ef við á, leitast við að fá bætt úr því, sem áfátt er.

Nú ber viðleitni kennara, skv. 3. mgr. ekki árangur, og skal hann þá vísa málinu til meðferðar skólastjóra, sem kannar málið frá öllum hliðum. Ef meðferð hans leiðir ekki til viðunandi ástands, visar skólastjóri málinu til sérfræðilegrar meðferðar fræðsluskrifstofu.

Meðan mál skv. 4. mgr. eru óútkljáð, getur skólastjóri vísað nemandi úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemandi og fræðslustjóra tafarlaust þá ákvörðun.

Fræðslustjóri leggur þá málið fyrir sálfræðideild þá, sem í hlut á, og tekur hún við meðferð málsins, sbr. 69. gr.

Ákveða skal nánar í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

56. gr.

Telji skólastjóri, að kennari, eða kennari, að skólastjóri hafi gerzt brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim, getur hann vísað málinu til skólaneftndar, sem beinir því sem skjótast til fræðslustjóra, ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Nú telur fræðslustjóri, að aðgerðir í málinu þoli enga bið, og getur hann þá gert tafarlaugar ráðstafanir til úrbóta um stundarsakir.

Telji foreldrar eða forráðamenn barna, að skólastjóri eða kennari hafi gerzt brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim, fer um málið eins og segir í 1. mgr.

Um meðferð slíkra mála fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

## VII. KAFLI

### Námsmat.

57. gr.

Með námsmati í grunnskóla skal reynt að afla sem öruggastrar og viðtækastrar vitneskju um það, hver árangur hefur orðið af skólastarfinu. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því, hvernig nemendum gengur að ná þeim markmiðum í námi, sem skólinn setur þeim, sbr. 43. gr. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans, heldur er það einn af fóstum þáttum skólastarfsins, órjúfánlegt frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er örvun nemandi og náms hjálp.

58. gr.

Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans, sbr. þó 59. gr. Kennarar skulu gefa umsögn og/eða einkunnir í lok hvers skólaárs eða námsáfangi, er gefi til kynna námsárangur, vinnubrögð og framfarir nemandans og viðhorf hans til viðfangsefna skólans. Upplýsingar þessar skulu færðar í spjaldskrá skólans og prófskýrslur og veittar nemendum og foreldrum.

59. gr.

Menntamálaráðuneytið skal leggja skólunum til samræmd könnunarpróf og stöðluð próf í a. m. k. móðurmáli og stærðfræði, svo fljótt sem við verður komið. Skal einkum við það miðað, að þessi próf veiti glögga vitneskju um árangur skólastarfsins á þeim stigum, þar sem eðlileg skil verða í náminu.

Ráðuneytið veitir einnig sérfræðilegar leiðbeiningar um, hvornig skólarnir geti sem réttast metið námshæfni og námsárangur nemenda og gefið sem gleggstar um-sagnir og upplýsingar um þá.

60. gr.

Er grunnskólanámi lýkur, skal nemandi fá skirteini, er votti, að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Enn fremur skal hann fá skirteini, er veiti þá vitneskju um námsferil hans, er nemandanum er nauðsyn á vegna framhaldsnáms eða starfs, þar á meðal um námsbraut hans og valgreinar í 8. og 9. bekk, svo og námsárangur hans í einstökum greinum, þ. e. dóm kennara og úrslit prófa, þ. á m. samræmdra lokaprófa, sbr. 59. og 62. gr.

61. gr.

Til þess hluta námsmats, sem framkvæmt er með prófum lögðum fyrir heila árganga samkvæmt 58. eða 59. gr., er heimilt að hafa prófdaga sem hér segir: í 1. og 2. bekk þrjú daga, í 3. bekk fimm daga, í 4., 5. og 6. bekk sex daga, í 7., 8. og 9. bekk allt að tólf daga að meðaltali.

Óheimilt er að fella niður kennslu í þessu skyni umfram það, sem hér segir, nema samþykki menntamálaráðuneytisins komi til.

62. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar skólunum trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa, svo og prófdómara til starfa við námsmat í 9. bekk grunnskóla, og setur starfsmönnum þessum erindisbréf.

Æski skólastjóri og skólanefnd grunnskóla, þar sem kennslu lýkur í 7. bekk eða fyrr, sbr. 3. gr., að sérstakt eftirlit verði með námsmati í lokabekk skólans, er ráðuneytinu heimilt að skipa skólanum eftirlitsmann. Greiðist kostnaður við störf hans þá að jöfnu úr ríkissjóði og sveitarsjóði.

Þá getur ráðuneytið, er það telur þörf á, skipað slíkan eftirlitsmann, að fengnum tillögum fræðslustjóra.

Nánari ákvæði um tilhögun námsmats setur ráðuneytið í reglugerð. Þar skal og setja ákvæði um, hvornig fylgt verði með námi þeirra nemenda á skólaskyldualdri, sem eigi sækja almennan grunnskóla.

## VIII. KAFLI

### Skólarannsóknir o. fl.

63. gr.

Í menntamálaráðuneytinu skal vera deild, skólarannsóknadeild, er hefur með höndum m. a. gerð áætlana um umbætur í starfi skóla, rannsókn- og tilraunastarf í skólum, mat og endurskoðun námsmarkmiða og námsefnis, gerð staðlaðra prófa. endurskoðun námsskrár, undirbúning í samvinnu við Ríkisútgáfu námsbóka að útgáfu nýrra kennslubóka í þeim námsgreinum, sem deildin hefur til endurskoðunar, kennslufræðilegt leiðbeiningarstarf og tillögugerð um kennaranámskeið og nýjungar í kennaranámi í samvinnu við stofnanir, sem veita kennaramenntun.

64. gr.

Til að leiðbeina um kennslu í grunnskóla, fylgjast með árangri hennar og stuðla að kennslufræðilegum umbótum skulu vera námsstjórar í einstökum greinum, eftir því sem þörf er á og fé er veitt til í fjárlögum. Þó skal eigi varið til námsstjórnar lægri fjárhæð en sem nemur sjö námsstjóraalaunum. Námsstjórar þessir eru starfsmenn skólarannsóknadeildar, og ræður menntamálaráðuneytið þá til allt að fjögurra ára í senn. Við ráðningu námsstjóra skal tekið tillit til kennslufræðilegrar menntunar og kennarareynslu.

Laun og annar kostnaður við starf námsstjóra greiðist úr ríkissjóði. Þeir skulu njóta launakjara samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins. Opinberir starfsmenn, sem veljast til námsstjórnar, fá launalaust leyfi, meðan þeir gegna námsstjórn. Heimilt er ráðuneytinu að greiða þeim laun og gera þeim á annan hátt kleift að verja allt að sex mánuðum í undirbúning, áður en starf þeirra hefst, enda sé þeim tíma eingöngu varið í því skyni.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um námsstjórn.

#### 65. gr.

Til rannsóknaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála, þ. á m. rannsókna- og tilraunastarfs samkvæmt 63. gr., skal varið árlega úr ríkissjóði a. m. k. 1% af heildarútgjöldum ríkissjóðs í fjárlögum til stofn- og rekstrarkostnaðar grunnskóla og framhaldsskóla. Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu fjárens.

#### 66. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn 10 manna ráð, er nefnist grunnskólaráð. Í ráðinu skulu eiga sæti eftirtaldir aðilar:

- a) einn fulltrúi fyrir menntamálaráðuneytið og skal það vera deildarstjóri skólarrannsóknadeildar þess, og er hann jafnframt formaður ráðsins;
- b) fjórir fulltrúar kennara á grunnskólastigi, einn tilnefndur af Félagi háskóla- og menntaþra kennara, einn af Landssambandi framhaldsskólakennara og tveir af hálfu Sambands íslenzkra barnakennara, og skal annar þeirra valinn úr hópi kennara við skóla í strjálbýli;
- c) einn fulltrúi kennara á framhaldsskólastigi, tilnefndur af Félagi menntaskólakennara;
- d) einn fulltrúi starfsmanna ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skólanna, tilnefndur af forstöðumönnum sálfræðideilda;
- e) einn fulltrúi fyrir Ríkisútgáfu námshóka;
- f) einn fulltrúi fyrir Kennaraháskóla Íslands;
- g) einn fulltrúi fyrir Háskóla Íslands.

Grunnskólaráð er ráðgefandi í kennslufræðilegum málefnum grunnskóla og skilar tillögum sínum til menntamálaráðuneytisins. Verði atkvæði í ráðinu jöfn ræður atkvæði formanns.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólaráði erindisbréf og kveður á um starfs- tilhögun þess og starfssvið.

#### 67. gr.

Menntamálaráðuneytið getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að starfrækja tilraunaskóla með undanþágu frá ákvæðum laga og reglugerða, svo sem um námsskrá, starfstíma skóla, kennslutilhögun, kennslumagn, skipun nemenda á tiltekin skólastig o. s. frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bág við 2. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því, sem þar er gert ráð fyrir.

Þá kostnaður við tilraunaskóla fer fram úr því, sem greiða á til hans skv. lögum, skiptist það, sem umfram er, að hálfu milli ríkisins og viðkomandi aðila, enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt árlega kostnaðaráætlun fyrirfram.

### IX. KAFLI

#### Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta.

#### 68. gr.

Fræðsluráð skal, svo fljótt, sem aðstæður leyfa, koma upp deild í fræðsluskrifstofu, sem annast ráðgjafar- og sálfræðipjónustu fyrir grunnskóla umdæmisins.

Heimilt er fræðsluráðum tveimur eða fleiri að sameinast um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, enda samþykki menntamálaráðuneytið tilhögun þeirrar þjónustu.

Nú telur ráðuneytið, að óhæfilegur dráttur verði á stofnun ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í fræðsluumdæmi, og er þá fræðsluráði skylt að hefjast handa um slíkt innan frests, sem ráðuneytið ákveður.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðipjónustu samkvæmt lögum þessum. Skal við það miðað í áætluninni, að sem fyrst verði ráðnir þeir starfsmenn a. m. k., sem hér greinir:

- a) í 1.—6. bekk, einn sálfræðingur í fullu starfi, félagsráðgjafi í hálfu starfi og sérkennari í hálfu starfi fyrir hverja 2500 nemendur;
- b) í 7.—9. bekk, einn sálfræðingur í fullu starfi og félagsráðgjafi í hálfu starfi fyrir hverja 2500 nemendur og einn skólaráðgjafi fyrir hverja 500 nemendur.

Heimilt er og að ráða ráðgefandi lækni við sálfræðideild. Fræðsluráð ræður starfsmenn sálfræðipjónustu, að fengnum tillögum fræðslustjóra.

Sálfræðingar, félagsráðgjafar og skólaráðgjafar gegna störfum, sem settir eða ráðnir um tveggja ára skeið, en eiga að þeim tíma liðnum rétt á ákvörðun um stöðuveitingu, að fenginni umsögn fræðslustjóra.

Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu greiðist að jöfnu af rikissjóði og sveitarfélögum.

#### 69. gr.

Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðipjónustu er:

- a) að nýta sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu í skólastarfi;
- b) að vera ráðgefandi um umbætur í skólastarfi, sem verða mættu til að fyrirbyggja geðræn vandkvæði;
- c) að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim, sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi;
- d) að leiðbeina skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru (sbr. c-lið);
- e) að taka til meðferðar nemendur, sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra;
- f) að annast hæfniprófanir og ráðgjöf í sambandi við náms- og starfsval unglinga;
- g) að annast ýmis rannsóknarstörf og athuganir í sambandi við ráðgjafarþjónustu sálfræðideilda.

#### 70. gr.

Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta lýtur stjórn hlutaðeigandi fræðslustjóra, og skal hún vera sérstök deild í fræðsluskrifstofu. Skólaráðgjafar eru starfsmenn sálfræðideildar, sem skipuleggur störf þeirra í samráði við skólastjóra, en hafa aðsetur í skólunum.

Forstöðumaður sálfræðideildar hefur sama rétt til að sitja fundi skólanefndar og skólastjóri, sbr. 18. gr. Enn fremur á hann rétt á að sitja fundi fræðsluráðs, þegar fjallað er um ráðgjöf og sálfræðipjónustu eða skyld mál, svo og hliðstæða fundi, sem fræðslustjóri boðar til með skólastjórum og/eða kennurum.

#### 71. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu.

Ráðuneytið getur falið tiltekinni stofnun, með samkomulagi við þá aðila, sem að henni standa, að annast fræðilega leiðbeiningastarfsemi og sérfræðilega umsjón með sálfræðipjónustu í skólum.

#### 72. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur safna upplýsingum um námsbrautir, atvinnulíf og annað, er starfsfræðsla þarfnast, og annast útgáfu handbóka og hjálpargagna fyrir kennara og ráðgjafa.

### 73. gr.

Sérmenntaðir starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skulu hafa lokið námi, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir, svo sem hér greinir:

- a) skólasálfræðingar skulu hafa lokið háskólanámi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði;
- b) félagsráðgjafar skulu hafa lokið námi í félagsráðgjöf;
- c) skólaráðgjafar skulu annaðhvort hafa lokið kennaraprófi og framhaldsnámi í uppeldisfræði og skyldum greinum eða hafa lokið BA-prófi í sálar- og uppeldisfræði, hvort tveggja auk viðbótarnáms og/eða starfsþjálfunar, er nánar verði kveðið á um í reglugerð;
- d) sérkennarar skulu hafa lokið kennaraprófi og tveggja ára framhaldsnámi í kennslu og uppeldi afbrigðilegra nemenda.

Forstöðumenn sálfræðideilda skulu vera skólasálfræðingar og hafa a. m. k. þriggja ára starfsreynslu að loknu almennu námi til þess að hljóta skipun í starf. Þeir skulu og vera færir um að leiðbeina byrjendum í starfi.

### 74. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og verk-svið ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, svo og kröfur um menntun þeirra, sem að þess-um málum vinna. Skal að því stefnt, að ráðgjafar- og sálfræðipjónusta tengist sem best almennu skólastarfi.

Ráðuneytið setur starfsmönnum erindisbréf að fengnum tillögum fræðsluráða.

## X. KAFLI

### Bókasöfn.

### 75. gr.

Við hvern grunnskóla skal vera bókasafn og lesstofa fyrir nemendur og kenn-ara. Heimilt skal að sameina almenningsbókasafn og skólabókasafn, ef forráða-menn beggja safna telja slíkt æskilegt og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Að skólabókasöfnum skal þannig búið, að því er varðar húsnæði, bókakost og starfslið, að þau geti gegnt því hlutverki að vera eitt af meginhjálpartækjum í skóla-starfinu.

Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að koma upp deildum í skóla-bókasöfnum fyrir hljómplötur og hljómbönd til notkunar í skólanum og til útleigu innan skólahverfisins.

Þeir, sem lokið hafa námi í bókasafnsfræðum og jafnframt öðlzt kennslurétt-indi á grunnskólastigi, skulu sitja fyrir öðrum um störf skólabókavarda.

Nánari ákvæði um skólabókasöfn, húsnæði þeirra, bókakost, starfslið og starfs-hætti setur menntamálaráðuneytið í reglugerð.

## XI. KAFLI

### Heilsuvernd.

### 76. gr.

Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir lögum nr. 61/1957, um heilsuvernd í skól-um og reglugerð nr. 214/1958 með áorðnum breytingum. Sá aðili, sem falin er stjórn heilsuverndar í skólum, skal hafa samráð við fræðslustjóra um skipulagningu heilsuverndar í skólum fræðsluumdæmisins á skólaárinu. Enn fremur skal, í upp-hafi skólaárs og í samráði við skólastjóra, setja starfsliði heilsuverndar, sem í skóla starfar, svo sem skólalækni, hjúkrunarkonu og tannlækni, fastan starfstíma í skól-anum.

Skólastjóra ber að fylgjast með því, að starfsfólk heilsuverndar ræki störf sín í skólanum í samræmi við þá vinnuáætlun, sem sett hefur verið skv. framangreindu.

## XII. KAFLI

### Forskóli.

#### 77. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn, eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Rekstrarkostnaður við forskólahlald greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla. Við forskólann skulu starfa kennarar, sem lokið hafa viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar við 1.—6. bekk grunnskóla. Kennarar, sem hlotið hafa viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara, skulu ganga fyrir um rétt til starfsins. Heimilt er að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með viðurkennda menntun, sem henta þykir. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir og launaðir af sömu aðilum og kennarar, og fer um launakjör þeirra eftir kjarasamningum eða dómi kjaradóms.

Heimilt er að nota til forskólahlalds skólahúsnæði grunnskóla.

Kennsla óskólaskyldra barna umfram það, sem segir í grein þessari, er háð leyfi fræðslustjóra. Nánari ákvæði má setja í reglugerð.

## XIII. KAFLI

### Einkaskólar.

#### 78. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 3. gr., eða forskóla, sbr. 77. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá, er það staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar. Kennarar við skóla þessa skulu fullnægja öllum skilyrðum um rétt til kennslu í grunnskóla. Börn, sem þessa einkaskóla sækja, hafa undanþágu samkvæmt 7. gr., en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna henni allar breytingar á nemendaskrá, jafnóðum og þær verða.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

## XIV. KAFLI

### Fjármál.

#### 79. gr.

Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum launakostnað vegna almennrar kennslu í grunnskólum, er leiðir af framkvæmd námsskrár með þeirri skólaskipan og því kennslufyrirkomulagi í hverju skólahverfi, sem ákveðið hefur verið skv. 16. gr.

Fjöldi kennslustunda, sem ríkissjóður greiðir, eða endurgreiðir, skal miða við heildarfjölda nemenda, er stunda nám samtímis í grunnskólum hvers skólahverfis og annast skólanefnd skiptingu milli einstakra skóla.

Hámarksfjöldi kennslustunda á kennsluviku skal miða við það, sem hér segir: Séu nemendur samtímis í grunnskóla:

- a) allt að 20, verði kennslustundir á hvern nemanda 3,
- b) 21—100, verði kennslustundir 20, og að auki 2 á hvern nemanda,
- c) 101—350, verði kennslustundir 60, og að auki 1.6 á hvern nemanda,
- d) fleiri en 350, verði kennslustundir 130, og að auki 1.4 á hvern nemanda.

Sé meðaltal kennslutíma í bekkjardeildum grunnskóla annað en meðaltal kennslutíma samkvæmt hámarki 45. greinar, breytist hámark kennslustundafjölda, sbr. a—d lið hér að framan, í réttu hlutfalli við það frávik.

Til kennslutíma skal hvorki telja kennslustundir utan námsskrár né kennslustundir umfram þann tíma, sem ákveðinn er í 45. gr., nema hvað verja má allt að einni stund á viku á hverja 30 nemendur í 5.—9. bekk grunnskóla til reglubundins hópnáms í bókasafni undir leiðsögn kennara.

Sé víxlkennsla (skiptikennsla) bekkja viðhöfð um tiltekinn tíma í skólahverfi og árlegur námstími af þeim sökum skertur, má vikulegur kennslutími þeirra nemenda vera allt að 15% lengri en ákvæði 45. gr. mæla fyrir um.

Leiði skipting bekkja vegna verklegrar kennslu að jafnaði til fleiri en þeirra 3 stunda á viku í 3.—9. bekk, sem reiknað er með hér að framan, eykst kennslustundafjöldinn í samræmi við það, enda séu þá að jafnaði eigi færri en 12 nemendur saman í námshópi.

Auk þess sem talið er hér að framan, greiðir ríkissjóður að fullu kennslustundir vegna sundkennslu, viðurkenndrar sjúkrakennslu og forfallakennslu.

Verði kennslu samkvæmt námsskrá, svo og nauðsynlegri hjálparkennslu, eigi komið fyrir innan þeirra marka, sem tilgreind eru hér að framan, sakir óhentugrar stærðar aldursárganga eða af öðrum gildum ástæðum, skal bæta við stundafjöldann því sem til þarf. Slík viðbót er hverju sinni háð samþykki fræðslustjóra, sem í hlut á, og menntamálaráðuneytisins.

Fullnoti grunnskóli ekki hámark kennslustunda þeirra, er honum ber samkvæmt lögum þessum, getur skólastjóri varið allt að 75% mismunarins, þó mest 1% af hámarki kennslustundafjölda skólans, til aukinnar kennslu eða annarra þarfa skólans.

Sé rekið útibú frá skóla, sbr. 4. gr., skulu því og aðalskóla, hvoru í sinu lagi, ætlaðar kennslustundir.

Séu kennslustundir og aðrar starfsstundir við skóla með samþykki skólanefndar fleiri en samrýmist ákvæðum þessarar og 80. greinar, eða sérstakri heimild menntamálaráðuneytisins, greiðist kostnaður þeirra vegna úr sveitarsjóði.

Verði af hálfu menntamálaráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um stundafjölda til samræmis.

#### 80. gr.

Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum þann launakostnað við grunnskóla, sem hér greinir:

- a) Stundafjölda til stjórnunarstarfa, er svarar til allt að 7% af hámarki kennslustundafjölda samkvæmt 79. gr., þó ekki minna en 5 stundir á viku.  
Stundafjölda samkvæmt þessum staflið skal varið til lækkunar á kennsluskyldu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra vegna stjórnunar skóla, eins og hún verður ákveðin og til almennra skrifstofustarfa að hámarki andvirði þess stundafjölda, sem umfram lækkun á kennsluskyldu er, og skal þá miðað við dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi.
- b) Fjárhæð, er varið skal til starfa við bókasöfn og kennslutæki. Hámarksfjárhæð, sem ríkissjóður greiðir í þessu skyni á kennsluviku, miðast við klukkustundafjölda, er svarar til 6% af kennslustundum, skv. 79. gr., og dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi.
- c) Fjárhæð, er varið skal til starfa að félagslífi nemenda. Hámarksfjárhæð, sem ríkissjóður greiðir í þessu skyni á kennsluviku, skal annars vegar miða við dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi og hins vegar við:
  - 1) 5 klukkustundir, og að auki 3.7 klukkustundir á hverja 100 nemendur í skólahverfinu, séu þeir samtals færri en 700;
  - 2) 4.4 klukkustundir á hverja 100 nemendur, séu nemendur samtals í skólahverfinu 700 eða fleiri.

Setja skal í reglugerð ákvæði um skiptingu stunda samkvæmt staflið a) til stjórnunarstarfa og enn fremur um störf samkvæmt stafliðum b) og c), þar sem

m. a. verði kveðið á um skiptingu þeirra á aldursflokka nemenda og tekið tillit til félagslegrar sérstöðu heimavistarskóla. Reglugerðin kveði einnig á um hvenær þessi ákvæði komi til fullra framkvæmda.

Sé kennsluskylda kennara lækkuð að hluta, til þess að hann sinni störfum, sem ríkissjóður greiðir ákveðna hámarksfjárhæð til, skal sú fjárhæð lækka um sama hluta af ársláunum kennarans, og skal lækkun kennsluskyldu hans metin til starfstíma í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

Lækkun kennsluskyldu eða greiðsla vegna stjórnunar heimavista er ekki innifalín í stundafjölda samkvæmt a-lið.

Setja skal í reglugerð ákvæði um skiptingu stunda til stjórnunarstarfa og störf samkvæmt stafliðum b) og c) þar sem m. a. sé ákveðið hvenær þessi ákvæði komi til fullra framkvæmda.

#### 81. gr.

Ríkissjóður greiðir eða endurgreiðir sveitarfélögum laun stjórnskipaðra próf-dómara, sbr. þó 62. gr., aukagreiðslur til kennara, er leiða af kjarasamningum ríkisins við kennara, svo og launakostnað vegna umsjónar og mótuneytis nemenda í heimavistum og heimanakstri samkvæmt samningum og þeim reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

#### 82. gr.

Ríkissjóður greiðir viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Stofnbúnað skólabókasafns og endurnýjun bókakosts greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum. Skal bókastofn skólabókasafns miðaður við 10 eintök bóka á nemanda og kostnaðarþátttöku ríkissjóðs skipt á allt að 10 ára tímabil.

Ríkissjóður greiðir hluta í aksturskostnaði grunnskólanemenda eða öðrum kostnaði, sem komið getur í hans stað samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skal við það miðað, að þátttaka ríkissjóðs sé 50% þar sem unnt er að nýta strætisvagna eða áætlunarbifreið, en ella allt að 85%, eða ákveðið framlag á nemanda, til greiðslu á akstri eða kostnaði við annað fyrirkomulag, sem komið getur í stað aksturs.

Heilbrigðisþjónustu greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði.

Ríkissjóður greiðir ferða- og dvalarkostnað kennara, sem ráðnir eru að fleiri en einum grunnskóla, sbr. 37. gr.

#### 83. gr.

Í skólum, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, greiða sveitarfélögin ein húsvörzlu, hitun, lýsingu, ræstingu og allan annan rekstrarkostnað, sem ríkissjóði ber ekki að greiða samkvæmt lögum þessum.

Hreinar tekjur af eignum skóla greiðast í ríkissjóð í því hlutfalli, sem stofnkostnaður var greiddur.

#### 84. gr.

Í skólum, sem reknir eru sérstaklega fyrir nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, en teljast þó til hins almenna grunnskóla og falla því ekki undir ákvæði 53. gr. um kennslu í sárstofnunum á vegum ríkisins, greiðir ríkissjóður kennslu og aðra námsaðstoð samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er ráðuneytið setur, og taki hún einnig til starfshátta og fyrirkomulags slíkra skóla.

#### 85. gr.

Skólastjóri skal árlega gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað ríkissjóðs og sveitarsjóðs. Áætlunina skal miða við komandi rekstrarár skólans, er telst vera frá 1. júlí til 30. júní. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd og skal hún að því er fjármál varðar hljóta samþykki sveitarstjórnar áður en hún er send fræðslustjóra fyrir 15. apríl ár hvert, eða annan þann dag, sem menntamálaráðuneytið ákveður. Áætlun þessa skal endurskoða við upphaf skólaárs, ef þörf krefur.

Áætlun fyrir fræðsluumdæmið í heild sendir fræðslustjóri til menntamálaráðuneytisins á þeim tíma, sem það ákveður.

86. gr.

Föst laun skólustjóra, kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið setur eða skipar, greiðast beint úr ríkissjóði.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum útlagðan launakostnað vegna kennslu, aksturs nemenda og annarra starfa mánaðarlega eftir á. Mánaðargreiðslur skulu miðast við árlega rekstraráætlun samkvæmt 85. gr., enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt áætlunina. Þegar fyrir liggur uppgjör þessa kostnaðar í lok almanaksárs og rekstrarárs skóla í samræmi við samþykktu rekstraráætlun, skal það endurskoðað og leiðréttingar gerðar eftir því sem efni standa til.

Menntamálaráðuneytið skal hafa tekið afstöðu til rekstraráætlunar skólaárs þess, sem í hönd fer, og tilkynnt hana sveitarstjórn eigi síðar en 1. júlí ár hvert, enda hafi áætlunargerð farið fram samkv. 85. gr.

Um endurnýjun og viðhald lausafjármuna skal sveitarstjórn (skólanefnd) gera áætlun til menntamálaráðuneytisins, og skal hún komin í hendur þess eigi síðar en 1. maí. Ráðuneytið tekur afstöðu til hennar fyrir 15. júní.

Viðhaldskostnaður, sbr. 28. gr., svo og kostnaður við endurnýjun tækja og búnaðar, greiðist árlega eftir á, samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum. Heimilt er ráðuneytinu þó að greiða sinn hluta viðhaldskostnaðar skólahúsa jafnóðum og hann fellur á, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

Þar sem fleiri en einn grunnskóli er í skólahverfi, ráðstafar skólanefnd samhlögu viðhaldsfé þeirra.

87. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd þessara laga að því er varðar skóla, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, og skulu því afhentir ársreikningar skólanna til endurskoðunar og úrskurðar. Heimilt er ráðuneytinu að fela fræðslustjóra að annast þessi störf í umboði sínu.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald, en geta falið skólanefnd, skólustjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu með samþykki fræðslustjóra.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla, skulu hlutaðeigandi oddvitar sameiginlega tilnefna til fjögurra ára í senn tvo fulltrúa til að endurskoða reikninga skólans og tvo til vara. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

88. gr.

Af launa- og rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu skal eftirfarandi greiðast úr ríkissjóði:

- a) Föst laun fræðslustjóra.
- b) Árlegt framlag, er að hámarki miðist við nemendafjölda í grunnskólum umdæmisins, þannig að á fyrstu 2200 nemendur komi 1.4 stundir á nemanda og 0.4 stundir á nemanda eftir það. Við greiðslu úr ríkissjóði skal hver stund greidd með dagvinnutímakaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi. Framlag þetta er háð jafnháu framlagi þeirra landshlutasamtaka, sem í hlut eiga.
- c) Allt að 12 kennarastundir á viku á hverja 1000 nemendur í grunnskólum umdæmisins, sem fræðslustjóra er heimilt að verja til námseftirlits og leiðbeininga, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð. Það er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, hvaða kennurum er falið að gegna þessum störfum.
- d) Helmingur kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, sem stofnað er til með samþykki menntamálaráðuneytisins.
- e) Helmingur húsaleigu, án ljóss og hita, fyrir starfsemi fræðsluskrifstofu, sem samþykkt hefur verið af menntamálaráðuneytinu.
- f) Helmingur ferðakostnaðar fræðslustjóra í embættiserindum, samkvæmt reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

Verði af samningum samkvæmt 15. gr. um, að skrifstofa landshlutasamtaka eða starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu gegn greiðslu, skal hluti ríkissjóðs greiðast af fjárframlögum samkvæmt þessari grein.

Í framlagi ríkissjóðs til fræðsluskrifstofu felst m. a. sá hluti, er ríkissjóður greiðir í sérfræðilegri skipulagningu skólabókasafna og eftirlit með þeim. Kostnaður við fræðsluskrifstofu greiðist af háðum aðilum mánaðarlega, samkvæmt áætlun, sem gera skal árlega.

Að öðru leyti en að framan greinir tekur ríkissjóður ekki þátt í launa- og rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu.

#### 89. gr.

Af stofnkostnaði nýs húsnæðis og búnaðar fyrir fræðsluskrifstofur greiðir ríkissjóður í upphafi byggingarframkvæmda, eða við kaup húsnæðis, kr. 2 000 000.00, sem miðaðar eru við vísitölu byggingarkostnaðar við samþykkt laganna og breytast í samræmi við hana. Af þeim kostnaði, sem þá er eftir, greiðir ríkissjóður helming og hlutaðeigandi landshlutasamtök helming. Um byggingar þessar skulu að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 49/1967 um skólakostnað, eftir því sem við getur átt.

Viðhald húsnæðis greiðist að jöfnu af aðilum.

### XV. KAFLI

#### Gildistaka og reglugerð.

#### 90. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

#### 91. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt, sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins, þó eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku. Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skóla-skyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna.

Jafnframt falla úr gildi:

Lög nr. 19 7. maí 1928, um fræðslumálanefndir.

Lög nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna.

Lög nr. 5 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, 5. gr., að því er tekur til ákvæða um námsstjórn í lögum um fræðslu barna og um gagnfræðanáám.

Lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanáám.

Lög nr. 123 22. des. 1947, um breyting á lögum nr. 48/1946.

Lög nr. 21 15. apríl 1970, um breyting á lögum nr. 48/1946.

Lög nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað að því er tekur til 16.—23. og 25.—26. gr., að því er rekstur grunnskóla varðar, svo og 28. gr. að því er tekur til samstarfsnefndar.

Önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í febrúar 1973 var frumvarp til laga um grunnskóla lagt fyrir Alþingi. Því var vísað til menntamálanefndar neðri deildar, en nefndarálit kom eigi. Áður en frv. var lagt fram, hafði grunnskólanefnd, að ákvörðun menntamálaráðherra, haldið 12 opinbera kynningarfundum um frumvarpið (og einnig um frumvarp til laga um skólakerfi). Hafði frumvörpunum verið breytt verulega í framhaldi af umræðum á fundunum, sbr. það sem segir um þetta á bls. 138. Síðan hélt grunnskólanefnd fleiri kynningarfundum um frumvörpin og vann að breytingum í samræmi við það, sem fram kom og rétt þótti að taka til greina. Sendi nefndin menntamálaráðherra breytingartillögur sínar með bréfi, dagsettu 20. marz 1973, sem ráðherrann féllst á fyrir sítt leyti, og sendi áfram til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis með bréfi sama dag. Hafa breytingar þessar nú verið felldar inn í frumvarpið, en til þess að auðveldara sé að átta sig á, í hverju breytingarnar eru fólgnar, eru bréfin birt sem fylgiskjal (IV) og er þar að finna greinargerð og rökstuðning fyrir breytingunum.

Þess má geta, að til viðbótar þeim kynningarfundum, sem skýrt er frá á bls. 136—138, hélt grunnskólanefnd fundi sem hér segir: á Selfossi 8. og 26. febrúar, í Reykjavík 15. s. m., í Hafnarfirði 16. s. m., í Keflavík 19. s. m., og í Vík í Mýrdal 11. marz.

Hér fer á eftir greinargerð sú, sem fylgdi frumvarpinu frá hendi grunnskólanefndar (ásamt fylgiskjöllum), með þeim skýringum, sem leiða af breytingum þeim, sem gerðar hafa verið á frumvarpinu samkvæmt tillögum nefndarinnar:

Hinn 27. janúar 1971 voru lögð fram í neðri deild Alþingis sem stjórnarfrumvörp frumvarp til laga um skólakerfi og frumvarp til laga um grunnskóla. Bæði þessi lagafrumvörp voru samín af nefnd, sem þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði hinn 4. júlí 1969 til þess að endurskoða gildandi lög um skólakerfi og fræðsluskyldu (nr. 22/1946), lög um fræðslu barna (nr. 34/1946) og lög um gagnfræðanám (nr. 48/1946). Í nefndinni, sem frumvörpin samdi, og kölluð hefur verið fræðslulaganefnd, áttu sæti Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Andri Ísaksson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, Gunnar Guðmundsson, skólastjóri Laugarnesskóla, Helgi Eliasson, fræðslumálastjóri, Kristján J. Gunnarsson, skólastjóri Langholtsskóla og Sveinbjörn Sigurjónsson, skólastjóri Gagnfræðaskóla Austurbæjar. Hinn 27. október 1969 var Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri, skipaður í nefndina til viðbótar og í fjarveru Andra Ísakssonar frá 15. september 1969 til loka júnímánaðar 1970 tók Jóhann S. Hannesson, menntaskólakennari sæti í nefndinni í hans stað og starfaði síðan áfram í henni eftir að Andri tók þar sæti að nýju. Með nefndinni störfuðu Indriði H. Þorláksson, hagfræðingur, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu og dr. Þuríður J. Kristjánsdóttir, og var hún ritari nefndarinnar.

Lagafrumvörp þessi urðu eigi útrædd á þinginu (91. löggjafarþingi), en allmiklar umræður urðu um þau við fyrstu umræðu og var meginsteftu frumvarpanna yfirleitt vel tekið. Var þeim vísað til menntamálanefndar neðri deildar, en nefndarálit kom ekki og frumvörpin komu aldrei til annarrar umræðu. Ein breytingartillaga kom fram (frá Gísla Guðmundssyni) um að í háðum frumvörpunum kæmi hvarvetna orðið þjóðskóli í stað orðsins grunnskóli, en það var eitt af nöfnum þeim, sem fræðslulaganefnd hafði rætt um sem hugsanlegt heiti á skyldunámsskólum, samanber bls. 22 í greinargerð grunnskólafrumvarpsins frá 1971.

Kosningar til Alþingis fóru fram sumarið 1971 og í kjölfar þeirra stjórnarskipti. Með bréfi dagsettu 3. júní 1972 skipaði menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, nefnd til þess að endurskoða frumvörpin og skyldi nefndin við endurskoðun grunnskólafrumvarpsins meðal annars hafa í huga eftirfarandi:

„a) hvort heppilegt kynni að vera að stytta frumvarpið og kveða á um sumt í reglugerð, sem nú er í frumvarpinu,

b) hvort ekki sé rétt að setja samræmdari ákvæði en nú eru í frumvarpinu um ráðningu fræðslustjóra í Reykjavík og öðrum landshlutum, og athuga önnur ákvæði frumvarpsins, sem eru mismunandi fyrir Reykjavík og önnur byggðarlög,

c) hvort unnt sé og heppilegt að taka í skólastarfinu sérstakt tillit til árstíðabundinnar vinnu í strjálbýli, svo sem vor- og hauststarfa í sveitum“.

Nefndinni var falið að leitast við að ljúka verkefni sínu svo tímanlega, að unnt yrði að leggja lagafrumvörpin endurskoðuð fyrir Alþingi á árinu 1972.

Í nefndina, sem kölluð hefur verið grunnskólanefnd, voru skipaðir: Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Andri Ísaksson, deildarstjóri, Ingólfur A. Þorkelsson, B.A., kennari við Kvennaskólann í Reykjavík, Kristján Ingólfsson, kennari við Barna- og unglingskólann að Hallormsstað og Páll Línadal, borgarlögmaður í Reykjavík og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga. Með nefndinni hefur starfað Indriði H. Þorláksson, hagfræðingur, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 7. júní 1972, en fundatalan er nú komin hátt á sjötta tuginn.

Þegar í upphafi starfs síns kynnti nefndin sér þær umsagnir, er borizt höfðu um frumvörp til laga um skólakerfi og grunnskóla. Þá birti nefndin í fjölmiðlum hinn 18. júlí s. l. auglýsingu til allra þeirra einstaklinga og samtaka, er kynnu að vilja gera breytingartillögur við frumvörpin, meðan þau væru í endurskoðun, eða fyrir 20. ágúst. Er útdráttur úr öllum þeim umsögnum, sem borizt hafa um frumvörpin tvö, bæði áður en þessi nefnd var skipuð, og eins á s. l. sumri, birtur hér með sem fylgiskjal I.

Ekki er öld liðin, síðan fyrst voru sett í lög á Íslandi ákvæði um kennslu barna. Árið 1880 voru sett lög um „uppfræðing barna í skrift og reikningi.“ en þá var og í gildi konungsbréf frá 1790 um lestur barna og fræðslu þeirra, þar sem svo var kveðið á, að hvert barn skyldi hefja lestrarnám fyrir fimm ára aldur, og varðaði sektum að láta það dragast til sjö ára aldurs. Konungsbréfið frá 1790 og lögin frá 1880 giltu til ársins 1907, en þá voru samþykkt á Alþingi hin fyrstu fræðslulög og skólaskyldu komið á. Fræðslulögin hafa síðan verið endurskoðuð þrisvar sinnum, þ. e. árin 1926, 1936 og 1946. Gildandi fræðslulög eru því liðlega aldarfjórðungs gömul. Með þeim var hið merka spor stigið að samræma skólakerfið þannig, að lokapróf hvers stigs væri jafnframt inntökupróf á næsta stig fyrir ofan. Sú er og stefna þessa lagafrumvarps, en það vikur í nokkrum meginatriðum frá lögunum frá 1946, eins og nánar verður tilgreint hér á eftir.

Vafasamt er að nokkur löggjöf leggi þýðingarmeiri grundvöll fyrir þjóðarheild og einstaklinga en sú löggjöf, sem ákveður hina almennu grundvallarmenntun landsmanna, og í framhaldi af þeirri grunnskólalöggjöf, sem samþykkt kann að verða, þarf síðan að endurskoða allt framhalds- og sérskólakerfið. Verk- og tæknimenntunin er t. d. eitt af því sem skiptir afar miklu máli, og ber brýna nauðsyn til að endurskoða iðnfræðslukerfið allt, gera verk- og tæknimenntun að samfelldu skólakerfi, þar sem menn geti stöðvazt á ýmsum stigum — með ýmiss konar starfsréttindi, en einnig haldið áfram til æðstu mennta á þessu sviði, ef hugurinn stefnir í þá átt. Á sviði verk- og tæknináms á ekki að vera nein lokuð leið fremur en á öðrum menntabrautum. Verknám þarf að njóta sömu virðingar og bóknám.

Grunnskólafrumvarp það, sem nú er lagt fram, hefur tekið miklum stakkaskiptum frá því sem var hið fyrra frumvarp. Samt er enn sem fyrr miðað við það meginatriði, að skólaskylda skuli hér vera níu ár, eða á aldrinum 7—16 ára. Forsendur fyrir lengingu þessari fundust nefndinni vera ótvíræðar. Við athugun kemur í ljós, að um 82% unglunga stunduðu nám í 3. bekk gagnfræðastigs skólaárið 1968/69, sbr. fylgiskjal II, en þetta hundraðshlutfall hefur hækkað lítillega síðan. 3. bekkur gagnfræðastigs er sami bekkur og kemur til með að verða 9. og efsti bekkur grunnskóla. Próf úr þeim bekk er og mun verða, ef af samþykkt frumvarpsins verður, skilyrði fyrir inngöngu í aðra skóla skólakerfisins, bæði verklega og bóklega. Hlýtur því hugurinn að beinast að þeim allt að 18% íslenskra unglunga, er ekki sækja skóla

á þessum aldri. Við athugun kemur í ljós, að hlutfallslegur meirihluti þeirra er búsettur í dreifbýli, ýmist sveitum eða smærri sjávarþorpum, þar sem þessi bekkur er ekki fyrir hendi. Af því m. a. dregur nefndin þá ályktun, að hér þurfi að gera þjóðfélagslegt átak til úrbóta.

Í sambandi við skólasókn barna í dreifbýli skal einnig á það bent, að sums staðar er enn sá háttur á til sveita, að börn hefji ekki skólagöngu fyrr en 9 eða jafnvel 10 ára gömul, og þá e. t. v. einungis hálfan veturinn. Þetta hvort tveggja veldur órétti og misræmi. Þau börn, er njóta styttri skóla en almennt gerist og e. t. v. ekki nema í hluta námsgreina, alast að þessu leyti upp við önnur og lakari skilyrði en meirihluti jafnaldra þeirra. Þau eru því verr í stakk búin til að mæta framtíðinni. Breytir hér engu um, þótt greindum börnum, er nema við þessi skilyrði, reynist flestir vegir færir í námi. Hér ber að huga að heildinni; hér má enginn verða úti.

Ýmsir draga í efa nauðsyn svo langrar skólagöngu, sem hér um ræðir, og benda á, að hingað til hafi margur einstaklingurinn komið vel af með minna. Því er til að svara, að félagsleg þróun í nútíma þjóðfélagi er ör. Sú þróun kallar á sérmenntað fólk á æ fleiri sviðum. Grunnskólanum er ætlað að verða stofn allrar framhaldsmenntunar. Hann á að veita uppvaðandi Íslendingum hina almennu undirstöðumenntun, og að grunnskólaprófi loknu er ráð fyrir því gert, að allir nemendur eigi rétt til framhaldsnáms á einhverju sviði.

Ekki þarf að fara um það mörgum orðum, að meðal margs, sem við þarf til að byggðarlög verði jafnbyggileg eða byggilegri en þau eru nú, eru fjórir þættir einna veigamestir: atvinnumál, heilbrigðismál, menntamál og samgöngumál, og hvernig þessum málum er skipað. Ef menntamálu er þannig háttáð, að annaðhvort eiga foreldrar ekki kost á því að mennta börn sín, eða þá með því móti einu að senda þau á unga aldri til langdvalar fjarri heimilinu, þá munu margir án efa heldur kjósa að flytjast til þeirra staða, sem betri skilyrði bjóða að þessu leyti. Það er því — auk þess að vera meginmál fyrir hvern einstakling, hvaða menntunarskilyrði honum eru búin — einnig og ekki síður höfnðatriði fyrir áframhaldandi byggð úti um landið, að skólamálu sé skipað þannig, að nemendur fái tilskilda menntun og að hún sé veitt í þeirri nálægð við heimilin, að þau þurfi ekki að sjá af börnum sínum til langdvalar á fjarlægum stöðum.

Það hefur lengi verið ljóst, að nemendur í dreifbýli húa við mun erfiðari aðstöðu til að afla sér menntunar en nemendur í þéttbýli. Erfiðleikar dreifbýlisnemenda varðandi námsaðstöðu taka ekki einungis til nemenda, sem komnir eru af skyldunámsstigi, heldur einnig skyldunámsnemenda. Að því er varðar nemendur ofan skyldunámsstigs hafa á seinni árum verið gerðar margháttáðar ráðstafanir til að jafna þessa aðstöðu, svo sem með námsstyrkjum og námslánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. „dreifbýlisstyrkjum“ svonefndum, sem veittir hafa verið í fjárlögum 1970, 1971 og 1972, samanlagt öll þrjú árin 50 millj. kr., og með löggjöf nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði. Til framkvæmda á þeim lögum eru ætlaðar 50 millj. kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1973. Þessar ráðstafanir eru að sjálf-sögðu til mikilla bóta, en að því er skyldunámsstigið varðar verður þó aldrei náð æskilegri aðstöðujöfnun milli dreifbýlis og þéttbýlis, nema dreifbýlisnemendur eigi kost jafngóðrar kennslu í álíka langan tíma og þéttbýlisbörn, og það á þann hátt, að hvorki þau né heimili þeirra líði við þá skólaskipan, sem þessu á að þjóna.

Nefndin hefur því leitast við að móta ákvæði frumvarpsins á þann veg, að unnt verði að koma þeim í framkvæmd við þær erfiðu aðstæður til skólahalds, sem víða eru í dreifbýli á Íslandi. Var í því sambandi sú reynsla höfð til hliðsjónar, sem fengið hefur af tillögum menntamálaráðuneytisins um endurskipulagningu skólahalds víða um land, en þær tillögur eru nú til athugunar hjá hlutaðeigandi aðilum eða að nokkru komnar til framkvæmda, svo sem í Skagafirði, þar sem fyrst var hafizt handa. Ber að skoða ýmis ákvæði frumvarpsins í þessu ljósi, svo sem um útibú frá aðalskóla fyrir yngstu nemendur, nýskipan skólahverfa og samvinnu sveitarfélaga um skólahald.

Engin leið er að gera hér í inngangi nein viðhlítandi skil þeim fjölmörgu nýmælum, sem þetta frumvarp felur í sér, sé það borið saman við gildandi lög eða eldra frumvarp til laga um grunnskóla. Þó skulu hér, auk áðurgreindra grundvallaratriða um lengda skólaskyldu og skólatíma, tínd til nokkur nýmæli, og er þá miðað við nýjungar frá gildandi lögum, sé annað ekki sérstaklega tekið fram:

- 1) Nokkur hluti af valdi menntamálaráðuneytisins verði fluttur út í átta fræðsluumdæmi, þar sem fræðslustjórar starfi. Er og gert ráð fyrir því, að hin nýju landshlutasamtök sveitarfélaga gegni talsverðu hlutverki í ytra stjórnkerfi grunnskóla, m. a. með því að kjósa fræðsluráð.
- 2) Fastir kennarar grunnskóla kjósi úr sínum hópi fulltrúa til samstarfs og fundarsetu með fræðsluráðum og skólanefndum.
- 3) Stefnt verði að því, að nemendur grunnskóla geti undirbúið sig undir næsta skólalag í húsnæði skólans.
- 4) Í grunnskólum, sem rétt eiga á 10 föstum kennurum, auk skólastjóra, ráði menntamálaráðuneytið aðstoðarskólastjóra.
- 5) Skólaráðskonur við heimavistarskóla verði gerðar að föstum ríkisstarfsmönnum, þegar um tiltekna stærð heimavista er að ræða.
- 6) Heimilt verði að veita kennara orlof að loknum fimm ára embættisferli í stað 10 ára ferils samkvæmt gildandi lögum.
- 7) Hámarksstarfstími grunnskóla verði níu mánuðir á ári, en heimilt að stytta starfstíma í 7—8½ mánuð. Er þetta síðartalda atriði breytt frá því, sem eldra grunnskólafrumvarp tiltók.
- 8) Viðvíkjandi vikulegum kennslutíma er farinn nokkur millivegur milli núgildandi laga og námsskrár annars vegar og eldra grunnskólafrumvarps hins vegar.
- 9) Ríkið komi á fót samkvæmt 10 ára áætlun og starfræki sérstaka skóla eða stofnanir fyrir þau börn, sem ekki geta stundað nám í almennum grunnskóla.
- 10) Sérstakur kafli er um námsmat, þ. e. próf og einkunnagjöf, og felur hann í sér ýmis nýmæli.
- 11) Ákvæði eru um skólarannsóknir og lágmarksfjárveitingar til slíkra rannsóknarstarfa.
- 12) Gert er ráð fyrir að ríki og sveitarfélög komi í sameiningu upp ráðgjafar- og sálfræðipjónustu fyrir grunnskóla.
- 13) Skólabókasöfn verði við alla grunnskóla sem fastur þáttur í stofnbúnaði og starfi skólanna.
- 14) Veigamiklar breytingar eru gerðar varðandi fjármál skóla, þ. á m. þessar:
  - (i) Hugtakið „reiknaðar stundir“ er fellt niður og fjárveitingar til kennslu og annarra starfa aðgreindar.
  - (ii) Greiðsluskylda ríkissjóðs er miðuð við það, að unnt sé að framkvæma að fullu kennslu samkvæmt námsskrá, sé skólaskipan og kennslufyrirkomulag með þeim hætti, sem hagfelldastan má telja á hverjum stað.
  - (iii) Fjárframlög til starfa við bókasöfn og til félagsstarfsemi í grunnskóla eru stóraukin frá því, sem nú er á barna- og gagnfræðastigi.
  - (iv) Þá eru og ákvæði um þátttöku ríkis og sveitarfélaga í stofnkostnaði og rekstri fræðsluskrifstofa.

Frumvarp þetta hefur raunar verið í smíðum síðan 4. júlí 1969. Hafa margir lagt þar hönd að verki, bæði nefndirnar og starfsmenn þeirra, svo og þeir einstaklingar og samtök úr öllum landshlutum, er sendu umsagnir um fyrra frumvarpið og urðu þannig að miklu liði við endurskoðunina.

Grunnskólamálið kemur nú til Alþingis í annað sinn. Breytingar á gildandi lögum eru orðnar aðkallandi og biðin dýr.

Það er meira en hending, að nágrannaþjóðir Íslendinga á Norðurlöndum hafa allar unnið að þessu sama verkefni að undanfögnu. Öllu fremur er það sama þörfin, sem kallað hefur að. Sem dæmi má nefna, að Norðmenn gengu endanlega frá nýjum grunnskólalögum árið 1969, þar er skólaskyldan nú níu ár. Danir vinna nú að nýrri grunnskólalöggjöf, og gera ráð fyrir 9 eða jafnvel 10 ára skólaskyldu.

Eitt er líkt, en annað ólíkt í þessum efnum hjá nágrannaþjóðum vorum. Aðstæður og þjóðareinkenni móta hverja löggjöf. Meginstefnan er þó alls staðar sú sama, allar setja þessar þjóðir manngildið og mannlega velferð samfara heill þjóðarinnar öðru ofar.

Þessi er einnig meginstefna grunnskólafrumvarpsins. Það miðar að því að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun, á þann hátt, að sem bezt jafnvægi megi skapast milli hefðgróinna verðmæta og örrar framvindu samfélagslegra og tæknilegra breytinga.

#### *Um einstakar greinar frumvarpsins.*

##### *Um 1. gr.*

Stundum er rætt um skólaskyldu eða fræðsluskyldu. Þrátt fyrir góðan vilja, er mikil hætta á, að mismunandi fjárhagsgeta sveitarfélaga valdi því, að börn og unglingar fái misjafna aðstöðu til náms, ef ekki er kveðið skýrt á um skólaskyldu og skilyrði öll, sem skapa þarf til þess að unglingarnir nái tilskilinni menntun á aldrinum 7—16 ára. Höfuðvandinn í þessu efni er að skapa sambærileg skilyrði í þéttbýli og dreifbýli. Þarf að hafa ríkt í huga, að verði börnum og unglingum ekki sköpuð sömu skilyrði hvarvetna á landinu, eru líkur fyrir því, að menn neyðist til að flytjast frá þeim svæðum, sem vanhaldin eru í þessum efnum og þangað, sem betri skilyrði hjóðast. Þjóðfélaginu er brýn nauðsyn að hæfileikar hvers einstaklings nýtist sem best, og einstaklingarnir eiga sjálfir rétt á þeirri menntun, sem hugur þeirra og hæfileikar hneigjast til. Í þessu sambandi skiptir miklu máli að sköpuð sé aðstaða fyrir seinfæra nemendur að fara með þeim námshraða, sem hæfileikar þeirra leyfa, og að þeir njóti nægilegrar námsaðstoðar. Það ber að hafa í huga þegar á þessu stigi, að í framhaldi af grunnskólalöggjöf þarf að endurskoða löggjöf framhaldsskólanna í landinu og opna námsleiðir einnig fyrir þá, sem seinfærir eru í námi. Ein rökin fyrir því, að skólaskylda sé aukin, eru þau, að Íslendingar verða að kappkosta að standa að minnsta kosti jafnfætis og helzt framur skyldum menningarþjóðum hvað menntun snertir. Danir hafa haft skemmsta skólaskyldu Norðurlandþjóða að undanfögnu, ekki nema 7 ár, en hafa nú nýverið lengt skólaskyldu sína í 9 ár og ræða um að lengja hana í 10 ár. Í hinum Norðurlandríkjunum er skólaskylda 9 ár. Þetta segir þó ekki alla söguna, því að árlegur starfstími skóla eða fræðsla nemenda er í öllum hinum Norðurlandríkjunum miklu lengri en á Íslandi. Eðlilegt virðist, að skólaskylda leiði til menntunar, sem þarf til inngöngu í þá skóla, sem við taka að grunnskólanámi loknu, þótt nemendur notfæri sér ekki allir þá þegar og sumir aldrei möguleika til framhaldsmenntunar. Ef um fræðsluskyldu væri að ræða í stað skólaskyldu, þ. e. skyldu til að skapa námsaðstöðu, en ekki skyldu til að notfæra sér hana, nema að ákveðnu marki, væri hætta á, að unglingar hyrfu frá námi einu eða tveimur árum áður en náð væri því prófstigi, sem veitir aðgang að framhaldsskólum. Slíkt hefur reynzt mörgum erfitt þegar þeir síðar æskja að halda áfram námi.

##### *Um 2. gr.*

Þessi grein er stefnumarkandi og byggist á þremur meginatriðum:

1. að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun,
2. að efla skilning nemendanna á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum, og
3. að binda ekki starf skólans við fræðsluna eina, heldur í æ ríkara mæli að stuðla að alhliða þroska nemandans.

1. Skólinn býr nemendurna undir að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi. Af því leiðir, að þróun þess hlýtur að hafa áhrif á starfshætti skólans.

Samskipti nemenda í námi og starfi þurfa að mótast af lýðræðislegu samstarfi.

Skólinn getur ekki rækt hlutverk sitt svo að vel sé, nema hann sé sifellt vakandi fyrir breyttum þjóðfélagsháttum.

Síðan gildandi fræðslulög voru sett 1946, hefur framvindan í heiminum verið mjög ör og íslenzkt þjóðfélag tekið stakkaskiptum. Breyttir þjóðfélags-hættir valda því, að ekki er lengur unnt að búa sig undir ævistarf í eitt skipti fyrir öll. Þessi þróun kallar því á bættu menntun þegnanna og sífellda endurmenntun, ekki sízt vegna þess, að vísindalegar rannsóknir draga nýja þekkingu svo ört fram í dagsljósið, að viðtekin þekking úreldist ört.

Þróunin mun sífellt verða örari: þess vegna þarf skólinn að gera nemandann færán um að tileinka sér nýja þekkingu og bregðast við nýjum aðstæðum.

2. Af augljósum ástæðum hlýtur það m. a. að vera hlutverk skólans að varðveita menningararf íslenzku þjóðarinnar, — tungu, bókmenntir og sögu, svo og sérkenni íslenzks samfélags. Varðveizla þessara menningarverðmæta er skylda þjóðarinnar. Þau hafa framar öllu öðru skapað okkur virðingu og viðurkenningu annarra þjóða og aukið heilbrigðan þjóðarmetnað. En jafnframt ber að forðast þröngsýn þjóðernissjónarmið og minnst þess, að íslenzk menning á sér víða rætur. Hún er ekki og hefur aldrei verið einangrað fyrirbæri. Við höfum lært margt af öðrum þjóðum og munum halda áfram að gera það.
3. Heill og þroski mannsins er takmark í sjálfu sér. Starf skólans er því ekki bundið við það eitt að veita þekkingu, heldur skal það í æ ríkara mæli stuðla að alhliða þroska hvers nemanda. Með „alhliða“ er átt við vitrænan, tilfinningalegan og líkamlegan þroska.

Skólinn verður að leggja mikla áherzlu á að venja nemendur við hlutlægni og gagnrýnið, en jákvætt hugarfar, svo að þeir geti tekið málefnalega afstöðu. Sérstaklega ber að varast að innræta nemendum ákveðnar skoðanir, t. d. í stjórnmálum. Þetta merkir þó ekki, að skólinn eigi að leiða hjá sér umræður og fræðslu um ágreiningsmál, heldur ber honum að kynna þau og veita nemendum tækifæri til að fjalla um þau á óhlutdrægan hátt.

Í þessari grein er lögð áherzla á að efla beri skilning nemenda á mannlegum kjörum og umhverfi. Er hér bæði átt við félagslegt umhverfi og náttúru landsins, sem er í sífelldri hættu vegna mengunar, gróðureyðingar og ofveiði. Það er því æskilegt að skólinn veki nemendur til skilnings á skynsamlegri náttúruvernd.

Í greininni er lögð áherzla á skyldur einstaklinganna við samfélagið. Mönnum hættir við að gleyma því, að réttindi og skyldur eiga jafnan að haldast í hendur. Með orðinu „samfélag“ er átt við hvorttveggja í senn, íslenzkt samfélag og mannlegt samfélag yfirleitt.

### Um 3. gr.

Í frumvarpinu er jafnan talað um grunnskólann sem ein stofnun væri. Með því er lögð áherzla á, að þetta er samfelldur skóli öll níu árin, en hins vegar er, eins og greinin ber með sér, ekki gert ráð fyrir, að hver skólastofnun þurfi að hafa alla níu bekkina, þótt svo verði vitaskuld stundum. Hugsanlegt er að skipta á ýmsa vegu, en aldrei ætti einn bekkur að vera sér í skóla. Þar með er líka komið í veg fyrir, að skipti verði milli 8. og 9. bekkjar, sem væri mjög óheppilegt. Hugsanlegar skiptingar eru t. d.:

1.—6. bekkur,	7.—9. bekkur,	
1.—7. —	8.—9. —	
1.—3. —	4.—9. —	
1.—3. —	4.—6. —	7.—9. bekkur,
1.—4. —	5.—7. —	8.—9. —

Að öðru leyti vísast til athugasemda við 1. gr.

#### Um 4. gr.

Hér er staðfest sú stefna, sem fylgt hefur verið í vaxandi mæli á undanförunum árum, að aka nemendum í strjálbýli til og frá skóla daglega, þar sem vegalengdir, vegir og veðurfar gera það kleift.

Þessi leið hefur það fram yfir heimavistardvölinu, að hún rýfur síður hin tilfinningalegu og félagslegu fjölskyldubönd.

En nú leyfir hvorki íslenskt veðurfar né byggðaskipan, að tækni óbreyttri, að daglegur akstur nemenda til og frá skóla verði að allsherjarreglu í strjálbýli. Því verður skólahald víða að miðast við heimavistardvöl nemenda. Þar sem svo hagar til verður þó að telja æskilegt að gefa nemendum kost á að dveljast heima um helgar, svo sem gert er víða. Gildi eðlilegra fjölskyldubanda verður ekki ofmetið, hvorki fyrir einstaklinginn né þjóðfélagið og hætta er á að þau bresti, ef barnið dvelst tím-unum saman á mótunaráldri fjarri heimili sínu.

Örðugt er fyrir 7—9 ára börn að dveljast löngum stundum frá heimili sínu og þá ekki síður fyrir heimilin að sjá af þeim.

Í skólahverfum, sem búa við heimavistir, er börnum á þessum aldri ætlað að dveljast þar sem öðrum. Þessi skólahverfi eru oft of víðáttumikil og örðug að náttúrufari til þess að þar sé unnt að halda uppi daglegum akstri með nemendum. Mögulegt væri hins vegar að aka yngstu börnunum innan hinna ýmsu sveitarfélaga skólahverfisins og halda þar uppi kennslu fyrir 7—8 ára eða 7—9 ára börn í félagsheimilum eða samkomuhúsum þeirra. Með þessu yrði aksturinn styttri en ef aka þyrfti úr hverri sveit skólahverfisins á einn stað til aðalskólans. Hér er rætt um 7—9 ára börn, og orsakast það einkum af því, að hér er um tilfinningalega séð mjög viðkvæman aldur að ræða og einnig liggja kennsluástaður til grundvallar. Strax um 10 ára aldur fer kennsla að verða fjölþættari og þá nauðsynlegt að skipta í deildir eftir árgöngum, en það yrði vart unnt, ef halda ætti skóla fyrir hverja hinna fámennu sveita fyrir sig.

Útibú þau, sem svo eru nefnd í frumvarpinu, yrðu stjórnunar- og skipulagslega hluti aðalgrunnskóla (heimavistarskóla) byggðarlagsins.

Bæði á fundum um grunnskólafrumvarpið og eins í umsögnum hefur verið að því vikið, að rétt muni að láta heimildina um útibú frá aðalskólum ná til fleiri árganga en 7 og 8 ára. Grunnskólanefnd mælir með því, að bætt verði við einu ári, þannig að heimildin nái yfir aldurs skeiðið 7—9 ára eða 3 fyrstu skólaárin.

Nefndin getur hins vegar ekki mælt með því, að 10 ára börn njóti skólavistar í útibúum. Búast má við því, að mörg útibúanna verði fámenn og örðugt um aðgreiningu aldursflokka, ef ekki ómögulegt. Á 11. aldursári er námsaðgreining orðin það mikil, að hæpið er að árangur kennslu verði að gagni, nema um aldursaðgreiningu verði að ræða í náminu.

#### Um 5. gr.

Grein þessi er viðurkenning á því, að sums staðar geti tekið lengri tíma að brúa bilið milli þess ástands, sem nú ríkir í skólamálu, og hins er þetta frumvarp stefnir að.

Greinin á hins vegar að tryggja, að ekkert sveitarfélag geti skotið sér undan skyldum í þessum efnum, nema um sinn og því er í greininni ákvæði þess efnis, að menntamálaráðuneytið geti hlutast til um, að sveitarfélög geri úrbætur í skólamálu sínu, séu framkvæmdir ekki í samræmi við lög. Vanrækslan kann að stafa af fjárskorti sveitarfélags, sem ekki er unnt að ráða bót á á skömmum tíma. Eins kann það að koma fyrir, að fjárhagsgeta sveitarfélags leyfi ekki þann byggingarhraða, sem eðlilegur er og hagkvæmur.

Ákvæðum síðustu mgr. er ætlað að ráða nokkra bót á þessum síðasttöldu atriðum, þannig að greiðsluþyrði sveitarfélaganna verði dreift á fleiri ár. Við ákvörðun lánakjara má tryggja það, að ríkissjóður verði skaðlaus af þessum viðskiptum, þegar horft er til langs tíma. Útgjaldaauki ríkissjóðs af þessum sökum gæti orðið nokkur fyrstu árin, en er tímar liða verður hér um að ræða tilfærslu

lánsfjár milli sveitarfélaga. Eðlilegt er, að Samband isl. sveitarfélaga geti haft áhrif á ráðstöfun fjárens með aðild að samningu reglugerðar og úthlutun lána samkvæmt henni.

Meginstefna frumvarpsins er sú, að lögin komist sem allra fyrst til framkvæmda innan þess ramma, sem markaður er í 91. grein, og að framkvæmdatími verði sem jafnastur um land allt.

#### Um 6. gr.

Nú á tímum verður það að teljast til almennra mannréttinda að eiga kost á að sækja skóla og njóta þar fræðslu.

Samkvæmt frumvarpinu er það almenn regla, að börn njóti fræðslu grunnskólans um 9 ára skeið.

Óviðunandi er því, að skammsýn sjónarmið einstaklings fái því ráðið, að barn eða unglingur fái ekki að neyta þessa réttar síns. Jafnframt er það og skylda nemandans við sjálfan sig og þjóðfélagið, að hann notfæri sér þennan rétt.

#### Um 7. gr.

Vísast til umsagnar um 5. gr.

#### Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

#### Um II. kafla.

Í þennan kafla er safnað saman öllum helztu ákvæðum um stjórn grunnskóla. Meginsjónarmið, sem tekið er upp nú í frv. er það, að hinum ungu og upprennandi landhlutasamtökum sveitarfélaga verði veitt allmikið vald í skólamállum landshlutans. Að visu hafa þessi samtök ekki fengið formlega réttarstöðu samkvæmt lögum, en ætla verður, að samþykkt verði lög um það efni á þessu þingi. Hefur þessum samtökum vaxið mjög fiskur um hrygg á síðustu árum, og virðist sú stefna njóta almenns fylgis, að þau verði eflað og taki í vaxandi mæli við ýmiss konar verkefnum, er varða landhlutann í heild. Hafa mjög ákveðnar óskir komið fram um slíkt frá Sambandi isl. sveitarfélaga og fleiri samtökum sveitarfélaga. Ætti þetta að stuðla að æskilegri valddreifingu og eðlilegri þróun umdæmaskiptingar í landinu. Telur grunnskólanefnd rétt að stuðla að þessari þróun.

#### Um 9. gr.

Um nokkurt skeið hefur starfað sérstök samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga samkvæmt 28. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og hefur hún fjallað um ýmis málefni varðandi fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Mun það einmæli þeirra, sem til þekkja, að nefnd þessi hafi unnið mjög gott starf og fyrir tilstuðlan hennar hafi verið afstýrt ýmiss konar ágreiningsmálum, er upp kynnu að hafa komið og ýmis ágreiningsefni verið leyst með góðu samkomulagi. Ákvæðum skólakostnaðarlaga er því haldið að öðru leyti en því að lögbundin er tala nefndarmanna, tveir frá hvorum aðila.

Um grunnskólaráð vísast til athugasemda við 66. gr. frv.

#### Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að hvert kjördæmi verði fræðsluundæmi. Í fyrstu var miðað við undæmi landshlutasamtaka sveitarfélaga, og töldu þeir, sem undirbjuggu frumvarpið, að með því væri verið að framfylgja óskum landshlutasamtakanna í heild og þá ekki sízt vilja Norðlendinga sjálfra, en á kynningarfundum norðanlands um frumvarpið að undanförunu hefur komið í ljós vilji fyrir þeirri skipan, sem hér er ráðgerð. Við frumvarpsgerðina hefur það eitt vakað fyrir að haga þessu í samræmi við hagkvæmni og eðlileg landshlutasjónarmið.

Í hverju fræðsluundæmi skal vera sérstakt fræðsluráð og sérstök fræðsluskrifstofa.

#### Um 11. gr.

Í þessari grein er kveðið nánar á um skipun fræðsluráða og starfshætti.

Lagt er til, að fræðsluráð verði skipað 5 eða 7 mönnum samkvæmt ákvörðun þeirra landshlutasamtaka sveitarfélaga, er fræðsluráðið kjósa. Talið var æskilegt að hafa fræðsluráðin ekki fjölmenn, þar sem slíkt gæti orðið heldur þungt í vöfum. Ákvæði greinarinnar um, að landshlutasamtök geti ákveðið að hafa fræðsluráðsmenn 7 að tölu, helgast einkum af því, að í sumum landshlutum er atkvæðaafli kaupstaða og kauptúna slíkt, að hætta gæti orðið á, að fulltrúar sveita fengju ekki mann kjörinn í 5 manna fræðsluráð.

Um kosningu fræðsluráðs færi eftir þeim lögum og samþykktum, sem gert er ráð fyrir, að sett verði um stjórn og starfshætti landshlutasamtaka.

Í greininni er gert ráð fyrir, að samkvæmt ákvæðum er sett verði í reglugerð, eigi framkvæmdastjóri landshlutasamtaka rétt til setu á fræðsluráðsfundum. Þykir það rétt til þess að tryggja sem best tengsl milli landshlutasamtaka og fræðsluráðs og samræmi í vinnubrögðum innan landshlutans. Þá er og gert ráð fyrir því m. a., að skólastjórar og fulltrúar kennara eigi rétt til setu á fundum fræðsluráðs. Þetta ákvæði, sem er í samræmi við almenna þróun á ýmsum sviðum þjóðlífsins, girðir að sjálfsgöðu ekki fyrir, að kennarar megi kjósa skólastjóra sem fulltrúa sína hjá fræðsluráðum.

Rétt er að vekja athygli á ákvæði um, að fræðsluráð gangist a. m. k. árlega fyrir fundum með skólastjórum og skólanefndarformönnum í umdæminu. Telja verður, að slíkir fundir geti orðið mjög gagnlegir, m. a. vegna samræmingar á ýmsum sviðum skólastarfs og til kynningar á nýjungum.

Samkvæmt frv. kjósa fræðsluráð sér sjálf formann, og er það í samræmi við ákvæði gildandi laga. Jafnframt skal á það minnt, að í frv. er, eins og í eldri gerð þess, lagt til, að skólanefndir kjósi sér sjálfar formann, en þeir eru nú skipaðir af menntamálaráðuneytinu.

#### Um 12. gr.

Í þessari grein er lýst í meginatriðum verkefnum fræðsluráða, og þykir sérstök ástæða til að benda á 1. lið, þar sem fram kemur, að fræðsluráð starfar jöfnum höndum í umboði menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarstjórna.

#### Um 13. gr.

Nefndin gat ekki orðið sammála um 1. og 2. málsgrein 13. greinar.

Meirihlutinn (Birgir Thorlacius, Andri Ísaksson, Ingólfur A. Þorkelsson og Kristján Ingólfsson), lítur svo á, að hér sé um að ræða menn, sem eiga að fara með hluta af valdi menntamálaráðuneytisins. Því komi ekki til greina, að fræðslustjórnarnir séu settir eða skipaðir af öðrum en menntamálaráðuneytinu. Í annan stað yrðu fræðslustjórnarnir yfirmenn skóla fræðsluumdæmisins innan vissra marka laganna og þar einnig óeðlilegt, að til kæmi annar setningar- og skipunaraðili þeirra en skólastjóra og kennara.

Stofnun fræðslustjóraembætta og myndun fræðsluskrifstofa færir hinum ýmsu landshlutum nýtt vald heim í hérað með stjórnskipuðum fræðslustjórum og fræðsluráði, kjörnu af umdæmisvaldi sveitarfélaganna. Ef fræðslustjórar yrðu ráðnir af landshlutasamtökum sveitarfélaga og þannig starfsmenn þeirra, væri hætt við misræmi í framkvæmd fræðslumála innan hinna ýmsu fræðsluumdæma.

Minnihlutinn (Páll Línal) lagði til, að raunverulegt vald til ráðningar fræðslustjóra yrði í höndum heimamanna, annaðhvort þannig að ráðherra skipaði fræðslustjóra eftir tillögum fræðsluráðs eða fræðsluráð réði fræðslustjóra, en sú ráðning væri háð staðfestingu ráðherra. Minnihlutinn færði þau rök fyrir tillögu sinni, að eðlilegast væri að stjórn fræðslumála hvers umdæmis væri sem mest í höndum heimamanna sjálfra, þótt yfirstjórn, þar með samræming á starfi fræðslustjóra, væri að sjálfsgöðu í höndum ráðuneytisins. Gæti það leitt til vandræða, ef fræðslustjóri væri í

andstöðu við fræðsluráðið og þá aðila aðra, sem hann þyrfti einkum að hafa samstarf við. Þá væri óeðlilegt, að inn í kerfið kæmi einn maður valinn af ráðherra, en aðrir starfsmenn fræðsluskrifstofu væru ráðnir af fræðsluráði, sbr. 15. gr. Þá er og gert ráð fyrir, að fræðsluskrifstofa geti tekið að sér verkefni fyrir landshlutasamtökin, sbr. sömu grein. Allt þetta styddi þá skoðun, að fræðslustjórinn væri ráðinn af sömu aðilum og færu með stjórn fræðslumála í umdæminu. Með þeim skilyrðum, sem gerð eru um embættisgengi fræðslustjóra ætti einnig að vera tryggt, að fullkomlega hæfir menn yrðu ráðnir til starfa.

Í nefndinni varð einnig ágreiningur um embættisgengi fræðslustjóra.

Fræðslustjórar munu gegna mikilli ábyrgðarstöðu í fræðslukerfi. Þess vegna er nauðsynlegt, að menntun þeirra og reynsla sé sem mest og bezt. Ákvæðin um embættisgengi þeirra þurfa einnig að vera skýr og ótvíræð.

Meirihluti nefndarinnar (A. Í., I. A. Þ., Kr. I) taldi þrjá þætti í starfi fræðslustjóra mikilvægasta. Ber þar fyrst og fremst að nefna kennslufræðilega menntun, þá stjórnunarreynslu innan skólakerfisins og að lokum þekkingu á skólamálum hlutað-eigandi fræðsluumdæmis og þörfum þess.

Meirihlutinn leggur einnig áherzlu á reynslu í skólastarfi og þótti hæfilegt að miða við þrjú ár sem lágmark.

Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar um embættisgengi er kennurum, en einkum skólastjórum, veittur forgangsréttur til fræðslustjórastarfs að öðru jöfnu.

Augljóst er, að reynsla í skólastarfinu sjálfu, ásamt kennslufræðilegri menntun, er hér þung á metunum. Skólastjórar hafa hvort tveggja í senn kennslufræðilega menntun og reynslu í stjórn skóla. Margir þeirra hafa kennt og stjórnað skóla árum saman. Þeir vita því manna bezt, hvað skóli og starf innan hans er. Skólastjórar og kennarar verða, sökum starfs síns, að kynna sér allrækilega fræðslu- og skólamál og hafa þess vegna meiri yfirsýn yfir þau en flestir aðrir menn. Það fer því ekki milli mála, að þeir eru manna bezt undir það búnir að gegna starfi fræðslustjóra.

Það styður og skoðun meirihlutans, að alls staðar á Norðurlöndum er krafist kennaraprófs og/eða kennarareynslu til þess að verða skipaður fræðslustjóri.

Í greininni er miðað við stjórnunarreynslu innan fræðslukerfisins, en ekki einungis innan skóla. Fráleitt er að útiloka vel menntaða starfsmenn, sem unnið hafa að fræðslumálum, einkum stjórnun, annars staðar en í skólunum, t. d. í menntamálaráðuneytinu.

Meirihlutinn vill, sbr. það sem fyrr segir, síður en svo gera lítið úr stjórnunarþættinum. Hann er og mikilvægur, enda er lögð á hann þung áherzla í 30. gr. frumvarpsins og greinargerð með henni, en þar er gert ráð fyrir, að stjórnun verði felld inn í kennaramenntunina sem einn þáttur hennar. Kennarar verða því vel í stakk búnir hvað þetta snertir í framtíðinni.

Með orðunum „er skylt að taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar“ er m. a. átt við, hve mikil og góð kennslufræðileg menntun umsækjanda er. Það er skoðun meirihlutans, að aukin menntun á þessu sviði skuli veita umsækjanda vissan forgang til starfsins.

Minnihlutinn (B.Th. og P.L.) var hlynntur því að setja hér ákvæði um, að við val í starf fræðslustjóra skyldu þeir að öðru jöfnu ganga fyrir, sem hefðu rétt til að vera skipaðir skólastjórar við grunnskóla. Með þeim hætti væri kennslufræðileg menntun og starfsreynsla viðurkennd, en jafnframt væri slíkt ákvæði rýmra en það, sem meirihlutinn samþykkti. Væri æskilegt að taka hlutfallslega meira tillit til almennrar stjórnáslureynslu umsækjanda, þegar ráðið væri í fræðslustjórastarf, heldur en gert væri með ákvæði meirihlutans.

#### Um 14. gr.

Í þessari grein er greint í stórum dráttum frá verkefnum fræðslustjóra, en nánari grein er gerð fyrir störfunum á öðrum stöðum í frv.

Rétt er að benda á ákvæði í 1. mgr. um skyldur fræðslustjóra til húsetu á þeim stað, þar sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er eða í næsta nágrenni.

#### Um 15. gr.

Þar sem sú skipun fræðslumála, sem stefnt er að, gengur í þá átt, að einstök fræðsluumdæmi fái töluvert mikla sjálfsstjórn, þykir rétt að landshlutasamtökin ráði sjálf mestu um það, hvar fræðsluskrifstofa umdæmisins verði. Eins og fram kemur í 3. mgr. er gert ráð fyrir, að fræðsluskrifstofa geti tekið að sér tiltekin verkefni, m. a. fyrir landshlutasamtökin gegn fullri greiðslu. Virðist því eðlilegast, að fræðsluskrifstofum sé valinn staður, þar sem eru aðalþækkistöðvar landshlutasamtakanna, en það er að sjálfstöðva á valdi samtakanna sjálfra. Með því móti ætti að fást betri nýting starfskrafta, húsakosts og tækja.

Rétt er að benda á það, að fræðsluráð ræður starfsfólk fræðsluskrifstofu.

Hin fyrirhuguðu fræðsluumdæmi eru hvert öðru ólík hvað innri aðstæður varðar. Má í því sambandi benda á mörg og fjölmenn byggðarlög á Reykjanesi, sérstöðu kaupstaða o. s. frv. Þykir rétt, að landshlutasamtök og menntamálaráðuneyti hafi heimild til þess að fela einstökum starfsdeildum, er samtökin starfrækja, meðferð skólamála á tilteknu svæði, undir stjórn fræðsluráðs og fræðslustjóra, sbr. lokaákvæði 3. mgr.

#### Um 16. gr.

Í frumvarpi þessu er skólahverfi sú félagseining, er stendur að byggingu og rekstri grunnskóla. Hér getur verið um að ræða eitt sveitarfélag, sem stendur að rekstri grunnskóla, eða ákveðins hluta hans, án meðaðildar annarra sveitarfélaga — eða tvö eða fleiri sveitarfélög, og/eða hluta sveitarfélaga, sem mynda með sér félag um byggingu og rekstur skóla — skólahverfis.

Upprunalega var skólahverfið sveitarfélagið, og stóð það þá eitt að skólarekstrinum. Þá voru samgöngur örðugri og því erfiðara um samvinnu sveitarfélaga á þessu sviði en nú. Síðustu áratugi hefur þetta breytzt. Skólahverfi hafa sameinast um stofnun og rekstur skóla, sem þjóna mörgum sveitarfélögum og þannig myndast ný skólahverfi. Við blasir sú þróun, að einstök sveitarfélög reki ein sér hluta grunnskóla og séu á því stigi sjálfstæð skólahverfi, en sameinist síðan í öðru skólahverfi með fleiri sveitarfélögum um aðra hluta grunnskólans. Ætla má, að til þess geti komið, að sveitarfélag, sem nær yfir mikið landflæmi kjósi e. t. v. að skipta sér milli skólahverfa, og tengjast þá á báða bóga nágrannasveitarfélögum.

Rétt þykir að vekja athygli á því, að útibú frá aðalskóla, sbr. 4. gr., eru ekki hugsuð sem sjálfstæð skólahverfi, heldur tilheyri þau skólahverfi aðalskólans. Hinsvegar er ráð fyrir því gert, að þau verði sjálfstæð við útreikning kennslustunda, sbr. 79. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum, mun það hafa í för með sér breytingu á mörkum núverandi skólahverfa. Ber m. a. að hafa í huga, að sjá þarf öllum 16 ára unglingum fyrir skólavist. Skipan skólahverfa er ekki vandalaust verk. Þar þarf margs að gæta. Gæta þarf þess að raska ekki byggðafestu í hinum ýmsu sveitarfélögum, en jafnframt að tryggja nemendum sem bezta skóla og gæta fyllstu hagsýni.

Menntamálaráðuneytið á frumkvæði að skiptingu landsins í skólahverfi, en ákvörðun tekur það að höfðu samráði við fræðsluráð það, sem í hlut á, og fleiri aðila, svo sem tíðkazi hefur. Ef samkomulag næst ekki, sker ráðuneytið úr.

#### Um 17. gr.

Í þessari grein er að finna skýringu á því, hvornig háttað skuli stjórn skólahverfis grunnskóla. Ráðgert er að orðið skólanefnd verði notað í öllum skólahverfum, nema í Reykjavík, þar sem fræðsluráð landshlutans (Reykjavíkurborgar) fari með hlutverk skólanefndar. Falli því niður heitið „fræðsluráð“ í kaupstöðum.

Kjörtímabil skólanefnda verði hið sama og sveitarstjórna. Önnur málsgrein felur það í sér að sveitarfélag sé eitt skólahverfi, þótt það sakir fjölmennis þurfi að reka tvo eða fleiri grunnskóla. Það kys því einungis eina skólanefnd, sem fjallar um málefni allra skólanna sameiginlega.

Þriðja málsgreinin felur í sér rétt einnar skólanefndar, eða fleiri skólanefnda sameiginlega til að ráða sér skólafulltrúa til að annast daglega stjórn og sýslan

þeirra mála, er undir skólanefnd heyra. Sveitarfélögin sjálf greiði kostnað við störf skólafulltrúa. Skólanefndir setji þeim erindisbréf. Menntamálaráðuneytið setji skólanefndum erindisbréf.

#### Um 18. gr.

Ef til vill þurfa staflíðir a—d ekki útskýringar við. Þó þykir rétt að taka eftirfarandi dæmi, einfaldrar gerðar um c-lið:

Fámennt sveitarfélag heldur grunnskóla til og með 4. bekk heima í sveitarfélaginu, án samvinnu við önnur sveitarfélög. Það er þá skólahverfi og kýs eigin skólanefnd fyrir skóla sinn.

Að afloknum 4. bekk gerist það hinsvegar aðili að skólahverfi með nágranna-sveitarfélagi og sendir þangað í skóla nemendur sína í 5.—9. bekk. Sveitarfélagið, sem fyrir er, stendur hinsvegar eitt að skólahaldi 1.—4. bekkjar þessa grunnskóla, þar eð félagsskapur sveitarfélaganna nær einungis til 5.—9. bekkjar. Því má eðlilegt telja, að það sveitarfélag, sem aðild á að öllum bekkjum skólans eigi einnig meiri hlutdeild í skólanefnd þeirri er sér um málefni hans.

Hér er um ójafna aðild árganga að ræða.

Með þátttöku fleiri sveitarfélaga gæti aðildin orðið enn ójafnari, þ. e. m. a. ef aðkomusveitarfélögin hæfu ekki öll þátttöku í skólahverfinu með sömu árgöngum.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir stofnun fræðsluskrifstofa í hinum 8 fræðsluumdæmum landsins. Þar sitji fræðslustjórar, fulltrúar ríkisvaldsins í fræðsluumdæmunum, sbr. 14. gr. Skólanefndarformenn hafa hingað til verið skipaðir af ríkisvaldinu, og hefur mátt líta á þá sem fulltrúa þess. Með tilkomu fræðslustjóra þykir eðlilegt að skólanefnd kjósi sér sjálf formann eins og nú er um formenn fræðsluráða.

Nýmæli er það, að gert er ráð fyrir fulltrúum kennara, er starfi með skólanefnd, og sitji fundi hennar með málfrelsi og tillögurétti og samskonar ákvæði er um fundarsetu skólastjóra. Má vænta, að þátttaka beggja þessara aðila efli skólanefndina sem vettvang kennslufræðilegra unnræðna.

Að sjálfsögðu er ætlað til, að sá háttur haldist, að skólastjórar hafi málfrelsi og tillögurétt á skólanefndarfundum. Orðalag grunnskólafrunvarpsins hefur valdið misskilningi og þykir því rétt að taka af öll tvímæli.

Fræðsluráð Reykjavíkur fer með hlutverk skólanefndar í Reykjavík. Sakir fjölda skóla þar hefur ekki komið þar á sú venja, að skólastjórar sitji fundi fræðsluráðs, enda yrði þá sá vettvangur í stærra lagi. Hér er hins vegar gert ráð fyrir, að þremur sinnum á skólaári haldi Fræðsluráð Reykjavíkur fundi með öllum skólastjórum grunnskóla í fræðsluumdæminu, og má ætla, að þeir fundir gætu orðið báðum aðilum að drjúgu gagni, ekki sízt sem tengiliðir og upplýsingagjafar.

Varðandi kennarafulltrúa í Reykjavík, sem vera skulu þeir, er nefndin þeirrar skoðunar, að einn skuli valinn af grunnskólakennurum innan Sambands íslenskra barnakennara, annar af þeim, sem eru innan vébanda Landssambands framhaldsskólakennara, en hinn þriðji úr hópi grunnskólakennara innan Félags háskólamenntaðra kennara.

#### Um 19. gr.

Hér er því slegið föstu, að sveitarstjórn eigi frumkvæði að byggingu skólahúss, stækkun eða verulegum endurbótum. Ef sveitarstjórn dregur framkvæmdir, þannig að óviðunandi er, getur ráðuneytið í samráði við fræðslustjóra látið bæta úr.

#### Um 20. gr.

Ákvæðið í upphafi greinarinnar er í samræmi við ákvæði 32. gr. gildandi laga um gagnfræðanám, en upphafsorð þeirrar greinar eru þessi: „Skólastjóri og kennarafundur stýra starfi hvers skóla“.

Nefndin varð sammála um, að breyta ekki þessu ákvæði, aðild kennara að stjórn skóla væri réttmæt, enda tækju þeir á sig þá ábyrgð, sem af slíkri aðild leiddi. Kennarar finna tvímælalaust til meiri ábyrgðar gagnvart skólanum, séu þeir með í ráðum um stjórn hans.

Nefndin taldi, að kennarafundur í stórum skólum væri allt of þungur í vöfum. Er því lagt til að þriggja manna kennararáð fari þar með umboð kennaranna. Það var samdóma álit nefndarinnar, að skólastjóri og enginn annar aðili færi með daglega stjórn skóla. Þar af leiðir, að ákvörðun skólastjóra gildir, unz úrskurður fræðslustjóra liggur fyrir, ef skólastjóra og kennararáð greinir á um meðferð tiltekins máls.

Á fundum og ráðstefnum hefur gætt nokkurrar óánægju yfir því, að lokaúrskurður í hugsanlegu deilumáli milli skólastjóra og kennararáðs (kennarafundar) skuli skv. fyrri gerð frv. eiga að vera í höndum fræðslustjóra. Að gefnu þessu til efni telur nefndin rétt að breyta orðinu „lokaúrskurður“ í úrskurð.

Samkvæmt þessari grein bera kennarar ábyrgð á stjórn skóla. Sökum þessarar staðreyndar m. a. taldi nefndin sjálfsgagt að skylda kennara til að sækja kennarafundi.

#### Um 21. gr.

Vaxandi áherzla er lögð á samstarf foreldra nemenda við skólann og að foreldrar fylgist betur með skólastarfinu en nú er. Slíku má haga með ýmsum hætti, t. d. með stofnun foreldrafélaga eins og stundum hefur verið gert. Rétt þykir að tryggja það, að foreldrar, sem börn eiga í skóla, geti stofnað foreldrafélag í framangreindum tilgangi. Ekki þykja efni til að binda starfshætti slíkra félaga í lögum.

Þar sem foreldrafélag er starfandi við grunnskóla á fulltrúi þess að eiga rétt til setu á kennarafundi með málfrelsi og tillögurétti. Slíkt ætti að geta orðið til þess að auka skilning og samstarf milli skóla og foreldra og gagnkvæman stuðning.

#### Um 22. gr.

Æskilegt þykir, að nemendur eigi þess kost að hafa áhrif á málefni skólans. Slíkt er til þess fundið að auka ábyrgðartilfinningu nemenda og áhuga þeirra á gengi skólans. Ekki þykir ástæða til að binda í lögum starfshætti nemendaráða.

Miklar umræður eiga sér stað bæði hér og erlendis um stöðu nemenda í stjórnkerfi skóla. Á fundum um grunnskólafrumvarpið hafa komið fram mjög deildar meiningar um þetta. Þykir sumum, að hér eigi nemendur hvergi nærri að koma, en aðrir leggja hinsvegar til, að í nemendaráði eigi sæti nemendur allt frá 7 ára aldri. Grunnskólanefnd telur, að hér muni bezt að fara bil beggja, gera ráð fyrir nemendaráðum í 7.—9. bekk og ætla jafnframt formanni þess nemendaráðs setu á fundum kennararáðs, svo og á kennarafundum. Slíkt ætti að geta verið þroskandi fyrir nemendur og til þess fallið að auka samstarf skólastjóra, kennara og nemenda.

#### Um 23. gr.

Skóli verður ekki haldinn án viðunandi húsnæðis. Mismunandi aðstæður kalla hins vegar á mismunandi gerð og búnað húsnæðis. Í greininni er tillit tekið til þriggja mismunandi skólasóknaraðstæðna hér á landi, þ. e. heimangöngu, heimanaksturs og heimavistar. Hver þeirra hefur sína sérstöðu. Hins vegar hagar víða svo til, að sami skóli verður að þjóna öllum þessum aðstæðum. Þar eru nemendur úr grennd, sem ganga heiman og heim, aðrir búa fjarri, en þó ekki lengra en svo, að þeim er unnt að aka. Loks eru þeir nemendur skólahverfisins, er búa svo fjarri, að þeir þurfa að dveljast í heimavist.

Bygging skólahúsnæðis krefst mikillar fjárfestingar og þarf að gæta hvors tveggja, að byggingarnar þjóni tilgangi sínum og að hagsýni sé gætt í gerð og framkvæmdum. Hér er eins og í skólakostnaðarlögum nr. 49/1967 gert ráð fyrir framkvæmdaáætlunum, bæði 10 ára áætlun og áætlun fyrir eitt ár í senn er feli í sér hvar þörfin er brýnust.

Þá er í greininni það nýmæli, að ráðuneytið ákveði heiti skólastaða, að fengnum tillögum heimamanna og umsögn örnefnanefndar, en örnefnanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 35/1953, um bæjanófn. Er menningaratriði, að skólasetrum séu valin smekklegt nöfn og eðlilegt að leita álits örnefnanefndar í þessu sambandi.

#### Um 24. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein fjalla um skiptingu stofnkostnaðar milli sveitarfélaga, er standa saman að skólahverfi. Þær skjóta þó ekki loku fyrir að þau semji á frjálsan hátt sín í milli. Sé það hinsvegar ekki gert, skal fara eftir ákvæðum 1. og 2. mgr.

Miðað er við, að kostnaðarhluta sveitarfélaga í skólabyggingunni sé skipt niður í 3 eða 4 jafnstóra þætti, þrjá, sé aðild allra sveitarfélaganna að skólahaldinu jöfn, annars í 4 þætti.

Með jafnri aðild er átt við, að nemendur allra sveitarfélaganna sækja alla bekkir skólans. Ójöfn aðild sveitarfélags er það hins vegar, ef nemendur þess sækja einungis hluta af bekkjum skólans. Innan sérhvers þáttar skal hlutur hvers sveitarfélags reiknaður út eftir þeirri forsendu, sem þar er gefin, og þurfa þær vart skýringa við.

Ábendingar hafa komið fram um, að réttari viðmiðun, skv. b)-lið sé „útsvarsskyldar tekjur“ en „tekjur“ (sbr. fyrri gerð frv.) vegna mismunandi álagningarreglna í sveitarfélögum. Eru þær ábendingar teknar til greina.

Þess skal getið um lið b-, að þar var talið réttara að leggja til grundvallar meðaltal barnafjölda sveitarfélags, eða hluta þess, sem nær yfir 15 yngstu árganga á gildandi manntali.

Liður d- kemur einungis inn í dæmið sé um ójafna aðild að ræða.

Ákvæðum 3. og 4. mgr. greinarinnar er ætlað að auðvelda sveitarfélögum nauðsynlegar breytingar á mörkum skólahverfa, þegar svo ber undir. Í þeim felst, að ríkissjóður leysi út hluta sveitarfélags, er breytir um aðild að skólahverfi, í skólabyggingu þeirri, er það hverfur frá, en semji um endursölu síðar, ef nýtt sveitarfélag gerist aðili.

Á sama hátt skal sveitarfélag, er bætist í skólahverfi, þar sem fyrir eru sveitarfélög, sem þegar hafa byggt skólahúsnæði, kaupa sér hlutfallslega aðild.

Gert er ráð fyrir, að menntamálaráðuneytið aðstoði við samningsgerð slíka, sem hér er um fjallað, sé þess óskað, og skeri úr um ágreiningsatriði, sem upp kunna að koma.

Síðasta mgr. greinarinnar skapar möguleika fyrir hin ýmsu sveitarfélög, er þess kynnu að æskja, til að tengja byggingu, er þjónar almennri félagsmálastarfsemi í byggðarlaginu, starfsemi grunnskóla, enda sé byggingin samþykkt af menntamálaráðuneytinu og greidd af viðkomandi sveitarsjóði.

#### Um 25. gr.

Hér er lagt til, að skilgreint verði með lögum hvað annað en beint kennslurými skuli vera í skólahúsi. Efni þessarar greinar er að finna í reglum um útreikning á húsnæðisþörf skóla, útgefnum af menntamálaráðuneytinu 6. júní 1969, en nefndin telur ástæðu til að aðalatriði þeirra reglna verði lögfest.

Nefndin telur, að stefna beri að því, að starf hvers grunnskóla eða hluta grunnskóla geti að sem mestu leyti farið fram í einni og sömu byggingu. Hins vegar geta aðstæður verið þannig, að notað verði annað húsnæði fyrir ákveðnar sérgreinar, svo sem íþróttir.

Vekja ber sérstaka athygli á því, að hér er gert ráð fyrir, að við gerð nýs skólahúsnæðis, svo og endurbætur eldra skólahúsnæðis, skuli að því stefnt að skapa aðstöðu fyrir nemendur í skólabyggingunni til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverðar. Með þessu er að nokkru leyti mörkuð ný stefna í íslenskum skólumálum. Ástæður, er hér liggja til grundvallar, eru m. a. sífelld fjölgun þeirra heimila, þar sem báðir foreldrar vinna utan heimilis, mismunandi aðstæður nemenda til heimanáms og að æskilegt er, að nemendur geti leitað til kennara í sambandi við undirbúning undir næsta skóladag.

Nám er vinna. Æskilegt er, að nemendur fái lokið meginvinnu sinni í skólanum. Þaðan geti þeir síðan haldið heim að afloknum vinnudegi eins og aðrir þeir, er vinna utan heimilis, án þess að þurfa að sinna mikilli heimavinnu. Tækist að koma þessu í framkvæmd, þá ætti það að geta leitt til aukinnar fjölskyldusambeldni

í þjóðfélaginu, þar eð sá mismunur yrði úr sögunni, að hluti fjölskyldunnar, nemendurnir, sitji við vinnu, meðan aðrir njóta hvíldar að afloknum vinnudegi utan heimilis, og heimilisfólkið þess í stað átt samverustundir.

Aðstæður barna og unglunga til náms á heimilum eru mjög misjafnar. Sumir búa við húsnæðisþrengsli og hafa lítið næði til heimanáms, en aðrir hafa einkaherbergi, þar sem þeir geta í ró unnið að verkefnum sínum.

Meðal annars vegna þessa aðstöðumunar er vafasamt að skylda nemendur til þess að ljúka í skólahúsinu undirbúningi sínum undir næsta skólalag. Engu að síður ber nauðsyn til að aðstaða til þeirrar vinnu verði sköpuð og að því stuðlað, að hún verði notuð af þeim, er hennar þarfnast. Nánar yrði ákveðið í reglugerð um skipulag þessa náms. Hér er um kostnaðarsama framkvæmd að ræða, meðan skólar eru tví- og jafnvel þrjúsetnir. Við nýskipan þessa lengist verutími nemandans í skólanum að mun og því æskilegt, að þar verði unnt að framreiða einfaldar máltíðir, en til slíks þarf vissa aðstöðu, sbr. 2. mgr. greinarinnar.

Að beiðni nefndarinnar gerði Guðmundur Þór Pálsson, arkitekt, deildarstjóri byggingardeildar menntamálaráðuneytisins, athugun á 6 skólahúsum í landinu, mismunandi að aldri, gerð og stærð. Eftalust er talan 6 of lág til að mega kallast óyggjandi úrtak, en niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess, að aðstaða til slíks undirbúningsnáms í skólanum mundi að jafnaði kosta 20—25 þús. kr. á nemanda. miðað við núverandi verðgildi peninga.

Af þessu er ljóst, að taka mun sinn tíma að koma þessu máli í framkvæmd, en nauðsynlegt er að taka það föstum tökum, þar sem það myndi leiða til betri og jákvæðari námsvinnu og ætti einnig að treysta fjölskylduböndin.

Síðasta málsgrein greinarinnar fjallar um heimavistir við grunnskóla og lýsir því markmiði, að heimavistir skuli minna sem mest á heimili, enda kemur heimavistin um sinn í stað þess heimilis, sem nemandinn hverfur frá. Mörgum er skólavistin tilfínanleg breyting og skiptir miklu, að í heimavist gæti þeirrar hlýju og umhyggju, sem einkennir farsæl heimili.

Ástæða þótti til að setja um það ákvæði, að þannig skuli frá heimavistum gengið, að nemendur geti jafnan náð til umsýsarmanns heimavista. Þetta er sérstaklega nauðsynlegt í sambandi við svefnálmu yngri nemenda. Ef þessa er ekki gætt, getur afleiðingin orðið sú, að eftir að svefnvistum er lokað að kvöldi, hafi nemendur litla möguleika á að ná til fullorðins manns fyrr en aftur er lokið upp dyrum að morgni. Slíkt er með öllu óverjandi.

Um 26. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er samsvarandi 1. mgr. 6. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, en þó að því leyti frábrugðin, að hér er það skólanefnd, sem í samráði við sveitarstjórn ákveður hverjir annast skuli hönnun bygginga í stað þess að í unnræddri 6. gr. er það eingöngu lagt í hendur sveitarstjórnar.

Skólanefndir eru kjörnar af sveitarstjórnnum. Vald þeirra er markað í lögum, reglugerðum og erindisbréfum. Hafa þær að mörgu leyti meira sjálfstæði til starfa en venja er um nefndir, kjörnar af sveitarstjórnnum, að öðru leyti en hvað fjárráð varðar.

Rétt þykir, að skólanefnd sé, ásamt hlutaðeigandi sveitarstjórn, frumkvæðisaðili um gerð skólahúsnæðis, þar sem gera má ráð fyrir að í skólanefnd eigi þeir sæti, sem hafi meiri áhuga og þekkingu á skólamáli en almennt gerist. Æskilegt er, að samstarf skólanefndar og sveitarstjórnar sé sem nánast í þessum efnum. Verði þessir aðilar hins vegar ekki á eitt sáttir um þau atriði, sem fjallað er um í 1. mgr. þessarar greinar, hlýtur sveitarstjórn, sem handhafi fjármálavalds í sveitarfélaginu, að ráða.

Í síðari málsgrein er nýmæli. Þar er ákveðið, að á þriggja ára fresti a. m. k. efni menntanálaráðuneytið til almennrar samkeppni um uppdrætti að skólamannvirkjum miðaða við breytilegar tegundir og stærðir skóla og ólíkar aðstæður, þ. e. hvort um er að ræða heimavistar-, heimanaksturs- eða heimangönguskóla, eða allar þessar tegundir skóla. Einnig myndi þetta taka til íþróttahúsa, sundlauga, leikvalla o. fl.

Virðist einsætt, að reyna að tryggja, að skólamálum nýtist sem best þekking og hugkvæmni arkitekta og að sífellt sé leitast við að bæta gerð skólahúsa með bætta vinnuaðstöðu nemenda og kennara fyrir augum og hagsýni í meðferð þeirra miklu fjármuna, sem til bygginga og rekstrar skóla er varið.

Um 27. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru hin sömu og í 10. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og í 6. gr. reglugerðar nr. 159/1969, um stofnkostnað skóla. Listskreytingarákvæði þessi voru nýmæli í lögum, þótt áður hefði verið varið nokkru fé til þess að skreyta skóla-byggingar og til listaverkakaupa í skóla, og má benda á mosaikmyndir í Kennarskólahúsinu við Stakkahlíð, myndskreytingar í Austurbæjarbarnaskóla og Melaskóla.

Síðan skólakostnaðarlögin tóku gildi hafa verið ákveðnar listskreytingar í gagnfræðaskólabyggingu á Húsavík og skólabyggingu að Laugalandi á Þelamörk, og enn fremur í samkomusal Menntaskólans við Hamrahlíð og í samkomusal, sem í smíðum er við Menntaskólann að Laugarvatni. Þótt menntaskólarnir séu hreinir ríkisskólar og ákvæði skólakostnaðarlaga gildi því ekki um þá, þá hefur samt verið tekið mið af þessum ákvæðum. Telja má víst, að allar nýjar skólabyggingar verði listskreyttar með einum eða öðrum hætti. Fyrr á árum voru ýmis málverk í eigu ríkisins lánuð skólum viðsvegar um landið, en var síðan safnað saman í Listasafninu. Væri mjög mikil þörf á því, að safnið efndi til farandsýninga meðal skólanna, þannig að sem flestum nemendum gæfist kostur á að kynna íslenskri myndlist af eigin sjón meira en nú er.

2. mgr. þessarar greinar er nýmæli. Er þar gert ráð fyrir einum fulltrúa frá Bandalagi íslenskra listamanna og einum frá því sveitarfélagi, sem hlut á að máli, til þess að vera með í ráðum, þegar menntamálaráðuneytið ákveður listskreytingu skólamannvirkja.

Um 28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Fyrst og fremst er skólamannvirkjum ætlað að þjóna skólahaldi. Skólastarfið hlýtur því ætíð að sitja fyrir um afnot af húsakynnum, sem reist eru skóla til handa. Því er og eðlilegast, að dagleg umsjón og umráð skólahúsnæðis sé í höndum skóla-stjóra og skólanefndar.

Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er æskilegt, að dýr húsakynni séu vel nýtt, og því oft á tíðum hagkvæmt að skólamannvirki séu til afnota fyrir hina ýmsu almennu félagstarfsemi utan skólatímans. Því er í greininni heimilað að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til slíkra nota, enda brjóti slíkt hvorki í bága við skólahald, að dómi skólanefndar, né námskeið og annað, sem menntamálaráðuneytið kynni að ákveða.

Framkvæmd á orlofi húsmæðra heyrir að vísu ekki undir menntamálaráðuneytið, en skólahús hafa verið lánuð eða leigð til þessara nota að undanfögnu og er eðlilegt, að svo verði áfram, þar sem hér er um að ræða framkvæmd mjög þýðingarmikils máls.

Skólahús hafa að undanfögnu verið notuð að sumarlagi til gisti- og veitingarekstrar, ýmist á vegum Ferðaskrifstofu ríkisins eða heimaaðila. Fer vel á því að nota skólahúsin þannig þegar hlé er á skólastarfi og ferðamannastraumur mestur. Nokkrar tekjur koma í hlut skólanna vegna þessa rekstrar. Við byggingu heimavistar-skóla er nú yfirleitt tekið tillit til þess, að húsin nýtist til gistirekstrar á sumrum.

Um 30. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um embættisgengi skólustjóra. Ákvæði um það eru ekki í gildandi lögum. Hins vegar er það viðtekin venja, a. m. k. á barnaskólastigi, að enginn er skipaður í skólustjórastarf, nema hann hafi lokið kennaraprófi. Æskilegt er, að skólustjóri hafi aflað sér menntunar í skólustjórn. Stefna ber að því, að þau stjórnunarfræði verði hluti af námsefni kennaranema í Kennaraháskóla Íslands

og Háskóla Íslands. Nefndin leggur til, að fyrst verði komið á námskeiðum í stjórnun skóla fyrir starfandi kennara og skólustjóra.

Um 31. gr.

Starfsheiti aðstoðarskólustjóra í eldri gerð frv. er breytt í yfirkennari í samræmi við tillögur, sem fram hafa komið. Yfirkennari skal vera ríkisstarfsmaður. Yfirkennarar eru nú starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Þeir eru starfsmenn ríkis sem kennarar, en sveitarfélags sem staðgenglar skólustjóra. Eðlilegast virðist, að yfirkennari sé ráðinn af menntamálaráðuneytinu. Hann er staðgengill skólustjóra og vinnur undir stjórn hans og á þar af leiðandi að vinna í umboði menntamálaráðuneytisins eins og skólustjóri. Samvinna skólustjóra og yfirkennara þarf að vera góð og náin, en verði misbrestur á, horfir til vandræða í starfi skólans. Sé samvinna þessara aðila ekki sem skyldi, er betra að yfirkennari sé ráðinn til ákveðins tíma, en ekki skipaður. Æskilegt er, að yfirkennari hafi með höndum einhverja kennslu, svo að hann losni ekki um of úr tengslum við kennslustarfið. Ekki er talið rétt að láta skóla vera skólustjóralausn lengur en tvo mánuði, án þess að starfinu sé formlega ráðstafað.

Til þess að taka af öll tvímæli er og talið rétt að taka fram, að verði unsagnar- aðilar, — skólanefnd, skólustjóri og kennararáð, — sammála um að mæla með tilteknum umsækjanda, sé menntamálaráðuneytinu skylt að ráða hann. Þess skal getið, að samkvæmt frumvarpinu hefur staða yfirkennara (aðstoðarskólustjóra) þá sérstöðu, að hámarksráðningartími er fimm ár.

Um 32. gr.

Hinn 9. desember 1970 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til þess að semja tillögur í frumvarpsformi um menntun og réttindi kennara við skyldunámsskóla og framhaldsskóla, þ. á m. menntaskóla og sérskóla. Nefndin hefur skilað álit og gerði tillögur um menntun og réttindi kennara í bóklegum greinum við barna- og gagnfræðaskóla (grunnskóla), framhaldsdeildir gagnfræðaskóla og menntaskóla. Síðan var nefndinni falið að gera hliðstæðar tillögur um sérgreinakennara við áðurnefnd skólastig, auk tillagna um menntun og réttindi kennara við sérskóla. Hefur nefndin skilað þeim tillögum.

Núgildandi lög um menntun og réttindi kennara, einkum á gagnfræðastigi, eru um sumt óljós og úrelt orðin og ný löggjöf tímabær.

Með frumvarpi til laga um grunnskóla eru tvö skólastig sameinuð í eitt. Sami undirbúningur hentar ekki öllum kennurum grunnskólans. Verður að líkindum um tvo meginhópa að ræða: Kennara yngri nemenda og kennara eldri nemenda, sem yrðu margir hverjir sérgreinakennarar. Ólíkur undirbúningur táknar ekki mismikinn undirbúning, enda verði kennarar ekki bundnir af aldri nemenda svo sem nú er við skil barna- og unglingafræðslu. Fagkennsla í einstökum greinum kæmi óefað fyrr en nú. Nemendum er nú gerður óleikur með hinum skörpu skilum og gjörbreyttu kennsluháttum, sem verða, er þeir færast úr barnaskóla í 1. bekk gagnfræðastigs.

Nefndin taldi rétt að bæta við þessa grein ákvæði um réttarstöðu þeirra kennara, sem starfa við barna- og gagnfræðaskóla, þegar lög þessi öðlast gildi. Þeir kennarar við umrædda skóla, sem hafa réttindi samkvæmt lögum, halda þeim að sjálfsögðu þótt ný skipan taki gildi.

Um 33. gr.

Í þessari grein er nýmæli varðandi skipun og setningu í skólustjóra- og kennarastöður og hert á þeim ákvæðum, sem voru í fyrra frumvarpi í þessa átt. Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á, að setning og skipun í stöður þessar geti farið fram snemma, og helst eigi síðar en 1. júlí ár hvert, og að skólustjóri eða kennari tilkynni aðilum fyrir 1. febrúar, ef hann hyggst ekki starfa áfram næsta skólaár. Í fyrra grunnskólafrumvarpi er tekið fram í greinargerð, að æskilegt væri, ef unnt yrði að ljúka ráðningum kennara næsta vetrar áður en sumarleyfi skólanna hefjast. Kennararáðningar hafa að undanförunu oft verið tafsamar vegna skorts á kennurum og stund-

um er erfitt fyrir skólanefndarmenn að koma saman til fundar um mesta annatímann. Loks er það svo, að ýmsir kennarar hafa hug á kennarastöðum í Reykjavík og öðrum stærri bæjum og vilja því ekki binda sig annars staðar, fyrr en sýnt er, hvernig stöðum er ráðstafað í þéttbýlinu. Þarf því að hraða sérstaklega veitingu kennarastarfa í bæjunum. En hér er um að ræða fyrirkomulag, sem ætti að verða til bóta fyrir alla aðila. Nauðsynlegt er fyrir skólastjóra og skólanefnd að vita í tæka tíð, hverjir verða áfram við störf. Væri mjög æskilegt, að um stöðuveitingar hefði verið fjallað heima í héraði í maímánuði ár hvert, svo að menntamálaráðuneytið gæti sett eða skipað í störf í júnímánuði.

Í fljótu bragði virðist vera einn galli á þessari skipan. Hann er sá, að ekki er unnt að afgreiða umsóknir frá kennaranemum á umræddum tíma, sökum þess að þeir ljúka ekki prófi fyrr en í ofanverðum maímánuði eða öndverðum júnímánuði. En lokaafgreiðslu í ráðuneytinu á þessum umsóknum mætti fresta, en ljúka afgreiðslu annarra umsókna á þeim tíma, er áður getur. Skólanefndir gætu haft ýmislegt til leiðsagnar, þegar þær fjalla um og afgreiða umsóknir kennaranema, m. a. eftirfarandi atriði:

1. prófskírteini nemandans frá fyrra ári,
2. umsögn aðalkennara og æfingakennara,
3. vitnisburð um skólasókn.

Skólanefndir gætu miðað umsögn sína og meðmæli við þessar upplýsingar og afgreitt umsóknir kennaranema um leið og annarra umsækjenda, en lokaafgreiðsla færi síðan fram í ráðuneytinu, er skírteini um burtfararpróf lögju fyrir.

#### Um 34. gr.

Til að forðast misskilning er rétt, að í upphafi 1. mgr. standi „setur eða skipar“, en í fyrri gerð frv. stöð „skipar“.

Jafnframt telur nefndin rétt að kveða skýrar að orði varðandi umsagnarrétt skólastjóra um ráðningu skólaráðskonu. Þá leggur nefndin til, að menntamálaráðuneytinu sé heimilt að setja skilyrði um menntun og/eða starfsþjálfun skólaráðskvænna. Hlutverk skólaráðskvænna er mikilvægt, og því rétt, að þessi heimild sé fyrir hendi.

Fyrsta málsgrein er nýmæli, að því leyti, að hún gerir ráð fyrir, að ráðskonur við heimavistarskóla á grunnskólastigi, þar sem 30 nemendur eða fleiri eru samtímis í heimavist, verði fastir starfsmenn ríkisins og geti á sama hátt og kennarar og skólastjórar heimavistarskóla hlotið skipun í störf sín að aflokinni tveggja ára setningu, enda liggja fyrir meðmæli skólanefndar og skólastjóra. Miðað við stærð skóla nú, mundi verða um 17–19 skóla að ræða, sem ættu rétt á að fá skólaráðskonu ráðna með þessum hætti.

Við fámennari heimavistarskóla ráði skólastjóri ráðskonu með samþykki skólanefndar.

Störf ráðskonu og starfsfólks í mótuneyti eru þýðingarmikil. Gengi skólastarfsins veltur ekki síður á því, sem þar er unnið, en því sem annað starfsfólk stofnunarinnar leysir af hendi. Eftir því sem heimavistarskóli er fjölmennari, þeim mun yfirgripsmeira verður og starf ráðskonu, frágangur allur að vori tímafrekari og þörf á að hefjast fyrr handa að hausti. Starf skólaráðskonu er öðrum þræði hagsýslu- og skipulagsstarf, sem vel þarf að vanda til. Samkvæmt 2. mgr. ber skólastjóra að ráða með samþykki skólanefndar það starfsfólk, sem þar er talið, og greiðir ríkissjóður laun þess.

Sveitarstjórn ræður húsvörð, að fenginni tillögu skólanefndar og skólastjóra. Heimilt er að binda ráðningu starfsfólks þess, sem um getur í 2. og 3. mgr., við tiltekinn starfstíma. Ýmsir þeir, er nú gegna þessu starfi, munu ráðnir til lengri tíma. Ákvæði greinarinnar haggar ekki þeirri ráðningu.

Sveitarstjórn ræður einnig lausráðið starfsfólk, annað en það, sem um er getið í 2. mgr. Líklegt er, að þar sem mörg sveitarfélög standa að sama skólahverfi, feli sveitarstjórnirnar skólanefnd umræddar mannráðningar.

Síðasta málsgrein felur í sér nýmæli. Samkvæmt henni skal lausráðið starfsfólk

tilkynna skólustjóra fyrir 1. júní, ef það ætlar ekki að starfa við skólann næsta skólaár. Hið sama skal og skólustjóri gera, hafi hann ekki hug á að endurráða sama eða sömu starfsmenn. Segi hvorki starfsmaður starfi sínu lausu, né skólustjóri honum upp starfi fyrir 1. júní, telst starfsmaður endurráðinn næsta skólaár.

#### Um 35. gr.

Ástæðulaust mun að fara mörgum orðum um þessa grein, þar eð hún skýrir sig að mestu sjálf. Þó er rétt að geta ástæðna fyrir ákvæðum um lengri aðdraganda að skipun í störf við heimavistarskóla en annarsstaðar tíðkast. Forsendan er sú, að við heimavistarskóla reynir ekki eingöngu á kennarahæfileika, heldur einnig marga aðra þætti í hinu nána sambýli nemenda og kennara.

Heimangöngukennarinn heldur heim að afloknum skóladegi, meðan heimavistarkennarinn heldur meira eða minna áfram að hrærast innan um sína nemendur.

Ætla verður að kennari við heimavistarskóla þurfi lengri tíma en eitt ár til að taka endanlega ákvörðun um veru sína við skólann, auk þess sem eðlilegt má telja að skólinn fái af sömu orsökum að reyna hann lengur áður en skipun kemur til.

#### Um 36. gr.

Um langt skeið hefur starfsskylda kennara verið minnkuð, er þeir ná 55 ára aldri og 60 ára aldri, vegna þess að kennsla er talin slítandi mörgum öðrum störfum fremur. Í fyrri gerð grunnskólafrumvarps (23. gr.), er talað um kennsluskyldu, en ekki starfsskyldu. Að undanförmu hefur borið á því, að afsláttur af kennsluskyldu hafi verið túlkaður þannig, að slíkum afslætti ætti að fylgja tilsvarendi aukning starfa á öðrum sviðum. Þetta er nýr skilningur og ekki í samræmi við þá hugsun, sem býr að baki umræddum aldursafslætti. Til þess að girða fyrir misskilning eða rangtúlkun þessa ákvæðis, er hér notað orðið starfsskylda í stað kennsluskylda. Jafnframt er afslátturinn bundinn því skilyrði, að sá, sem í hlut á, eigi að baki 20 ára kennsluferil, því að það sem afslættinum veldur, er langt starf við kennslu, en ekki aldurinn einn. Þegar starfsskylda er minnkuð á þennan hátt, er það gert til þess að kennarinn hafi betra tóm til að rækja kennslustarfið, en ekki ætlað til, að hann bæti á sig annarri vinnu, sem afslættinum nemur, hvorki við skóla sinn né annars staðar.

#### Um 37. gr.

Lögð er áherzla á, að skólar séu reknir með föstum kennurum að svo miklu leyti sem unnt er, en á ráðningu stundakennara sé litið sem bráðabirgðalausn. Stundakennarar margir hafa kennsluna að aukastarfi og helga aðalstarfinu krafta sína fyrst og fremst.

Um menntun og réttindi kennara þarf að fjalla í sérstökum lögum.

Sjálfsagt er, að eftirlit og dagleg umsjón með nemendum í heimavistum grunnskóla sé í höndum sérmenntaðs starfsfólks. Stundum hefur verið reynt að fá ódýran og ósérhæfðan vinnukraft til að annast þessi umsjónarstörf. Slíkt er varhugavert af augljóssum ástæðum.

Frumvarpið miðar við þá almennu reglu, að skólustjóri við heimavistarskóla fari jafnframt með yfirstjórn heimavistar. Á fundum hefur verið bent á, að vandkvæði geti verið á því fyrir skólustjóra að sinna einnig yfirstjórn heimavistar. Þykir því rétt, að heimilt sé að ráða sérstakan heimavistarstjóra.

Hentugt virðist í vissum tilfellum að geta ráðið sama kennara að fleiri en einum skóla. Einkum á það við um kennara í sérgreinum, sem ekki fylla vinnuskyldu kennara við lítinn skóla, svo sem í tónlist og leikfimi, en einnig í öðrum greinum.

Er skv. greininni heimilt að ráða kennara, sem ferðast á milli skóla til þess að anna þessari kennslu. Er hér ekki um aukna kennslu að ræða, þar sem störf þessara kennara falla undir stundafjöldu viðkomandi skóla.

#### Um 38. gr.

Þessi grein staðfestir fyrirkomulag, sem nú er í öllum barna- og gagnfræðaskólum. Þegar sami kennari kennir flestar eða allar greinar í einni deild, kemur af

sjálfu sér, að hann fylgist náið með hverjum nemanda og að til hans leita þeir með vandamál sín. Öðru máli gegnir þegar kennslan er að mestu í höndum sér-greinakennara. Kennari, sem aðeins kennir eina eða tvær námsgreinar í deild, sem hann er aðalkennari í, þarf að eyða nokkrum tíma og fyrirhöfn í að fylgjast með gengi nemenda sinna, ef aðalkennarastarfið á að vera meira en nafnið eitt. Væri ekki óeðlilegt að á móti kæmi kennslufrádráttur, t. d. ein stund á viku, og mætti þá benda nemendum og foreldrum á ákveðinn viðtalstíma kennarans.

Starf aðalkennara er mjög mikilvægt og ekki síður en kennslan sjálf. Hlutverk kennara er vissulega að kenna hópi nemenda, en það má aldrei gleymast, að hópurinn er hverju sinni safn einstaklinga, og aðalkennara ber að fylgjast með einstaklingunum, hverjum og einum. Hann hefur oft öðrum kennurum fremur tók á að beita uppeldisáhrifum sínum til að styrkja æskilegt atferli og breyta því, sem miður fer, og þarf að kunna þar til verka. Hann hefur samband við foreldra, og má t. d. benda á, að oft er það aðalkennari, sem fyrst tekur eftir ýmsum ágöllum, sem бага barnið, en bæta má úr, svo sem sjóngöllum, skapgerðargöllum o. fl.

#### Um 39. gr.

Hér er það nýmæli, að endurráða megi fagnámsstjóra, er hann hefur haft umsjón með kennslu í einni námsgrein í allt að þrjú ár. Sjálfsgagt er að heimila endurráðningu í slíkt starf. Það er fráleitt að mega ekki endurráða vel hæfan starfsmann. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

#### Um 40. gr.

Breyttir þjóðfélagshættir, breyttar kennsluaðferðir, ný námsskrá og nútíma-uppeldisfræði gera síauknar kröfur til skóla og kennara. Sú tíð er liðin, er menn gátu lært undir ævistarf sitt í eitt skipti fyrir öll og starfið hélzt óbreytt í mannsaldur eða mannsaldra. Þetta hefur í för með sér, að kennarar þurfa að kenna nemendum sínum með þetta í huga, kenna þeim t. d. að leysa vandamál almennt, en ekki bara eitthvert ákveðið vandamál, og keppa að því að gera nemendur viðsýna og sveigjanlega, áhugasama um nýjungar, en jafnframt gagnrýna. Þetta breytta grundvallarsjónarmið krefst þess, að kennarinn sjálfur hafi fyrrgreind viðhorf, en kennarinn getur ekki fremur en aðrir búið sig undir ævistarfið í eitt skipti fyrir öll.

Þörf fyrir endurmenntun kennara hefur komið glögglega í ljós á síðustu árum, þegar námsefni einstakra greina hefur verið endurskoðað og þar með kallað á nýja kunnáttu og nýja tækni hjá kennurum. Kennarar hafa fundið þessa þörf sjálfir og sótt vel þau endurmenntunarnámskeið, sem haldin hafa verið að undanfögnu. Þarf að leggja mikla áherzlu á endurmenntunina.

Virðist eðlilegt að ætla ákveðinn hundraðshluta af samanlögðum skólastjóra- og kennaralaunum grunnskóla til endurmenntunar á þessu skólastigi. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1973 næmi sá hundraðshluti, sem tiltekinn er í gr., þ. e. 1%, um 11 millj. kr.

#### Um 41. gr.

Þessi grein er samhljóða 32. gr. fyrra frumvarps, nema hvað nú er gert ráð fyrir, að sami kennari geti á embættisferli sínum fengið samanlagt tvönn árslaun til orlofs í stað 1½ og bætt er inn heimild til birtingar orlofsskýrslna.

Greinin felur í sér nokkrar breytingar á ákvæðum gildandi laga og miða þær að því að rýmka fyrri ákvæði og gera þau viðtækari. Helztu breytingar eru:

- a) Til að koma til álita við veitingu orlofs þurfti áður 10 ára embættisferil, en skv. frv. 5. Ungir kennarar hafa oft mikinn áhuga, en lítið bolmagn til að afla sér framhaldsmenntunar að gagni, sem þó er ekki sízt nauðsynlegt nú á tímum umfangsmikilla breytinga á námsferli og kennslu. Þykir því ekki rétt að útiloka þá, enda búnir að fá allmikla starfsreynslu eftir fimm ár.

- b) Eldra ákvæði um, að enginn kennari geti fengið orlof nema einu sinni (þ. e. full laun í eins árs orlofi), er rýmkað þannig, að gert er ráð fyrir að orlof, sem nemur tveggja ára embættislaunum kennara verði hámark, eins og fyrr segir.
  - c) Hægt verður að veita styttri orlof, allt niður í tveggja mánaða.
  - d) Heils árs orlof skal að jafnaði ekki veitt, nema til samfellds náms.
  - e) Mörgum kennara er nú um megn að taka orlof vegna þess, að ein laun nægja ekki til þess bæði að kosta nám og framfleyta fjölskyldu. Því er ákvæði um möguleika á viðbótarstyrk.
  - f) Stuttar, en vel skipulagðar námsferðir geta verið mjög gagnlegar, og er hér gert ráð fyrir, að til slíkra ferða sé unnt að verja hluta orlofsfjárveitingar.
  - g) Við ákvæðið um skyldu kennara til að rita menntamálaráðuneytinu skýrslu um störf og nám á orlofstímanum er bætt heimild til ráðuneytisins til þess að birta slíkar skýrslur. Er þetta gert annars vegar í því skyni að tryggja, að umræddur fróðleikur nái til sem flestra, og hins vegar til aukins aðhalds.
- Fjárveiting til orlofs kennara yrði ákveðin í fjárlögum hverju sinni, svo sem verið hefur.

#### Um 42. gr.

Skólatími á Íslandi hefur jafnan verið stuttur og styttri en í flestum nágrannalöndum. Á þetta einkum við um árlegan starfsviknafjölda skóla, bæði námsviknafjölda nemenda og vinnuviknafjölda kennara. Sé gert ráð fyrir því, að almennur starfstími þeirra barna- og gagnfræðaskóla á Íslandi, sem nú hafa lengst skólaár, sé  $8\frac{3}{4}$  mánuðir (þ. e. frá 1. september til 31. maí, að frádreginni einni viku við upphaf eða lok starfstímans), og þetta horið saman við grunnskóla eða sambærilega skóla í Danmörku, Noregi og Svíþjóð á skólaárinu 1972—73, kemur eftirfarandi í ljós:

- a) Danmörk. Starfstími frá 7. ágúst til 23. júní, þ. e. nálega  $10\frac{1}{2}$  mánuður.
  - b) Noregur. Starfstími frá u. þ. b. 20. ágúst til u. þ. b. 20. júní, þ. e. nálega 10 mánuðir.
  - c) Svíþjóð. Starfstími frá u. þ. b. 15. ágúst til u. þ. b. 15. júní, þ. e. nálega 10 mánuðir.
- Af þessu má sjá, að íslenska skólaárið, eins og það er nú lengst, er meira en mánuði styttra en tíðkast í þessum nágrannalöndum vorum.

Segja má, að ein afleiðing þessa ástands sé sú, að námstími til stúdentsprófs er hérlendis 13 ár, en 12 ár annars staðar á Norðurlöndum og raunar einnig í fjölmörgum löndum öðrum, og er þetta atriði meðal ástæðna þess, að grunnskólanefnd leggur mikla áherzlu á að tryggja, að starfstími íslenskra grunnskóla samsvari að jafnaði fullum og vel nýttum níu mánuðum. Jafnframt var sú stefna tekin að auka ekki starfstíma grunnskóla frá hámarki þess, sem verið hefur samkvæmt núgildandi lögum um fræðslu barna og gagnfræðanám, þ. e. níu mánuðum, en starfstími barnaskóla í kaupstöðum er (með einni undantekningu) miðaður við, að því marki sé nokkurn veginn náð.

Telja má það eitt mikilvægasta atriði frv., að með því er numin brott úr lögum heimild til skipti- eða vixlkennslu í heimavistar- eða heimangönguskólum í sveitum, þannig að hvert barn fái kennslu í aðeins  $3\frac{1}{2}$ —4 mánuði á ári, sbr. 39. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna. Grunnskólanefnd taldi slíkt kerfi ekki vera réttlætánlegt lengur. Meginrökin fyrir þessari stefnu — og raunar þeirri almennu stefnu, að skólaár skuli alls staðar vera sem næst níu mánuðum — voru fyrst og fremst þau, að hið skerta skólaár var talið skapa verulegar hættur á misrétti eftir húsetu, einkum með tilliti til framhaldsnáms að loknu skyldunámi. Afar örðugt er að vísu að koma við öruggri, hlutlægri rannsókn á þessum vanda, m. a. vegna þess að þau börn úr dreifbýli, sem þreyta þau próf er nú er krafizt til langflestra framhaldsnámsbrauta (landspróf miðskóla eða gagnfræðapróf), eru talsvert færri hlutfallslega en félagar þeirra úr þéttbýli. Af þessum sökum er ekki unnt að bera námsárangur þessara tveggja nemendahópa saman af neinu öryggi, nema fyrir liggi frekari upplýsingar, t. d. um námsgetu nemendanna, en slík örugg vitneskja er ekki fyrir hendi. Hins vegar gerði nefndin í þessu sambandi könnun á hlutfallslegri skólasókn eftir þétt-

býlisstigum og kjördæmum, og eru niðurstöður hennar birtar í fylgiskjali II. hér á eftir.

Annað atriði, sem er meðal forsendna þess, að nefndin ákvað að setja í frv. níu mánaða skólaár sem almenna reglu, er það, að nefndin taldi ekki rétt að gera ráð fyrir að á níu skyldunámsárum færi fram mun minna nám á Íslandi en í nálægum löndum, einkum Norðurlöndunum, sem Íslendingar hafa margháttaða og vaxandi samvinnu við á ýmsum sviðum mennta- og menningarmála. Íslenzkir námsmenn sækja t. a. m. margvíslegt nám til nágrannalandanna, bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi, og sýnist fráleitt að mynda íslenzkt skólakerfi og starfrækja skóla þess án nokkurs tillits til þess, sem krafizt er í helztu nágrannalöndum.

Viðvikjandi lágmarksnámsstíma grunnskóla taldi nefndin hins vegar rétt að taka tillit til sérstakra aðstæðna og almennra óska frá vissum skólahverfum, að svo miklu leyti sem slíkt virtist ekki skapa hættu á námstöfum, sem torvelt yrði að bæta úr eða vinna upp. Hér er einkum um að ræða óskir, sem tengdar eru árs- tíðabundnum atvinnuháttum og aðstæðum heimilanna allviða í sveitum, svo og samgönguörðugleikum á veturna sums staðar í dreifbýli. Í samræmi við þetta eru í frv. m. a. ákvæði um, að skólanefnd geti í samráði við fræðsluráð og fræðslustjóra, ákveðið styttingu árlegs starfstíma grunnskóla í 7—8¼ mánuð.

Algert lágmark yrði samkv. þessu sjö mánuðir, og yrði sá tími heimill einvörðungu í 1.—3. bekk. Síðan hækkar lágmarkið samkvæmt ákvæðum gr. upp í 7½ mánuð í 4.—6. bekk, en er hæst í 7.—9. bekk, þar sem 8½ mánuður yrði lágmarksstarfstími. Voru meginrökin fyrir þessari stighækkun lágmarksstarfstímans þau, að annars tími. Voru meginrökin fyrir þessari stighækkun lágmarksstarfstímans þau, að annars vegar var talið fært að fara lægst varðandi 1.—3. bekk, m. a. vegna þess hve sveitabörn virðast mörg standa hlutfallslega vel að vígi á sviði móðurmáls og áttihagafræði, og hins vegar þau, að eftir því sem ofar dregur í grunnskólanámi er viðbúið, að í æ fleiri námsgreinum komi til mikið af þess háttar námsþáttum, að fyrra nám sé ófrávikjanleg forsenda síðara náms. Jafnframt ber að geta þess, að því nær sem dregur að lokum grunnskólanáms, þeim mun bagalegri verður skertur námstími, eigi að vera unnt að skapa nokkurn veginn jöfn tækifæri til að hefja nám í skólum framhaldsskólastigsins.

Rétt er að taka það fram, að umrædd heimild til að miða starfstíma grunnskóla við 7—8¼ mánuð er ekki hugsuð sem undanþága um tiltekið árábil, heldur sem almenn heimild til slíks skólahalds með minnkuðu kennslumagni, svo lengi sem skólanefnd og fræðsluráð telja aðstæður slíkar, að þetta sé rétt. Segja má því, að hér sé um að ræða almenna viðurkenningu á rétti skólahverfa til að vera „öðruvísi“ varðandi starfstíma skóla, innan strangrar reglu um fast lágmark, sem ekki verði hvikað frá, eftir að lög um grunnskóla hafa komið til framkvæmda.

Þá eru í gr. ákvæði um starfsdagafjölda skóla á hverju skólaári og skiptingu þeirra milli ákveðins lágmarks til kennslu og prófa annars vegar og hámarks til annarra þarfa skólans hins vegar. Miða þessi ákvæði að bættri nýtingu skólaársins, og svo er einnig um ákvæði 46. og 61. gr., um leyfisbaga í grunnskóla og um starfsdagafjölda ætlaðan til prófa, sem lögð eru fyrir heila árganga.

Heimiluð er ýmist 5 eða 6 daga skólavika, og verði á valdi skólanefnda og fræðsluráða að ákveða það með tilliti til mismunandi aðstæðna í hverju byggðarlagi og hins aukna daglega álags á nemendur og húsnæði, sem 5 daga kennsluvika hefur í för með sér. Í eldri gerð frv. var meginreglan 6 daga skólavika. Ástæður þess, að í vaxandi mæli er þrýst á um fimm daga kennsluviku, virðast fyrst og fremst vera þær, að æ fleiri starfsstéttir vinna nú ekki á laugardögum. Hefur þetta með öðru þegar leitt til þess, því miður, að erfiðleikar hafa orðið í allmörgum skólum vegna slæmrar skólasóknar nemenda á laugardögum. Hætturnar við fimm daga kennsluviku virðast aftur á móti ekki sízt vera þær, að með því fyrirkomulagi verði of mikið vinnuálag á nemendur á starfsdegi hverjum, þar sem ekki er talið koma til greina að stytta námstíma eða minnka kennslumagn frá því, sem er í

sex daga viku, enda væri slíkt fráleitt frá sjónarmiði náms og kennslu, þar sem engin ástæða er til að ætla, að hver kennslustund í fimm daga viku leiði til meira náms að jafnaði en í sex daga viku. Í fimm daga viku eykst þannig meðalkennslustundafjöldi hvers starfsdags um 20%, en í reynd um nokkuð lægri hlutfallstölu vegna venju um styttri kennslutíma á laugardögum. Auk vinnuálagsins á nemendum, sem þetta skapar, verður ekki auðvelt fyrir íslenska grunnskóla að koma kennslunni fyrir með þessum hætti sakir yfirálags á kennslurými, sem ekki verður verulega úr bætt nema á löngum tíma.

Ljóst er, að nefna má nýmörg rök með og á móti bæði sex og fimm daga kennsluviku. Hér verða þau þó ekki rædd frekar, en bent skal samt á það til ihugunar, að í Frakklandi hefur um áratuga skeið verið við lýði kerfi, sem vel hefur líkað, en það er fimm daga kennsluvika með leyfi á fimmtudögum. Telja margir þetta heppilegt kerfi, t. d. með tilliti til nauðsynlegrar hvíldar og vegna ýmissa annarra þarfa skólans, þ. á m. félagslífs og menningarstarfs, sem ekki er hluti af reglulegri kennslu. — Þá má og geta þess til upplýsingar, að í Danmörku og Svíþjóð hafa nú (1972/3), allir grunnskólar eða sambærilegir skólar fimm daga kennsluviku, en í Noregi miða hins vegar um 90% allra skólahverfa við sex daga kennsluviku.

Ákvæði gr. um starfsdagafjölda í grunnskóla eru þannig, að um er að ræða 210 daga á skólaári miðað við sex daga kennsluviku, en 177 miðað við fimm daga viku, er skiptist í fyrra tilvikinu í a. m. k. 195 daga til kennslu og prófa og allt að 15 til annarra þarfa skólans, en í síðara tilvikinu í a. m. k. 167, auk allt að 10 dögum. eru þessar tölur við það miðaðar, að á hverju níu mánaða skólaári nýtist að fullu 35 starfsvikur í skólum með sex daga viku, og þar af fari 2½ vika í aðrar þarfir skóla en kennslu og próf. Í skólum með fimm daga viku fullnýtast samkvæmt þessu 35 starfsvikur og tveir dagar að auki; þar af fari tvær vikur í „aðrar þarfir skólans“. Þegar rætt er um daga „til annarra þarfa skólans“ í þessu sambandi, er m. a. átt við skólaasetningar- og skólaslitadaga, skóla- og skíðaferðadaga, foreldradaga, þrjá til fimm fundardaga kennara, einkum í byrjun skólaárs, svo og daga vegna sérstakra aðstæðna í skólahverfi og e. t. v. laugardaga í septembermánuði í skólum, sem hafa sex daga kennsluviku.

Skólastjóri og kennarar hvers skóla ráði hvernig varið sé þeim 10—15 dögum, sem til ráðstöfunar eru til annars en kennslu og prófa. Framlenging starfstíma skóla, sem ekki getur hafið starf í tæka tíð, verði takmörkuð við eina viku, og að heimild til sumarskólahalds nái til fyrstu 6 skólaáranna.

Varðandi leyfisdaga þótti rétt, að við upphaf skólaárs yrði tilbúið skólaalmanak, þar sem slíkir dagar og aðrir þeir dagar skólaársins, sem víkja frá venjulegri önn skóladags, yrðu nákvæmlega tilgreindir.

Í sumum byggðarlögum eru snjóþyngsli og aðrir samgönguerfiðleikar svo miklir á veturna, að heimanakstur skólabarna er þá útilokaður með öllu. Þar sem ekki er talið heppilegt, að börn séu langdvölum fjarri foreldrum sínum í heimavist, getur í slíkum tilvikum komið til greina, að hluti námsins í 1.—6. bekk grunnskóla fari í þess stað fram í sumarskóla. Því er í lok gr. sett ákvæði, er heimilar fræðsluráði að ákveða, að allt að fjórðungi námsskyldu barna í þessum bekkjum sé fullnægt með sumarskóla, ef skólanefnd æskir þess. Verði slík heimild notuð, er líklegt, að u. þ. b. sex vikna sumarskóli, í tveimur eða þremur áföngum, gæti talizt heppilegt hámark fyrir hvert barn.

#### Um 43. gr.

Þessi grein fjallar um námsskrá grunnskóla og þau meginatriði námsefnis, sem nánar verði útfærð í námsskránni og skylt að kenna í grunnskóla.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar skal menntamálaráðuneytið setja grunnskólum aðalnámsskrá. Slík aðalnámsskrá yrði kennurum og skólastjórum leiðarvísir um uppeldisstefnu, kennsluskipan og kennslufræði. (Með hugtakinu kennslufræði er hér einkum átt við uppeldisfræði hagnýtta í þágu kennsluáferða og kennsluáætlana, en jafnframt skarast hugtakið yfir á svið námsefnis og námsmats). Auk þess að

vera skólunum leiðarvisir um fyrrgreindar undirstöður skólastarfs yrði aðalnámsskrá einnig reglugerð um, hvaða námsgreinar skuli kenndar í hverjum bekk grunnskóla og hvaða meginatriði hverrar námsgreinar, svo og um skiptingu kennslustunda milli námsgreina, stærðir nemendahópa við kennslu tiltekinna námsþátta o. fl., sbr. einnig 45. og 47. gr.

Gert er ráð fyrir því í niðurlagi greinarinnar, að skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins muni stöðugt vinna að athugun og endurskoðun námsskrár fyrir grunnskóla, sbr. 63.—64. gr., og að ráðuneytið gefi aðalnámsskrá út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

Þá eru talin upp í greininni 10 námssvið, er skylt verði að kenna í grunnskóla. Ekki virðist ástæða til ýtarlegra skýringa á þeim ákvæðum; þau skýra sig að mestu sjálf. Vert er þó að benda á það, að námssviðin eru mörg hver nokkru breiðari en hefðbundnar námsgreinar skyldunámssstigs (sjá t. d. liði c, d, f og g). Er þetta til marks um þá stefnu að sameina skyld námssvið í allstórar, fjölhlíða heildir, enda telur nefndin það æskilegt og árangursvænlegt að efnissvið námsskrárinnar verði sem bezt tengd, þegar unnið er að undirbúningi og framkvæmd kennslu. — Þá má og bæta því við, að með orðunum heimilisfræði og heimilisrækt er átt við það námssvið, sem í núgildandi „Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskuldaldri“ (útg. 1960) er nefnt matreiðsla og hússtjórn, og höfðar heimilisfræði fyrst og fremst til bóklega þáttarins, en heimilisrækt til hins verkræna og viðhorfatengda uppeldis. — Loks skal þess getið, að nokkur hugmynd um síðasttalda námssvið greinarinnar, valgreinar í efstu bekkjum grunnskóla, er gefin í athugasemdum við 45. gr. Ljóst er þó, að hinir minnstu grunnskólar munu ekki geta boðið fram í 8.—9. bekk allar þær valgreinar, sem þar eru nefndar.

Kaflir er í greininni, sem hljóðar svo: „Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla skal þess sérstaklega gætt, að öllum nemendum séu gefin sem jöfnust tækifæri til náms, jafnframt því sem skólinn komi til móts við og viðurkenni mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda.“ Þessi mikilvægu ákvæði fela í sér mörkun grundvallarstefnu um jafnrétti nemenda í grunnskóla og aðlögun skólastarfsins að þörfum einstaklingsins. Sem dæmi um inntak þessarar stefnumörkunar skulu nefnd eftirtalin þrjú grundvallaratriði:

- 1) Í grunnskóla skal reynt að veita drengjum og stúlkum sem jöfnust tækifæri til náms, þannig t. d. að við gerð aðalnámsskrár og í kennslunni sjálfri sé öðru hvoru kyninu ekki bægt frá áhugaverðum og mikilvægum námssviðum, t. d. í handíðum eða heimilisrækt.
- 2) Náms hæfileikar og röðun nemenda í bekkjardeildir. Grunnskólanefnd telur, að sú áratugagamla hefð að raða jafnöldrum í mismunandi bekkjardeildir eftir fyrra námsárangri eða öðru mati á námsstigi/námsetu, sé talsvert varhugaverð, einkum sakir þess að hún geti leitt til misréttis, þ. e. misjafnra námstækifæra, sem mest bitni að líkindum á miðlungs- og seinfærum nemendum, en geti einnig í vissum tilvikum bitnað á „góðum“ nemendum. Slíkt röðunarkerfi hefur og alls staðar, þar sem það hefur verið vísindalega rannsakað erlendis, reynzt hafa allháa fylgni við stéttaskiptingu hlutaðeigandi samfélags, þannig t. d. að kerfið er að jafnaði óhagstætt börnum handverksmanna, jafnvel þótt slíkt sé vitaskuld ekki meðvituð ætlun með beitingu þess. Er líklegt, að svipuð niðurstaða kæmi út hérlendis, jafnvel þótt munurinn kynni að verða nokkru minni. Þá er ástæða til að ætla, að umrætt röðunarkerfi sé tæpast sérlega heppilegt með tilliti til almennrar þjóðfélagslegrar samheldni og mótunar samfélagslegra viðhorfa með nemendum.

Af fyrrgreindum sökum taldi nefndin, að ættu ákvæði 2. gr. frv. og jafnréttishugsjón frv. yfirleitt að geta orðið virkar máttarstöðir grunnskólastarfs, þyrfti m. a. að draga eins mikið úr umræddri námseturöðun í bekkjardeildir og fært þykir frá kennslufræðilegu sjónarmiði. Yrðu þá sett vegvísandi ákvæði um þetta atriði í aðalnámsskrá grunnskóla. Hins vegar er rétt að benda á það,

að hér er ekki vert að hrapa að neinu. Mýmörg kennslufræðileg vandkvæði koma upp við breytta röðun í bekkjardeildir, og skapa þarf heppileg skilyrði til lausnar þeim, áður en þess er að vænta, að ný og félagslega sanngjarnari skipan geti orðið almenn í landinu.

- 3) Loks miðar þessi kafli, einkum niðurlag hans, að því, að námsaðgreining (differentiation) verði eitt af grundvallaratriðunum í starfi grunnskóla. Annars vegar felur þetta í sér þá almennu kvöð, að skólinn skuli jafnan leitast við eftir föngum að laga uppeldisstarf sitt að þörfum hvers einstaklings, — að sönnu þungbær kvöð í framkvæmd, en jafnframt ófrávikjanlegt stefnumark samkvæmt markmiðsgrein frv. Hins vegar miða þessi ákvæði umrædds kafla að því, að nám á unglingsstigi grunnskóla, einkum í 8.—9. bekk, skuli eftir því sem kostur er greinast í samræmi við „mismunandi persónugerð, þroska, getu og áhugasvið nemenda.“ Hér verður um að ræða valfrelsi námsgreina, svo og mismunandi áherzlu og/eða misþunga námsskrá í ýmsum skyldunámsgreinum. Meðal slíkra námsgreina verða að líkindum stærðfræði og raungreinar, svo og vissir móðurmálsþættir. Er að því stefnt, að allir grunnskólar geti boðið fram a. m. k. tvær „meginlínur“ eða deildir samkvæmt þessu í 8.—9. bekk og helst að einhverju leyti einnig í 7. bekk. En slíkt kerfi þarf að vera eftir föngum frjálst og sveigjanlegt, eigi ekki að koma til talsverð hætta á misrétti í nýju gervi, sbr. ofanritað.

Þá er sagt í greininni, að í aðalnámsskrá grunnskóla skuli sérstaklega kveðið á um nám í fámennum skólum, þar sem nemendur á mismunandi aldri eru saman í deild, svo og um nám í skólum, sem búa við skertan árlegan starfstíma, sbr. 42. gr. Í fyrra tilvikinu er reynt að tryggja, að sérstök vandkvæði við kennslu í fámennum skólum verði athuguð og tekið eðlilegt tillit til þeirra við gerð aðalnámsskrár, m. a. við setningu ákvæða um stundaskrá. Í síðara tilvikinu er einkum um það að ræða, að reynt verði að tilgreina „kjarnánámsskrá“ í sem flestum námsgreinum, og geti skólar með skertu skólaári þá miðað kennsluna sérstaklega við þann kjarna.

Loks er í greininni ákvæði um, að sérstakar námsskrár skuli setja fyrir nemendur, sem njóta sérkennslu samkvæmt 51. og 52. gr.

#### Um 44. gr.

Efni greinarinnar er að nokkru nýmæli í íslenzkri fræðslulöggjöf. Að vísu gengur reglugerð um skólarekstrarkostnað frá 28. janúar 1971 nokkuð í sömu átt, en hún er sett samkvæmt gildandi lögum um skólakostnað, nr. 49/1967, og heimilar að varið sé allt að 2% reiknaðra stunda í skólum á gagnfræðastigi til félagsstarfa, án þess að nánar sé skilgreint. Hér er hins vegar ráð fyrir því gert, að fé sé lagt til félagsmála á grunnskólastigi öllu, svo í yngri árgöngum sem hjá þeim eldri, eftir því sem nánar yrði ákveðið í reglugerð. Miða ákvæði greinarinnar að því, að félagsstarf verði órjúfanlegur hluti grunnskólauppeldis, sbr. 2. gr.

Grein þessi gerir ráð fyrir, að skólastjórum sé heimilt að fela einum eða fleiri kennurum við grunnskóla þann, er þeir stjórna, að annast mál þessi sérstaklega. Slíkt verður þó að sjálfsögðu að meta hverju sinni og miða við aðstæður.

Ákvæðið um skýrsluskyldu skólanna er af tvíþættum toga spunnið. Er annar sá, að af slíkum skýrslum má lærdóm draga, en hinn, að eðlilega verður ríkisvaldið að fylgjast með hversu varið er því fé, er til þessa rennur.

Þá er í niðurlagi greinarinnar kveðið á um, að menntamálaráðuneytið gangist fyrir námsskeiðum fyrir þá kennara, er með mál þessi fara í skólum og að það sömuleiðis gefi út leiðbeiningar þeim til stuðnings.

Að öðru leyti vísast til c-liðar 80. greinar um kostnað þann, er af félagsmálum í grunnskólum leiðir, og umsagnar um hann.

Fræðileg könnun á félagslífi í íslenskum skólum hefur ekki verið gerð. Hana þarf að gera til að öðlast sem traustastan grundvöll að skynsamlegri stefnumörkun á þessu sviði.

### Um 45. gr.

Í þessari grein er nákvæmlega tilgreint, hver vikulegur kennslutími á hvern nemanda í grunnskóla skuli vera sem næst. Í þeim ákvæðum felst nokkur aukning kennslutímans frá því, sem nú er (skólaárið 1972/73) í 1.—5. bekk, en jafnframt svolítil lækkun frá núverandi tímafjölda í 7.—9. bekk. Þá er ákvæði um það í greininni, til þess ætlað að tryggja hæfilegan sveigjanleika, að skólastjóri geti með samþykki fræðslustjóra lengt eða stýtt vikulegan kennslutíma nemenda um allt að eina kennslustund, þ. e. 40 mínútur; þó sé þetta innan ákvæða 79. gr. um hámarksfjölda kennslustunda og þess jafnframt gætt, að samanlagður kennslustundafjöldi sérhvers nemanda á skólaferli hans innan grunnskólastigs verði sem næst ákvæðum greinarinnar.

Það yrði afar langt mál, ef rekja ætti hér þær umfangsmiklu athuganir, sem liggja að baki ákvæðum greinarinnar um kennslutíma, en þær athuganir eru m. a. þáttur í undirbúningi skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins að nýrri námsskrá fyrir skyldunámsstigið, en að þessu verkefni hefur verið unnið í deildinni að meira eða minna leyti undanfarin fimm ár. Því verða þau verk ekki rakin hér, en í þess stað verða birt og skýrð tvenns konar yfirlit. Felur hið fyrra í sér samanburð við hliðstæð ákvæði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, en hið síðara gefur nokkra vísbendingu um hugsanlega skiptingu kennslutíma þess, sem greinin tiltekur, milli námssviða 42. gr.

### 1. yfirlit.

Til hliðsjónar og samanburðar verður hér birt tafla yfir fjölda vikustunda og skiptingu þeirra á bekkir grunnskóla eða sambærilegra skóla í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, eftir því sem næst verður komizt, svo og um þau islenzku ákvæði, sem nú eru í gildi (skólaárið 1972/73), og loks ákvæði grunnskólafrv. Því miður reyndist ekki unnt að taka með í reikninginn upplýsingar frá Finnlandi, þar sem ekki tókst að fá þaðan í tæka tíð nægilega örugga vitneskju. Þó virðist ljóst, að vikulegur kennslutími í Finnlandi er með því hæsta, sem gerist á Norðurlöndum, en skólaárið mun hins vegar vera styttra þar en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Þegar niðurstöðutölur töflunnar eru bornar saman (þ. e. dálkurinn „Alls í mínútum“), þarf að taka það með í reikninginn, að skólaárið er — og verður samkvæmt 42. gr. þessa frv. — styttra héraðis en í nágrannalöndunum þremur. T. d. eru starfsdagar dönsku skyldunámsskólanna 203 á yfirstandandi skólaári (1972/73) miðað við fimm daga kennsluviku, en verða 177 hér samkvæmt frv.

Fjöldi og lengd vikulegra kennslustunda á grunnskólastigi í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi.

Land	Viðmiðunar- lengd kennslust.	Bekkir grunnskóla									Alls í mínútum
		1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	
Danmörk (1971) .....	50 mín.	15	18	22	25	28	30	30	30	30	11 400
Noregur <sup>1)</sup> (1971) .....	45 mín.	16	16	19	25	25	28	30	30	30	9 855 <sup>2)</sup>
Svíþjóð (1969) .....	40 mín.	20	24	30	34	35	35	35	35	35	11 320
Ísland (1972/73) .....	40 mín.	21	22	24	31	33	35	38	39	40	11 320
Ísland <sup>3)</sup> (skv. frv.) .....	40 mín.	22	24	27	32	34	35	37.5	38	37.5	11 480

#### Skýringar:

- 1) Barnastigsákvæðin í Noregi eru hér miðuð við fyrirmæli námsskrár um lágmarkstíma. Hámarkstíminn er 3 st./v. hærri í hverjum bekk, frá 1.—6. bekkjar.
- 2) Sé miðað við hámarkstíma, sbr. 1), verður talan 10665 mínútur.
- 3) Í 7.—9. bekk er miðað við áætlað meðaltal kennslutíma.

**Heimildir:**

1. *Danmörk*: Notat om et grundlag for gennemførelse af en reform af de grundlæggende skoleuddannelser. Folkeskolens læseplansudvalg 1971.
2. *Noregur*: Mønsterplan for grunnskolen. Midlertidig utgave 1971. Aschehoug 1971.
3. *Svíþjóð*: Läroplan för grunnskolan. Allmän del. Skolöverstyrelsen 1969.
4. *Ísland*: Viðmiðun um skiptingu stundaskrár skyldunámsbekkja skólaárið 1972/73. Menntamálaráðuneytið, 5. apríl 1972.

**2. yfirlit.**

Eftirfarandi tafla gefur í meginatriðum vísbendingu um það, hvernig mætti hugsa sér skiptingu þess vikulega kennslutíma, sem tiltekinn er í greininni, milli námssviða 42. gr. Vísbending þessi er hugsuð sem slík, þ. e. aðeins til upplýsingar, en táknar vitaskuld ekki, að teknar hafi verið neinar endanlegar ákvarðanir. Við gerð töflunnar hefur eftir föngum verið tekið tillit til ýmissa draga að áætlunum um námsskrá skyldunámsstigs, sem unnið hefur verið að í skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins.

**Hugsanleg skipting kennslustunda milli námssviða. (Tölurnar tákna vikulegar kennslustundir (st./v.), 40 mínútna langar).**

Námssvið	Bekkir grunnskóla									Alls
	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	
a. Móðurmál .....	10	10	10	8	7	6	5	5	6	67
b. Stærðfræði .....	4	4	4	5	5	5	5	5	5	42
c. List og hagleikur .....	4	5	5	6	6	6	5	4	3	44
d. Samfélagsgreinar .....	3	3	4	3	3	3	5	5	4	33
e. Kristin fræði .....			2	2	2	2	1			9
f. Raungreinar .....				3	4	4	4	4	3	22
g. Erlend tungumál .....				3	4	6	6	6	4	29
h. Heimilisfræði <sup>1)</sup> .....							1 (-3)	1 (-4)	1 (-5)	3 (-12)
i. Íþróttir <sup>2)</sup> .....	1	2	2	2	3	3	3	3	3	22
j. Valgreinar <sup>3)</sup> .....							2	4-5	7-9	13-16
k. Frjálst .....							0-1	0-1	0-1	0-3
Vikulegar kennslustundir alls	22	24	27	32	34	35	37-38	37-39	36-39	284- 290
Vikulegur kennslutími í mín.	880	960	1080	1280	1360	1400	1480 -1520	1480 -1560	1440 -1560	1136 -1160

**Skýringar:**

- 1) Gert er ráð fyrir því, að heimilisfræði verði sem skyldunámsgrein kennd í námskeiðs- eða annaformi, og nemi sú kennsla að jafnaði einni vikustund á sérhvern nemanda yfir skólaárið í heild í 7.-9. bekk. Auk þess verði um að ræða viðbótarnám í greininni, 2 st./v. í 7. bekk, 3 st./v. 8. bekk og 4 st./v. í 9. bekk, sbr. tölurnar, sem tilgreindar eru innan sviga. Yrði þetta valnám meðal þess, sem boðið yrði fram undir j-lið, sjá skýringar 3) b. hér að neðan.
- 2) Sundkennsla er ekki meðtalin í tilgreindum íþróttatímum.
- 3) Meðal hugsanlegra valgreina í 7.-9. bekk grunnskóla má telja eftirfarandi:
  - a. Nýjar greinar, einkum í 8. og 9. bekk:
    - Bókfærsla, verzlunarfræði, matvælatækni, véltækni, búfræði, sjómannafræði, leiklist o. fl.
  - b. Viðbótarnám í list- og verknámsgreinum í 7.-9. bekk, þ. á m. í tónmennt, myndlist, hannyrðum, tré- og málmsmíði, svo og heimilisfræðum.
  - c. Viðbótarnám í öllum bóknámsgreinum og vérlitun í 8. og einkum 9. bekk. (Skyldunám í vérlitun í 9. bekk, 1 st./v., er í töflunni talið með móðurmálskennslu).

Um lengd kennslustunda þótti eigi rétt að setja önnur mörk en lágmark, er tryggja á sæmilega nýtingu tímans til kennslu, og hámark til að verja nemendur gegn þreytu og tryggja þeim og kennurum nægilega tíðar hvíldir. Gera verður ráð fyrir því, að framvegis fari lengd kennslustunda fyrst og fremst eftir ákvörðun skólastjóra og kennara, og grundvallist slík ákvörðun — innan lögskipaðra marka — aðallega á eðli og rökum þess námsefnis, sem fengizt er við hverju sinni. — Þess skal getið, að meginrökin fyrir því, að ákveðið var að miða meðallengd kennslustunda í grunnskóla við 40 mínútur (en ekki 45 mínútur t. d.), voru annars vegar þau, að talið var að á því skólastigi, sem hér er um að ræða, nýttust fremur stuttar kennslustundir að jafnaði betur en langar, og hins vegar var álitíð hagkvæmt, með tilliti til sveigjanleika, t. d. mislangra kennslustunda eftir eðli námsefnis, að um yrði að ræða 20 mínútna grunneiningar, sem yrðu ýmist einar sér, einkum í yngri bekkjum, eða tengdar saman í 40, 60 eða 80 mínútna samfelldar kennslustundir.

Mjög erfitt er að koma við hlutlægri rannsókn á því, hver sé heppilegust lengd frímínútna á hverju aldursstigi, og virðist ekki liggja fyrir nokkur fræðileg niðurstaða um það, hver reglan ætti að vera um þetta efni, enda í hæsta máta ólíklegt, að öllum börnum muni henta bezt hið sama, jafnvel þótt þau séu á svipuðum aldri. Nefndin reyndi af þessum sökum að finna skynsamlega heildarreglu til viðmiðunar, en gerði ráð fyrir, að síðan réðu skólastjórar — innan heildarmarkanna — skiptingu stundahléstimans og lengd einstakra frímínútna í hverjum aldursflokki. Viðmiðunin 15 mínútna stundahlé á móti hverjum 100 mínútum í kennslu jafngildir því, að 9 mínútur komi á hvern kenndan klukkutíma, eða því, að á hverja 40 mínútna kennslustund, sem ekki er síðasta kennslustund skóladags, komi rúmlega 7 mínútna stundahlé. Þess skal getið, að eiginlegt stundahlé, þ. e. hinn raunverulegi tími milli þess, að kennslu lýkur og kennsla hefst, er jafnan nokkru lengri en kennsluhléið er samkvæmt stundatöflu og skólabjöllu, þar sem það tekur auðvitað nokkurn tíma að komast úr kennslustofunni og í hana aftur o. s. frv.

#### Um 46. gr.

Samkvæmt þessum ákvæðum fækkar leyfisdögum í grunnskóla talsvert frá því, sem nú er, og á þetta einkum við um 1.—6. bekk. Jólaleyfi verður svipað því, sem það er nú í gagnfræða- og framhaldsskólum, en um viku skemmra en í barnaskólum nú. Páskaleyfi styttest um einn dag í 7.—9. bekk, en um þrjá daga í 1.—6. bekk. Hin svonefndu mánaðarleyfi leggjast niður samkvæmt ákvæðum gr., svo og leyfi á óskudag. Um aðra leyfisdaga eru ákvæðin svipuð og nógildandi reglur.

Tilgangurinn með fækkun leyfisdaga er bætt nýting skólaársins. Nefndin taldi, að umrædd fækkun og sú kennsluaukning í 1.—6. bekk, sem felst í 45. gr., ætti ekki að skapa hættu á of miklu vinnuálagi á nemendur. Í því sambandi er vert að benda á þá 15 (eða 10) daga á skólaárinu, sem verja má til annarra þarfa skólans en kennslu og prófa, sbr. 42. gr.

#### Um 47. gr.

Gera verður ráð fyrir því, að í framtíðinni muni smátt og smátt verða dregið úr hinu hefðbundna bekkjarkennslufyrirkomulagi og í þess stað muni aukast, að bekkjardeildir verði sameinaðar í stærri hópa eða skipt í smærri hópa til kennslu, allt eftir rökum námsefnisins og þroskastigi nemenda, sbr. 2. og 3. mgr. þessarar gr., þar sem slík tilhögun er heimiluð.

Þrátt fyrir umrædda þróun verður að ætla, að hið hefðbundna fyrirkomulag verði enn um sinn allmjög ríkjandi í landinu, og valda þessu m. a. kennsluvenjur og skólahúsnæði. Því þótti eðlilegt að tiltaka hámarksfjölda nemenda í bekkjardeild til að koma í veg fyrir óeðlilega mikinn fjölda. Öll önnur Norðurlandaráki hafa einhver slík ákvæði í fræðslulögum sínum eða reglugerðum, og miða almennu reglurnar þessu aðlútandi við 24 nemendur lægst (í 8.—10. bekk í Danmörku), en 32 hæst (í öllum bekkjum grunnskóla í Finnlandi). Í Noregi er miðað við, að „eigi skuli vera fleiri en 30 nemendur í einni bekkjardeild“, sbr. 1. tölulið 5. gr. norsku grunnskólaganna frá 13. júní 1969. Grunnskólanefnd ákvað að miða við það, að eftir að frá hefðu verið taldir sérbekkir fyrir nemendur, sem ekki stunda nám í

almennum bekkjum (deildum) grunnskóla, skyldi meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla að jafnaði ekki fara yfir 28, né nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild að jafnaði yfir 30.

Vert er að geta þess, að nefndin taldi útilokað að miða hér við lægri tölur. Annars vegar verða dæmigerðar bekkjarstærðir jafnan nokkru lægri í reynd en slíkar hámarksreglur tiltaka, enda eru meðalstærðir bekkjardeilda sennilega hvergi í heiminum minni en á Norðurlöndum, einkum í Danmörku og Svíþjóð. Hins vegar benda erlendar rannsóknir til þess, að mjög óvíst sé, hvort eins náð samband sé á milli bekkjarstærðar og námsárangurs og ýmsir aðilar hafa talið. Allmargar rannsóknir benda raunar til þess, að hér sé um sáralítið samband að ræða, a. m. k. innan þeirra stærðarmarka, sem hefðbundnar bekkjardeildir norrænna grunnskóla venjulega falla í (sjá t. d. Marklund, Sixten: Skolklassens storlek och struktur. Studier rörande elevernas kunskaper i relation till klassens storlek och homogenitet. Stockholm: Almqvist & Wiksell, 1962). Jafnvel þótt þetta atriði hafi enn ekki verið fullrannsakað í íslenzku umhverfi, virðist vel mega draga þá ályktun af hinum erlendu rannsóknarniðurstöðum, að sú dýra skipulagsaðgerð að minnka meðalfjölda nemenda í bekkjardeildum grunnskóla í íslenzku þéttbýli um t. d. 2—3 nemendur frá því, sem nú er, sé sýnu ólíklegri til að bæta kennslu og námsárangur að marki en t. a. m. skipting bekkjardeilda í tvo hópa, þegar vissir námsþættir eru kenndir. Slíkar skiptireglur telur nefndin mjög brýnt að athuga í sambandi við gerð nýrrar aðalnámsskrár, og er 2. mgr. ætlað að tryggja menntamálaráðuneytinu möguleika til að heimila skólum slíkt, sbr. einnig síðustu mgr. 79. gr. Er ekki ólíklegt, að þetta atriði verði talið koma að einhverju marki til greina í öllum bekkjum grunnskóla, en sennilega mest í 1.—2. bekk og 8.—9. bekk.

Þá skal það að lokum nefnt, að meginrökin fyrir því að nefndin taldi þó rétt að fara ekki hærra en í hámarkstölur gr. 28 og 30, voru annars vegar þau, að slík regla ætti að geta dregið úr misrétti milli kennara varðandi starfsaðstæður, og svo hitt, að með því að æskilegt er talið að draga úr röðun nemenda í bekkjardeildir eftir námsárangri eða mati á námsgetu, sbr. 43. gr., verður jafnframt að viðurkenna, að slík kennsla með mjög breytilegri námsgetu innan sömu bekkjardeildar hlýtur að verða afar örðug í mjög stórum deildum.

#### Um 48. gr.

Gera verður ráð fyrir því, að á einstökum stöðum í strjálbýli verði áfram við lýði litlir skólar, þar sem tveimur eða jafnvel fleiri aldursárgöngum nemenda 1.—6. bekkjar verði kennt saman. Einkum mun slík tilhögun að líkindum verða höfð á kennslu 7—10 ára barna eða þ. u. b. Af augljósnum ástæðum verður kennsla í slíkum tilvikum erfiðari en ella, og taldi nefndin því rétt að kveða á um hámarksfjölda nemenda í bekkjardeild í umræddum skólum.

Samkvæmt ákvæðum greinarinnar verður kennsla fjögurra aldursárganga saman aðeins heimil í því undantekningartilviki, að 12 eða færri börn í 1.—4. bekk séu saman í skóla. Að öðru leyti er við það miðað, að hámarksfjöldi nemenda sé 17, ef þrjú aldursflokkar eru saman, en 22, ef tveir aldursflokkar eru saman. Eru þessar reglur svipaðar t. d. norsku ákvæðunum, en í grunnskólalögunum norsku segir (sbr. 2. tölulið 5. gr. þeirra), að í engu tilviki skuli nemendafjöldi vera meiri en „12, þegar fjórir aldursflokkar eða fleiri eru í deildinni, 18, þegar þrjú aldursflokkar eru í deildinni, og 24, þegar tveir aldursflokkar eru í deildinni”.

Loks segir í greininni, að fræðslustjóri geti aukið, þegar sérstaklega stendur á, tilgreindan nemendafjölda um allt að fjóra nemendur í bekkjardeild, enda komi þá tilsvareandi aukið kennslumagn skólanum til góða.

#### Um 49. gr.

Fyrri mgr. greinarinnar fjallar um það, að í 7.—9. bekk grunnskóla skuli deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir, sem skólann sækja. Þegar komið er upp í 7. bekk, er námsefnið orðið með þeim hætti í flestum greinum, að mjög óheppilegt verður að telja, að tveimur aldursárgöngum sé kennt saman að staðaldri. Af þessum sökum þótti þetta nauðsynlegt ákvæði.

Síðari mgr. setur það lágmark, að meðalfjöldi nemenda í deild megi ekki vera minni en 15, til þess að 8.—9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi. Þetta atriði er hliðstætt ákvæði í lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, en þar segir í upphafi 59. gr.: „Eigi skal starfrækja miðskóla né gagnfræðaskóla með færri nemendum en svo, að 15 nemendur séu í ársdeild að jafnaði.“ Reglu þessari hefur þó ekki verið stranglega framfylgt, enda er raunar viss undanþáguheimild veitt í framhaldi sömu lagagreinar.

Rökin fyrir því, að nefndin ákvað að halda fastri lágmarkstölu, 15 nemendum, varðandi starfrækslu 8.—9. bekkjar grunnskóla, en setja ekki ákvæði um slíkt viðvikjandi 7. bekk, voru fyrst og fremst þau, sem hér greinir:

- a) Mörg fámenn skólahverfi, þ. á m. kauptún, sækja það mjög fast að fá að halda nemendum heima fram yfir 6. bekk grunnskóla, jafnvel þótt nemendafjöldi í ársdeild sé innan við 15 manns að jafnaði. Þótti rétt að koma til móts við þessar óskir, að því er 7. bekk varðar, enda virðist það oft vera heppilegt fyrirkomulag í dreifbýli, að skóli tiltölulega fámenns byggðarlags sameinist ekki öðrum grunnskóla fyrr en að loknu fermingarári nemenda, sem samsvarar 7. bekk.
- b) Nefndin leggur mjög ríka áherzlu á það, að í efstu bekkjum grunnskóla skipast möguleikar á námsaðgreiningu og valfrelsi um ýmsar námsgreinar, verklegar sem bóklegar, sbr. 43. gr. Verður að líta á 15 nemenda meðalfjölda í bekk (ársdeild) sem algert lágmark, eigi nokkuð að vera unnt að framfylgja þessari meginstefnu í 8.—9. bekk grunnskóla.

Um 50. gr.

Grein þessi ákveður það sem aðalreglu, að skólaskylda barns hefjist við byrjun skólaárs á því almanaksári, sem það verður sjö ára, og er þetta óbreytt frá núgildandi reglum. Hitt er nýmæli, að greinin tiltekur að börn, sem verða sex ára gömul á fyrri hluta árs, geti hafið grunnskólanám það ár, og að barn, sem verður sjö ára á seinni hluta árs, geti frestað námi um ár, hvort tveggja að því tilskildu, að forráðamenn barnsins sækji um eða samþykki slíkt og sálfræðipjónusta skólans mæli með því. Jafnframt gerir greinin ráð fyrir því, að heimilt verði í undantekningartilvikum að barn, sem nær sex ára aldri á síðari hluta almanaksárs, hefji grunnskólanám það ár, enda er þess þá krafizt, að sálfræðipjónusta skólans og skólalæknir mæli með slíku hvor fyrir sitt leyti.

Umrædd heimildarákvæði um flýtingu og seinkun nemenda eru sett til þess að auðvelda það, að grunnskóli geti betur en ella komið til móts við mismunandi aldursþroska og námshæfileika nemenda.

Um 51. gr.

Grein þessi er í samræmi við 2. gr. frv. og þá almennu stefnu, að hvert barn fái kennslu í samræmi við þroska sinn og hæfileika. Reynt er að marka skýrar í þessu frv. en í eldri gerð þess verkaskiptingu milli grunnskóla og sérstofnana fyrir afbrigðilega nemendur.

Skipan kennslunnar er ætlað að fari eftir því, á hve háu stigi vanfærni einstaklinganna er. Frá félagslegu sjónarmiði telur nefndin rétt, að eins mörg hinna svokölluðu afbrigðilegu barna og unnt er séu í almennum grunnskólum. Yrði þar ýmist um að ræða einstaklingslega sérkennslu, sérkennslu í hópum eða sérbekkjum. Þeim börnum, sem afbrigðilegust eru, verður að ætla dvalarstað til náms og þroska í sérdeildum á vegum grunnskóla sbr. 84. gr., eða sérstofnunum skv. 53. gr.

Þorsteinn Sigurðsson, sérkennslufulltrúi við Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, hefur tekið saman heildaráætlun um fjölda afbrigðilegra barna og þörf á sérkennurum. Sérkennsluþörf innan grunnskólans miðast við 40 600 nemendur á grunnskólastigi. Þar er þó einnig gert ráð fyrir 4 511 nemendum í forskóla (6 ára börn). Enn fremur er reiknað með því, að nemendur í sérbekkjum séu einu ári lengur í skóla en almennt gerist.

Niðurstöður Þorsteins birtast hér í eftirfarandi töflu:

**Tafla I. Sérkennsluþörf innan grunnskólans (miðað við 40600 nem. í skyldunámi og 4511 nem. í 6 ára b.):**

Tegund sérkennslu:	% af nemenda-fjölda	Fjöldi nemenda	Fjöldi sér-kennara	Athugasemdir:
<b>1. Sérbekkir:*</b>				* Hjá nemendum í sérbekkjum er reiknað með 1 árs lengri skólavist en almennt er, skv. heimild. 7—16 ára. 7—16 ára; bekkir fyrir nem. með hegðunar-afbrigði. 7—9 ára; meðaltal í b. 13 nem. og 20 vikur. 10—16 ára; meðaltal í bekk 13 nem. og 24 vikur.
a) heyrnardafrabekkir ...	0.06	27	5	
b) athugunarbekkir .....	0.1	45	7	
c) þroskabekkir/lesbekkir .	5.0	677	36	
d) hjálparbekkir .....		1 579	100	
Samtals	5.16	2 328	148	
<b>2. Stuðningskennsla:</b>				6—15 ára. Talkennarar í d) lið eiga hlut að kennslu. 6—15 ára. Kennarinn kenndi einnig við Blindraskólann. 7—15 ára; 3 vikustundir á nem. 6—15 ára; 1 vikustund á nem. 7—15 ára; 1 vikustund á nem. 7—15 ára; 4 vikustundir á nem. Nemenda-skipti að jafnaði 3svar á vetri.
a) heyrnardafrakennsla ..	0.1	45	1	
b) sjóndapurrakennsla ....	0.05	23	1	
c) handleiðsla (miljöklinik)	1.0	406	42	
d) talkennsla .....	2.8	1 263	16	
e) leshjálp .....	6.0	2 436	68	
f) sjúkrakennsla .....	0.29	120	5	
Samtals	10.24	4 293	133	
Samtals 1 og 2	15.40	6 621	281	

**Athugasemdir við 1.**

- Lesbekkir. Þeir eru ætlaðir 7—8 ára börnum, sem eru af ýmsum ástæðum mjög seinfær í lestrarnámi.
- Athugunarbekkir. Þar er gert ráð fyrir að séu börn með svo mikla aðlögunarörðugleika, að þeim nýtist ekki námsvist í venjulegum bekk, jafnvel þótt stuðningskennsla og handleiðsla komi til.
- Þroskabekkir eru hugsaðir fyrir 7 ára börn, sem ekki hafa náð þeim almenna þroska, að þau ráði við venjulegt námsefni.
- Hjálparbekkir eru ætlaðir tornæmum nemendum á aldrinum 9—16 ára, sem ekki nýtist skólavist í venjulegum bekkjum, þótt stuðningskennsla komi til.

Skólakerfið sem heild verður að bjóða upp á margvísleg form sérkennslu. Sérbekkjum af ýmsu tagi verður einvörðungu komið á í fjölmennustu skólahverfum. Yrðu þar byggðar heimavistir eða komið upp fóstrunarkerfi. Mætti koma þangað börnum frá fámennari skólahverfum, sem nauðsynlega þyrftu slíka vist.

Að öðru leyti yrði að leysa vanda hinna fámennari skólahverfa heima fyrir með stuðningskennslu.

**Athugasemdir við 2.**

- Handleiðsla (miljöklinik). Börn með hegðunarafrbrigði og minniháttar geðræn vandkvæði þurfa að eiga kost á handleiðslu sérhæfðra kennara og sálfræðings og/eða barnageðlækni. Þessi handleiðsla fer fram í sérstaklega útbúinni vistarveru í svokölluðu athvarfi (miljöklinik). Þetta starf þarf að byrja snemma, þar sem varnarþátturinn er veigamestur.
- Sjúkrakennsla. Hér er átt við kennslu sjúkra barna, sem fram fer í heimahúsum.

Um 52. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 53. gr.

Hér er í framhaldi af 52. gr. reynt að marka skýrar verkaskiptingu milli grunnskóla og sérdeilda á vegum hans annars vegar og sérstofnana fyrir afbrigðilega nemendur hins vegar. Hin almenna regla er sú, að þau börn, sem getið er um í a- og

b-lið 52. gr., stundi nám í slíkum sérstofnunum, en þau, sem fjallað er um í c-, d- og e-lið umræddrar greinar, njóti sérkennslu í almennum grunnskóla eða sérdeild á vegum hans. Undantekningar frá þessari almennu reglu geta vissulega komið til, og verða slík tilvik þá metin af sálfræðideild.

Akvæði er um, að sérhvert fræðsluumdæmi í landinu skuli eiga aðgang að þeim sérstofnunum fyrir afbrigðilega nemendur, sem fjallað er um í greininni.

Nefndinni þótti að yfirveguðu máli rétt, að allur kostnaður við sérstofnanir þessar, bæði stofnkostnaður, svo og rekstrarkostnaður, annar en daggjöld þau, sem greidd yrðu af almannatryggingum, yrði greiddur úr rikissjóði. Þá skoðun sína byggir nefndin m. a. á því, að engar hindranir megi vera í vegi fyrir staðsetningu þeirra, og óhugsandi sé að byggja allar tegundir sérstofnana innan hvers fræðsluumdæmis. Þetta þýðir þó ekki, að eitt fræðsluumdæmi eigi öðrum fremur að sitja þar í fyrirrúmi.

Skoðun nefndarinnar er sú, að nemandinn sjálfur, heill hans og þroski, verði hér sem endranær að sitja í fyrirrúmi. Því ber að haga uppbyggingunni þannig, að hinar einstöku sérstofnanir verði þess megnugar að veita nemendum sínum þær sérhæfðu kennsluáðstæður, sem nauðsyn ber til, en jafnframt sé tryggt, að kostur sé á vandaðri greiningar- og ráðgjafarþjónustu.

Hafa skal jafnframt í huga smæð þjóðarinnar, en hún veldur því m. a., að um margar stofnanir sömu tegundar verður vart að ræða.

Á hinn bóginn er eðlilegt að samvinna sé milli sérstofnana um vissa þætti starfsins og jafnvel sameiginleg not mjög sérhæfðs búnaðar og starfskrafta.

Þorsteinn Sigurðsson, sérkennslufulltrúi, hefur tekið saman áætlun þá, um sérkennsluþörf utan grunnskóla, sem hér fer á eftir. Auk kennslu og meðferðar barna á grunnskólaaldri er gert ráð fyrir nokkurri þjónustu við forskólabörn, svo og ráðgjöf við foreldra þeirra, kennslu og meðferð unglunga ofan skólaskyldu og fullorðins fólks.

Tafla II. Sérkennsluþörf utan grunnskólans.

Tegund sérkennslu:	Fjöldi nemenda	Fjöldi sérkennara	Athugasemdir:
<b>1. Börn með skerta heyrn:</b>			
a) Forskólastarf og ráðgjöf innan skóla	30	3	0—3 ára 0.14%; 4—6 ára 0.06% (nem. sem fara í heyrnarb.).
b) Heyrnleysingjaskóli	43	11	4—16 ára 0.08%.
<b>2. Börn með skerta sjón:</b>			
a) Blindraskóli	5	1	0.01% 6—16 ára. Ráðgjöf innan skólaaldurs að nokkru talin með í töflu II, 2. lið b).
<b>3. Börn með skerta hreyfifærni:</b>			
a) Forskóli hreyfihamlaðra	50	10	2—6 ára; 0.22%.
b) Hreyfihamlaðraskóli	50	13	7—16 ára; 0.11%.
<b>4. Börn með skerta aðlögunarhæfni og geðheilsu:</b>			
a) Vistheimili og upptökuheimili	72	16	7—15 ára; 0.18%.
b) Geðsjúkrahús og taugahæli	40	8	7—15 ára; 0.09%.
<b>5. Börn með skerta greind:</b>			
a) Fávitastofnanir	270	22	4—19 ára; 0.4%.
b) Vanvitaskólar	406	40	7—15 ára; 1.0%.
c) Starfanámsskóli	60	9	16—20 ára.
<b>6. Börn með skerta mál/talfærni:</b>			
a) Talkennslustöð	70	5	Ráðgjöf og meðferð fyrir fólk á öllum aldri með alvarlega mál- og talgalla.
b) Skóli málhamlaðra	20	5	4—16 ára.
<b>7. Sjúk börn á spítölum:</b>			
Sjúkraiðja og sjúkrakennsla	70	6	3—16 ára; 0.11%.
<b>Samtals</b>	<b>1 186</b>	<b>149</b>	

Til samanburðar við þörfina skal hér birt yfirlit yfir sérkennslu veturinn 1972—73, sem Þorsteinn Sigurðsson tók saman:

Tafla III. Yfirlit yfir sérkennslu veturinn 1972—1973.

Tegund sérkennslu:	Fjöldi nemenda	Fjöldi kennara	Þar af sérmenntaðir	Athugasemdir:
<b>I. Börn með skerta heyrn:</b>				
1. a) Stuðningskennsla nem. í venjul. b.	6			
b) Heyrnardaufabekkur .....	4	1	1 <sup>1)</sup>	1) Tveir kennarar ljúka sérnámi vorið 1973.
2. Heyrnleysingjaskólinn .....	57+7 <sup>1)</sup>	13+3 <sup>2)</sup>	8 <sup>2)</sup>	1) 7 eldri nem. njóta stuðningskennslu á kvöldin vegna framhaldsnáms. 2) 3 fóstrur aðstoða við kennsluna. 3) Tveir kennarar til viðbótar eru hálfnaðir í sérnámi.
I. Samtals	67+7	14+3	9	
<b>II. Börn með skerta sjón:</b>				
1. Blindaskólinn .....	3	1	1	Rekinn af Blindravínafélaginu með ríkisstyrk, til húsa í Laugarnesskóla.
II. Samtals	3	1	1	
<b>III. Börn með skerta hreyfifærni:</b>				
1. Leikskóli Styrktarfél. lam. og fatl. ...	25 <sup>1)</sup>	2		
2. Skóli S.L.F. í Reykjadal .....	22	3	1	1) Börnin eru á aldrinum 3—6 ára, þau eru í tveim hópum, 8 saman í senn. Skipt er um nemendur eftir atvikum á nokkurra mánaða fresti.
III. Samtals	47	5	1	
<b>IV. Fjölfötluð börn</b>				
1. Skóli í Stakkholti .....	7	2+2 <sup>1)</sup>	1	1) Tvær fóstrur aðstoða við kennsluna.
IV. Samtals	7	2+2	1	
<b>V. Börn með skerta aðlögunarhæfni og skerta geðheilsu:</b>				
1. Miljöklinik (Kópavogsskólar) .....	10	1	1	
2. Heimavistarskólinn Jaðri .....	16	3 <sup>1/2</sup>		
3. Heimavistarskólinn Hlaðgerðark. ...	14	3	1	
4. Vistheimilið að Breiðuvík .....	2 <sup>1)</sup>	1		1) Fleiri nemendur væntanlegir.
5. Uppþökuheimili Kópavogi .....	6 <sup>1)</sup>	2		1) Dvalartími venjul. 2—6 mán.
6. Geðdeild Barnasp. Hringins .....	10	1	1	
V. Samtals	58	11 <sup>1/2</sup>	3	
<b>VI. Börn með skerta greind:</b>				
1. Fávítastofnanir:				
a) Kópavogshælið .....	75	6	2	a) Vistmenn eru samt. 177. 2 eru yngri en 4 ára, 50 eru 4—19 ára og 125 eru 20 ára og eldri.
b) Sólheimar .....	25	2		b) Vistmenn eru 40 talsins, 12 eru á aldr. 4—19 ára, 28 eru eldri.
c) Skálatún .....	26	3 <sup>1/2</sup>		c) Vistmenn eru samt. 53, 33 eru 4—19 ára, 20 eru 20 ára eða eldri.
d) Tjaldanes .....	24	2		d) 24 vistmenn, þar af 5 tvítugir og eldri.
e) Sólborg .....	34	3 <sup>2/3</sup>	1	e) Vistmenn eru samtals 54.
f) Lyngás .....	32	3	1	f) Vistmenn eru samtals 49, þar af eru 8 yngri en 4ra ára.
g) Bjarkarás .....	30	2 <sup>1/2</sup>		g) Vistmenn eru 30 talsins, 10 undir tvítugsaldri.
Samtals	246	22 <sup>2/3</sup>	4	
2. Vanvitaskólar:				
a) Höfðaskólinn í Reykjavík .....	120	16	6	
b) Vanvitaskóli Kópavogs .....	16	1	1	
Samtals	136	17	7	
3. Hjálparbekkir í alm. skólum:				
a) Reykjavík .....	261	17/24 <sup>1)</sup>	11	1) Hér er um 22 bekki að ræða og 24 bóknámskennara. Vikul. tímafj. er ca. 20 að meðaltali. Heildartímafj. bekkjanna í bókl. kennslu er ca. 480 á viku, þ. e. a. s. 17 kennarastöður.
b) Utan Reykjavíkur .....	140 <sup>1)</sup>	9/15 <sup>2)</sup>	6	1) 2) Hreinar ágizkunartölur.
Samtals	401	26/39	17	
<b>VI. Samtals</b>	<b>783</b>	<b>26/78<sup>2/3</sup></b>	<b>28</b>	

Tafla III. Yfirlit yfir sérkennslu veturinn 1972—1973. (Frh.)

Tegund sérkennslu:	Fjöldi nemenda	Fjöldi kennara	Þar af sérmenntaðir	Athugasemdir:
<b>VII. Börn með lestraröruggleika:</b>				
1. Lesklínik og stuðningskennsla:				
a) Reykjavík . . . . . ca.	500	10/43 <sup>1)</sup>	10	<sup>1)</sup> Tímalfjöldinn í byrjun skólaárs var 360 á viku, eða sem svarar 10 kennurum. Þessa kennslu önnuðust 43 kennarar, þar af 10 með sérm.
b) Utan Reykjavíkur . . . . . ca.	500 <sup>2)</sup>	10/70 <sup>2)</sup>	6	<sup>1)</sup> <sup>2)</sup> Hreinar ágizkunartölur.
VII. Samtals	1 000	20/113	16	
<b>VIII. Börn með mál- og talgalla:</b>				
a) Reykjavík . . . . .	199 <sup>1)</sup>	2 <sup>2)</sup> / <sub>3</sub>	3	<sup>1)</sup> Tölurnar eru frá skólaárinu 1971–72.
b) Kópavogur . . . . .	74 <sup>1)</sup>	1	1	<sup>1)</sup> Tölurnar eru frá skólaárinu 1971–72.
c) Garðahreppur . . . . .	20 <sup>1)</sup>	<sup>1)</sup> / <sub>3</sub>		<sup>1)</sup> Tölurnar eru frá skólaárinu 1971–72.
VIII. Samtals	293	4	4	
<b>IX. Sjúk börn:</b>				
1. Barnasp. Hringins . . . . .	50 <sup>1)</sup>	2	1	<sup>1)</sup> Áætlaðar tölur í þessum lið.
2. Sjúkrakennsla í heimahúsum . . . . .	75 <sup>1)</sup>	2		
IX. Samtals	125	4	1	
I.—IX. Samtals	67+2323	66+218 <sup>1)</sup> / <sub>3</sub>	64	

Um 54. gr.

Greinin er sett til þess að tryggja, að nemendum verði ekki á starfstíma skóla íþyngt svo með vinnu utan skólans, að þeir fái ekki hvílt sem skyldi og skorti orku til þess að rækja nám sitt svo, að námsgeta þeirra megi njóta sín og góður námsárangur náist. Sjá einnig 41. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og 40. gr. reglugerðar nr. 105/1970 skv. þeim lögum.

Um 55. gr.

Í skóla verður að ríkja sú regla, er leiðir til almenns vinnufriðar. Af því leiðir, að skólinn verður að geta gert sínar ráðstafanir, þegar í hlut eiga einstaklingar, sem ekki virða þá reglu. Varast skyldi þó að halda uppi aga í skóla á kostnað þess, að „aðgát skal höfð í nærveru sálar“. Skólastarfið krefst umburðarlyndis. Verði nemandi eitthvað á, sem brýtur í bága við reglur og anda skólastarfsins, er nauðsynlegt að leita orsakanna fyrir þeirri breytni, og bæta úr eftir megni.

Bætt er við nýrri mgr. um, að reglugerð skuli sett, er nánar kveði á um framkvæmd þessarar lagagreinar. Er þetta gert í samræmi við ýmsar ábendingar.

Um 56. gr.

Hér er um að ræða nýjung í íslenskri skólalöggjöf. Greinin þarf vart skýringa við, en vísast þó til laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Um 57. gr.

Hugtakið námsmat er hér notað sem samheiti yfir mat á námi og námsárangri, þ. e. yfir próf og einkunnagjöf í víðtækum skilningi.

Í samræmi við tilgang slíks námsmats má skipta því í tvo aðalflokka:

- a) Leiðsagnarnámsmat. Það hefur þann megintilgang að veita kennara og nemanda sem tíðasta vitneskju um það, hvernig námið gengur, í því skyni að beina námi og kennsluáferð í þá átt, sem vænlegasta má telja til góðs árangurs. Sem dæmi

um leiðsagnarnámsmat mætti nefna tíð, örstutt skyndipróf, sem nemandi getur oft leiðrétt sjálfur samkvæmt ábendingum kennara. Einnig mætti nefna æfingar í lok stuttra kafla í kennslubókum, og ræður þá frammistaða nemandans í hlutaðeigandi æfingu gjarnan því, hvort hann les kaflann aftur eða heldur áfram með næsta kafla.

- b) Yfirlitsnámsmat. Það hefur þann megintilgang að veita vitneskju um námsárangur nemenda í stórum námsáfanga, t. d. hálfis eða heils vetrar, í tiltekinni námsgrein. Einkunnagjöf yfirlitsnámsmats miðast venjulega við það, hversu miklum hluta heildarprófs nemandinn er talinn hafa valdið, ellegar þá við það, hver staða nemandans er talin vera í samanburði við aðra nemendur í sínum aldursflokki (svokölluð „relatíf“ einkunnagjöf). Yfirlitsnámsmat er venjulega, en þó ekki nauðsynlega, miðað við sérstök lokapróf, og er námsáfanginn, sem um ræðir, venjulega ein önn, eitt kennslumisseri eða eitt skólaár.

Rétt er að geta þess, að engin skörp skil eru milli leiðsagnarnámsmats og yfirlitsnámsmats. Unnt er að beita námsmati svo, að það feli í sér nokkuð af hvoru tveggja.

Greinin miðar að því, að í grunnskóla framtíðarinnar verði sú breyting frá núverandi starfsvenjum, að leiðsagnarnámsmat aukist á kostnað yfirlitsnámsmats. Einkum eru það ákvæðin um nán tengsl markmiðssetningar og námsmats, og órjúflegt samband námsmats við nám og kennslu, sem ásamt lokasetningu greinarinnar, lýsa stefnu að þessu marki.

Þess skal getið, að fyrir liggur nefndarálit um „Próf í barna- og gagnfræðaskólum“, er prófkerfisnefnd á vegum menntamálaráðuneytisins samdi og út kom í febrúar 1972. Nefndarálit þetta felur í sér tillögur að nánari útfærslu á svipuðu prófkerfi og 57.—62. gr. frv. miða að.

#### Um 58. gr.

Nefndin taldi, að námsmat í grunnskóla, bæði leiðsagnar- og yfirlitsnámsmat, ætti fyrst og fremst að vera í höndum kennaranna sjálfra. Jafnframt var talið æskilegt, að matið tæki til fleiri sviða en almennt hefur tíðkæzt í skólum hérlandis.

#### Um 59. gr.

Greinin miðar að því, að bráður bugur verði undinn að því að útvega skólum samræmd könnunarpróf og stöðluð próf, ásamt sérfræðilegum leiðbeiningum um námsmat. Aðaltilgangur slíkra aðgerða er að auðvelda skólunum sjálfum, þ. e. kennurum og skólustjóra, að meta árangur skólustarfsins og finna, hvar skórinn kreppir í starfi skólans. Einnig mætti hafa samræmd og stöðluð próf til hliðsjónar, þegar einkunnir eru gefnar í yfirlitsnámsmati.

Vert er að benda á það, að stöðlun prófa er afar tímafrekt og vandasamt verk, og verður í því efni að gera ráð fyrir löngum undirbúningstíma. Stöðlun prófs í einhverri grein hefst með söfnun fjölda prófatriða, sem síðan eru lögð fyrir úrtak nemenda, sem eru valdir samkvæmt tilteknum fræðilegum reglum, til að vera fulltrúar stærri nemendahóps, t. d. aldursárgangs í grunnskóla. Að lokinni þessari forpröfun eru síðan valin nokkur prófatriði, sem talin eru mæla vel kunnáttu, skilning o. s. frv., í samræmi við markmið námsins. Nánar tiltekið eru valin atriði, sem greina vel á milli kunnáttu og kunnáttuleysis, skilnings og skilningsleysis o. s. frv., og einnig er gætt að því, að atriðin séu mismunandi þung og raðað á skynsamlega stigbundinn hátt eftir þyngd. Jafnframt er þess gætt, að prófatriðin taki í eðlilegum hlutföllum yfir allt það, sem markmiðsskilgreining námsins tiltekur. Loks eru samdar bráðabirgðareglur um einkunnagjöf. Þetta próf er síðan lagt fyrir allan nemendahópinn, sem prófa á, t. d. heilan aldursárgang. Þá er venjan að meta fyrst úrlausnir tiltekins úrtaks nemenda, fyrst og fremst til að athuga, hvort prófið „komi út“ á svipaðan hátt og búzt var við eða ekki. Ef hið síðara verður reyndin, þarf að breyta bráðabirgðareglunum um einkunnagjöf, en að öðrum kosti má nota þær

óbreyttar. Að öllum þessum undirbúningi loknum eru úrlausnirnar í heild loks metnar og niðurstöður prófsins reiknaðar út og skráðar.

Kosturinn við stöðluð próf er sá, að þau „mæla“ yfirleitt mun betur en önnur próf sakir þess, að beztu prófatriðin hafa verið valin úr fjölda prófatriða samkvæmt forkönnun. Jafnframt vita menn nokkurn veginn nákvæmlega hvað þau mæla, vegna þess að prófatriðin eru gaumgæfilega valin með hliðsjón af skilgreindum kennslumarkmiðum. Í þriðja lagi geta menn vitað nákvæmlega, hvað hver einkunn merkir. Einkunnin 10 gæti t. d. verið skilgreind svo: „Umræddur nemandi er meðal hæstu 3% nemenda síns aldursflokks í námsgreininni“. (Þetta væri „relatíf“ einkunnagjöf). Væri einkunnagjöfin „absolút“, nætti t. d. skilgreina einkunnina 9, sem hér segir: „Frammistaða umrædds nemanda er á því bili, að hann skilar 85—94% réttum svörum á prófi, sem er nákvæmlega sniðið eftir kennslumarkmiðum námsgreinarinnar í tilteknum bekk grunnskóla“. Í fjórða lagi eru stöðluð próf afar auðveld í úrvinnslu, ef fyrrgreindur undirbúningur hefur verið nægur og skynsamlegur.

Þau atriði, sem hér hafa verið nefnd, eru að sönnu mjög eftirsóknarverður ávinningur. Ljóst er þó jafnframt, að ávinningurinn kostar mikla fyrirhöfn, og því er sagt í greininni, að „svo fljótt sem við verður komið“, skuli menntamálaráðuneytið leggja skólunum til stöðluð próf í a. m. k. móðurmáli og stærðfræði.

Það er miklu minna verk og viðráðanlegra að samræma úrvinnslu prófa, sbr. það, sem að ofan var sagt um einkunnagjöf, en að staðla próf. Má búast við því, að slík samræming gæti komið til mjög fljótlega, eftir að tekin yrði ákvörðun um að taka umrædd vinnubrögð upp, t. d. einu eða tveimur árum síðar.

Nefndin taldi eðlilegt, að samræmd eða stöðluð próf á vegum menntamálaráðuneytisins yrðu miðuð við það, að námsárangur yrði metinn í hverjum þriggja ára áfanga innan grunnskólastigsins eða þar um bil, samkvæmt nánari ákvæðum, er sett yrðu í reglugerð.

59. gr. frv. markar, í stuttu máli sagt, þá stefnu, að nýjar, réttmætari, áreiðanlegri og handhægari aðferðir við námsmat verði teknar upp, svo fljótt sem auðið er, í stað núverandi aðferða, sem óneitanlega skortir æðimikið á um réttmæti, áreiðanleika og einfaldleika í úrvinnslu.

Um 60. gr.

Eðlilegt þótti, að sérhver nemandi fengi við lok grunnskólanáms skirteini, er vottaði, að hann hefði fullnægt þeirri skyldu gagnvart þjóðfélaginu og sjálfum sér að ljúka lögboðnu skyldunámi. Jafnframt var talið nauðsynlegt til upplýsingar, að nemandinn fengi skirteini, er veitti vitneskju um námsferil hans, þ. á m. námsbraut og námsárangur. Í gr. er gert ráð fyrir því m. a., að einkunnir á þeim samræmdu eða stöðluðu prófum, sem haldin verða í 9. bekk grunnskóla, sbr. 59. gr., verði sérstaklega tilfærðar á viðeigandi námsskirteini.

Um 61. gr.

Nefndin taldi reynsluna hafa sýnt, að nauðsynlegt væri að tiltaka í lögum þann hámarkstíma, sem ætla mætti til almennra yfirlitsprófa á hverju skólaári. Jafnframt því sem gr. felur í sér fasta reglu um hámarksdagafjölda til þessara þarfa, eru ákvæði hennar einnig þáttur í þeirri stefnu, að kennsla, nám og próf skuli vera sem nátengdust.

Um 62. gr.

Þær breyttu aðferðir við námsmat, sem fjallað er um, í VII. kafla frv., leiða til þess, að stórlega mun draga úr störfum prófdómara í íslenskum skólum, enda eru þau störf orðin óhóflega dýr, sýnu dýrari en umdeild gagnsemi þeirra virðist réttlæta. Hins vegar taldi nefndin ekki fært að leggja störf prófdómara alveg niður með tilkomu breytts prófkerfis. Er því í gr. gert ráð fyrir því, að prófdómarar verði skólunum til eftirlits og aðstoðar við yfirlitsnámsmat í lokabekk grunnskóla. Jafnframt eru í gr. heimildarákvæði um, að skipa megi eftirlitsmann að grunnskóla, þar sem kennslu lýkur með 7. bekk skyldunáms eða fyrr, til starfa við námsmat í lokabekk

skólans, og geta annars vegar skólastjóri og skólanefnd og hins vegar menntamálaráðuneytið haft frumkvæði að slíkri ráðstöfun. Þá taldi nefndin og nauðsynlegt, að sérstakir trúnaðarmenn fylgdust með framkvæmd samræmdra eða staðlaðra ríkisprófa í grunnskólum.

Loks er í gr. ákvæði um, að sett skuli reglugerð um námsmat fyrir alla nemendur á skólaskyldualdri.

#### Um 63. gr.

Í júlímánuði 1966 var stofnað til vísis að skólarannsóknnum í menntamálaráðuneytinu og rúmum tveimur árum síðar, í ágúst 1968, voru rannsóknirnar gerðar að sérstakri deild í ráðuneytinu, skólarannsóknadeild. Greinin gerir ráð fyrir því, að deildin starfi áfram, og tiltekur meginverkefni hennar í stórum dráttum. Verkefnin eru tilgreind í samræmi við það, sem deildin hefur hingað til fengið við, auk þess sem hætt er við atriðum, einkum viðvikjandi gerð staðlaðra prófa og tillögugerð um nýjungar í kennaranámi, sem æskilegt var talið, að deildin fengist einnig við.

#### Um 64. gr.

Meðal þeirra verkefna skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, sem tiltekin eru í 63. gr., er viðbúið, að endurskoðun námskrár, námsmarkmiða og náms-efnis muni vega langþyngst á metunum, a. m. k. nokkur fyrstu árin eftir að lög um grunnskóla yrðu samþykkt. Í sambandi við þetta starf er augljós og brýn þörf fyrir umfangsmikla og vel skipulagða námsstjórn í einstökum námsgreinum.

Endurskoðun námsefnis á vegum skólarannsóknadeildar hófst síðsumars 1967 varðandi eðlis- og efnafræði, og síðan hefur verið hafin endurskoðun líffræði (náttúrufræði), stærðfræði, dönsku, samfélagsfræða (þ. á m. sögu), íslenzku og tónmenntar, og nú (í október 1972) eru starfandi nefndir til að undirbúa endurskoðun námsefnis í myndið (myndlist og handiðum) og ensku. Áformað er, að í ársbyrjun 1973 verði hafin undirbúningsvinna að endurskoðun allra annarra námsgreina grunnskóla. Gangi umrætt nýjungastarf vel, má ætla, að unnt verði að gefa nýja aðalnámskrá fyrir grunnskóla út í fyrsta sinn vorið 1974, sbr. 43. gr.

Sú endurskoðun námsefnis, sem hér um ræðir, er í öllum greinum viðtæk og í mörgum róttæk. Jafnan þarfnast endurskoðunin góðrar heildarstjórnar í sérhverri námsgrein og verulegrar endurmenntunar kennara, sbr. 40. gr. Af þessum sökum taldi nefndin nauðsynlegt að gera ráð fyrir eigi minna en sjö fullum námsstjóra-launum til þessara starfa á vegum menntamálaráðuneytisins, en oftast yrði störfunum að líkindum skipt á fleiri menn en sjö — t. d. á 10 aðila eða þ. u. b. — og yrðu þá sumir ekki í fullu námsstjórastarfi. Þá þótti hæfilegt að ráða námsstjóra eigi lengur en til fjögurra ára í senn. Kemur þar til hvort tveggja, að þörf fyrir námsstjórn í einstakri námsgrein er talin nokkuð breytileg, og hitt, að sanngjarnt verður að telja að nýir menn geti fengið tækifæri til að vinna að námsstjórn. Hins vegar var álitid, að tveggja eða þriggja ára starfstímabil gæti í ýmsum tilvikum reynzt fullstutt fyrir námsstjóra, þar sem talsverðan tíma getur tekið að koma slíku starfi í það horf, að rækilega nýtist skólum.

Hér verður á eftir birt til skýringar og hliðsjónar bráðabirgðayfirlit yfir vinnuþörf vegna þeirra námsefnisverkefna fyrir grunnskólastig (barna- og gagnfræðastig), sem þegar hafa verið tekin á fasta starfsáætlun skólarannsóknadeildar. Þörfin er metin í „mannmánuðum“ (mannmánuður = starf, sem nemur því, að einn maður yrði mánuð að vinna það að fullu).

Ljóst er af yfirlitstöflunni, að um mjög mikla vinnu er að ræða, og eru þó aðeins taldar greinar, sem komnar eru á fasta starfsáætlun. Ráðgert er og, að ásamt yfirmanni hverrar námsefnisáætlunar (námsstjóra) vinni starfshópur að verkinu, þannig að margir aðilar munu leggja hönd á plóg varðandi hverja námsgrein. Af þessu ætti að verða skiljanlegt, hver þörfin er fyrir góða og vel skipulagða námsstjórn í einstökum námsgreinum hér á landi næstu árin.

Bráðabirgðayfirlit yfir endurskoðun námsefnis í nokkrum námsgreinum fram til ársins 1980. Tölurnar tákna mannmánuði<sup>1)</sup>.

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	
1. Eðlis- og efnafræði .....	16	20								36
2. Líffræði .....	34	29	12							75
3. Stærðfræði, barnastig .....	6	8	24	26	11					75
Stærðfræði, gagnfræðastig .....	14.5	18	18	12	8					70.5
4. Danska .....	15	13	12.5	2.5	2	2	1	5		53
5. Samfélagsfræði (þ. á m. saga) .....	30	38	65	68.5	48	21	8			278.5
6. Íslenska, barnastig .....	10	10	11	17	19	15	12	11	4	109
Íslenska, gagnfræðastig .....	10	11	11	11	15	6	9	4		77
7. Tónmennt <sup>2)</sup> .....	4	16.5	26	30	31	18	18	5		148.5
Samtals	139.5	163.5	179.5	167	134	62	48	25	4	922.5

1) Skýring: Miðað er við: a) fjárveitingu 1972; b) tillögu að fjárveitingu í fjárlögum 1973; c) frá og með 1974: framkvæmdaáætlun hverrar greinar.

2) Tónmennt: Tölur eru ekki endanlegar, þar sem framkvæmdaáætlun er enn til athugunar.

Um 65. gr.

Nefndin taldi eðlilegt að miða fjárveitingu til rannsóknarstarfsemi á sviði skóla- og uppeldismála við ákveðið hlutfall af heildarútgjöldum ríkissjóðs til skólamála. Með því yrði tryggt, að auknu skólastarfi fylgdu efldar skólarannsóknir, en slíkt hlýtur að teljast mjög augljós nauðsyn.

Viðmiðunin, sem hlutfallið tekur til, er takmarkað við þau skólastig, sem ætla má, að starf skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins muni bundið við næstu árin. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 1973 nemur 1% heildarútgjalda ríkissjóðs til stofn- og rekstrarkostnaðar grunnskóla (þ. e. barna- og gagnfræðaskóla) og framhaldsskóla um 25 millj. króna. Ætti að nægja að benda á endurskoðun námskrár og námsefnis, sem nú er höfuðverkefni skólarannsóknadeildar, sbr. greinargerð og töflu við 64. gr. hér að framan, til að gefa vísbendingu um það, að sízt yrði hér um of háa fjárhæð að ræða.

Í 65. gr. er loks ákvæði um, að menntamálaráðuneytið skuli ákveða árlega skiptingu fjárins.

Um 66. gr.

Þar sem stofnun grunnskóla á Íslandi yrði afar djúptæk og umfangsmikil breyting frá núverandi skólaháttum, þótti rétt að fara að dæmi Norðmanna (sbr. norsku grunnskólalögin) og setja í frv. ákvæði um grunnskólaráð, er yrði menntamálaráðuneytinu til ráðgjafar um kennslufræðileg málefni grunnskólans. Þeir 10 menn, sem gr. áformar að taki sæti í ráðinu, eru fulltrúar þeirra aðila, sem ætla má að hin umfangsmikla nýjung muni hvíla þyngst á: kennara, kennara menntastofnana, Ríkisútgáfu námsbóka, ráðgjafar- og sálfræðipjónustu og skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, sbr. 63. gr.

Í Noregi hefur grunnskólaráðið skrifstofu, sem hefur m. a. yfirumsjón með prófum í grunnskóla og gefur út skýrslur um þau. Ekki er fyrirhugað, að svo verði um grunnskólaráð það, sem 66. gr. fjallar um, heldur verði þar um að ræða ráðgjafarhóp, sem annars vegar fengi ýmsar skýrslur og upplýsingar frá menntamálaráðuneytinu og hins vegar vitneskju, viðhorf og tillögur frá öðrum aðilum ráðsins. Ekki virðist það heppilegt starfsform fyrir slíkt ráð að halda mjög oft fundi. Fremur kemur til álita að halda fáar, afar vel undirbúnar ráðstefnur, t. d. tvær á ári.

Meginrókin fyrir því að setja í lög ákvæði um grunnskólaráð eru þau, að slíkt myndi tryggja þeim aðilum, sem getið er um í b)-g)-liðum gr. fastan ráðgjafar-

sess um framkvæmd þeirrar umfangsmiklu nýjungar að koma á grunnskóla í landinu. Ættu þessir aðilar þannig að geta haft meiri áhrif á þróun mála en ella og ráðuneytið nánara samstarf við stofnanir þeirra og samtök en annars væri að vænta.

#### Um 67. gr.

Þessi grein er nýjung. Rök hennar eru þau, að ýmsar kennslutilraunir, sem æskilegar eru taldar, geta verið svo umfangsmiklar og/eða róttækar, að því er varðar skipulagningu, kennsluaðferðir, námsefni o. fl., að þær fá ekki „notið sín“ nema því aðeins, að undanþágur séu veittar frá ákvæðum laga og reglugerða varðandi þau atriði, sem tiltekin eru í greininni. Sem dæmi um slíka kennslutilraun mætti nefna áætlanir Reykjavíkurborgar um sameinaðan framhaldsskóla (fjölbrautaskóla) að loknu skyldunámi. Ekki er ósennilegt, að ýmsir aðrir aðilar kynnu að æskja þess síðar að notfæra sér slík heimildarákvæði um tilraunaskóla, t. d. Kennaraháskóli Íslands (vegna Æfinga- og tilraunaskólans), svo og ýmis sveitarfélög, þar sem mikill áhugi ríkir á skólamálu.

Sanngjarnt þótti, að yrði um viðbótarkostnað að ræða við slíkan tilraunaskóla, þá yrði viðhöfð sú helmingaskipting kostnaðar, sem tiltekin er í síðari mgr. þessarar greinar.

#### Um 68. gr.

Nauðsyn þess að setja á stofn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skóla fyrir landið allt er orðin svo brýn, að um hana verður ekki lengur deilt. Nú eru liðin 13 ár, síðan fyrsta sálfræðideild skóla á Íslandi var stofnuð. Það var haustið 1960, er slíkri deild var komið á fót við Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. Síðan hefur aðeins verið komið upp til viðbótar einum vísi að slíkri deild, í Reykjaneskjördæmi. Starfsmenn þessara tveggja deilda eru (1973): í Reykjavík fjórir sálfræðingar í fullu starfi, einn sálfræðingur í hálfu starfi, einn kennari í hálfu starfi og ein skrifstofustúlka í fullu starfi, í Reykjaneskjördæmi einn sálfræðingur í fullu starfi, einn sálfræðingur í hálfu starfi og einn kennari í hálfu starfi. Alls er hér því um átta störf að ræða miðað við full störf. Eftirspurn eftir þjónustu þessara deilda hefur verið svo mikil, að þær hafa orðið að takmarka störf sín að langmestu leyti við barnafræðslustigið, enda þótt þörfin fyrir sálfræðipjónustu sé sízt minni á gagnfræðastiginu. Utan fyrrgreindra svæða hefur ekki verið um að ræða aðra sálfræðipjónustu en þá, að einstakir reyndir sálfræðingar hafa farið nokkrar ferðir til að rannsaka og leiðbeina um meðferð allra erfiðustu tilvikanna. Þótt ferðir þessar hafi vissulega gert sitt gagn, hefur þetta samt að vonum verið gersamlega ófullnægjandi þjónusta miðað við þörfina, enda hafa foreldrar og skólamenn úti á landi árum saman óskað eftir sálfræðipjónustu fyrir skólana, og hafa ýmsar bænaskrár og samþykktir verið gerðar, er að þessu hníga. Loks hafa landssamtök kennara, einkum barnakennara, sýnt málinu mikinn áhuga.

Í frv. er lögð áherzla á, að ráðgjafar- og sálfræðipjónusta verði fyrir allt grunnskólastigið, og mjög mikilvægt talið, að unglíngabekkir verði þar ekki settir skör lægra en 1.—6. bekkur. Hins vegar er þess að gæta, að þjónustustörf og starfsmannafjöldi er miðaður við grunnskólastigið eitt. Eðlilegt verður hins vegar að telja, að ráðgjafar- og sálfræðipjónusta skóla muni síðar færa út kvíarnar og sinna einnig forskóla- og framhaldsskólastigi. Af þessum sökum verður enn augljósara en ella, hve starfsmannafjöldinn, sem tiltekinn er í gr., er miðaður við algert lágmark.

IX. kafli frv., þ. e. 68.—74. gr., er tekinn upp lítt breyttur frá eldra grunnskólafrv. (96.—102. gr.), en þau ákvæði voru að mestu miðuð við álit sérstakrar undirnefndar, sem þeir Jónas Pálsson sálfræðingur, Kristinn Björnsson sálfræðingur, Stefán Ól. Jónsson fulltrúi og Þorsteinn Sigurðsson talkennari störfuðu í.

Um skipulag og stjórnun ráðgjafar- og sálfræðipjónustu samkvæmt frv. er það að segja, að miðað er við að þetta verði sameiginlegt fyrirtæki ríkis og

sveitarfélaga með helmingaskiptingu kostnaðar. Gert er ráð fyrir því, að ráðgjafar- og sálfræðipjónusta verði veitt úti í fræðsluumdæmunum, en ekki bundin að mestu við sálfræðimiðstöð í Reykjavík. Því fela ákvæði gr. í sér, að fræðsluráð komi upp sérstakri sálfræðideild í fræðsluskrifstofu umdæmisins, svo fljótt sem aðstaður leyfa. Tvö eða fleiri fræðsluumdæmi geti þó sameinast um þessa þjónustu, ef aðilum þykir henta og menntamálaráðuneytið samþykkir. Starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu verði ráðnir af fræðsluráðum, og teljist þeir starfsmenn fræðsluskrifstofu umdæmisins.

Gert er ráð fyrir því í gr., að menntamálaráðuneytið geri í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðipjónustu við grunnskóla. Eðlilegt er, að slík áætlun verði gerð til allt að 10 ára, þ. e. miðuð við þann frest, sem ætlaður er til fullrar framkvæmdar grunnskólalaga, sbr. 91. gr. Sé lítið til tímabilsins 1973—1983 virðist ljóst, að fyrstu þrjú árin eða svo verður ekki unnt að framkvæma ákvæði frv. nema að takmörkuðu leyti, einkum sakir skorts á fullmenntuðun starfsmönnum. Á þessum upphafsárum áætlunarinnar — og raunar nokkru lengur — sýnist ljóst, að menntun starfsmanna verður eitt helzta forgangsverkefnið. Á árunum 1976—1980 ætti hins vegar að mega vænta þess, að lágmarksákvæði áætlunarinnar gætu öll komið til framkvæmda.

Innan ramma heildaráætlunar er gert ráð fyrir því, að fræðsluráð hafi frumkvæði að ráðningu starfsmanna og öðru, er miðar að því að koma ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í gagnið, en verði hins vegar óhæfilegur dráttur á framkvæmd áætlunarinnar af hálfu fræðsluráðs, geti menntamálaráðuneytið krafizt úrbóta. Þá er ákvæði um það í gr., að sálfræðingar, félagsráðgjafar og skólaráðgjafar skuli fyrst gegna störfum sem settir eða ráðnir í tvö ár, en eigi síðan rétt á ákvörðun um skipun í stöðu.

Um starfsmenn er það að segja, að gert er ráð fyrir sálfræðingum, félagsráðgjöfum, skólaráðgjöfum og sérkennurum, auk ráðgefandi lækna. Talið er æskilegt, að starfsmenn þessir skipuleggi og tengi störf sín sem mest í formi hóp-vinnu („team work“), þar sem verkaskipting gæti orðið nokkuð breytileg eftir eðli og umfangi viðfangsefna.

Við ákvörðun nemendafjölda fyrir hvern sálfræðing var höfð hliðsjón af norskri fyrirmynd, en í Noregi er miðað við 3000 nemendur á sálfræðing í þéttbýli, en lægri tölu í strjálbýli. Rétt þótti að setja töluna við 2500 nemendur hér með tilliti til þess, að hér er aðstaða sízt auðveldari en í Noregi og minna um aðrar stofnanir, er vinna að sálfræðingum ungmenna og létt geta starf sálfræðipjónustu skólanna. Í Noregi er gert ráð fyrir félagsráðgjafa í hálfu starfi á móti hverjum sálfræðingi, og er hið sama gert hér. Auk þess er hér, varðandi 1.—6. bekk, gert ráð fyrir sérkennara í hálfu starfi. Er þetta gert vegna þeirrar stefnu í sálfræðipjónustu, sem nú er víðast ríkjandi, að slík þjónusta eigi að vera áhrifaaðili í sjálfu skólastarfinu og annast leiðsögn og upplýsingamiðlun úti í skólunum. Með tilliti til þessa þótti eðlilegt að bæta við starfsmanni, og var þá talið eðlilegt, að um yrði að ræða mann með sérstaka reynslu í skólastarfi.

Fyrir 7.—9. bekk verður eðli starfsins nokkuð annað en fyrir yngri bekk grunnskóla. Nú kemur m. a. til greina bein ráðgjöf til nemenda um starfsaðferðir við nám, um ýmis persónuleg og geðræn vandkvæði, sem mörg eru ný af nálinni; auk þess leiðbeiningar um náms- og starfsval o. fl. Af þessum sökum þótti nauðsynlegt að gera ráð fyrir meira starfslíði fyrir 7.—9. bekk en fyrir yngri bekk, miðað við nemendafjölda, og þá í nokkuð öðru formi. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir skólaráðgjafa fyrir hverja 500 nemendur í 7.—9. bekk, og starfi slíkir ráðgjafar í skólunum sjálfum, sbr. 70. gr. Þetta er í samræmi við það, sem nú mun gert ráð fyrir í menntaskólum, en sízt mun minni þörf á skólaráðgjöfum á unglingastigi grunnskóla. Auk þessa er gert ráð fyrir því, að einn sálfræðingur við sálfræðideild komi á hverja 2500 nemendur 7.—9. bekkjar, og er þetta sama hlutfall og fyrir yngri bekk. Áformað er, að sálfræðipjónustan

verði skólaráðgjöfunum til stuðnings, og yrði það þá verkefni sálfræðideildar að taka að sér afar vandasöm mál, sem örðugt er að vinna að í skólunum sjálfum. Ekki er gert ráð fyrir sérkennurum sem starfsmönnum ráðgjafar- og sálfræðipjónustu fyrir 7.—9. bekk, þar eð skólaráðgjafar mundu m. a. taka að sér störf tengiliðar sálfræðipjónustu og skóla á því stigi.

Nokkur ráðgefandi lækniþjónusta er nauðsynleg við sálfræðideildir. Þykir víða hæfilegt, að sérfróður barna- eða geðlæknir starfi í tvo tíma á viku á móti hverjum sálfræðingi. Því var sett í frv. heimildarákvæði um lækniþjónustu við sálfræðideildir.

Samkvæmt ofangreindu er við það miðað, að lágmarksþjónustu fyrir grunnskóla á ráðgjafar- og sálfræðisviðinu hafi verið náð, er ráðnir hafa verið eftirtaldir starfsmenn, auk ráðgefandi lækna, og þeim sköpuð viðhlítandi vinnuástaða: 16 sálfræðingar, 8 félagsráðgjafar, 6 sérkennarar og 27 skólaráðgjafar. Þessi 57 störf, sem ráðið yrði í smátt og smátt á tímabili heildaráætlunar um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu grunnskóla, myndu skiptast eftir umdæmum sem hér greinir:

Fræðsluumdæmi:	Áætlaður fjöldi nemenda í grunnskóla	Áætlaður fjöldi starfa við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu				
		Sálfræðingar	Félagsráðgjafar	Sérkennarar	Skólaráðgjafar	Samtals
Reykjavík .....	14 200	5.5	3.0	2.0	9.5	20
Reykjanesumdæmi .....	8 350	3.5	1.5	1.0	5.5	11.5
Vesturlandsumdæmi .....	2 750	1.0	0.5	0.5	2.0	4
Vestfjarðumdæmi .....	2 050	1.0	0.5	0.5	1.5	3.5
Norðurlandsumdæmi vestra .....	1 900	1.0	0.5	0.5	1.5	3.5
Norðurlandsumdæmi eystra .....	4 350	1.5	1.0	0.5	3.0	6.0
Austurlandsumdæmi .....	2 350	1.0	0.5	0.5	1.5	3.5
Suðurlandsumdæmi .....	3 700	1.5	0.5	0.5	2.5	5.0
Samtals	39 650	16.0	8.0	6.0	27.0	57.0

Þá taldi nefndin eðlilegt, að kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu yrði greiddur að jöfnu af rikissjóði og sveitarfélögum. Lítið er á þessa þjónustu sem virkan, óaðskiljanlegan hluta skilvirks grunnskólastarfs, og hlýtur ríkið því að taka þátt í henni sem slíkri. Jafnframt verður ríkið að taka þátt í þeirri aðstöðujöfnun, sem felst í dreifingu þjónustunnar um landið allt. Á hinn bógina er hér um að ræða þjónustu, sem mjög er tengd skyldum sveitarfélaga varðandi félagslegan stuðning við íbúa sína, enda hafa sveitarfélög verið forgönguáðilar um að koma á vísu að þessari sérfræðilegu þjónustu í landinu. Þá geta þarfir sveitarfélaga og fræðsluumdæma fyrir störf ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skóla verið að vissu marki af misjöfnum toga spunnar, eftir aðstæðum og sérstökum vandkvæðum á hverjum stað.

Loks er vert að benda á það, að eigi sveitarfélög að geta staðið undir sínum hluta stofn- og rekstrarkostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, verður að tryggja þeim tekjustofna til þess.

Um 69. gr.

Nauðsynlegt var talið að skilgreina í lögum hlutverk ráðgjafar og sálfræðipjónustu. Með ákvæðum gr. er annars vegar miðað að sérfræðilegu hlutverki, sem yrði nátengt almennu skólastarfi, þ. á m. námsstjórn (sjá einkum a-, b- og f-lið, svo og g-lið), og hins vegar að rannsókn, meðferð og leiðbeiningum um meðferð ýmissa afbrigða í sambandi við námsörðugleika og æðræn vandkvæði nemenda (sjá einkum c-, d- og e-lið).

Að öðru leyti þarfnast gr. ekki skýringa.

Um 70. gr.

Hér er gert ráð fyrir því um stjórnun ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, að þjónustan verði starfrækt sem sérstök deild í fræðsluskrifstofu og lúti sem slík stjórn hlutaðeigandi fræðslustjóra, en yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, sbr. 71. gr.

Skólaráðgjafar verði starfsmenn sálfræðideildar, sem skipuleggur störf þeirra í samráði við skólastjóra, en hafi aðsetur og starfi að mestu í skólunum sjálfum. Þar sem skólar eru fámennir, yrði hver skólaráðgjafi að hafa umsjá með allmörgum skólum, en í þeim grunnskólum, þar sem nemendur 7.—9. bekkjar eru fjölmennastir, yrði um að ræða fullt starf fyrir a. m. k. einn skólaráðgjafa. Með umræddri tilhögun er þess vænt, að sem bezt skilyrði geti skapast fyrir virk og náin tengsl milli starfs sálfræðideilda og skóla.

Um 71. gr.

Eðlilegt er, að yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu sé í höndum þess aðila, er hefur yfirumsjón grunnskóla með höndum, þ. e. menntamálaráðuneytisins.

Heimildarákvæði er í gr. um, að ráðuneytið geti falið tiltekinni stofnun, t. d. sálfræðideild, að annast fræðilega leiðbeiningarstarfsemi og sérfræðilega umsjón með sálfræðipjónustu í landinu. Það er afar mikilvægt að tryggja, að ráðgjafar- og sálfræðipjónusta sé hvarvetna í landinu reist á traustum, fræðilegum grunni og þekkingu og er eðlilegt, að reyndustu sérfræðingum á þessu sviði verði falið að annast slíka umsjón, eftirlit, leiðbeiningar og framhaldsþjálfun. — Verði frv. að lögum, yrði sú breyting á rekstri Sálfræðideildar skóla í Reykjavík, að hún yrði sameiginlegt fyrirtæki ríkis og Reykjavíkurborgar í samræmi við ákvæði 68.—74. gr. Virðist þá ekki óeðlilegt, að þeirri deild yrði, m. a. sakir reynslu og starfsumfangs, falið fyrrgreint aðstoðar- og umsjónarhlutverk.

Um 72. gr.

Þörfin fyrir aukna starfsfræðslu á gagnfræða- og framhaldsskólastigi hefur komið glöggst í ljós undanfarin ár, og er eftirspurn eftir slíkri þjónustu nú mun meiri en svo, að menntamálaráðuneytið geti fullnægt henni að nokkru marki. Því ákvað nefndin að setja í frv. sérstök ákvæði um starfsfræðslu og starfsvalsleiðbeiningu. Þótti eðlilegt, að þessi þjónusta yrði á vegum menntamálaráðuneytisins. Hér er um að ræða upplýsinga- og leiðbeiningarstarfsemi, sem sérfróður maður um skólakerfi og atvinnulíf þarf að sjá um, m. a. með því að sjá skólaráðgjöfum og öðrum, er á þurfa að halda, fyrir handbókum og ýmsum þeim upplýsingum öðrum, sem nefndar eru í greininni.

Um 73. gr.

Tryggja verður, að starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skóla hafi trausta og haldgóða menntun. Um skólasálfræðinga, þ. e. sálfræðinga við deildir þjónustunnar, virðist eðlilegt, að krafist verði sem lágmarks norræns kandidatsprófs í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði, eða jafngildis þess frá háskólum í öðrum löndum ásamt einhverri sérhæfingu í skólasálfræði á síðustu árum námsins. Menntun félagsráðgjafa mun hafa færzt í nokkuð fastar skorður undanfarin ár, a. m. k. á Norðurlöndum, þar sem gert er ráð fyrir u. þ. b. þriggja ára menntun, að loknu stúdentsprófi eða sambærilegu undirbúningsnámi. Ördugra er að segja til um heppilega menntun skólaráðgjafa. Starf þeirra yrði nýtt á Íslandi, og í nágrannalöndum gilda mjög mismunandi reglur um menntun þeirra og starfsþjálfun. Miðað er við, að starf skólaráðgjafa verði aðallega á eftirtöldum þremur sviðum: a) ráðgjöf til nemenda vegna persónulegra vandkvæða, b) ráðgjöf til nemenda og kennara vegna náms, námstækni og námsörðugleika nemenda, c) ráðgjöf til nemenda um val framtíðarnáms og/eða starfs. Á þessum grundvelli þótti eðlilegt að miða menntunarkröfur til skólaráðgjafa við annaðhvort kennarapróf og framhaldsnám í uppeldisfræði og skyldum greinum eða BA-próf í sálar- og uppeldisfræði, hvort tveggja með viðbótarnámi og starfsþjálfun, sem tilgreint yrði í reglugerð. Yrði þá t. d. undirbúningur undir staflað c) hér að framan að líkindum tryggður með viðbótarnámi. Þá er við það miðað í greininni, að sérkennarar í þjónustu sálfræðideilda

hafi lokið kennaraprófi og tveggja ára framhaldsnámi í kennslu og uppeldi afbrigðilegra nemenda.

Gert er ráð fyrir því, að menntamálaráðuneytið muni hafa samvinnu við þau starfsgreinafélög, sem hlut eiga að máli, með því að leita umsagnar Sálfræðingafélags Íslands um menntun umsækjenda um störf skólasálfræðinga og skólaráðgjafa, Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa um menntun umsækjenda um félagsráðgjafastarf, en Félags íslenskra sérkennara um menntun umsækjenda um starf sérkennara.

Sett eru ákvæði um menntun sérkennara við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í samræmi við tillögur Félags íslenskra sérkennara.

Auk þess, sem að ofan er greint, er ákvæði í gr. um starfsreynslu skólasálfræðinga, sem eru forstöðumenn sálfræðideilda og er þriggja ára reynsla talin vera hæfilegt lágmark til þess að hljóta skipun í starf. Það verður að teljast mjög mikilvægt, að forstöðumenn deilda hafi nægilega reynslu við skólasálfræðistörf til að geta leiðbeint nýliðum í starfi.

#### Um 74. gr.

Nauðsynlegt er að kveða nánar á í reglugerð um menntun starfsmanna ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, svo og um framkvæmd og verksvið þjónustunnar almennt. Í sambandi við framkvæmd og verksvið er það m. a. mjög brýn nauðsyn að kveða á um verkaskiptingu og samstarf ráðgjafar- og sálfræðipjónustu grunnskóla við sálfræði- og geðverndardeildir heilbrigðisstofnana. Einnig þarf slík reglugerð að miða að því, að störf þjónustunnar tengist sem best almennu skólastarfi, þ. á m. námsaðgreiningu (differentiation), námsmati og námsstjórn, og að samvinna við skólastjóra og kennara verði nán. Í þessu sambandi má einnig drepa á það, sem er framkvæmdaatriði fremur en reglugerðaratriði, að e. t. v. gæti komið til álita, að sálfræðideildir skóla, einkum hinar minni, hefðu starfsaðstöðu að öllu leyti í einhverjum grunnskóla þess sveitarfélags, þar sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er staðsett.

Þá er loks í gr. ákvæði um, að menntamálaráðuneytið setji starfsmönnum ráðgjafar- og sálfræðipjónustu erindisbréf, þar sem tilgreint yrði starfssvið og verkefni, að fengnum tillögum ráðningaraðila, þ. e. fræðsluráða.

#### Um 75. gr.

Í gildandi löggjöf er ekki lögð nægilega mikil áherzla á efling skólabókasafna. Hins vegar má öllum vera ljóst, að með gerbreyttum kennsluháttum, sem miða að því fyrst og fremst að kenna nemendum sjálfum að afla sér þekkingar, hlýtur bókasafn að verða eitt helzta starfstæki skólans. Vegna þess skorts á bókasafni, húsnæði og bókakosti, sem margir skólar landsins búa nú við, verður kostnaðarsamt og tekur sinn tíma að bæta hér úr. Gert er ráð fyrir að víða í smærri byggðarlögum hafi hrepps- og skólabókasafn samvinnu eða verði sameinuð og verða þá í flestum tilfellum í skólahúsinu.

Ákvæði er um það í greininni, að þeir skuli sitja fyrir öðrum um störf skólabókavarda, sem lokið hafa námi í bókasafnsfræðum og jafnframt öðlast kennsluréttindi á grunnskólastigi. Eigi mun unnt, nema við stærstu söfn, að ráða sérmenntaða bókaverði, en að því ber að stefna strax og bókasöfnin eflast. Myndi einhver af kennurum hinna minni skóla verða umsjármaður bókasafnsins, en fá þyrfti sérmenntaða bókaverði til leiðbeiningar um skipulag og skráningu þeirra skólabókasafna, sem ekki væru af þeirri stærð, að sérmenntaður bókavörður ynni við þau sem fastur starfsmaður.

Við gerð skólahúsa þarf að taka fullt tillit til þess mikilsverða þáttar sem skólabókasöfn þurfa að vera í skólastarfinu. Einnig væri æskilegt að söfn þessi gætu haft til afnota fyrir skólann, og einnig til útleigu, hljómplötur og segulbönd. Efling skólabókasafna verður meðal brýnustu verkefna þegar lögin koma til framkvæmda og jafnframt kostnaðarsöm. Í sumum skólum hefur þegar verið komið upp góðri aðstöðu fyrir bókasafn.

Um greiðslu kostnaðar fer eftir ákvæðum 80. og 82. gr.

Um 76. gr.

Rétt þótti að setja í frv. til laga um grunnskóla ákvæði um heilsuvernd í slíkum skólum, enda þótt gert sé ráð fyrir því, að sérstök lög og reglugerð muni áfram gilda um þetta atriði. Það er afar mikilvægt, að þeir aðilar, sem annast og stjórna heilsuvernd í skólum, hafi samráð og gott samstarf um verkvið sitt við fræðslustjóra og skólastjóra. Aðaltilgangurinn með greininni er að tryggja slíka samvinnu. Sjá einnig 14. gr.

Um 77. gr.

Gr. er svipuð 54. gr. laga nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna, en þó öllu ítarlegri. Hún gerir ráð fyrir því, að forskólar verði í tengslum við grunnskóla og lúti sömu stjórn, að kennsluna annist að jafnaði barnakennarar með kennara-  
prófi, og hafa þeir kennarar forgangsrétt til starfsins, sem hlotið hafa viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara. Þá er athyglisvert það nýmæli, að samkvæmt gr. verður heimilt að ráða fóstrur til starfa í forskólum. Var þetta ákvæði sett vegna þess, að eftirsóknarvert var talið, að menntun, starfsþjálfun og uppeldisviðhorf barnakennara og fóstura mættust í forskólakennslu, og virðist í því sambandi æskilegt annars vegar að tengja menntun barnakennara og fóstura, og hins vegar að gera tilraunir með skipulega hópvinnu í uppeldisstarfi beggja starfsgreina í forskólum.

Eftirspurn eftir forskólakennslu, einkum fyrir sex ára börn, hefur farið mjög vaxandi hérlendis á undanförunum árum, sérstaklega í þéttbýli. Hafa allmörg sveitarfélög boðið fram almenna kennslu fyrir þennan aldursflokk síðan haustið 1970. Þannig stunduðu alls 2678 sex ára börn nám í forskólabekk barnaskóla eða einkaskóla á skólaárinu (1971/72) samkvæmt skólalandsráðgjafi, þar af voru 2255 í kaupstöðum. Þá hóf einn einkaskóli í Reykjavík tilraun með forskólakennslu fimm ára barna haustið 1972, og komust mun færri börn að en sótt var um fyrir. Af þeim ástæðum ætti að vera ljós nauðsyn þess að setja í lög um grunnskóla skýr heimildarákvæði um forskólakennslu, er tengd yrði starfi grunnskólans eftir föngum. Samkvæmt greininni greiðist rekstrarkostnaður við forskólalandsráðgjafi á sama hátt og við almenna grunnskóla.

Loks taldi grunnskólanefnd, að svokölluð „tímakennsla“ óskólaskyldra barna væri í allmörgum tilvikum varhugaverð og hefði tvísýn áhrif á nám barnanna síðar meir, ekki sízt vegna þess að slík kennsla er oft í höndum einstaklinga, sem ekki hafa lært til kennslustarfa. Því var sett í frv. ákvæði um það, að slík kennsla skyldi háð leyfi fræðslustjóra.

Bætt hefur verið í frv. ákvæði er tekur af allan vafa um greiðsluskyldu ríkisins vegna forskólalandsráðgjafi.

Um 78. gr.

Þessi gr. er efnislega í samræmi við 53. gr. laga nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna, að öðru leyti en því, að bætt er við ákvæði um, að menntamálaráðuneytið geti viðurkennt forskóla, sem eru einkaskólar, enda hefur slíkt í reynd verið gert í mörg ár. Sjá einnig 77. gr.

Um 79. gr.

79.—87. gr. frv. komi í stað 16.—23., 25. og 26. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, sem með gildistöku þessara ákvæða mundu falla úr gildi að því er grunnskóla varðar. Að vísu er ekki um verulegar breytingar á öllum þessum greinum að ræða, en nefndin taldi nauðsynlegt, að hafa þennan hátt á, m. a. með tilliti til þess, að lagaákvæði þessi varða velflest sveitarfélög landsins og fleiri aðila mjög og því æskilegt að öll lagaákvæði um rekstrarkostnað grunnskóla sé að finna á einum stað.

79. gr. kemur að mestu leyti í stað 19. greinar laga nr. 49/1967, um skólakostnað. Veigamiklar breytingar eru gerðar á formi og efni.

Horfið er frá notkun hugtaksins „reiknaðar stundir“, sem í gildandi skólakostnaðarlögum er notað sem samnefni fyrir flestar starfsstundir við skólalandsráðgjafi.

Bæði er það, að ýmsum hefur reynzt þetta hugtak torskilið, og eins hitt, að nefndin taldi fulla ástæðu til að sundurgreina kennslustundir og stundir til annarra starfa nánar en gert hefur verið.

Í þessari grein er eingöngu fjallað um þær stundir, sem varið skal til kennslu, en öðrum störfum, sem ríkissjóður leggur fé til, gerð skil í 80. gr.

Sú meginbreyting er gerð frá 19. gr. laga nr. 49/1967, að greiðsluskylda ríkissjóðs er nú ekki miðuð jafn fast og áður við ákveðið hámark stundafjölda, heldur litið svo á, að ríkissjóði beri að greiða alla þá kennslu, sem leiðir af framkvæmd námsskrár með þeirri skólaskipan og því kennslufyrirkomulagi, sem ákveðið hefur verið á hverjum stað, þ. e. þeirri tegund skóla, fjölda nemenda, fjölda aldursárganga, deildaskiptingu og öllum þeim atriðum, sem áhrif hafa á nýtingu kennslumagnsins. Líta ber svo á, að ríkissjóði beri skylda til þess að greiða alla kennslu, sem nauðsynleg telst, svo að viðunandi sé, eftir að skólastarfið á hverju svæði og hverjum stað hefur verið skipulagt á þann veg sem hagkvæmastur verður talinn með tilliti til allra aðstæðna.

Ákvæði 2. mgr. og eftirfarandi málsgreina frv. um hámark kennslustunda á viku, ber því að skýra með tilliti til ákvæða 1. málsgreinar um greiðsluskyldu ríkissjóðs og líta á hámarksákvæðin sem ákvæði til viðmiðunar, aðhalds og eftirlits fyrir þá aðila, sem innan hvers skólahverfis skipuleggja kennsluna og viðmiðunar fyrir ráðuneytið við mat á kennslufyrirkomulagi, sem krefst eftirlits af þess hálfu, þegar ekki er unnt að halda kennslumagni innan marka hámarksákvæðanna. Kemur þá til mats á þeim ástæðum, sem valda, og úrskurðar í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar og heimild síðar í henni um frávik frá hámarksákvæðunum.

Við ákvörðun hámarksákvæðanna var lögð til grundvallar kennslumagnsþörf í mismunandi tegundum skóla, þar sem m. a. var gengið út frá eftirfarandi forsendum:

1. Meðalfjöldi í aldursárgangi nemenda á skólasvæðinu.
2. Fjöldi aldursárganga, er sækja skólann, sem getur verið misjafnt eftir aðstæðum.
3. Kennslumagni á hvern bekk í samræmi við þau ákvæði frumvarpsins, er að því lúta.
4. Samkennslu aldursárganga, þar sem þeir eru fámennir, innan þeirra marka, sem frumvarpið setur, og jafnframt miðað við, að samkennsla verði að jafnaði ekki í 5. bekk eða ofar í grunnskóla.
5. Viðbót við kennslumagn, sbr. tölulið 3, vegna verklegrar kennslu, allt að 3 stundir til jafnaðar á 3.—9. bekk grunnskóla, þar sem árgangar eru svo stórir, að skipting þeirra við þessa kennslu, umframt bekkjarskiptingu, er nauðsynleg.
6. Til viðbótar kennslustundum samkvæmt tölulið 3 og 5, er gert ráð fyrir hjálpar- og stuðningskennslu, er nemur 4 stundum á viku á hverja fullskipaða bekkjardeild, en er að öðru leyti breytileg eftir nemendafjölda, bekkjarstærð og því, hvort um samkennslu árganga er að ræða eða ekki.
7. Gert er ráð fyrir, að með valgreinakennslu á 8. og 9. námsári, verði nemendur, er sitja hverja kennslustund, að jafnaði nokkru færri en í almennri bekkjarkennslu.

Þegar tekið er tillit til framangreindra atriða, ræður fjöldi aldursárganga, er sækja skóla, mestu um kennslustundaþörfina. Sá fjöldi getur verið misjafn eftir aðstæðum, en ræðst í höfuðatriðum af fjölda í aldursárgangi og möguleikum til samvinnu við aðra um efri bekk skólans, sem háð er staðhättum, fjarlægðum og vegasambandi á hverjum stað. Einkum er miðað við þessar tegundir skóla:

- a) Skóla fyrir 1. og 2. aldursárgang sem útibú frá aðalskóla.
- b) Skóla fyrir 1.—4. aldursárgang, þar sem unnt er að aka daglega 5—11 nemendum til jafnaðar úr hverjum aldursárgangi, í undantekningartilfellum færri.
- c) Skóla fyrir 1.—7. aldursárgang, þar sem unnt er að ná saman með akstri og/eða heimavist (einkum fyrir nemendur á 5.—7. námsári) um 10 nemendum í aldurs-

árgangi eða fleiri, í undantekningartilfellum færri. Skóli af þessari tegund gæti einnig verið þunnskipaðri í neðri bekkjum eða hliðstætt við staflið b).

- d) Skóla fyrir 1.—9. árgang, þar sem miðað er fyrst og fremst við það, að á 8. og 9. námsári sé unnt að skipta hvorum aldursárgangi í bekkjardeildir með tilliti til þeirrar námsaðgreiningar, sem gert er ráð fyrir að verði á þessum námsáfangi grunnskólans. Þar sem víða, m. a. í minni kaupstöðum, verður ekki hægt að uppfylla þessi skilyrði, er gert ráð fyrir námsaðgreiningu með þeim hætti, að hluti námsefnisins verði sameiginlegur kjarni fyrir alla, í öðrum hluta námsefnis verði árgangi skipt í bekkjardeildir og í þriðja hluta, einkum í valgreinum, verði bekkjarskipan leyst upp og kennsla verði sameiginleg fyrir stærri eða smærri hópa úr báðum aldursárgöngum. Skóli af þessari tegund gæti einnig verið þunnskipaðri í neðri bekkjunum eða hliðstætt við stafliði b) og c).

Ljóst má vera, að skólaskipan sem þessi getur leitt til fjölmargra tilbrigða, allt eftir stærð og öðrum aðstæðum þeirra sveitarfélaga, sem í hlut eiga. Eins kunna aðstæður að vera þannig, að skólaskipan utan þessa ramma sé nauðsynleg. Almenn viðmiðunarregla eins og ákvæði um hámarksstundafjölda, getur ekki náð til slíkra undantekninga, og verða þær því að metast hverju sinni.

Ákvæði stafliða a—d í þessari grein eru við það miðuð, að þau veiti framangreindum tegundum skóla nægilegt kennslumagn, þegar nemendafjöldinn er jafn, eða meiri en sá lágmarksfjöldi, sem eðlilegt virðist að miða við, og unnt á að vera að ná með því samstarfi sveitarfélaga, sem farið hefur vaxandi að undanfögnu. Hjá því verður þó ekki komizt, að sum skólahverfi munu ekki ná þeim stærðum, sem við er miðað, einkum þar sem byggð er dreifðust, eða í smáum kaupúnum, sem þó hafa þann nemendafjölda, að annað en að ætla þeim skóla fyrir allt að 7 aldursárganga væri óréttlæt看legt með tilliti til félagslegra aðstæðna, svo og óhagkvæmt, þar sem ella yrði heimavist að koma í stað heimangöngu. Gagnvart slíkum aðstæðum verður að beita undanþáguheimild greinarinnar (5. mgr. a. n.)

Í fjölmennari skólahverfum, með allt að fjórskiptum aldursárgöngum er fjöldi bekkjardeilda áætlaður og þá miðað við, að fjöldi bekkjardeilda væri innan þeirra marka, sem sett eru í 47. grein frumvarpsins. Er þá og tekið tillit til þeirrar óhagkvæmni, sem verður í skólahverfum þessum, þegar aldursárgangar ná þeirri stærð, að bæta verður við bekkjardeild.

Í stærstu skólahverfunum, þar sem margir skólar eru fyrir hvert aldursstig, gætir þessara áhrifa hins vegar í litlum mæli, og er þar miðað við, að til jafnaðar séu 24—25 nemendur í hverri deild, þegar með eru taldar hjálpardeildir. Sá fjöldi í deild er óbreyttur frá því sem nú er í skólum þessum. Þrátt fyrir, að heyrzt hafa raddir í þá átt, að lækka beri þessa tölu, taldi nefndin ekki rétt að gera það. Ekki hafa verið gerðar hér á landi athuganir á því, hvort árangur kennslu sé til muna betri í fámennum deildum en fjölmennum, (innan þeirra marka, sem hér um ræðir, þ. e. 20—30 nemendur), en erlendar athuganir, m. a. í hinum Norðurlandarikjunum og í Englandi, hafa ekki getað leitt slíkan mun í ljós, þegar beitt er sambærilegum kennsluáðferðum.

Breyting í þá átt, að lækka meðaltal nemenda í deild, hefur mjög mikil áhrif á kennslulaunakostnað og húsnæðisþörf, eða um 4—5% til hækkunar fyrir lækkun meðaltals í deildum um einn nemanda. Í þeim skólahverfum, sem hér skipta máli, myndi launakostnaður því vaxa um ca. 20 millj. kr. á ári fyrir lækkun meðaltals um einn nemanda, auk þess sem það myndi auka á húsnæðisvanda, þar sem skólar eru þegar margsetnir.

Í ljósi framangreindra atriða og þess, að fjölmörg nauðsynleg, en kostnaðarsöm verkefni í skólamálaum bíða úrlausnar, taldi nefndin rétt, að þau hefðu forgang umfram lækkun meðalfjölda í bekkjardeildum.

Í stafliðum a—d í þessari grein er miðað við, að kennslumagn á hvern nemanda sé svo sem hámark 45. gr. gerir ráð fyrir, eða um 32.22 stundir að meðaltali

á bekkjardeild. Þar sem skólar vikja frá því meðaltali, t. d. skóli sem eingöngu hefur 1.—4. árgang, eða skóli, sem hefur eingöngu eldri deildir, breytist stundafjöldinn til lækkunar eða hækkunar í hlutfalli við það frávik. Næst á þann hátt jöfnuður milli skóla með ólíka bekkjarskipan.

Þegar reiknað er út meðaltal kennslutíma á nemanda í bekkjardeildum skóla í því skyni að finna það frávik, sem um er rætt í síðustu málsgrein, skal einungis telja kennslustundir í þeim greinum, sem námsskrá kveður á um, og ekki fleiri en heimilaðar eru skv. 45. gr. laganna. Sé í skólahverfi haldið uppi kennslu umfram það, er ríkissjóði ekki skylt að greiða þá kennslu. Auk kennslustunda má þó í þessu sambandi telja sem venjulega kennslustund allt að eina stund á hverja 30 nemendur í 5.—9. bekk grunnskóla, sem varið er til hópnáms í bókasafni. Er þá miðað við, að hér sé ekki einfaldlega um yfirsetu í lesstofu að ræða, sem greiðist af fjárveitingu samkvæmt 80. gr., heldur raunverulegt verkefni fyrir kennara, er sé nemendur til leiðbeiningar og aðstoðar og skipuleggi starf þetta sem lið í kennslunni.

Þá er og heimilt að lengja vikulegan kennslutíma um allt að 15% fyrir þá nemendur, sem eru í víxlkennslu (skiptikennslu), þ. e. fyrst og fremst í heimavistarskólum, þar sem á skiptist dvöl í skóla og á heimili, og fær skólinn þá aukið kennslumagn í samræmi við það. Hins vegar er sú breyting gerð frá gildandi skólakostnaðarlögum, að ekki er heimilað aukið álag á nemendur á þeirri forsendu, að árlegur starfstími skólans sé skemmri en 9 mánuðir, sbr. 42. gr.

Gert er ráð fyrir, að fullskipuðum bekkjardeildum sé skipt í tvennt í kennslu verklegra greina í samtals 21 stund á viku í 3.—9. bekk grunnskóla, sem veldur því, að 2.33 stundir til jafnaðar á hvern hinna 9. bekkja grunnskólans bætast við þann kennslutíma, sem ákveðinn er í 45. grein. Er ætlað fyrir þessari viðbót í hámarksstundafjölda þeim, sem tiltekinn er í staflíðum a—d þessarar greinar. Sé nauðsynlegt, að skipta bekkjum meir en hér greinir, vegna sérstakra aðstæðna eða í samræmi við ákvæði 47. greinar, 2. málsgreinar, bætist sá stundafjöldi, sem af því leiðir, við hámarksstundafjöldann.

Auk þeirra kennslustunda, sem fjallað hefur verið um, greiðir ríkissjóður kennslulaun fyrir sundkennslu, sem ekki er talin með í kennslutíma skv. 45. gr., sjúkrakennslu, sem skipulögð er af viðkomandi skólahverfi, og forfallakennslu, og er það í engu breyting frá núgildandi ákvæðum.

Ákvæði um frávik frá hámarksákvæðum (5. mgr. a. n.) hafa þegar verið skýrð. Athygli skal þó vakin á því, að í skólakostnaðarlögum er um heimild að ræða, en hér um skyldu í þeim tilfellum, að samþykkt hafi verið af menntamálaráðuneytinu skólaskipan og kennslufyrirkomulag, sem ekki gerir kleift að halda uppi fullri kennslu samkvæmt námsskrá innan hámarksákvæðanna.

Í 4. mgr. a. n. er ákvæði, sem heimilar skólastjórum að ráðstafa eftir eigin mati til kennslu eða annarra þarfa skólans,  $\frac{3}{4}$  hlutum þess stundafjölda, sem á kann að vanta að fullnotaður sé hámarksstundafjöldinn, en þó mest 1% af honum. Er ákvæði þetta hugsað sem örvun til skólastjóra til alúðar og ráðdeildar við skipulagningu skólastarfs.

Í lok umsagnar um 80. gr. verður með nokkrum dæmum gerð nánari grein fyrir útreikningi stundafjölda.

Hámark stundafjölda samkvæmt þessari grein er miðað við heildarfjölda nemenda í skólahverfinu öllu. Þar sem fleiri en ein skólastofnun á grunnskólastigi starfar innan skólahverfisins skiptist stundafjöldinn milli þeirra. Viðauki, sem hér er gerður við 2. málsgrein eldri gerðar frumvarpsins lýtur að því að taka af allan vafa um, hver annast skuli skiptingu stundafjöldans milli skólanna.

Breyting er einnig gerð á 3. málsgrein til þess, að ekki ríki sá misskilningur, að ákvæði staflíða a) til d) séu bindandi og ófrávikjanleg.

Um 80. gr.

Í þessari grein er fjallað um þann launakostnað, sem ríkissjóður greiðir fyrir reglubundin störf í grunnskóla, önnur en kennslu. Er þar um að ræða stjórnun, störf við bókasöfn og kennslutæki, svo og störf að félagslífi nemenda.

Í skólakostnaðarlögunum er gert ráð fyrir þessum störfum innan kvótans fyrir reiknaðar stundir.

Hér er þessum störfum haldið utan kennslustundakvótans og til þeirra ætlaður ákveðinn stundafjöldi, er miðast við hámark kennslustundafjöldans eða við fjölda nemenda.

Þessi stundafjöldi kemur til greiðslu úr ríkissjóði á tvennan hátt. Annars vegar sem lækkun kennsluskyldu skólastjóra og yfirkennara vegna stjórnunarstarfa og leggst þá reikningslega að jöfnu klukkustund samkvæmt kvótanum og kennslustund til lækkunar kennsluskyldu, án þess þó, að þar með sé nokkuð sagt um mat á þeim starfstíma, sem koma skal í stað kennslustundar, ef ekki er um kennslu að ræða. Hins vegar greiðir ríkissjóður til sveitarfélaga allt að þeirri fjárhæð, sem fæst með því að margfalda kvótana (stjórnun að frádreginni lækkun kennsluskyldu) með dagvinnutímakaupi í meðallaunaflokki kennara á grunnskólastigi. Sveitarfélögum eða skólum er þá heimilt, að ráðstafa þeirri fjárhæð til hinna tilgreindu starfa með því starfsfyrirkomulagi og þeim starfskröftum, sem bezt verður talið á hverjum stað. Skólastjóri og sveitarstjórnir gera grein fyrir ráðstöfun fjárens í sinni árlegu fjárhagsáætlun og þarf hún að hljóta samþykki ráðuneytisins, enda sé hún í samræmi við reglugerð, sem setja skal um störf samkvæmt þessari grein. Með þessum hætti ætti að skapast meiri sveigjanleiki í framkvæmdum og verða auðveldara að tengja þessi störf innan skólans skyldri starfsemi, sem e. t. v. er rekin á viðkomandi stað. Ekki er gert ráð fyrir, að störfin séu ætíð í höndum starfsmanna skólans, þ. e. fyrst og fremst kennara, heldur er einnig unnt að fela aðilum utan skólans að annast þau eða hluta þeirra, t. d. almenningsbókasöfnum bókasafnsstörfin og félagsstörfin þeim aðila, sem annast almenna æskulýðsstarfsemi í bæjar- eða sveitarfélaginu, ef einhver er.

Sú vinna, sem ætluð er til stjórnunar, er að mestu miðuð við núverandi ástand. Lækkun kennsluskyldu skólastjóra er nú 5.2% af reiknuðum stundum allt að 400 stundum á mánuði, en 1.5% eftir það. Auk þess hafa flestir stærri skólar yfirkennara með hálfu kennsluskyldu og greiða laun fyrir skrifstofustörf. Ákvæði a)liðar þessarar greinar frv. eru í knappasta lagi fyrir stærri skóla. Nefndin taldi því rétt að breyta greininni í það horf, að öllum skólum sé ætlaður stundafjöldi til stjórnunarstarfa, er nemi 7% af hámarki kennslustundafjöldi skv. 79. gr. Á það skal þó bent, að eftir sem áður fá litlir skólar hlutfallslega fleiri stundir til stjórnunarstarfa en stórir skólar, en því valda ákvæði 79. gr. Breyting þessi mun auka launakostnað um 2.5—3 millj. kr. á ári.

Hér er gert ráð fyrir stighækkandi stundakvóta, sem skóli hafi til ráðstöfunar til skrifstofustarfa, þegar frá hefur verið dregin lækkun kennsluskyldu skólastjóra og yfirkennara, en hann má ráða þegar fjöldi kennara er 10 eða fleiri. Eðlilegt virðist, að það sé nokkuð á valdi skólans, hve miklum hluta kvótans verður varið til lækkunar á kennsluskyldu og hve miklu til skrifstofustarfa, en setja þarf í reglugerð ákvæði um hámark og lágmark í þeim efnunum og önnur atriði, er framkvæmd þessara starfa snerta.

Þær fjárhæðir, sem frv. ætlar til starfa við bókasöfn og félagsstörf, fela í sér miklar breytingar frá því sem er. Hvað störf við bókasöfn varðar, er nú ekki í lögum tilgreind sérstök skuldbinding ríkissjóðs, en skólum er heimilt að nota hluta reiknaðra stunda í því skyni, ef slíkt rúmast innan kvótans, og hefur það verið gert, þó í mismiklum mæli sé. Hér er skólunum hins vegar tryggt fjármagn til þeirra starfa, óháð því, hvort þeir fullnota kennslumagnskvótann eða ekki.

Fjárhæð til greiðslu á störfum við bókasafn er miðuð við kennslumagnskvótann og fá því hinir smærri skólar að þessu leyti fjárhæð á nemanda umfram stærri skóla í sama hlutfalli og kennslumagn.

Sú fjárhæð, sem hér er um fjallað, nær eingöngu til daglegra starfa við bókasafn, svo sem útlána, skráningar, eftirlits í lesstofum o. s. frv. Annar þáttur bókasafnsstarfa, sem er leiðbeining um notkun bókasafns við nám, sbr. umsögn um 79. gr., og hinn þriðji, þ. e. sérfræðileg þjónusta vegna skipulagningar bókasafna, er eðlilegt, að verði unnin af eða á vegum hlutaðeigandi fræðsluskrifstofu og fjárframlög til þeirra starfa innifalin í framlögum til þeirra.

Fjárhæð til félagsstarfa er aftur á móti miðuð við nemendafjölda og er mismunandi eftir stærð skóla. Ræður því sú skoðun nefndarinnar, að sérstök þörf sé á slíkri starfsemi í hinum smærri skólum úti um land, þar sem nemendur eru í heimavistum og aðild heimilanna í uppeldinu hlýtur því að vera takmörkuð, einnig þar sem nemendur eru í heimanakstri og félagsleg þátttaka þeirra takmörkuð og loks þar sem um heimgöngu nemenda er að ræða, einkum í kaupþúnum, þar sem „sjoppa“ er tíðast eina athvarf nemenda til samveru, er æskilegt að skólinn geti orðið það í ríkara mæli.

Þar sem hér er um allverulegar fjárhæðir að ræða, er nauðsyn að sett verði í reglugerð ákvæði, er tryggji sem bezt nýtingu þessara fjármuna. Án þess er hætt á, að litið verði á þetta sem dulbúnar launahækkanir til kennara og ekki náist þau starfsmarkmið, sem í frumvarpinu eru sett. Þá þarf og í hinni árlegu starfsáætlun skólans að gera grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi á þessu sviði á þann hátt, að hlutlægu mati verði við komið, og sé hún ekki fullnægjandi, falla þessar greiðslur að sjálfsögðu niður.

Þá skal og reglugerðin kveða á um, hvenær ákvæði þessi skuli koma til fullra framkvæmda, sem er eðlilegt, þar sem aðstæður í skólum og undirbúningur starfsliðs skóla eru ekki allsstaðar þannig, að búast megi strax við fullum árangri af þessum störfum. Skólabókasöfn eru víðast af skornum skammti og reynsla kennara í notkun þeirra við kennslu því lítil. Annars staðar í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að uppbyggingu skólabókasafna verði dreift á 10 ára tímabil og virðist eðlilegt, að miða fulla framkvæmd d) liðar þessarar greinar við sama tíma.

Svipað má segja um félagsstörf. Þar skortir mjög á um aðstöðu í skólunum, undirbúning leiðbeinenda og verkefni, sem hæfa. Á því sviði þarf að gera átak og rétt að full framkvæmd c) liðar miðist við það, hversu hratt vinnst á þeim vettvangi.

Önnur ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki skýringa og fer hér á eftir yfirlit yfir þá vinnu, sem skólum af ýmsum stærðum er ætluð samkvæmt frumvarpi þessu og samanburður við hliðstæð ákvæði gildandi skólakostnaðarlaga.

Í útreikningi stundafjölda skv. ákvæðum frumvarpsins er miðað við kennslumagn á deild í samræmi við 45. grein frumvarpsins og þá aldursárganga, sem lagðir eru til grundvallar í hverjum stærðarflokki. Er hér miðað við eftirfarandi meðaltal á deild:

1.—4. ár	.....	27	st.
1.—6. ár	.....	30	—
1.—7. ár	.....	30.3	—
1.—9. ár	.....	32.2	—

Þá er skipting stunda til stjórnunar áætluð þannig, að lækkun kennsluskyldu skólástjóra er höfð sem næst því sem nú er, og lækkun kennsluskyldu yfirkennara, eftir að þeir koma til greina, er miðuð við um helming þess stundafjölda, sem til ráðstöfunar er, umfram lækkun kennsluskyldu skólástjóra, en þó mest sem svarar til hálftrar kennsluskyldu. Aðrar forsendur útreikninga liggja ljóst fyrir.

Samanburður við gildandi skólakostnaðarlög er nokkrum annmörkum háður. Þar verður m. a. að taka til greina breytingu á kennslutíma, sem er mjög misjafn

eftir aldri nemenda, og deildaskipan skólans. Gengið er út frá, að kennslustunda-fjöldi, sem ákvæði skólakostnaðarlaga miðast við, sé annars vegar miðaður við „Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri“ frá 16. sept. 1960, svo langt sem hún nær, og hins vegar við þann kennslutíma, sem var í skólum um það leyti, sem löggin tóku gildi. Á það einkum við gagnfræðastigið, en þar ná ákvæði námsskrár einungis til 1. og 2. bekkjar og eru þess utan óljós að því er tímafjöldi varðar. Hér er miðað við það, að að baki hámarksákvæða skólakostnaðarlaganna liggja þessi kennslutími:

Í barnaskólum 1.—6. ár, 26 stundir á deild á viku og er þá miðað við lágmark námsskrár, í gagnfræðastigsskólum 7. ár, 36 stundir (40 mín., er svara til 32 st., 45 mín.), sem er nærri lágmarksákvæðum námsskrár, í gagnfræðastigsskólum með 3 eða fleiri aldursárganga, 38 stundir, sem er miðað við meðalkennslu í gagnfræðaskólum í Reykjavík skólaárið 1968—69.

Fjöldi reiknaðra stunda samkvæmt skólakostnaðarlögum er síðan hækkadur hlutfallslega við þá vikulegu kennslutíma, sem frumvarpið gerir ráð fyrir og samanburðurinn á því að gefa nokkuð góða mynd af fyrirhugaðri starfsaukningu þegar sami kennslutími er í bæði skipti lagður til grundvallar.

Aukningin er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða rýmri stundakvóta til þess að anna sömu kennslu, þ. e. minnka samkennslu og auka deildaskiptingu, sem einkum kemur fram í smærri skólum, og hins vegar aukið starfsmagn til annarra starfa en kennslu og er sú aukning einnig hlutfallslega mest í smáum skólahverfum, þar sem slíkir möguleikar voru vart fyrir hendi. Í stóru skólahverfunum á ekki að vera um að ræða aukningu af fyrrnefndu ástæðunum, þar sem þar er ekki gert ráð fyrir breytingum á deildaskipan, en hækkun á að öllu leyti að stafa af viðbót til starfa við bókasöfn og félagsmál.

Í tveimur stærstu flokkunum kemur þessi starfsaukning þó ekki fram sem skyldi. Ástæðan er sú, að í skólahverfum þessum er nú hluta af reiknuðum stundum varið til starfa, svo sem starfa á fræðsluskrifstofu, námseftirlits og leiðbeininga, sjúkrakennslu o. fl., sem samkvæmt frumvarpinu á ekki að greiða af þeim stundafjölda, sem í töflunum er fjallað um. Samkvæmt áætlun fyrir skólana í Reykjavík fyrir yfirstandandi skólaár er gert ráð fyrir því, að u. þ. b. 4% reiknaðra stunda fari til þessara nota. Þegar það er tekið til greina, er breytingin í þessum skólahverfum um 3—7% til hækkunar, miðað við sama kennslumagn.

#### Störf á viku samkvæmt 79. og 80. gr.

Nem. í skólahverfi	Árg. í skóla	Fjöldi deilda	Hámark st. fj. skv. 79. grein.	Stjórnun		Bókasafn kr.	Félagsst. kr.
				Lækkun kennslu skyldu	Fjárhæð		
20	1.—4.	2	50	4	210	630	1 205
25	1.—4.	2	59	4	210	743	1 244
40	1.—4.	2—3	84	4	439	1 058	1 361
40	1.—6.	3—4	93	4	527	1 134	1 361
60	1.—7.	5	132	6	680	1 663	1 516
100	1.—7.	7	207	10	943	2 608	1 827
150	1.—7.	7	282	14	1 205	3 553	2 216
200	1.—7.	8—10	357	17	1 678	4 498	2 604
200	1.—9.	9	380	20+ 3	756	4 788	2 604
250	1.—7.	14	433	21+ 5	905	5 456	2 993
250	1.—9.	11—13	460	22+ 5	1 092	5 796	2 993
350	1.—9.	18	620	24+ 7	1 562	7 812	3 770
500	1.—9.	18	830	27+13	2 407	10 458	4 935
700	1.—9.	27	1 110	46+14	1 852	16 317	6 468
1000	1.—9.	36—40	1 530	53+26	3 330	22 491	9 240
2000	1.—9.	ca. 80	2 930	106+52	4 969	43 071	18 480
15000	1.—9.	ca. 600	21 130	660+378	57 132	310 611	138 600

## Samanburður.

Nem. í skólav.	Reikn. <sup>1)</sup> st. skv. 1. 49/1967	Reikn. <sup>2)</sup> st. skv. frumvarpi
20 .....	38	62
25 .....	45	71
40 <sup>3)</sup> .....	69	98
40 <sup>3)</sup> .....	89	108
60 .....	134	152
100 .....	207	236
150 .....	288	321
200 <sup>4)</sup> .....	363	407
200 <sup>4)</sup> .....	396	433
250 <sup>4)</sup> .....	430	493
250 <sup>4)</sup> .....	476	524
350 .....	610	700
500 .....	843	936
700 .....	1 136	1 261
1000 .....	1 619	1 739
2000 .....	3 238	3 334 <sup>5)</sup>
15000 .....	24 261	24 043 <sup>5)</sup>

- 1) Hækkað með tilliti til lengingar á vikulegum kennslutíma.
- 2) Fjárhæðir umreiknaðar í stundir miðað við stundakennaralaun.
- 3) Annars vegar í skóla með 1.—4. aldursárgang og hins vegar í skóla með 1.—6. aldursárgang.
- 4) Annars vegar í skóla með 1.—7. aldursárgang og hins vegar í skóla með 1.—9. aldursárgang.
- 5) Þessar tölur eru ekki fyllilega sambærilegar við aðrar, þar sem hluta af reiknuðum stundum í skólaverfum af þessari stærð var ráðstafað til verkefna, sem ekki eru talin með í kvóta samkv. frumvarpinu, en greiðist á annan hátt úr ríkissjóði, t. d. framlag til fræðsluskrifstofu, námsstjórn, sjúkrakennsla o. fl. Hækkun ætti því að vera ca. 4% meiri en taflan sýnir, þegar það er tekið til greina.

### Um 81. gr.

Efnislega eru ákvæði þessarar greinar óbreytt tekin úr skólakostnaðarlögum, að því undanskildu, að farið er með laun vegna gæzlu og mótuneytis nemenda, sem eru í heimanakstri, á sama hátt og um heimavistir væri að ræða. Er það til samræmis við það, sem þegar er fyrir hendi og nauðsynlegt hefur verið að framkvæma.

### Um 82. gr.

Efnislega er hér ákvæðið um skólabókasöfn nýjung, sem ekki þarfnast frekari skýringa, og ákvæði um aksturskostnað eru hér nákvæmari en í skólakostnaðarlögum og í samræmi við reglugerð samkvæmt þeim, nr. 26 frá 28. janúar 1971.

Í samræmi við ákvæði 37. gr. er hér gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði ferða- og dvalarkostnað vegna þeirra kennara, sem þar er fjallað um.

### Um 83. gr.

Efnislega óbreytt frá gildandi ákvæðum.

### Um 84. gr.

Hér er m. a. átt við skóla eða sérdeildir fyrir nemendur, sem búa við sérlega erfiðar heimilisástæður, sækja illa skóla eða eiga örðugt með reglulegt grunnskólánám af öðrum skyldum sökum. Sérdeildir eða skólar af þessu tagi, sem að jafnaði yrðu heimavistarskólar, teljast til hins almenna grunnskóla, og yrði eftir föngum stefnt að því, að nám í þeim gæti verið tímabundin ráðstöfun.

Kennslumagn þessara skóla ákveðist í reglugerð eins og nú er og taki sú reglugerð einnig til starfshátta og fyrirkomulags þessara skóla.

Um 85. gr.

Í grein þessari er það nýmæli, að starfsáætlun skólans skuli miða við tímabilið 1. júlí til 30. júní. Er það tímabil að visu hvorki í samræmi við reikningsár skólanna né fjárlagaár, en ekki þarf það að valda örðugleikum. Þetta tímabil er hins vegar hentugra með tilliti til þess, að hvert skólaár um sig er hið eðlilega skipulagn-ingar- og áætlunartímabil og einnig vegna þess, að gert er ráð fyrir í frv., að greiðslu-háttum verði breytt í það horf, að hlutdeild ríkissjóðs í rekstri skóla verði að mestu greidd mánaðarlega samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun, en endanlegt uppgjör framkvæmt árlega.

Þá er og það nýmæli, að áætlanir úr hverju fræðsluumdæmi fara um hendur fræðslustjóra sem gerir heildaráætlun fyrir svæðið og sendir menntamálaráðuneytinu.

Um 86. gr.

Í grein þessari er kveðið á um greiðslumáta og greiðslutíma þess kostnaðar, sem í hlut ríkissjóðs kemur. Nýmæli er það, að hluti ríkissjóðs í rekstrarkostnaði skuli inntur af hendi mánaðarlega samkvæmt áætlun, sem gera skal í upphafi skólaárs og ná þá ákvæði um mánaðarlega endurgreiðslu, ef þetta verður samþykkt, til alls rekstrarkostnaðar, í stað þess að nú eru eingöngu kennslulaun og laun vegna mótuneytis og heimavista greidd með þeim hætti. Um fyrra atriðið, þ. e. greiðslur samkvæmt áætlun, þarf ekki að fjölyrða. Þetta fyrirkomulag er nú þegar að nokkru í framkvæmd og hefur í för með sér hagræði og vinnusparnað, auk þess sem það á að tryggja, að sá aðili, sem fjármál og reikningshald skóla annast, fái til rekstrarins fjármagn úr ríkissjóði jafnóðum og á þarf að halda.

Síðara atriðið, þ. e. mánaðarleg endurgreiðsla á hluta ríkissjóðs í rekstrar-kostnaði, öðrum en launum vegna kennslu og heimavista, er veigamikil breyting. Hér er fyrst og fremst um að ræða aksturskostnað og kostnað af heilbrigðisþjónustu. Aksturskostnaður er orðinn mikill liður í skólaútgjöldum hjá ýmsum sveitarfélögum, bæði þar sem daglega er ekið til skóla og vegna aksturs til og frá heima-vistum um helgar. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1973 er þessi kostnaður áætl-aður um 44 millj. kr. vegna ársins 1972, að því er ríkissjóð varðar. Kostnaður þessi skiptist þó afar misjafnt á einstök sveitarfélög, þar sem fjöldi þeirra hefur engan slíkan kostnað, en hjá öðrum nemur hann hundruðum þúsunda á ári og veldur það þeim miklum örðugleikum að fá ekki endurgreiðslu úr ríkissjóði fyrr en við árs-reikningsskil. Fyrir ríkissjóð hefði þessi breyting í för með sér, að greiðslum yrði flýtt til jafnaðar um hálf t. ár og útgjöld ríkissjóðs því á fyrsta ári breytingarinnar u. þ. b. helmingi hærri vegna þessa en ella. Eftir það yrðu útgjaldaáhrif breyt-ingarinnar lítil.

Skv. frumvarpinu skal ríkissjóður endurgreiða sveitarfélögum sinn hluta við-haldskostnaðar árlega eftir á. Æskilegt væri að greiða þennan kostnað jafnóðum, en framkvæmdaörðugleikar eru á því. En þau ár, sem mikill viðhaldskostnaður fell-ur á einstök sveitarfélög, er æskilegt að heimila ráðuneytinu endurgreiðslu kostn-aðarins fyrr en ella.

Um 87. gr.

Efni þessarar greinar er að mestu óbreytt frá 25. og 26. grein skólakostnaðar-laga. Menntamálaráðuneytið fer nú með fjármálaeftirlit skóla og er ætlað að svo verði framvegis og gert ráð fyrir, að unnt sé að fela það verk þeim fræðslustjóra, sem í hlut á.

Um 88. gr.

Grein þessi kveður á um framlag ríkissjóðs til rekstrar fræðsluskrifstofu. Megin-forsenda ákvæðanna er sú, að ríkissjóður greiði að fullu föst laun fræðslustjóra, en annan kostnað að hálfu á móti hlutaðeigandi sveitarfélögum. Framlag ríkissjóðs getur þó ekki farið yfir ákveðið hámark, sem miðað er við nemendafjölda, þegar um er að ræða almennan skrifstofukostnað og námseftirlit og háð samþykki mennta-

málaráðuneytisins hvað varðar kostnað við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu. Hámarksframlagið er við það miðað, að af því og mótframlagi landshlutasamtaka sveitarfélaga verði unnt að greiða laun starfslíðs, skrifstofu- og ferðakostnað, og er þá gert ráð fyrir, að í minnstu fræðsluskrifstofunum starfi, auk fræðslustjóra, einn fulltrúi og ein skrifstofustúlka. Fyrir umdæmið með mestum nemendafjölda, þ. e. Reykjavík, er gert ráð fyrir, að framlagið verði sem næst óbreytt frá því sem nú er, en samningur milli Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneytisins heimilar í þessu skyni notkun á allt að 1% reiknaðra stunda.

Framlag samkvæmt staflið c) þessarar greinar er ætlað til greiðslu á almennu náms- og skólaeftirliti, sbr. 14. gr. 4. tölulíð, svo og til fagnámsstjórnar innan einstakra fræðsluumdæma.

Þá greiðir ríkissjóður og helming af kostnaði við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, enda sé til hans stofnað með samþykki menntamálaráðuneytisins. Er þar fyrst og fremst um launakostnað að ræða, þar sem starfsemin mun annaðhvort fara fram í húsnæði fræðsluskrifstofu eða viðkomandi skólum.

Ríkisframlag samkvæmt stafliðum b) til d) tekur til alls rekstrarkostnaðar, utan húsaleigu, sem eðlilegt þótti að greidd yrði að hálfu af ríkissjóði í samræmi við þátttöku í stofnkostnaði.

Í 15. gr. er nú gert ráð fyrir, að heimilt sé að fela starfsdeildum innan landshlutasamtaka sveitarfélaga, að annast hluta af starfsemi fræðsluskrifstofu. Því kveður þessi grein á um, að sú heimild breyti í engu fjárframlögum ríkissjóðs til rekstrar fræðsluskrifstofu.

Nefndinni þótti og ástæða til að taka tillit til mismunandi aðstæðna í fræðsluumdæmum að því er ferðakostnað varðar.

#### Um 89. gr.

Stofnkostnaður fræðsluskrifstofu greiðist til helminga af ríkissjóði og landshlutasamtökum sveitarfélaga, að undanskildum 2 millj. kr., sem ríkissjóður leggur fram í upphafi, án mótframlags. Er tilgangurinn með því annars vegar sá, að jafna nokkuð milli landshluta, þar sem þessi kostnaður verður hlutfallslega meiri í fámennari umdæmum, og hins vegar að tryggja fjármagn til undirbúningsframkvæmda. Rétt þótti að hafa framlag þetta bundið við vísitölu, þar sem æskilegt er, að ekki verði alls staðar lagt í byggingar þegar í stað, en leiguhúsnæði nýtt, ef fyrir hendi er, án þess þó að sú bið skerði raungildi ríkisframlagsins.

#### Um 90. gr.

Ýmis ákvæði laganna kunna að þurfa frekari skýringa við, auk þess sem kveða þarf nánar á um önnur atriði, þegar lögin koma til framkvæmda. Af þessum sökum þótti nauðsynlegt að hafa í lögnum almenna heimild um setningu reglugerða.

Auk þessarar almennu heimildar er í einstökum greinum frumvarpsins tekið fram sérstaklega, að settar skuli námsskrár, erindisbréf eða ákvæði í reglugerð. Þau atriði, sem hér er um að ræða, eru þessi:

1. Fundarseta fulltrúa kennarasamtaka og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, svo og annarra aðila í fræðsluráðum (sbr. 11. gr.)
2. Störf skólanefnda (sbr. 17. gr.)
3. Hvernig háttáð skuli kosningu kennarafulltrúa í skólanefndir (sbr. 18. gr.)
4. Framkvæmd 20. greinar (sbr. 20. gr.)
5. Endurmenntun kennara (sbr. 40. gr.)
6. Framkvæmd orlofs kennara (sbr. 41. gr.)
7. Aðalnámsskrá fyrir grunnskóla (sbr. 43. gr.)
8. Sérstakar námsskrár fyrir nemendur, sem njóta sérkennslu (sbr. 43. gr.)
9. Sérkennsla (sbr. 53. gr.)
10. Tilhögun námsmats (sbr. 62. gr.)

11. Námsstjórn (sbr. 64. gr.)
12. Starfstilhögun og starfssvið grunnskólaráðs (sbr. 66. gr.)
13. Viðbótarnám og starfsþjálfun skólaráðgjafa (sbr. 73. gr.)
14. Framkvæmd og verksvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu (sbr. 74. gr.)
15. Verksvið starfsmanna sálfræðideildar (sbr. 74. gr.)
16. Starfsemi og starfslið skólabókasafna (sbr. 75. gr.)
17. Kennsla óskólaskyldra barna (sbr. 77. gr.)
18. Skipting stunda (sbr. 80. gr.)
19. Hluti ríkissjóðs í aksturskostnaði (sbr. 82. gr.)
20. Greiðsla úr ríkissjóði vegna námshjálpar o. fl. (sbr. 84. gr.)

#### Um 91. gr.

Nefndin taldi rétt, að lög um grunnskóla kæmu öll til framkvæmda á 10 árum frá gildistöku þeirra, og er þetta í samræmi við 11. gr. frumvarps til laga um skóla-kerfi. eru og sérstakar framkvæmdaáætlanir um einstaka þætti frv. að jafnaði miðaðar við þetta, en slíkar áætlanir eru tilgreindar í 23. gr. (skólabyggingar), 53. gr. (sérkennslustofnanir), 68. gr. (ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta) og 82. gr., sbr. og 75. gr. (skólabókasöfn).

Þrátt fyrir þetta er að sjálfsögðu til þess ætlað, að undirbúningur framkvæmda hefjist hið fyrsta og verði haldið reglulega áfram, þannig að markmiði laganna verði að fullu náð á ofangreindum tíma. Er afar mikilvægt, að menntamálaráðuneytinu og samstarfsaðilum þess verði sköpuð viðhlítandi skilyrði til þeirrar áætlanagerðar og heildarstjórnar, sem nauðsynlegar eru til farsællar mótunar grunnskóla á Íslandi.

Til þess að marka ákveðna stefnu um framkvæmdatíma lengdrar skólaskyldu, er nú bætt við ákvæði um, að hún skuli koma til framkvæmda samtímis á landinu öllu, sex árum eftir gildistöku laganna. Voru sex ár talin vera hæfilegur undirbúningstími.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

## KOSTNAÐARÁHRIF

Hér á eftir verður leitast við að gera grein fyrir þeim breytingum á launakostnaði við skólhald, sem ætla má að leiði af framkvæmd frumvarpsins, ef að lögum verður. Ekki er þó hægt að telja allar þessar breytingar til afleiðinga af grunnskólahaldi. Nokkur hluti þeirra leiðir af breytingum á skólhaldi, sem geta orðið og eru sífellt að verða innan núverandi laga og ekki er ætíð unnt að greina þar á milli.

Hér verður gengið út frá þeirri forsendu, að lagasetningin hafi ekki veruleg áhrif á launakjör kennara, en að þeim undanskildum eru helstu orsakþættir launakostnaðar nemendafjöldi, árlegur og daglegur starfstími skóla, kennsluskipan, m. a. bekkjarstærðir, og sá tími, sem varið er til ýmissa starfa við skóla.

### Fjöldi nemenda.

Eftirfarandi töflur sýna fjölda nemenda í barna- og gagnfræðastigsskólum á liðnum árum samanborið við fjölda barna og unglunga í viðkomandi aldursárgöngum. Einnig er sýndur sérstaklega fjöldi nemenda í 3. og 4. bekk gagnfræðastigs, en ákvæði frumvarpsins snerta þann nemendafjölda sérstaklega.

Fjöldi			
Barnastig:	1.	2.	2. sem
Ár.	7—12 ára barna	nemenda í barnaskólum	hundraðshluti af 1.
1930	13 659	8 265	60.6
1940	14 993	12 831	85.6
1950	15 020	14 216	94.6
1960	23 407	22 795	97.4
1969	27 375	27 050	98.8
1972	27 450	27 217	99.2

  

Fjöldi			
Gagnfræðastig:	1.	2.	2. sem
Ár.	unglinga 13—16 ára	nemenda í gagnfræðastigsskólum	hundraðshluti af 1.
1930	8 370	2 700	32.3
1940	9 532	4 096	43.0
1950	9 404	5 509	58.6
1960	13 139	9 019	68.6
1965	15 450	11 849	76.8
1967	16 150	12 782	79.1
1969	17 047	14 380	84.4
1972	18 000	15 589	86.6

  

3. og 4. bekkur gagnfræðastigs:	Nemendur 3. bekkjar			Nemendur 4. bekkjar		
	15 ára árgangur		%	16 ára árgangur		%
1964	3 705	2 540	68.7	3 675	1 137	30.9
1965	3 917	2 777	70.8	3 705	1 278	34.5
1966	3 870	3 057	78.9	3 917	1 403	35.8
1967	3 930	3 197	81.2	3 870	1 566	40.5
1968	4 037	3 569	86.3	3 930	1 691	43.0
1969	4 170	3 875	92.9	4 137	1 891	45.7
1972	4 530	4 291	94.7	4 400	2 310	52.5

Hundraðshlutar þeir, sem sýndir eru hér að ofan, mega þó ekki skoðast sem hlutfallsleg skólasókn viðkomandi aldursárganga, þar sem seinkun í námi veldur ætíð

nokkurri fjölgun nemenda, og ekki eru sérstofnanir meðtaldar. Ætla má, að seinkun í námi hafi orsakað 2—3% aukningu nemendafjölda í heild, en þó nokkuð meir í einstökum bekkjum, fyrst og fremst 3. bekk þar sem hún mun vera ca. 8%, aðallega vegna endursetu í landsprófsdeildum.

Ætla má að 2—3% af börnum og unglingum þurfi að stunda nám í sérstofnunum. Með tilliti til þess og seinkunarinnar má því áætla fjölda nemenda í almennum grunnskólum, sem 100% af stærð viðkomandi aldursárganga.

Samkvæmt þjóðskrá var fjöldi barna og unglunga eftir fæðingarárur þessi í árslok 1970:

Fæðingarár	Fjöldi	Fæðingarár	Fjöldi
1956 .....	4 405	1964 .....	4 601
1957 .....	4 534	1965 .....	4 574
1958 .....	4 445	1966 .....	4 511
1959 .....	4 628	1967 .....	4 251
1960 .....	4 649	1968 .....	4 072
1961 .....	4 405	1969 .....	4 101
1962 .....	4 559	1970 .....	3 873
1963 .....	4 668	(1971) .....	ca. 4 150

Samkvæmt þessu áætlast fjöldi nemenda á almennu grunnskólastigi svo:

1972/73 .....	(41 000)	1975/76 .....	40 300
1973/74 .....	41 000	1976/77 .....	39 750
1974/75 .....	40 850	1977/78 .....	39 200

Fremur er að búast við fjölgun fæðinga á næstu árum, en nemendum á grunnskólastigi fari þó vart að fjölga fyrr en um og eftir 1985, en yrði til þess tíma væntanlega milli 39 og 40 þús. Lenging skólaskyldunnar, bæði 9. árið og afnám undanþágu, hvað snertir yngstu árganga, mun því væntanlega auka fjölda nemenda um ca. 400, en niðurfelling 4. bekkjar núverandi gagnfræðastigs fækkar nemendum um ca. 2 300.

Í heild yrði því um ca. 1 900 nemenda fækkun að ræða eða um 4.4%.

Hér á eftir verður sú fækkun nemenda, sem stafar af niðurfellingu fjórða bekkjar, látin vega á móti aukningu á öðrum sviðum og því metin til lækkunar á kostnaði. Í fljótu bragði virðist það umdeilanlegt frá því sjónarmiði, að reikna megi með því, að þessir nemendur stundi nám 10. skólaárið, hvort sem er grunnskóli eða ekki. Það er að vísu rétt að gera ráð fyrir lengri skólagöngu þessara nemenda, en það skiptir þó ekki meginmáli í þessu sambandi.

Eðlilegt er að gera ráð fyrir að velflestir nemendur leggi stund á 1—4 ára nám á framhaldsskólastigi að loknum grunnskóla. Verði svo, sem nefndin gerir ráð fyrir, að aukin og bætt kennsla á grunnskólastigi skili nemendum betur undirbúnum undir framhaldsnám að loknum 9 námsárum, en nú er, ætti það að leiða til þess, að við nauðsynlega endurskipulagningu framhaldsstigsins, verði unnt að hafa námsbrautir þar styttri en ella yrði. Er þá um raunverulegan sparnað að ræða, sem rétt er að reikna grunnskólanum til tekna. Má og í því sambandi minna á þá staðreynd, að hlutverk 4. bekkjar nú sem námsárs í framhaldsnámi er næsta lítið. Hvort, sem um er að ræða iðnnám eða nám á bóklegu sviði, hafa þeir nemendur, sem í gegnum 4. bekk fara, að jafnaði lagt að baki einu ári fleira í námi en þeir, sem í sama nám fara að loknu miðskólaprófi eða landsprófi.

### Stundafjöldi og kennsluskipan.

Í nágildandi lögum eru ákvæði 19. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, að mestu ákvarðandi um þann stundafjölda, sem notaður er í skólum í dag, bæði til kennslu og annarra starfa og ráða þau því óbeint kennsluskipan. Þessi ákvæði eru, í ljósi þeirrar reynslu, sem fengizt hefur af notkun þeirra, m. a. við undirbúning fjárlaga, haldgóður mælikvarði á það starfsmagn, sem skólarnir nota í dag. Samþærileg ákvæði frumvarpsins, þ. e. 79. og 80. gr. verða á sama hátt notuð sem mælikvarði á það starfsmagn, sem gert er ráð fyrir að grunnskólar noti og hefur með því verið tekið tillit til ráðgerðrar lengingar vikulegs kennslutíma, aukins starfs við bókasöfn og félagsstörf og rýmri möguleika smærri skóla til skipunar í náms- hópa.

Reynsla síðustu ára hefur sýnt, að nauðsynlegt hefur verið að nýta að fullu heimild skólakostnaðarlaganna um 2% frávik til hækkunar. Þar sem ákvæði þessa frumvarps eru til muna rýmri, er ástæða til að ætla, að með framkvæmd þeirra verði slík frávik í minna mæli nauðsynleg. Til þess þó, að ofmeta fremur en vanmeta líklegan kostnaðarauka verður ekki reiknað með slíkum frávikum hér á eftir. Miðað verður við þá skólaskipan, sem nú er fyrir hendi og þá litið fram hjá því, að ýmis ákvæði frumvarpsins eru til þess fallin að örva til samvinnu sveitarfélaga og stuðla að hagkvæmari skólarekstri, sem haft gæti veruleg áhrif til lækkunar á launakostnaði.

### Samanburður stundafjölda, áætluð hækkun kennslulauna.

Á yfirstandandi skólaári eru 27.251<sup>1)</sup> nemendur í almennum barnaskólum (án forskóla og sérstofnana), sem skiptist svo eftir stærð skólahverfis og starfstíma skóla.

Fjöldi nem. í skólahv.	Starfstími skóla í mánuðum.							Samtals
	9	8	7	6	5	4	3	
að 10 .....		10			8	30	13	61
11— 20 .....		33	151	135	22	13		354
21— 40 .....		599	480	68				1 147
41— 60 .....		1 195	264					1 459
61— 80 .....			774	63				837
81— 120 .....		1 567						1 567
121— 160 .....	143	1 416						1 559
161— 200 .....	169	727						896
201— 300 .....	474	461						935
301— 500 .....	1 108	317						1 425
501—1000 .....	2 882							2 882
1001—2000 .....	4 639							4 639
Yfir 2000 .....	9 490							9 490
	18 905	7 099	958	203	30	43	13	27 251

1) Fjöldi nemenda er hér örlítið annar en talið er í yfirliti um fjölda skóla, nemenda o. fl. sem fylgir greinargerðinni. Ástæðan er sú, að þetta yfirlit var gert áður en borizt höfðu skýrslur frá öllum skólunum og var í þeim tilfellum beitt ágizkun. Munurinn er þó minni en svo að hann skipti máli.

Í 1.—4. bekk gagnfræðastigsskóla eru á yfirstandandi skólaári 15 741 nemendur og skiptast þeir svo eftir stærð skólahverfis og starfstíma<sup>1)</sup>).

Fjöldi nem. í skólahv.	Starfstími skóla í mánuðum.			Samtals
	8,5	8	7	
að 10 .....		32	57	89
11— 20 .....		260	19	279
21— 40 .....		756	112	868
41— 60 .....	60	649		709
61— 80 .....		496		496
81— 120 .....	39	475		564
121— 160 .....	428	253		681
161— 200 .....		349		349
201— 300 .....	261			261
301— 500 .....	748	702		1 450
501—1000 .....	3 118			3 118
Yfir 1000 .....	5 857			5 857
Samtals	10 561	3 995	188	14 721

Auk þeirra nemenda, sem taflan nær til, voru 1020 nemendur í þessum bekkjum í héraðsskólunum og Hlíðardalsskóla.

Miðað við hámarksákvæði 19. gr. laga nr. 49/1967 yrði fjöldi reiknaðra stunda yfir landið allt á ári, sem hér segir:

Barnaskólar .....	1 340 þús. st. (40 mín.)
Gagnfræðastigsskólar .....	1 070 þús. st. (40 mín.)

Samtals 2 410 þús. st.

Sé ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á skólahverfum og nemendafjölda, að öðru leyti en því, að 4. bekkur falli burt, yrðu nemendur alls 40 680 og kennslumagn og framlag til annarra starfa á ári sem hér segir:

Kennslumagn .....	2 279 þús. st.
Skólastjórn .....	103 — —
og að auki .....	9 120 — kr.
Til félagsstarfa .....	17 440 — —
Til starfa við bókasöfn .....	28 640 — —

Séu fjárhæðir reiknaðar til stunda á grundvelli skólakostnaðarlaganna, svara þær til um 204 þús. stunda og starfsmagnið því samtals 2 580 þús. stundir.

Sé einnig gert ráð fyrir árlegri lengingu skólatímans í þá átt, að hann sé að jafnaði 7—8 mánuðir í skólum með undir 40 nemendum, 8—9 mánuðir í skólum með 40—120 nemendum, en 9 mán. í stærri skólum, verður starfsmagn reiknað á sama hátt um 2 700 þús. stundir á ári.

Sé að lokum gert ráð fyrir fullri skólasókn í grunnskóla með um 41 þús. nemendum yrði kennslumagn og framlög til annarra starfa sem hér segir:

Kennslumagn .....	2 400 þús. st.
Skólastjórn .....	108 — —
og að auki .....	9 625 — kr.
Til félagsstarfa .....	18 100 — —
Til starfa við bókasöfn .....	30 245 — —
eða umreiknað í stundir sem fyrr, samtals um	2 723 þús. st.

1) Nokkrir unglingaskólar starfa 7½ mánuð, en eru hér yfirleitt taldir hafa 8 mánaða starfstíma eins og viðkomandi barnaskóli.

Hér að framan var skólatími nemenda miðaður við skráðan starfstíma skóla og ekki tekið tillit til þess, að allstór hópur nemenda býr við svokallaða víxlkennslu. Nú munu um 2 000 börn búa við slíkt kennslufyrirkomulag, þar sem skóladvöl þeirra er aðeins hluti af árlegum starfstíma viðkomandi skóla, að jafnaði ekki minna en helmingur, nema fyrir 7 og 8 ára börn, og þá fyrst og fremst í heimavistarskólum og oft eru eldri börnin  $\frac{2}{3}$  til fullan skólatíma. Í flestum tilfellum er reynt að bæta upp þessa skerðingu skólagöngu með auknu kennsluálagi þann tíma, sem börnin eru í skólanum og hefur kennslukvóti þeirra skóla verið hækkadur á þeim forsendum. Er því ekki raunhæft að líta á afnám víxlkennslu sem tvöföldun á árlegu kennslumagni. Nær lagi er að áætla aukninguna um 2 mánuði á hvert barn. Með afnámi víxlkennslu hjá um 2000 börnum ykist kennslumagn þá árlega um ca. 30 þús. stundir á ári miðað við núverandi skólalald.

Fjallað hefur verið um öll helztu atriði, sem áhrif hafa á launakostnað, og að einhverju leyti má rekja til frumvarps þessa, og skulu þau nú dregin saman til yfirlits og reynt að gera grein fyrir áhrifum hvers og eins. Af þeim tölum, sem nefndar hafa verið hér að framan má ráða eftirfarandi breytingar í hundradshlutum og krónutölu, þegar miðað er við áætlaðan launakostnað barna- og gagnfræðastigs-skóla eins og hann er í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1973.

a) Afnám víxlkennslu .....	ca. + 1.2%
b) Brottfall 4. bekkjar .....	— ÷ 5.4%
c) Lenging vikulegs kennslutíma, aukin störf að félagsmálum og bóka-söfnum, rýmkun kvóta fyrir smærri skóla .....	— + 13.2%
d) Lenging árlegs skólatíma .....	— + 4.6%
e) Fjölgun nemenda .....	— + 0.9%

Í heild er hækkun stundafjöldans um 14.5%, en þar sem um er að ræða allverulega færri nemendur, er fjölgun starfsstunda á nemanda nokkru meiri eða um 19%.

Ætla má, að launakostnaður fylgi stundafjöldanum að mestu. Þó skal bent á og tekið tillit til tveggja atriða í gildandi kjarasamningum, sem valda frávikum:

- 1) Laun kennara breytast um  $\frac{1}{12}$  eða 8.33% af fullum árslaunum, sem miðuð eru við 9 mánaða skóla, fyrir hvern mánuð, sem starfstíminn breytist. Þar sem lenging skólatíma um mánuð veldur minnst 12.5% fjölgun stunda, kemur einungis um 75% af fjölgun stunda fram í launagreiðslum, ef um skyldukennslu fastra kennara er að ræða.
- 2) Í kjarasamningunum er kveðið svo á, að laun fastra kennara séu miðuð við 9 mánaða kennslutíma, og heimilt sé að lengja starfstíma skóla um allt að einn mánuð án breytinga á launum þeirra kennara, er þegar taka laun sem miðuð eru við 9 mánaða kennslu, þótt starfstími skóla sé styttri. Gildir þetta um alla fasta kennara á gagnfræðastigi.

Fjölgun stunda vegna lengingar árlegs starfstíma er áætluð um 120 þús. stundir á ári.

Með tilliti til framangreindra atriða ætti hækkun launakostnaðar aðeins að svara til u. þ. b. 65 þús. stunda og til magnaukningar 4.6%, sem talin var leiða af lengingu árlegs starfstíma myndi svara til um 2.7% hækkunar launakostnaðar.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1973 eru laungagreiðslur vegna kennslu og annara starfa, sem hér er fjallað um áætlaðar um 1 000 000 þús. kr. og er þá miðað við barnaskóla án forskóladeilda og gagnfræðastigsskóla án framhaldsdeilda.

Samkvæmt því og þeim breytingum á starfsmagni, sem fjallað hefur verið um, áætlast breytingar á launakostnaði sem hér segir:

a) Afnáam víxlkennslu .....	+	1.2%	+	12 millj. kr.		
b) Brottfall 4. bekkjar .....	÷	5.4%	÷	54	—	—
c) Lenging vikulegs kennslutíma, aukin störf að félagsmálum og bókasöfnum, rýmkuð kvóta fyrir smærri skóla .....	+	13.2%	+	132	—	—
d) Lenging árlegs starfstíma .....	+	2.7%	+	27	—	—
e) Fjölguð nemenda .....	+	0.9%	+	9	—	—

Samtals 126 millj. kr.

Stærstu orsakabættir breytinga á launakostnaði eru þannig breytingar á starfsmagni til hækkunar og niðurfelling 4. bekkjar gagnfræðastigs til lækkunar. Um réttmæti þess að meta niðurfellinguna til lækkunar í launakostnaði hefur þegar verið dregið á og verður ekki fjölyrt um það hér.

Aukið starfsmagn á viku hverja veldur um 132 millj. kr. hækkun á launakostnaði. Lauslega má áætla einstaka þætti sem hér segir: Störf að félagsmálum eru áætluð alls um 18 millj. kr. Í skólakostnaðarlögunum er nú heimilað að verja mest 2% reiknaðra stunda á gagnfræðastigi til þessara starfa, sem svara til u. þ. b. 6 millj. kr. Hækkun á þessum lið er því um 12 millj. kr.

Ekki er nú í lögum ákvæði um störf við bókasöfn, en heimilt er þó að verja hluta reiknaðra stunda til þeirra starfa, rúmist þær stundir innan kvóta skólans. Ekki liggja fyrir upplýsingar um kostnað við þessi störf, en það mun ekki fjarri lagi að áætla, að ríkissjóður greiði nú til þeirra álíka fjárhæð og til félagsmála-starfa, þ. e. um 6 millj. kr. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir um 30 millj. kr. framlagi, þannig að hækkun nemur um 24 millj. kr.

Lenging vikulegs kennslutíma til jafnaðar á nemanda í grunnskóla skv. frumvarpinu annars vegar og í barna- og gagnfræðastigsskóla, að meðtöldum 4. bekk, hins vegar, verður um 5—6%, eða um 60 millj. kr. á ári.

Það sem eftir er af umræddri 132 millj. kr. hækkun, þ. e. 36 millj. kr., stafar fyrst og fremst af rýmri ákvæðum um stundafjöldi í smáum og miðlungsstörum skólahverfum, þar sem ekki var gert ráð fyrir verulegum breytingum í stærri skólahverfum.

Þegar þessi áætlun um hækkun launakostnaðar er borin saman við greinargerð með fyrra frumvarpi um grunnskóla, vekur það athygli, að þessi hækkun er nú áætluð verulega lægri en þá var gert, þrátt fyrir þá staðreynd, að nú er gert ráð fyrir meiri aukningu starfa, annarra en kennslu, og rýmri kostnaðarákvæðum. Skýringar á þessum mismun eru allmargar og skal dregið á þær helztu.

- Gert er ráð fyrir minni kennslu en í fyrra frumvarpi. Er sú breyting ein stund til jafnaðar á hvern aldursárgang, sem svarar til um 3% lækkunar á kennslumagni.
- Skólasókn hefur aukizt all mikið frá því að fyrra frumvarp var lagt fram. Er þar bæði um að ræða aukna sókn á núverandi skyldunámsstigi og að því loknu. Fjölguð nemenda veldur því minni hækkun nú en þá var gert ráð fyrir, en niðurfelling 4. bekkjar hefur meiri áhrif til lækkunar.
- Árlegur starfstími hefur aukizt mjög verulega á þessu árabili, einkum á gagnfræðastigi, þar sem um 70% nemenda sækja skóla nú í 8½ mánuð, sem var ekki til fyrir 3 árum og flestir unglingaskólar hafa nú 8 mánaða starfstíma. Einnig hefur orðið nokkur breyting í þessa átt á barnastigi, aðallega hjá þeim skólum, sem haft hafa stytztan starfstíma. Þannig sóttu haustið 1969 565 nemendur barnaskóla með 6 mánaða starfstíma eða minna og 1692 skóla með 7 mánaða starfstíma eða minna. Samsvarandi tölur eru nú 289 og 1247. Í þessum tölum eru ekki meðtaldir nemendur í víxlkennslu, sem hafa styttri kennslutíma en þetta, en í þeim efnunum hefur þróunin verið í þá átt að draga úr víxlkennslunni og lengja skólatíma nemenda. Með tilliti til þessarar þróunar, sem orðið hef-

ur, virðist ekki ástæða til annars en að ætla að unnt verði að uppfylla ákvæði 42. gr. á fáum árum.

- d) Þróun kjaramála kennara, svo sem minnzt hefur verið á. Ekki verður gerð hér tilraun til þess að áætla, hve mikinn hluta hækkunar á launakostnaði má rekja beint til grunnskólafyrirkomulags og hve mikinn til breytinga, sem komið gætu innan núverandi skólakerfis. Þróun síðustu ára bendir til þess, að ekki má vanmeta þær breytingar og kostnað af þeim, sem orðið getur án nýrrar lagasetningar. Það kann því í reynd að verða dýrt að draga lengur en orðið er að gera þær breytingar á skólahaldinu, sem, ef vel tekst til, geta orðið til aukins árangurs af skólastarfinu og meiri arðs af þeim fjármunum, sem til þess er varið, gera framkvæmanlegri breytingar á skólahaldi, sem aukið geta hagkvæmni í rekstri og eru forsendur þess, að unnt verði að hefjast handa við endurskoðun skólaskipunar á framhaldsskólastigi á traustum grundvelli.

#### Um stofnkostnað og skólabókasöfn.

Þar sem lenging skólaskyldunnar mun ekki orsaka verulega fjölgun nemenda, þó lítið sé fram hjá fækkun þeirri, sem leiðir af niðurfellingu 4. bekkjar gagnfræðastigs, er ekki að búast við aukinni húsnæðisþörf af þeim sökum.

Það ákvæði frumvarpsins, sem beint snertir húsnæðisþörfina, og er nýmæli, er í 25. gr., þar sem kveðið er svo á, að við gerð skólahúsnæðis skuli framvegis gert ráð fyrir aðstöðu nemenda til undirbúnings undir næsta dag.

Lausleg athugun byggingardeildar menntamálaráðuneytisins bendir til þess, að ákvæði þetta auki húsnæðisþörf skóla í þéttbýli um 10% frá „normum“ um skóla-byggingar, er svarar til um 20 þús. kr. á nemanda. Í dreifbýli er þessi viðbót mjög háð öllum aðstæðum, stærð skóla, heimavist og heimanakstri, þar sem þegar er gert ráð fyrir þessari aðstöðu að einhverju leyti. Í raun er kostnaður við skóla-byggingar í dreifbýli í heild aðeins að litlu leyti háður ákvæðum frumvarpsins. Hann ræðst að verulegu leyti af skólaskipan þeirri, sem komið verður á og því óraunhæft að áætla hann á öðrum grundvelli. Tillögur hafa verið gerðar um skólaskipan fyrir mest allt landið. Þegar þær tillögur hafa verið ræddar og ákvarðanir á grundvelli þeirra verið teknar, er fyrst hægt að gera raunhæfa áætlun um þennan þátt skólamála. Eins og nú horfir gætu fyrstu drög slíkrar áætlunar legið fyrir að u. þ. b. tveimur árum liðnum.

Gert er ráð fyrir, að bókastofni skólabókasafna verði komið upp á 10 árum og verði hann þá um 10 eintök bóka á hvern nemanda. Má því reikna með kaupum um 40 þús. eintaka á ári og kostnaður þá væntanlega um 20 millj. kr., sem skiptast að jöfnu á milli ríkis og sveitarfélaga.

#### Annar rekstrarkostnaður.

Hér að framan hefur eingöngu verið miðað við launakostnað vegna kennslu og þeirra starfa annarra, sem sérstaklega eru tilgreind í 79. og 80. gr. frumvarpsins. Ríkissjóður greiðir einnig hlut í öðrum rekstrarkostnaði og er sú fjárhæð í fjárlaga-frumvarpi áætluð um 144 millj. kr. Er þar um að ræða hlutdeild í aksturskostnaði um 44 millj., laun vegna heimavista 34 millj., forfallakennsla 26 millj. og heilbrigðisþjónusta og fleira um 40 millj.

Ekki er unnt að meta áhrif grunnskóla á þessa kostnaðarliði með neinni vissu. Aksturskostnaður hefur aukizt mjög á síðustu árum, samfara auknu skólahaldi í dreifbýli. Sama er um kostnað vegna heimavista að segja. Þróun þessara útgjaldaliða framvegis er og verður að mestu leyti háð, hvernig tekst til við skipulagningu skólamála í dreifbýli. Aukning, sem stafar beinlínis af ákvæðum þessa frumvarps, kann því að verða lítil, og verður hér áætluð um 10% eða um 15 millj. með hliðsjón af lengingu árlegs skólahalds.

Hlutur sveitarfélaga í rekstri skóla hefur á síðustu árum verið um 30% af heildarrekstrarkostnaði, og má því áætla, að sem stendur sé hann um 550 millj. kr. Er þar fyrst og fremst um rekstur húsnæðis að ræða, sem ekki ætti að verða fyrir verulegum áhrifum af frumvarpinu. Þó má áætla, að lenging árlegs kennslutíma og aukið húsnæði, sem gert er ráð fyrir, verði til nokkurs kostnaðarauka, sem og akstur. Verður hér mjög lauslega reiknað með 40—50 millj. kr. hækkun.

#### Endurmenntun kennara.

Samkvæmt 40. og 41. grein frumvarpsins verður endurmenntun kennara kostuð á tvennan hátt, annars vegar með veitingu orlofs og styrkja, hins vegar með skipulögðu námskeiðahaldi innanlands.

Ekki er gert ráð fyrir, að framlag til orlofs og styrkja verði bundið í lögum, en verði ákvæðið í fjárlögum hverju sinni, en vegna ákvæða um hámarksfjárhæð á hvern kennara, þ. e. ein og hálf embættislaun á starfsævi, má reikna með, að til lengdar geti þessi fjárhæð ekki farið fram úr 5% launa fastra kennara og skólastjóra, eða 40—45 millj. kr. á ári miðað við launakjör nú. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1973 er gert ráð fyrir um 9.7 millj. kr. til þessara nota.

Skipulögð endurhæfing kennara í samræmi við nýjungar í námsefni og kennsluháttum er brýnt nauðsynjamál, sem þegar er komið allverulega af stað, einkum í sambandi við skólarannsóknir menntamálaráðuneytisins. Þannig er í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1973 gert ráð fyrir um 6.9 millj. kr. í þá starfsemi. Með ákvæðum 33. greinar um að verja megi í þetta 1% skólastjóra- og kennaralauna gæti sú fjárhæð hækkað í 11—12 millj. kr. á ári hverju.

#### Skólarannsóknir og fagnámsstjórn.

Samkv. 64. grein frumvarpsins er áætlað að varið verði til námsstjórnar í einstökum fögum fjárhæð, er nemi minnst sjö námsstjóraalaunum, eða um 4.5 millj. kr. á ári, miðað við launakjör nú.

Til rannsóknarverkefna á sviði skóla- og uppeldismála er gert ráð fyrir árlegum fjárveitingum, er svari til 1% af fjárframlögum til stofn- og rekstrarkostnaðar grunnskóla og framhaldsskóla. Miðað við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1973 yrði hér um ca. 25 millj. kr. að ræða, sem m. a. yrði varið til endurskoðunar náms-efnis og námsskrár.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1973 er áætlað að verja 10.9 millj. kr. til endurskoðunar á námsefni. Þar af var áætlað, að 2.4 millj. yrðu laun til námsstjóra, sem ásamt námsstjórastarfinu vinna að endurskoðun námsefnisins. Um 8.5 millj. voru áætlaðar til greiðslu á öðrum kostnaði við endurskoðunina. Aðrar fjárveitingar til verkefna á þessu sviði áætlast um ein millj. kr., og er þar fyrst og fremst fjárveiting til Kennaraháskóla Íslands vegna þýðingar og stöðlunar á hópgreindarprófi.

#### Fræðsluskrifstofur, námseftirlit, ráðgjafar og sálfræðipjónusta.

Í 88. gr. frumvarpsins er ákvæði um framlag ríkissjóðs til rekstrar á fræðsluskrifstofum og þeirri starfsemi, sem tengd verður þeim, þ. e. námseftirliti og námsstjórn innan umdæmisins, svo og ráðgjafar- og sálfræðipjónustu. Einnig kemur fram í sömu grein, hvað gert er ráð fyrir, að viðkomandi fræðsluumdæmi leggi af mörkum. Hvað framlag ríkissjóðs til fræðsluskrifstofa varðar, þá er þar um hámarksfjárhæð að ræða, en það verður á valdi hlutaðeigandi landshlutasamtaka, hvort þau leggja fram meira fé í þessu skyni, en hér er ráð fyrir gert.

Taflan hér á eftir sýnir áætlaðan rekstrarkostnað ríkis og landshlutasamtaka sveitarfélaga af þessari starfsemi miðað við sjö fræðsluskrifstofur sbr. frumgerð þessa frv.

Í hlut ríkissjóðs.	Laun fræðslustj. og framlag til skrifstofu, þús. kr.	Námsstjórn, þús. kr.	Ráðgjafar- og sálfr.þjónusta, laun, þús. kr.	Samtals þús. kr.
<b>Fræðsluumdæmi</b>				
Reykjavík .....	2 350	2 410	5 930	10 690
Reykjanes .....	1 860	1 420	3 420	6 700
Vesturland .....	1 390	470	1 180	3 040
Vestfirðir .....	1 300	350	1 030	2 680
Norðurland .....	1 690	1 060	2 670	5 420
Austurland .....	1 360	400	1 030	2 790
Suðurland .....	1 470	630	1 490	3 590
Samtals	11 420	6 740	16 750	34 910

**Í hlut landshlutasamtaka sveitarfélaga**

Fræðsluumdæmi	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.
Reykjavík .....	1 650		5 900	7 550
Reykjanes .....	1 160		3 420	4 580
Vesturland .....	690		1 180	1 870
Vestfirðir .....	600		1 030	1 630
Norðurland .....	990		2 670	3 660
Austurland .....	660		1 030	1 690
Suðurland .....	770		1 490	2 260
Samtals	6 520		16 720	23 240

Til viðbótar ofangreindum kostnaði kemur hreinn húsnæðiskostnaður, þ. e. leigugjöld eða byggingarkostnaður. Gera má ráð fyrir að húsnæðisþörf hjá skrifstofunum verði um 150—250 m<sup>2</sup> eftir stærð umdæmanna.

Leigugjöld samkvæmt því áætlast um 220 þús. á hverja skrifstofu á Vesturlandi, Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurlandi, um 300 þús. á Norðurlandi og í Reykjanesumdæmi og um 400 þús. í Reykjavík. Kostnaður þessi skiptist að jöfnu á milli ríkissjóðs og landshlutasamtakanna.

Verði af byggingarframkvæmdum, má gera ráð fyrir um 5 millj. kr. á Vesturlandi, Vestfjörðum, Austurlandi og Suðurlandi. Þar myndi ríkissjóður greiða um 3.5 millj. kr. hverju umdæmi, en landshlutasamtökin um 1.5 millj. hvert um sig. Á Norðurlandi og á Reykjanesi áætlast stofnkostnaður um 6.4 millj. kr., þar af greiddi ríkissjóður 4.2 millj. kr., en landshlutasamtök 2.2 millj. kr. á hvorum stað. Í Reykjavík áætlast stofnkostnaður um 8 millj. kr. með um 5 millj. kr. í hlut ríkissjóðs og um 3 millj. í hlut borgarsjóðs.

Sem stendur er áætlaður árlegur kostnaður ríkissjóðs vegna sambærilegra verkefna þessi.

Framlag til fræðsluskrifstofu í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði .....	ca. 4 millj. kr.
Námsstjórnar (svæðisnámsstjórnar) .....	— 3 — —
Eftirlit og kennsluleiðbeiningar .....	— 3 — —

Samtals ca. 10 millj. kr.

Um kostnað sveitarfélaga vegna sambærilegra verkefna nú voru ekki handbærar fullnaðar upplýsingar, en helztu þættir hans munu vera:

Kostnaður Reykjavíkur, Kópavogs og Hafnarfjarðar af fræðsluskrifstofum, sem lauslega má áætla 6 millj. kr., er ekki fyllilega sambærilegur þeim verkefnum, sem fræðsluskrifstofum eru ætluð í frumvarpinu, þar sem þessar stofnanir eru öðrum

þræði hluti stjórnunarkerfis viðkomandi bæjarfélaga og annast sem slíkar störf, sem ekki eru í verkahring fyrirhugaðra fræðsluskrifstofa. Einnig fjalla þessar stofnanir nú um málefni annarra skóla en barna- og gagnfræðastigsskóla. Hæfilegt þykir að áætla, að um helmingur framlags þessara sveitarfélaga nú, eða um 3 millj. kr., teljist sem framlag til fræðsluskrifstofu vegna barna- og gagnfræðastigsskóla.

Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna sálfræðideildar skóla var á árinu 1971 um 2.7 millj. kr. og verður hér gert ráð fyrir 3.5 millj. með tilliti til verðlagsbreytinga. Sveitarfélögin í Reykjanesumdæmi reka og sálfræðipjónustu og er árlegur kostnaður nú áætlaður um 2.5 millj. króna.

Breytingar á kostnaði áætlast vera þessar.

**Ríkissjóður:**

Kostnaður samkvæmt yfirliti .....	34 910 þús. kr.
Helmingur leigugjalda .....	940 — —
	<hr/>
Samtals	35 850 þús. kr.
Kostnaður nú áætlaður .....	10 000 — —
	<hr/>
Mismunur	25 850 þús. kr.
verði af byggingu húsnæðis í öllum fræðsluumdæmum, áætlast hlutur ríkissjóðs í stofnkostnaði um .....	27 400 — —

**Landshlutasamtök sveitarfélaga:**

Kostnaður samkvæmt yfirliti .....	23 240 þús. kr.
Helmingur leigugjalda .....	940 — —
	<hr/>
Samtals	24 180 þús. kr.
Kostnaður nú áætlaður .....	9 000 — —
	<hr/>
Mismunur	15 180 þús. kr.
Af áætluðum byggingarkostnaði kæmu í hlut landshlutasamtaka sveitarfélaga samtals ....	13 400 — —

**Fæðiskostnaður, sem ríkissjóður greiðir, þegar 3 eða fleiri systkin dveljast í heimavist.**

Athugaður var fjöldi systkina á aldrinum 9—16 ára, þ. e. þeirra aldursflokka á grunnskólastigi, sem ætla verður dvöl í heimavist, þegar önnur úrræði til skólagöngu eru ekki fyrir hendi.

Athugunin náði til 2149 barna í dreifbýli. Af þessum fjölda voru 326 börn, sem áttu a. m. k. 2 yngri systkin, en þó innan tilgreindra aldursmarka. Svarar það til 15.2% af heildarfjöldanum.

Gera má ráð fyrir að samtals verði nemendur í heimavist á grunnskólastigi 2—3000 talsins. Þar af mun stór hluti eingöngu verða í heimavist í tvö ár, en aðrir í sjö ár, og eru það aðeins þeir sem skipta máli. Hér verður reiknað með, að fjöldi þeirra verði um 2000. 300 þeirra fengju efniskostnað fæðis greiddan úr ríkissjóði. Miðað við 100 kr. á dag og að jafnaði 200 dvalardaga á nemanda yrði fjárhæð þessi um 6 millj. kr. á ári.

**Samandregið yfirlit.**

Að lokum skal hér dregið saman í yfirlit sá kostnaðarauki við skólarekstur, sem fjallað hefur verið um, og kostnaðarauki áætlaður.

### Kostnaðarauki í millj. kr.

	Hluti ríkissjóðs	Hluti sveitarsj.	Samtals
Laun vegna kennslu og annarra skyldra starfa innan skóla . . . . .	126		126
Par af vegna:			
— félagsstarfa . . . . .	(12)		(12)
— bókasafna . . . . .	(24)		(24)
— kennslu . . . . .	(90)		(90)
Annar rekstrarkostnaður . . . . .	15	45	60
Endurmenntun kennara . . . . .	38		38
Fræðsluskrifstofur . . . . .	26	15	41
Par af vegna:			
— ráðgjafar og sálfr.þjón. . . . .	(17)	(11)	(28)
— námsstjórnar . . . . .	(1)		(1)
— fræðsluskrifstofu . . . . .	(8)	(4)	(12)
Kostnaðarþátttaka ríkissjóðs vegna þriggja eða fleiri systkina í heimavist . . . . .	6		6
Rannsóknarstarfsemi . . . . .	16		16
Fagnámsstjórn . . . . .	2		2
Samtals	229	60	289

#### Um gildistöku og framkvæmdatíma.

Frv. þetta mun, ef að lögum verður, hafa í för með sér verulega gjaldaaukningu fyrir ríkissjóð og sveitarfélög og þar sem erfitt er að færa í dálka í krónum og aurum hagnaðinn af því, sem varið er til menntamála, þá hættir mönnum til að horfa of fast á útgjöldin ein. Vissulega þarf að gera sér glögga grein fyrir fjárhags- hlið skólamála og hvernig þar verði hyggilegast haldið á málum. Grunnskólanefnd hefur reynt að gera sér og öðrum ljóst með þeim upplýsingum og útreikningum, sem frumvarpinu fylgja, hver kostnaðaráhrif frv. verða. Aukið skólastarf, lenging skólaskyldunnar um eitt ár og árleg lenging hefur í för með sér verulegan kostnað- arauka, einnig störf fræðslustjóra og fræðsluskrifstofa, sálfræðiþjónusta, sérstofn- anir, sem gert er ráð fyrir að komið verði á fót fyrir þá nemendur, sem ekki geta fylgt öðrum í námi og sem stofnanir eru ekki þegar til fyrir, aukið framlag til félags- starfs skólanna, stórefling skólabókasafna o. m. fl., allt þetta og aðrar nýjungar frumvarpsins er talið að kosti ríkissjóð um kr. 229 millj. kr. á ári og sveitarfélög kr. 60 millj. á ári til viðbótar því sem nú er greitt. Á móti vænta menn betri kennslu- háttá og betri kennsluárangurs. En eins og áður segir, þá er erfitt að færa slíkt í dálk og benda á hagnað í krónum og aurum, og því finnst sumum sem ekkert komi á móti nema óvissan ein.

Útgjaldaaukinn kemur ekki allur fram þegar í stað og ber margt til þess. Mótun sálfræðiþjónustu og sérkennslustofnana, sem frv. gerir ráð fyrir, tekur lang- an tíma, bæði vegna skorts á sérfræðingum og starfsaðstöðu, en lögð er áherzla á að ekki sé hrapað að neinu. Þannig er um fleiri atriði. Hefur nefndin því talið, að ekki sé raunhæft að ætla skemmri tíma en tíu ár til þess að koma hinn nýju lög- gjöf í fulla framkvæmd. Af þessu leiðir, að kostnaðurinn fellur á smám saman á þessu tíu ára bili, en engan veginn allur á fyrsta eða fyrstu árum. Ýmsum kann að virðast þetta langur tími og seint að bíða árangurs, og nefndin væntir þess, að fram- kvæmdir gangi hratt, þótt hraðinn megi ekki vera á kostnað vandaðs undirbúnings.

Gert er ráð fyrir, að kostnaðaraukinn, annar en stofnkostnaður, sem af frv. leiðir, ef að lögum verður, falli á frá og með árinu 1974 sem hér segir:

- a) Laun vegna kennslu og annarra starfa innan skóla, svo og annar almennur rekstrarkostnaður á 6 árum.
- b) Endurmenntun kennara á 4 árum.

- c) Rannsóknarstarfsemi á 8 árum.
- d) Fagnámsstjórn á fyrsta ári.
- e) Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta á 10 árum en þó hægar fyrstu 3—5 árin.
- f) Rekstur fræðsluskrifstofu og námstjórn í umdæmum á 3 árum.
- g) Fæðiskostnaður vegna 3 eða fleiri systkina í heimavist á öðru ári.

Samkvæmt þessu myndi útgjaldaukningin dreifast svo:

	Millj. kr.		
	Ríki	Sveitarfélög	Samtals
1974 .....	41.5	8.5	50
1975 .....	44.5	8.5	53
1976 .....	38.5	8.5	47
1977 .....	37.5	8.5	46
1978 .....	27.5	8.5	36
1979 .....	27.5	9.5	37
1980 .....	4	2	6
1981 .....	4	2	6
1982 .....	2	2	4
1983 .....	2	2	4

## Fylgiskjal I.

### ÚTDRÁTTUR ÚR UMSÖGNUM.

Menntamálaráðuneytinu hafa borizt allmargar umsagnir um grunnskólafrumvarpið og frumvarp til laga um skólakerfi. Grunnskólanefnd hefur gert útdrátt úr þessum umsögnum og birtist hann hér sem fylgiskjal.

Umsagnirnar eru 39 alls, þar af bárust 12 umsagnir vegna auglýsingar, er grunnskólanefnd setti í dagblöðin 18. júlí 1972.

Flestar dagsetningar miðast við umsagnirnar sjálfar, en nokkrar (er komu ódagsettar) við þann dag, er þar bárust ráðuneytinu. Örfáar eru ódagsettar (skammst. óds.).

#### I. Frá sveitarfélögum:

óds.	1.1.	Sambandi íslenzkra sveitarfélaga.
10.6. 72	1.2.	Menntamálanefnd Fjórðungssambands Norðlendinga.
4.10.71	1.3.	Bæjarstjóranum í Neskaupstað.
10.12.71	1.4.	Oddvita Aðaldælahrepps, S.-Þing. (fundarsamþykkt hreppsnefndar).
28.1. 71	1.5.	Oddvita Saurbæjarhrepps, Eyjafirði (ályktun fundar oddvita, skólanefndarformanns og kennara).
4.12.71	1.6.	Oddvita Dyrhólahrepps, V-Skaft., f. h. hreppsnefndar.
29.6. 72	1.7.	Oddvita Stöðvarhrepps, S.-Múl.
6.7. 72	1.8.	Oddvita Bæjarhrepps, Strand.

#### II. Frá samtökum bænda:

5.3. 71	2.1.	Búnaðarfélagi Íslands (Ályktun Búnaðarþings 1971).
19.1. 71	2.2.	Stéttarsambandi bænda.

#### III. Frá kirkjunni:

13.1. 71	3.1.	Kirkjuráði.
óds.	3.2.	Prestastefnu Íslands 1970.

#### IV. Frá kennurum, skólastjórum, námsstjórum o. fl.:

15.1. 71	4.1.	Stjórn Félags háskólamenntaðra kennara (F.H.K.).
26.3. 71	4.2.	Ráðstefnu F.H.K. um frumvarp til laga um grunnskóla og Kennaraháskóla.
11.7. 72	4.3.	Sambandi íslenzkra barnakennara (S.Í.B.).
26.6. 71	4.4.	Fundi skólastjóra gagnfræða-, héraðs- og miðskóla í Héraðsskólanum að Reykjum.
22.2. 71	4.5.	Skólastjórafélagi Íslands.
6.1. 71	4.6. <sup>1)</sup>	Námsstjórunum Þórleifi Bjarnasyni, Valgarði Haraldssyni, Helga Jónassyni og Karli Guðjónssyni.
24.2. 71	4.6. <sup>2)</sup>	Karli, Helga, Valgarði og Þórleifi. (Endurskoðað álit þeirra, fyrri breytingartillögur dregnar til baka). Undirritað af Karli Guðjónssyni og Helga Jónassyni.
17.1. 71	4.7.	Samtökum íslenzkra kennaranema.
1.2. 71	4.8.	Kennarafélagi Kennaraskóla Íslands.
15.12.71	4.9.	Kennarafélagi barnaskóla Kópavogs.

#### V. Frá öðrum aðilum:

10.1. 71	5.1.	Sálfræðingafélagi Íslands.
21.1. 71	5.2.	Kvenfélagasambandi Íslands.
11.12.70	5.3.	Verzlunarráði Íslands.
25.11.71	5.4.	Landssambandinu gegn áfengisbölinu.

- 7.4. 71 5.5. Verkfræðingafélagi Íslands.  
 23.3. 71 5.6. Stúdentaráði Háskóla Íslands.  
 6.7. 72 5.7. Kvenfélagasambandi Strandasýslu.

### Umsagnir:

#### I. Frá sveitarfélögum:

- 1.1. Harmað, að sveitarfélögin voru ekki með í ráðum. Höfuðatriði að tryggja fjárhagslegan grundvöll fyrir framkvæmd laganna.  
 Athugasemdir við einstakar greinar:  
 10. gr. Fráleitt er að skylda sveitarfélög til að greiða helming stofnkostnaðar við sérstofnanir og skóla fyrir afbrigðileg börn.  
 Ákvæði 30. gr. mega ekki útiloka möguleika til að reka fámenna skóla.  
 38. og 39. gr. Lögð áherzla á nán tengsl sveitarstjórna og skólanefnda.  
 Oddviti og bæjarstjóri í skólanefnd.  
 49.—51. gr. Fræðslustjórar og starfslið þeirra sé ráðið af landshlutasamtökunum.  
 69. gr. Ekki samkennslu margra aldursflokka.  
 71. og 72. gr. Viða verður að leggja niður fámennar deildir og af því kostnaður, ef ákvæðunum verður framfylgt.  
 93. gr. Greininni fagnað, en skýr ákvæði séu um, að ríkissjóður greiði öll laun þeirra, sem starfa í forskóla.  
 Ákvæði XIV. kafla um sálfræðiþjónustu verði heimildarákvæði.
- 1.2. Taka ber fullt tillit til álits starfandi skólamanna í dreifbýli. Slæmt, að enginn fulltrúi frá skólum dreifbýlisins skyldi vera í nefndinni.
- Um 1. kafla:  
 Stuðningi lýst við álit kirkjubings og Félags skólustjóra gagnfræðastigsins (sjá 4.4.).
- Um 2. kafla:  
 Lenging skólaskyldunnar í 9 mánuði óframkvæmanleg í dreifbýli, einkum í sveitum, því „varhugaverð mismunun“, ef starfstími þéttbýlisskóla verður lengdur.
- Um 3. kafla:  
 Endurskoða ber norm byggingardeildar ráðuneytisins. Minnt á þróngan fjárhag lítilla sveitarfélaga. Fræðsluumdæmin verði ákveðin í samráði við samtök sveitarfélaga.
- Um 4. kafla:  
 Rýmka ber reglur 30. gr. aðallega vegna smærri sveitarfélaga. — Taka ber tillit til stærðar skóla og ýmissa tilgreindra þarfa, þegar þátttökuhlutur ríkisins er ákveðinn.
- Um 5. kafla:  
 Atriðin í 35., 36. og 37. gr. verði í reglugerð. Einfalda stjórnun grunnskóla. Hvert fræðsluumdæmi hafi sem mesta sjálfstjórn.
- Um 6. kafla:  
 Starfstími skóla ekki einskorðaður. Fjöldi nemenda í deild ekki meiri en 25. Leyfa ber stundum að starfrækja skóla, þótt meðalfjöldi nái ekki 15 nemendum, sbr. 72. gr.  
 Nefndin samþykk atriðum 7., 8. og 9. kafla.
- Um 10. kafla:  
 91. gr. falli niður, verði sett í reglugerð.  
 Nefndin samþykk 11., 12., 13. og 14. kafla.  
 Samræma ber allt skólakerfið, ljóst sé, hvaða námsbrautir opnast að grunnskóla loknum.

- 1.3. Bæjarstjórn Neskaupstaðar samþykk umsögn stjórnar sambandsins, (sjá 1.1.), utan það, að oddviti verði sjálfkjörinn í skólanefnd og bæjarstjóri sé í skólaráði, því er bæjarstjórnin andvíg, og ekki tekur hún undir þá kröfu, að fræðslustjórar og starfslíð þeirra sé ráðið af landshlutasamtökunum.
- 1.4. Greiðslugetu sveitarfélaga sé ekki ofboðið. Gætt verði jafnréttis dreifbýlis og þéttbýlis.
1. Kostnaður við stofnanir fyrir afbrigðileg börn greiðist úr ríkissjóði.
  2. Réttur skóla til starfsfólks verði sveigjanlegri. Gæzla fyrir heimavistarskóla.
  3. Breyttar reglur um kjör í skólanefnd, ef tvö sveitarfélög eru um skólahverfi.
  4. Kostnaður á hvern nemanda verði sem jafnastur í dreifbýli og þéttbýli.
  5. Sett verði inn í 62. gr. heimild til styttingar námstíma í 7 mánuði fyrir 9—16 ára og í allt að 2 mánuði fyrir 7—8 ára börn. — Ósannað mál að 9 mánaða skólatími skili meiri árangri en 7 mánaða skólatími. — Varhugavert að 7—8 ára börn séu fjarri heimilum sínum í 9 mánaða skóla.
  6. Hámark 2—3 aldursflokkar í sömu bekkjardeild.
  7. 71. og 72. gr. verði felldar niður.
  8. Störf prófdómara ekki lögð niður.
  9. Kostnaður við sálfræðiþjónustu greiðist úr ríkissjóði.
- 1.5. Ekki verði sama skólaskylda í dreifbýli og þéttbýli, nema með undanþágu fyrir dreifbýlið. Börn í dreifbýli hafa ekki orðið á eftir, þótt þau hafi fengið færri kennslustundir. — 7 ára börn fari ekki í heimavist. — Tími til stjórnunar sé utan við kennsluskyldu í skólunum. — Fyrsti og annar bekkur fræðsluskyldunnar verði bara í skóla annan hvern dag, annars ber á þreytu.
- 1.6. Skilja á milli fræðsluskyldu og skólaskyldu, sjá 2. gr. Ákvæði 62. gr. lítt framkvæmanleg í sveitum. Betra: Ákvæði um skólatíma 7—9 mánuðir, sveitarfélög taki ákvörðun innan þess ramma. — Skólaskylda má ekki hefta „starfrænt uppeldi“. Þátttaka í atvinnulífinu er mikilvæg.
- 1.7. Hreppsnefndin telur, að við endurskoðun frumvarpsins beri að stefna að því, að öll unglíngafraeðsla verði látin fara fram í heimahéraði nemendanna alls staðar þar sem þéttbýliskjarnar eru.
- Varðandi einstakar greinar tekur hreppsnefndin fram m. a.:
- Menntamálaráðuneytinu er fengið of mikið vald í 13. gr., þar sem segir, að það ákvæði skiptingu alls landsins í skólahverfi. 30. gr. er torskilin, nema fyrir liggi útreikningar skóla og samanburður við gildandi skólakostnaðarlög.
- Hreppsnefndin leggur til, að lágmark vegna starfrækslu 7. og 8. bekkjar verði miðað við töluna 10 í stað 15, sbr. 72. gr.
- Hreppsnefndin treystir sér ekki til að leggja endanlegan dóm á frumvarpið fyrr en fyrir liggi upplýsingar um, hvernig reksturs- og stofnkostnaður skiptist milli ríkissjóðs og sveitarfélaga, en slíkar upplýsingar eru ekki í frumvarpinu.
- Áður en frumvarpið verður lagt fyrir Alþingi, ber að kynna það og ræða á fundum um allt land að dómi hreppsnefndarinnar.
- 1.8. Hér er um að ræða tillögu, sem samþykkt var í einu hljóði á almennum sveitarfundum, er haldinn var á Borðeyri 2. júlí 1972.
- Kjarni tillögunnar er þessi:
- Numið verði burtu úr frumvarpinu ákvæðið um lengingu hvers skólaárs, til þess að unglíngarnir geti verið þátttakendur í árstíðabundnum sveitastörfum og unnið fyrir sínum skólakostnaði.

## II. Frá samtökum bænda:

- 2.1. Ályktun Búnaðarþings 1971.
- Höfuðatriði: Selt verði heimildarákvæði til að stytta árlegan námstíma 9—16 ára í 7 mánuði, 7—8 ára í allt að 2 mánuði. — Ekki fleiri en 2 árgangar í bekkjardeild. — Störf prófdómara áfram. — Gæzlulið fyrir heimavistarskóla. — Heildarútgjöld á hvern nemanda ekki meiri í sveitum en þéttbýli.

- 2.2. Talin „eðlileg þróun“, að skólaganga sveitabarna lengist, en það kallar á stórauðna fjármuni. — Heimild til að stytta skólavist yngstu barnanna, án þess að slaka á námskröfum. — Aukin fjárframlög til skólahaðs í deifbýli. — Sérstakir námsstyrkir. — Ekki nema 2 aldursflokkar í bekkjardeild. — Gæzlulið fyrir heimavistarskóla. — Fastráðið starfsfólk fræðsluskrifstofu og þeir, sem gegna ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu taki laun hjá ríkinu. Prófdómarar verði áfram. Aðstaða víða um land ónóg til að fullnægja ákvæðum framvarpsins.

### III. Frá kirkjunni:

- 3.1. Annmarkar eru á frumvarpi um grunnskóla hvað snertir stöðu kristinna fræða. Ákvæði í frumvarpinu kveði skýrt á um fræðslu í kristnum lífsviðhorfum og siðgæði. Krafizt breytinga á 1. gr. og 63. gr. í samræmi við ofanefnt.
- 3.2. Ítarlegur formáli um móðurhlutverk kirkjunnar. Fræðsla hennar lengst af talin vera uppistaðan í þjóðaruppeldinu. Hættur efnishyggju steðja að, þess vegna ennþá brýnna að kenna kristin fræði og siðfræði. Auka ber kristna fræðslu og koma henni sem víðast inn í skólakerfið. Áherzla lögð á vel menntaða kennara. Krafa um stofnun námsstjóraembættis í kristnum fræðum. Áherzla lögð á hentugar kennslubækur og fjölbreytt hjálpargögn.

### IV. Frá kennurum, skólastjórum, námsstjórum o. fl.:

- 4.1. Helztu atriði þessarar umsagnar koma fram í 4.2.
- 4.2. Ítarleg ályktun frá ráðstefnu F.H.K. um grunnskóla og K.H.Í. — Mörgum ákvæðum frumvarpsins fagnað. — Grunnskóli geti skipzt í barna- og gagnfræðaskóla. — Markmiðsgreinin gagnrýnd fyrir „afstæða og óljósa siðferðilega viðmiðun“ „krafizt hlutlægrar skilgreiningar. — Önnur helztu atriði ályktunarinnar:
1. Áherzla lögð á aukið lýðræði í stjórnun skólamála, á hlutdeild kennara og nemenda í stjórnun. — Fulltrúar kennara í skólanefndir og skólaráð (2 í skólanefndir og skólaráð og 4 fulltrúar kennara í fræðsluráð Reykjavíkur, sem verði skipað 11 mönnum). — Skólastjóri og kennarafundur stjórnar starfi hvers skóla eða kennararáð fái úrskurðarvald í hverjum skóla til jafns við skólastjóra. — Skólastjóri sé ráðinn til fjögurra ára í senn.
  2. Fræðsluumdæmin og sérstök fræðslumálaskrifstofa fái traust framkvæmda- vald að mestu óháð ráðuneytinu. Aðgreina skal kennslufræðileg mál og pólitísk mál (t. d. fjármál).
  3. Námsstjórn í kennslugreinum verði eflað.
  4. Óheppilegt að rígskorða starfstíma grunnskóla eins og gert er í 62. gr.
  5. Skólarannsóknir heyri undir rannsóknarstofnun í uppeldis- og kennslufræðum, en nýjungar í skólastarfi undir fræðslumálaskrifstofu.
  6. Tryggja þarf betur en gert er í frumvarpinu, að skólabókasöfn verði virkur þáttur í starfi skólanna.
  7. Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta sé í tengslum við heilbrigðisþjónustuna.
  8. Frumvarpið er of langt, ýmislegt ætti betur heima í reglugerð.
  9. Endurskoðun skólakerfisins handahófskennd, ekki endurskoðað í rökréttri röð.
  10. Mælt með lengingu skólaskyldunnar.
- 4.3. Í þessu álit er engin veruleg gagnrýni eða miklar breytingartillögur, heldur fyrst og fremst tillögur um minni háttar orðalagsbreytingar.
- Breytingartillaga við 30. gr.:
- Liður d) 10 ára breytist í 9 ára.
- f) Niður falli skrifstofustörf.
- e) bb) breytist í 3,5%.
- cc) breytist í 4%.
- ee) breytist í 2%.

Ákvæði 30. gr. nái ekki til stofnana fyrir afbrigðileg börn, sbr. 9. og 10. gr. — Stefna ber að 5 daga vinnuviku, sbr. 62. gr. — Færri nemendur séu í bekkjardeild en 68. gr. og 69. gr. gera ráð fyrir. — Breytingartillaga við 91. gr., stytting.

4.4.

Um 1. kafla:

Bent á að framvarpið þurfi frekari athugunar við, sumt ætti fremur að standa í reglugerð. — Tekið undir kröfu Kirkjuráðs og Prestastefnu 1970 um „siðgæðislegt og félagslegt uppeldi byggt á kristnum grunni“.

Um 2. kafla:

Skólaskylda verði 7—15 ára, þ. e. óbreytt frá því sem nú er. — Ef misbrestur verður á skólahaldi vegna vanrækslu eða vangetu sveitarfélags, sé menntamálaráðuneytið skylt að sjá um úrbætur.

Um 3. kafla:

Endurskoða ber norm byggingardeildar ráðuneytisins. Meta ber þátttökuhlutfall ríkissjóðs í byggingarframkvæmdum. Einsett húsnæði. Í sambandi við 17., 18. og 58. gr. komi ætíð til álit skólastjóra.

Um 4. kafla:

Yfirkennarar verði fastráðnir ríkisstarfsmenn. — 30. gr. verði endurskoðuð frá grunni.

Um 5. kafla:

Yfirstjórn skólamála verði ætíð í höndum menntaðra og reyndra skólamanna, fræðslustjóraembættið nefnt í þessu sambandi. — 35. og 36. gr. verði reglugerðaratriði og 37. gr. falli niður. Fræðslustjóri sé ráðinn til 6—9 ára í senn. — Engin sérákvæði vegna fræðslustjóra fyrir Reykjavík.

Um 6. kafla:

Starfstími skóla verði ekki einskorðaður. — Nemendafjöldi í bekkjardeild verði ekki of hár.

Um 7. kafla:

Ánægja með hann.

Engar athugasemdir um 8. og 9. kafla.

Aðeins athugasemd við 91. gr. í 10. kafla.

Ánægja með 11. og 12. kafla.

Um 14. kafla:

Félags- og skólaráðgjafar verði starfsmenn skólans.

4.5. Sagt í formála, að frumvarpið sé í heild fagnaðarefni. Fræðsluskrifstofurnar verði nokkuð sjálfstæðar í starfi. Fræðslumálaskrifstofu sé komið á fót eða deild í ráðuneytinu, sem fari með öll kennslumál og hafi fólki á að skipa, sem hefur sérþekkingu á þeim málum.

Aðrar athugasemdir:

Um 2. kafla:

Ákvæðum í 10. gr. fagnað.

Um 4. kafla:

Skólastjóra sé heimilt að sitja fundi skólanefnda, sbr. 24. gr. — Svo vel verði um hnútana búið í sambandi við 30. gr., að enginn ágreiningur verði um túlkun hennar.

Endurskoða ber liði:

e) aa)

bb) ákvæði hans talin alveg út í hött, þ. e. þessi 1.0%, cc) „6—9“ falli niður, ee) algert lágmark.

Lögð er mikil áherzla á, að 80% ákvæðið í 30. gr. falli niður, þ. e. „Eigi skal að jafnaði skipa fleiri kennara en sem nemur...“. Ákvæðið í fyrri skóla-kostnaðarlögum talið bezt (núverandi 19. gr. fordæmd). Að lokum segir, um 30. gr. „að framkvæmd laganna sé algerlega undir því komin, hvernig hún sé túlkuð“.

Um 5. kafla:

Hvert foreldrafélag setji sér sjálft lög.

Um 6. kafla:

Tekin verði upp 5 daga skólavika og þá gerð breyting á 62. gr. Í sambandi við 65. gr. þá séu kennslustundir lengstar 80 mín. og eigi styttri en 20 mín. — Nemendafjöldi fari ekki fram úr 30 í bekk, sbr. 68. gr. — Lögð til orðalagsbreyting á 70. gr. svo hljóðandi: „Fræðslustjóri eða skólafulltrúi leggur fyrir skólastjóra o. s. frv.“.

Um 8. kafla:

Í 81. gr. falli „Reykjavíkurborg“ brott, en í stað komi fulltrúi frá samtökum skólastjóra og kennara.

Um 10. kafla:

Athuga ber 91. gr.

Um 14. kafla:

Kaflinn þarfnast nánari athugunar. Við síðustu málsgrein 98. gr. bætist: „í samræði við skólastjóra“. — Þessari umsögn fylgir ítarlegt álit um skólabókasöfn eftir Vilberg Júlíusson. — Lokaorð álitsins eru þessi: „Til bókasafnsstarfa og kennslutækja skal ætla af hámarki reiknaðra stunda í grunnskóla (ekki hverfi) 5,5%“.

4.6.<sup>1</sup>) Frumvarpið talið miða í rétta átt og boða miklar framfarir. Athugasemdir bundnar við fræðslustjóra og fræðsluskrifstofur svo til eingöngu. — Breytingartillaga í þessu skyni, þ. e. varðandi fræðslustjóra og fræðsluskrifstofur, gerðar við eftirtaldar greinar, 15., 39., 40. og 47., þar sem lögð er áherzla á, að Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður séu hvert um sig sérstök fræðsluumdæmi, en fræðslustjórum þar heimilt að starfa á stærri svæðum. — Einnig athugasemdir við 51. og 52. gr. — Stutt greinargerð fylgir.

4.6.<sup>2</sup>) Endurskoðað álit fræðslustjóranna, sbr. 4.6.<sup>1</sup>). — Nákvæmlega sömu athugasemdir við 15., 39. og 40. gr. og í 4.6.<sup>1</sup>). — Sami kjarni í 47. gr. og í 4.6.<sup>1</sup>). — Sama athugasemd við 51. gr. og í 4.6.<sup>1</sup>). — Athugasemd við 52. gr. engin.

4.7. Engin umsögn, en sagt að starfshópur á vegum samtakanna muni fjalla um frumvörpin.

4.8. Athugasemdir gerðar við eftirfarandi greinar:

49. gr. Menntamálaráðherra ráði vali allra fræðslustjóra, líka í Reykjavík.

81. gr. Mjög óeðlilegt að Reykjavíkurborg tilnefni fulltrúa í uppeldisrannsóknarnefnd.

93. gr. Ekki slíkan forgangsrétt, sem um ræðir í greininni, þar sem slíkur réttur til starfs er ekki nefndur annars staðar.

101. gr. Kemur ekki til mála, að fræðslustjóri geti upp á sitt eindæmi hafnað starfskrafti með tilskilda menntun og starfsreynslu.

67. gr. Óheppilegt að skerða jólaaleyfi 7—12 ára barna. Orðalag um námsefni í 63. gr. þótti loðið. Sumir óánægðir með nafnið grunnskóli. Engin gagnrýni kom fram á aðalefni og stefnumið frumvarpsins.

4.9. Ítarlegt álit um grunnskólafrumvarpið. — Lögð áherzla á mikilvægi markmiðs kaflans, ætti að orðast skýrar og undirstrika sjálfstæði í hugsun, dómgreind og þor til að gagnrýna svo og virka þátttöku í þjóðfélaginu.

Um 2. kafla:

Áherzla skal lögð á fræðsluskyldu, ekki þvinga til náms. Óæskilegt talið, að börn innan 10 ára séu í heimavistarskólum. Ríkið taki meiri þátt í fæðis-kostnaði í heimavistarskólum.

Um 3. kafla:

Miðstjórnarvald talið of mikið. Sjálfstæði einstakra skóla og frumkvæði kennara of takmarkað. — Ekki sitji eingöngu stjórnámálamenn í fræðsluráðunum, heldur líka fulltrúar kennara (undirstrikað aftur í sambandi við 52. gr.). —

Ekki tvö nöfn skólanefnd og skólaráð. — Kennarar og skólastjórar hafi tillögu-  
rétt um gerð skólahúsnæðis.

Um 4. kafla:

Talið, að í 24. gr. komi fram lítilsvirðing á hinum almenna kennara. Kennarar  
í grunnskóla fái aðild að stjórn síns skóla. Félagsstarfsemi nemenda sé ekki  
einungis bundin við 6.—9. bekk. Ákvæðum um orlof í 32. gr., fagnað.

Um 5. kafla:

Kennararáð í þessari mynd talið gagnslítið. — Sbr. 34. gr. — Kennarar séu  
gerðir ábyrgir með aðild að stjórn skóla. — Ekki að fastmóta um of í lögum  
þátttöku foreldra, sbr. 35. gr. — Menntamálaráðuneytið skipti sér ekki af  
nemendaráðum, sbr. 36. gr. — Samstarfsnefnd óþörf, sbr. 37. gr. — Í sambandi  
við 38. og 39. gr. er sett fram krafa um, að kennarar eigi sæti í skólanefndum. —  
Í 49. gr. vantar ákvæði um menntun og starfssvið fræðslustjóra. — Getur  
Kópavogur ekki verið sérstakt fræðsluumdæmi?

Um 6. kafla:

Ákvæði í 63. gr. um, að ekki skuli krefjast hins sama af öllum nemendum,  
er ekki nógu vel orðað. Hvernig verður framkvæmdin? — Allir skólar verði  
einsetnir. — Í 64. gr. ætti að kveða á um vikulegan kennslutíma kennara. Ekki  
fleiri nemendur í bekk en 20—25. — 71. og 72. gr. hljóta að koma illa við  
dreifbýlið.

Um 7. kafla:

Ánægja með hann.

Um 8. kafla:

Ein rannsóknastofnun uppeldismála. Ekki rétt, að Reykjavíkurborg eigi  
aðild að uppeldisrannsóknarnefnd, sbr. 81. gr.

Um 10. kafla:

Breyta 91. gr., sbr. álit uppeldismálanefndar S.Í.B.

Um 11. kafla:

Athuga um tengsl grunnskóla við dagheimili og leikskóla.

Um 12. kafla:

94 gr. fagnað.

Um 14. kafla:

Ánægjulegt ákvæði, tengja umrædda starfsemi heilbrigðisþjónustunni.

#### V. Frá öðrum aðilum:

- 5.1. Lýst yfir ánægju með ákvæðin um sálfræðiþjónustu í þágu skóla. — Athuga-  
semdir helztar: Kostnaður af ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skiptist milli ríkis  
og sveitarfélaga á sama hátt og annar skólakostnaður, sbr. 96. gr. — Félags-  
og skólaráðgjafar og skólasálfræðingar fái einnig orlof, sbr. 32. gr. — Setja ber  
bein ákvæði í 101. gr. þess efnis, að B.A.-gráða í uppeldissálarfræði sé lágmarks-  
menntun til að vera ráðinn skólaráðgjafi. Hætta á misnotkun hinna óljósu  
ákvæða í greininni um hæfni starfsmanna. — Nauðsynlegt er, að einhver ákvæði  
sé sett um lágmarkssérmenntun stjórnunarmanna skóla og fræðslustjóra.
- 5.2. Lýst er ánægju í heild með efni frumvarpanna. — Skólastarfi sé hagað þannig,  
að æskufólki gefist kostur á að taka þátt í atvinnulífínu. — Lögð áherzla á  
fræðslu fullorðinna.
- 5.3. Gerð athugasemd við 6. gr. í frumvarpi til laga um skólakerfi. Greinin orðist  
þannig: „Kennsla er veitt ókeypis í öllum opinberum skólum“ (vegna einka-  
skóla eins og Verzlunarskóla Íslands).
- 5.4. Skipaður verði sérstakur fulltrúi bindindisfræðslu. — Gildandi reglugerð um  
bindindisfræðslu verði endurskoðuð.
- 5.5. Látin í ljós ánægja með frumvörpin í heild. — Athugasemd við 5. og 6. gr. í  
frumvarpi til laga um skólakerfi. — Viðvíkjandi 5. gr. er það sjónarmið undir-  
stríkað, að um margs konar stúdentspróf geti verið að ræða. — Áherzla lögð

á „nauðsyn þess, að tryggja iðnlærðum mönnum tæknilega framhaldsmenntun með eðlileg tengsl við háskólastig“. — Lagt til að 6. gr. falli niður, ef ákvæðið stendur áfram getur svo farið að leggja verði niður ýmis námskeið vegna fjárskorts, svo sem námskeiðshald Stjórnunarfél. Íslands. — Engar athugasemdir við grunnskólafrumvarpið.

- 5.6. Allítarlegar athugasemdir um frumvarp til laga um skólakerfi, einkum tengsl framhaldsskólastigs og háskólastigs. Kjarninn er þessi: Allir framhaldsskólar ættu að geta veitt a. m. k. hluta af undirbúningsmenntun undir háskólanám. — Kröfur um undirbúningsmenntun ætti að miða við það, að menn kæmu í háskóla á aldursbilinu 17—20 ára, flestir 18—19 ára. — Um frumvarp til laga um grunnskóla segir, að það sé of ítarlegt, ýmislegt eigi heima í reglugerð.
- 5.7. Aðalfundur Kvenfélagasambands Strandasýslu gerir ályktun gegn lengingu hvers skólaárs. Í ályktuninni segir m. a., að lengingin muni stuðla að búferlaflutningi úr sveitum í þéttbýli.

#### VI. Umsagnir, er bárust v/auglýsingar grunnskólanefndar í dagblöðunum 18. júlí 1972.

óds.	6.1.	Frá Landssambandi framhaldsskólakennara (L.S.F.K.).
16.8. 72	6.2.	— Fræðsluráði Kópavogs.
17.8 72	6.3.	— starfsfólki sálfræðideildar skóla í Reykjavík og Geðdeildar Barnaspítala Hringins.
21.8. 72	6.4.	— skólastjóra Lýðháskólans í Skálholti.
17.8. 72	6.5.	— Friðbirni Gunnlaugssyni.
72	6.6.	— Þórgný Guðmundssyni, skólastjóra, Sandi, Aðaldal.
17.8. 72	6.7.	— Ólaffu E. Steinadóttur.
16.8. 72	6.8.	— Ásu Stefánsdóttur, Mýrum, Miðfirði.
9.9. 72	6.9.	— aðalfundi Búnaðarsambands Strandamanna.
14.9. 72	7.0.	— Fjórðungssambandi Vestfirðinga.
14.8. 72	7.1.	— Rannsóknastofnun vitundarinnar.
19.10.72	7.2.	— Bókavarðafélagi Íslands.

6.1. Í þessari umsögn eru allmargar tillögur um orðalagsbreytingar, en engin veruleg gagnrýni á grundvallarstefnuna, sem birtist í frumvarpinu.

Lenging skólaskyldunnar er talin æskileg og tímabær, ef vissum skilyrðum er fullnægt t. d. að sérhæfðir starfskraftar séu fyrir hendi og stofnanir, sem geta veitt hverjum nemanda viðfangsefni við sitt hæfi.

Bent er á misræmi það, sem nú er á menntunaraðstöðu eftir búsetu. Skólaskylda verði ekki lengd í einstökum skólahéruðum, nema lengingin komi til framkvæmda um allt land á fáum árum.

Önnur helztu atriði umsagnarinnar:

1. Óæskilegt, að grunnskóli hafi allt að 9 aldursflokka samtímis undir sama þaki.
2. Ákvæðin um árlegan hundraðshluta af brunabótamati til viðhalds skóláhúsa þarfnist endurskoðunar.
3. Ákvæði 19. greinar um skilyrði í lögum um kennarameinntun nái ekki til þeirra sem settir eru eða skipaðir, þegar lög um grunnskóla komi til framkvæmda.
4. Kennarar fá aðild að stjórn skóla, sbr. 34. gr.
5. Verksvið fræðslustjóra og fræðsluráða ákveðist með reglugerð.
6. Námsstjórar skulu einungis ráðnir úr hópi kennara og hafa 6—8 ára starfsferil að baki.
7. Vinnutími nemenda áætlaður of langur, sbr. 69. gr.
8. Ákvæði 91. gr. séu í reglugerð, er menntamálaráðuneytið setji í samráði við kennarasamtökin og ráðgjafar- og sálfræðideild skóla.
9. Nauðsynlegt er, að starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu hafi kennara-reynslu.

**6.2. Í þessari umsögn eru engar breytingartillögur við einstakar greinar.**

Helztu ábendingar eru þessar:

1. Vafasamt að lengja skólaskylduna, en tryggja þarf fræðsluskyldu ríkis og sveitarfélaga.
2. Fræðsluráðið krefst þess, að fræðsluskrifstofurnar í Kópavogi og Hafnarfirði starfi áfram.
3. Skólahúsnæði sé þannig gert, að í því geti farið fram félagsstarfsemi eða kvöldkennsla í afmörkuðum hlutum húsnæðisins.
4. Skýr ákvæði um, að í stórum skólum sé yfirkennari.
5. Talan 30 nem. í bekkjardeild, sem nefnd er í frumvarpinu, er of há.
6. Tryggja þarf skólum haldgóð úrræði og áfrýjanlegt úrskurðarvald í meðferð afbrigðilega erfiðra nemenda.

**6.3. Helztu athugasemdir og breytingartillögur eru þessar:**

1. Eiga börnin að vera fyrir kerfið eða kerfið fyrir börnin? Mjög vel gefin börn virðast ekki fá kennslu við sitt hæfi í núverandi kerfi. Barnið fái kennslu við sitt hæfi með jafnöldrum í stað þess að raska eðlilegri skólagöngu þess. Flýting gáfaðra barna því hæpin ráðstöfun. Athugasemdir þessar komu fram við 8. og 9. gr.
2. Algjörlega óviðunandi, að engin ákvæði séu í frumvarpinu um menntun fræðslustjóra.
3. Fulltrúi sálfræðideildar skóla í Reykjavík eigi sæti í uppeldisrannsóknarnefnd.
4. Það, sem um er rætt í 91. gr., á fremur heima í reglugerð.
5. Skólaráðgjafar hafi sálfræðimenntun. Sálfræðingafélag Íslands sé umsagnararaðili við ráðningu skólaráðgjafa.
6. Það þarf að gera endurbætur á 97. gr., einkum með tilliti til rannsóknastarfa á vegum sálfræðideildar skóla, almenns leiðbeiningarstarfs og samvinnu við kennara og skólastjóra.
7. Krafizt breytingar á 101. gr. þar sem stendur: „Nú getur fræðslustjóri . . . “. Þessum athugasemdum og tillögum fylgir greinargerð.

Í greinargerðinni er m. a. lögð áhersla á nána samvinnu ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í skólum við skólastjóra, kennara og foreldra og að endurskipuleggja beri starfsemi sálfræðideilda að nokkru marki vegna aðlögunar skólanna að síbreytilegu þjóðfélagi og nýrra sjónarmiða varðandi meðferð afbrigðilegra barna og „venjulegra“ barna.

**6.4. Í þessari umsögn er eingöngu fjallað um 1. gr. frumvarps til laga um skóla-kerfi.**

Þar segir m. a., að umrædd lagagrein opni fyrir nokkra aðstoð við lýðháskóla á Íslandi, en girði hins vegar fyrir, að stuðningurinn komi að verulegum notum með því að skera honum svo þröngan stakk og binda hann í þeim skorðum svo lengi sem lögin eru í gildi. — Stuðningur, sem nemur helmingi útgjalda hrekkur skammt. — Beðið er um stuðning, er nemi allt að 85—100% allra útgjalda við stofnun og starfrækslu skólans og til stuðnings þessari ósk er vitnað til þess, hve rifleg framlög opinberra aðila séu til lýðskóla á Norðurlöndum.

**6.5. Þessi umsögn beinist gegn skólaskyldu, en hún styður fræðsluskyldu, þ. e. skyldu ríkis og sveitarfélaga, til að halda skóla fyrir öll börn á aldrinum 6—16 ára.**

Í umsögninni segir m. a.:

Réttur einstaklingsins til náms á að vera viðurkenndur, en honum hins vegar í sjálfsvald sett, hvort hann neytir hans.

**6.6. Í þessari umsögn er snúizt gegn lengingu skólaskyldunnar. Talið er fráleitt að ætla sveitabörnum jafnlangan skólatíma árlega og börnum í höfuðborginni og öðrum þéttbýlissvæðum. Dreifbýlið hefur sérstöðu. — Ef lenging skólaskyldunnar bætist við löggjöf um 40 stunda vinnuviku og laugardagsfrí, sem nýlega**

- er gengið í gildi, þá hefur það óhjákvæmilega þær afleiðingar í för með sér að flóttinn úr sveitunum yrði meiri en nokkru sinni fyrr. Það eru ósannaðar fullyrðingar, að sveitabörn séu eftirbátar jafnaldra sinna í þéttbýli hvað námsárangur snertir. Í umsögninni er lagt til, að kannað verði gaumgæfilega, hvort sveitabörn séu eftirbátar þéttbýlisbarna í námi og miða þá t. d. við landspróf. Rétt er talið að verja nokkru fé og fyrirhöfn til að gera þessa könnun. — Sveitabörn og unglingar, hafa nóg verkefni á heimilum sínum í maí og september, sem jafngilda e. t. v. verklegu námi barna og unglunga í þéttbýli á þessu tímabili. — Varað er eindregið við því, að lögfasta 9 mánaða skólaskyldu ár hvert, 7 mánuðir talið hámark.
- 6.7. Í þessari umsögn, sem að meginhluta er formáli og greinargerð, segir m. a.:
- Skólarnir þurfa að vinna að öllu, sem stuðlar að heilbrigði, lífsgleði og hamingju. Þroska þarf sjálfstæðan skilning á bókmenntum og listum. — Til þess að komast í kennaranám þyrftu umsækjendur að vera 18 ára og hafa gott barnapróf. Kennarar útskrifast eftir tveggja ára nám. — Að formála loknum koma nokkrar tillögur: Þessar eru helztar:
- Í tengslum við hvern barnaskóla sé leikskóli, dagheimili og vinnuskóli. — Börnin verði í skóla 7 til 15 ára tvær til sjö klst. á dag.
- 6.8. Í þessari umsögn er m. a. lagt til, að enginn sé skyldaður til að sitja í skóla, heldur komið á prófskyldu. Það er talin fásinna, að skylda sveitabörn til að sitja í heimavistarskóla í 9 mánuði. Eindregið er mælt með heimanakstri. Árlegur skólatími sé ekki lengri en  $7\frac{1}{2}$ —8 mánuðir. — Langur skólatími slævir námsáhugann.
- 6.9. Úr aðalfundargjörfið Búnaðarsambands Strandamanna 8. og 9. sept. 1972:
- „Aðalfundur Búnaðarsambands Strandamanna haldinn á Hólmanvík dagana 8. og 9. sept. 1972, vill vekja athygli fræðsluyfirvalda á þeirri staðreynd, að aðstaða sveitafólks versnar að mun, ef grunnskólafrumvarp það, sem nú er á dagskrá verður óbreytt að lögum. Má í því sambandi nefna að þar er fyrirhugað að lengja verulega árlega skólagöngu. Mjög bagalegt er að missa unglunga frá bústörfum vor og haust. — Fundurinn telur að æskilegt væri að barna- og unglingskólar væru 7 mánaða skólar og hæfust ekki fyrr en um 10. okt. og lyki eigi síðar en 10. maí. — Lenging skólatímans hjá börnum og unglungum sveitanna stuðlar að upplausn sveitaheimilanna og er því andstæð ákvæðum stjórnarsáttmálans um viðhald og eflingu sveitanna.“
- 7.0. Hér á eftir er dregið saman í stutt mál, það sem Vestfirðingar leggja sérstaka áherzlu á að tekið verði til greina við endurskoðun grunnskólafrumvarpsins:
1. Það hefur komið skýrt fram í viðtölum við sveitarstjórnarmenn, að þeir telja skólamálin mikilvægari og valda meira um búsetu eða brottflutning fólks, en heilbrigðismálin. Sé aðstaða til skólahalds ekki fyrir hendi, flytji foreldrar með börn sín, fremur en vista þau í heimavistarskóla. Það sé því höfuðatriði, að hin væntanlega grunnskólaöggjöf auðveldi, fremur en torveldi, skólahald í fámennum héruðum, sem mörg hver eiga í vök að verjast.
  2. Að ekki komi til greina, að börn í 1. námsáfangu (1. til 4. námsári) dveljist í heimavistarskóla, nema engir aðrir möguleikar séu fyrir hendi. Heimanakstur barna verði því að taka upp, hvar sem mögulegt er, og ríkið styrki rekstur og kaup snjóbíla, þar sem talið er nauðsynlegt að nota slíka bíla til akstursins.
  3. Í öðrum námsáfangu (5. til 7. námsári) komi til greina að nemendur séu í heimavist, ef það er óhjákvæmilegt, en þá sé þeim ekið heim um helgar (t. d. síðdegis á föstudegi og í skóla á mánudagsmorgun) svo þau rofni ekki úr tengslum við heimili sín.
  4. Fimm daga kennsluvika verði í öllum heimanakstursskólum og þeim heimavistarskólum, þar sem mögulegt er að aka börnum heim um helgar, enda verði námsyfirferð ekki skert.

5. Ríkissjóður greiði a. m. k. 85% af kostnaði við akstur barna til og frá skóla og auk þess styrk til snjóþíla, sbr. lið 2.
6. Unnið verði að því, að nám nemenda í heimavistarskólum sé ekki kostnaðarsamara fyrir heimilin en þeirra nemenda, sem stundað geta nám við heimgöngu- eða heimanakstursskóla.
7. Að ekki verði skert þátttaka ríkissjóðs í kostnaði skóla fyrir 1.—7. námsár, þótt þeir verði fámennari en almennar reglur mæla fyrir um. Verði í þessum efnum farið eftir álitum fræðslustjóra umdæmisins.
8. Veittar verði nokkrar undanþágur frá almennum ákvæðum laganna, þar sem aðstæður eru á þann veg, að ekki er unnt að framfylgja lögnum til hlítar, enda verði tryggt, að viðunandi árangur náist við námið.
9. Í heimanakstursskólum verði börnum, sem biða þurfa heimferðar, sköpuð aðstaða til lestrar, meðan beðið er.
10. Í hverju sýslufélagi verði a. m. k. einn skóli, þar sem hægt sé að ljúka skyldunámi. Skólar, sem starfa á 1. og 2. námsáfangi, séu undir eftirliti og njóti stuðnings þess skóla í sýslufélaginu, sem starfar á 3. námsáfangi (8. og 9. námsvetri) til að tryggja, svo sem föng eru á, að námsyfirferð og undirbúningur barnanna sé sem jafnastur í skólunum.
11. Yfirhöfuð verði tryggt að ekki falli aukakostnaður á sveitarsjóðina, umfram það, sem nú er, vegna þeirra breytinga, sem gerðar kunna að verða á skólalöggjöfni.

Helztu athugasemdir og breytingartillögur Fjórðungssambands Vestfirðinga við einstakar greinar frumvarps til laga um grunnskóla:

1. gr. Allir sammála um markmið grunnskólafrumvarpsins, hvað snertir jafnan rétt nemenda og tækifæri til menntunar. Menn greinir fremur á um, hvert samspil skóla, heimila og félagslegra kringumstæðna sé heppilegast til að þegnarnir verði nýttir og víðsýnir.

3. gr. Lenging skólaskyldunnar hefur almennt fallið Vestfirðingum vel í geð, en lenging árlegs námstíma mælist ekki eins vel fyrir.

5. gr. Nauðsynlegt að veita undanþágu í nokkrum skólahverfum á Vestfjörðum frá ákvæðum í 2. og 62. gr.

10. gr. Sveitarfélög greiði ekki helming stofnkostnaðar skóla og sérstofnana fyrir afbrigðileg börn, skv. 9. gr. Stofnkostnaður slíkra stofnana falli undir heilbrigðismál.

14. gr. Stærð fræðsluumdæmanna verði miðuð við núverandi mörk landshlutasamtaka sveitarfélaga.

30. gr. Erfitt fyrir fámenna skóla að samhæfast þessu útreikningskerfi.

38.—39. gr. Sveitarstjórar og oddvitar eigi sæti í skólanefndum og bæjarstjórar og bæjarritarar í skólaráðum kaupstaða.

49.—51. gr. Fræðslustjóri verði ráðinn af landshlutasamtökum sveitarfélaga með samþykki menntamálaráðuneytisins og starfsfólk fræðsluskrifstofanna af stjórnnum landshlutasamtakanna.

53. gr. Fræðslustjóri fái vald til að úrskurða og greiða kostnaðarreikninga vegna skólahalds í umdæmi sínu, innan þeirra marka, sem löggin kunna að ákveða og í samræmi við fyrirframgerðar áætlanir.

71.—72. gr. Ákvæði þessara greina verði aðeins lätin gilda um 8.—9. bekk grunnskóla.

80 gr. Aftan við greinina bætist: Enn fremur hafi skólarannsóknadeildin með höndum frumkvæði að tilraunum á notkun sjónvarps við kennslu og rannsóknir á gildi þess sem kennslumiðils, í samvinnu við fræðslustjóra og námsstjóra.

Grunnskólanefnd bærust einnig tillögur Fjórðungssambands Vestfirðinga um skólaskípan á Vestfjörðum.

- 7.1. Tillaga um, að 1. gr. verði aukin þannig, að fyrsta málsgrein hljóði svo: Grunnskólinn skal í samvinnu við heimilin veita nemendum siðgæðislegt og félagslegt uppeldi, sem miði að því að efla sjálfsþekkingu þeirra og að því að gera þá að nýtum og viðsýnum samfélagsþegnum í þjóðfélagi, sem er í sífellðri þróun.
- Til samræmis við þetta verði svo bætt inn í 63. gr. liðnum: Kennslu í eflingu sjálfsþekkingar. — Þessari tillögu fylgir greinargerð. Þar er lögð áhersla á lífsþekkingu: „Þekktu sjálfan þig“, og tekið fram, að „starf íslenskra skóla einkennist nær eingöngu af meðhöndlun ytri (hlutlægrar) þekkingar“ — þess vegna sé „brýn þörf á því að beina athygli grunnskólans að sjálfsþekkingu, þ. e. að þekkingu á hinum innra, sátræna heimi nemandans sjálfs“.

#### Tillögur varðandi skólasöfn.

##### Hlutverk.

- 7.2. 1. Að vera miðstöð, sem sér öllum nemendum og starfslíði skólans fyrir bókum og öðrum kennslugögnum.
2. Að veita leiðbeiningar og þjálfun í að afla vitneskju úr bókum og í notkun annarra kennslugagna.
3. Að gefa öllum nemendum kost á þroskandi lefni til tómsundalestrar.

##### Húsrými.

Skólasafn skal gera ráð fyrir húsrými fyrir eftirfarandi starfsemi:

1. Grunnsafn, sem rýmir bækur og önnur kennslugögn, lestraraðstöðu fyrir 10% af nemendum skólans, útlánaðstöðu og aðstöðu til bókasýninga.
2. Stofa til hóp- og/eða bekkjarvinnu (í beinum tengslum við grunnsafn).
3. Vinnuherbergi safnvarðar.

##### Safnkostur.

- a. Bókakostur.
- Lágmarksbókakostur fyrir skóla með færri nemendum en 200 skal vera 20 bókarheiti á nemanda, en skóli með 1000 nemendum eða fleiri skal hafa sem lágmark 10 bókarheiti á nemanda. Lágmarksbókakostur fyrir skóla með fleiri en 200 nemendum skal vera 6—10 000 bindi.
- b. Önnur kennslugögn.
- Hvert skólasafn skal hafa filmur, filmuræmur, tónbönd, plötur, litskuggamyndir, glærur og ýmist myndafni, svo sem eftirprentanir og fjölrítað efni.

##### Starfslíð í skólasöfnum.

1. Allir skólar, sem hafa fleiri en 250 nemendur skulu hafa skólasafnvörð í fullu starfi. Í stærri skólum skal miða við einn safnvörð á hverja 500 nem.
2. Aðstoðarfólk skal vera í safni, sem svarar einn aðstoðarmaður fyrir hverja 250 nemendur.

##### Menntun skólasafnvarðar.

Skólasafnvörður skal hafa kennsluréttindi (kennarapróf og/eða B.A.-próf), svo og lágmarksmenntun í bókasafnsfræðum, sem er 250 kennslustundir í þeirri grein, með áherslu á skólasöfnum. Auk þess 8 vikna vinnu á skólasafni undir tilsögn menntaðs skólasafnvarðar.

Í greinargerð með tillögunum segir m. a.: Börnin læri að líta á safnið sem sjálfsagðan þátt námsins allt frá byrjun skólagöngunnar. — Í grunnsafni má reikna með 3 m<sup>2</sup> fyrir hvern nemanda. — Stofa til hópinnu þarf að rúma eina bekkjardeild og vera tengd aðalsafni. Í stofunni þarf að vera aðstaða til kvikmyndasýninga, tónlistarflutnings og bókmenntakynninga. — Hlutföllin milli

skáldrita og fagrita skulu vera 30% skáldrit og 70% fagrit fyrir gagnfræðaskóla og 40% skáldrit og 60% fagrit fyrir barnaskóla. — Til viðhalds og endurnýj- unar á bókakostinum verður að reikna með 10% af safnstofni. — Skólabóka- vörður sé starfsmaður skólans, ráðinn af skólastjóra og fræðsluyfivöldum. — Nauðsynlegt er að reka skólasöfn út frá miðstöð, er annist innkaup, flokkun, skráningu, plöstun og frágang allan á bókum og efni til safnsins. — Félagið leggur til að ráðinn verði skólasafnafulltrúi, sem annist uppbyggingu og eftirlit með rekstri allra skólasafna í landinu.

## Fylgiskjal II.

### HLUTFALLSLEG SKÓLASÓKN EFTIR SVEITARFÉLÖGUM, KJÖRDÆMUM OG ÞÉTTBÝLISSTIGUM

Nefndin gerði könnun á hlutfallslegri skólasókn eftir sveitarfélögum, kjördæmum og þéttbýlisstigum, og verða niðurstöður hennar birtar hér á eftir. Var könnunin unnin á vegum Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar, en upplýsingar í hana fengnar úr íbúaskrá 1. desember 1967 og úr nemendaskrá Hagstofu Íslands.

Könnunin var þannig gerð, að valinn var einn fæðingarárgangur ungmenna, þ. e. unglingar fæddir 1953, sem reyndust vera 4155 talsins samkvæmt íbúaskrá 1. desember 1967. Var skólasókn þessa hóps síðan athuguð í fimm ár, þ. e. frá skólaárinu 1967/68, þegar hópurinn hefði miðað við aldur sinn átt að vera í lokabekk núverandi skyldunáms (2. bekk gagnfræðastigs), til skólaársins 1971/72. Skólasókn var eingöngu við það miðuð, hvort unglingarnir voru í skóla eða ekki á hverju því skólaári, sem kannað var; ekki var tekið tillit til þess um hvaða eða hvers konar skóla var að ræða.

Könnunin var gerð í tveimur hlutum, 1. og 2., svo sem hér greinir:

— Í 1. hluta var flokkun unglिंगanna eftir lögheimilissveitarfélagi miðuð algerlega við íbúaskrána 1. desember 1967, en ekki tekið tillit til flutninga á því tímabili, sem rannsakað var (1967—1972). Niðurstöður þessa hluta könnunarinnar eru birtar í töflum I og II, er sýna hlutfallslega skólasókn nemenda miðað við búsetu í upphafi tímabilsins, þ. e. 1. desember 1967.

— Í 2. hluta könnunarinnar var tekið tillit til flutninga á könnunartímabilinu, þ. e. nemendur flokkaðir eftir lögheimilissveitarfélagi, eins og það var á hverju skólaári samkvæmt nemendaskrá. Niðurstöður þessa hluta könnunarinnar eru birtar í töflu III, er sýnir hlutfallslega skólasókn miðað við búsetu á hverju skólaári.

Nánar tiltekið birta töflurnar eftirfarandi niðurstöður:

- I. Tafla I sýnir hlutfallslega skólasókn eftir sveitarfélögum, og kemur þar fram skólasókn þessa aldursárgangs — bæði fjöldi nemenda í skóla og hundraðshluti þeirra af heildarfjölda í árganginum í viðkomandi sveitarfélagi — fyrir öll sveitarfélög í landinu. Auk þess eru til glöggvunar birtar nokkrar samanteknar tölur fyrir landssvæði, og er þá að jafnaði um að ræða kjördæmin.
- II. Tafla II er samantekin tafla, sem sýnir hlutfallslega skólasókn eftir þéttbýlisstigum (kaupstöðum/kaupúnum/sveitahreppum, samkvæmt flokkun Hagstofu Íslands) og kjördæmum, auk þess sem birtar eru heildartölur yfir allt landið.
- III. Tafla III er algerlega hliðstæð töflu II og sýnir hlutfallslega skólasókn eftir þéttbýlisstigum og kjördæmum, auk heildartalna yfir allt landið, miðað við búsetu nemenda á hverju skólaári.

Hér verða niðurstöður könnunarinnar ekki túlkaðar, heldur tölurnar látnar tala. Tvær ábendingar er þó vert að láta í té:

- A. Eðlilegt er, að spurt sé, hvers vegna skólasókn 1967/68 — þegar unglingarnir eru að öllum jafnaði á síðasta ári skyldunáms — nær yfirleitt hvergi 100% í töflum II og III, jafnvel ekki á þéttbýlustu stöðum. Meðal ástæðna fyrir þessu má reikna með eftirfarandi þáttum:
  - (i) Þeir nemendur, sem stunda nám í sérstofnunum fyrir andlega eða líkamlega vanheila, eru ekki skráðir í nemendaskrá.
  - (ii) Nemendur, sem flutzt hafa til útlanda og stunda þar nám vegna vinnu foreldra ytra, eru margir hverjir skráðir í íbúaskrá, en vitaskuld ekki í nemendaskrá hérlendis.
- B. Niðurstöður samkvæmt töflum II og III eru mjög líkar. Vert er þó að vekja athygli á því t. d., að eftir því sem líður á könnunartímabilið reynast hlutfallslega færri nemendur sveitahreppa sækja skóla samkvæmt töflu III en samkvæmt töflu II. Mismunurinn er að vísu lítill, en orsakir hans kynnu að vera íhugunar verðar.

**Tafla I. Hlutfallsleg skólasókn eftir sveitarfélögum samkvæmt íbúaskrá 1.12.1967 og nemendaskrá.**

Sveitarfélag	Fjöldi	Í skóla	67/68	Í skóla	68/69	Í skóla	69/70	Í skóla	70/71	Í skóla	71/72
	F. 1953	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
0000 Reykjavík	1.516	1.452	95.7	1.336	88.1	1.224	80.7	733	48.3	623	41.0
	1.516	1.452	95.7	1.336	88.1	1.224	80.7	733	48.3	623	41.0
1000 Kópavogur	279	264	94.6	248	88.8	209	74.9	126	45.1	97	34.7
1601 Seltjarnarneshreppur	48	46	95.8	43	89.5	41	85.4	29	60.4	27	56.2
	327	310	94.8	291	88.9	250	76.4	155	47.4	124	37.9
2100 Hafnarfjörður	180	173	96.1	160	88.8	139	77.2	62	34.4	51	28.3
2200 Keflavík	127	115	90.5	97	76.3	79	62.2	40	31.4	29	22.8
2501 Grindavíkurhreppur	22	22	100.0	14	63.6	15	68.1	7	31.8	6	27.2
2502 Hafnahreppur	3	2	66.6	1	33.3						
2503 Miðneshreppur	25	21	84.0	12	48.0	14	56.0	5	20.0	4	16.0
2504 Gerðahreppur	15	15	100.0	8	53.3	8	53.3	4	26.6	4	26.6
2505 Njarðvíkurhreppur	36	30	83.3	24	66.6	21	58.3	12	33.3	7	19.4
2506 Vatnsleysustrandarhreppur	7	6	85.7	3	42.8	2	28.5	2	28.5		
2507 Garðahreppur	63	61	96.8	57	90.4	57	90.4	33	52.3	30	47.6
2508 Bessastaðahreppur	3	2	66.6	2	66.6	2	66.6	2	66.6	1	33.3
2602 Mosfellshreppur	19	19	100.0	18	94.7	18	94.7	13	68.4	12	63.1
2603 Kjálarneshreppur	1	1	100.0	1	100.0	1	100.0	1	100.0		
2604 Kjósarhreppur	4	4	100.0	2	50.0	2	50.0	1	25.0	1	25.0
	505	471	93.2	399	79.0	358	70.8	182	36.0	145	28.7
3000 Akranes	86	84	97.6	78	90.6	69	80.2	33	38.3	25	29.0
3501 Strandahreppur	5	3	60.0	2	40.0	2	40.0	2	40.0		
3502 Skilmannahreppur	4	4	100.0	2	50.0	3	75.0				
3503 Innri Akraneshreppur	1	1	100.0	1	100.0	1	100.0				
3504 Leirár- og Melahreppur	5	5	100.0	4	80.0	3	60.0	1	20.0		
3505 Andakílshreppur	5	5	100.0	4	80.0	4	80.0	3	60.0	1	20.0
3506 Skorradalshreppur	4	4	100.0	3	75.0	3	75.0	2	50.0	2	50.0
3507 Lundarreykjadalshreppur	5	5	100.0	5	100.0	4	80.0	2	40.0	3	60.0
3508 Reykholtshreppur	10	10	100.0	8	80.0	8	80.0	6	60.0	2	20.0
3601 Hvítársíðahreppur	2	2	100.0	2	100.0	1	50.0	1	50.0		
3602 Þverárhliðahreppur	2	2	100.0	1	50.0	1	50.0	1	50.0	2	100.0
3603 Norðurárdalshreppur	2	2	100.0	2	100.0			1	50.0	1	50.0
3604 Stafholtstungnahreppur	5	4	80.0	4	80.0	4	80.0	3	60.0	3	60.0
3605 Borgarhreppur	3	3	100.0	3	100.0	3	100.0	2	66.6	2	66.6
3606 Borgarneshreppur	23	22	95.6	20	86.9	15	65.2	5	21.7	5	21.7
3607 Álftaneshreppur	4	3	75.0	1	25.0			1	25.0	1	25.0
3608 Hraunhreppur	3	1	33.3	1	33.3	1	33.3	1	33.3	1	33.3
3701 Kolbeinsstaðahreppur	1	1	100.0	1	100.0	1	100.0	1	100.0	1	100.0
3702 Eyjahreppur	1	1	100.0	1	100.0	1	100.0	1	100.0	1	100.0
3703 Miklaholtshreppur	3	3	100.0	2	66.6	1	33.3	1	33.3	1	33.3
3704 Staðarsveit	4	4	100.0	4	100.0	4	100.0	3	75.0	1	25.0
3705 Breiðuvíkurhreppur	2	2	100.0	1	50.0	1	50.0	1	50.0	1	50.0
3706 Neshreppur	18	18	100.0	14	77.7	10	55.5	3	16.6	3	16.6
3707 Ólafsvíkurhreppur	26	26	100.0	24	92.3	12	46.1	13	50.0	8	30.7
3708 Fróðárhreppur	2	2	100.0	1	50.0	1	50.0	1	50.0	1	50.0
3709 Eyrarsveit	12	10	83.3	8	66.6	8	66.6	4	33.3	4	33.3
3710 Helgafellsveit	2	2	100.0								
3711 Stykkishólshreppur	20	20	100.0	19	95.0	17	85.0	10	50.0	8	40.0
3712 Skógarstrandahreppur	1	1	100.0	1	100.0	1	100.0	1	100.0	1	100.0
3802 Miðalahreppur	3	3	100.0	1	33.3	1	33.3	1	33.3	1	33.3
3803 Haukadalshreppur	2	2	100.0			1	50.0	1	50.0	1	50.0
3804 Laxárdalshreppur	8	7	87.5	4	50.0	3	37.5	2	25.0	5	62.5
3805 Hvammshreppur	3	3	100.0	2	66.6	2	66.6	3	100.0	2	66.6
3806 Fellsstrandahreppur	2	2	100.0	2	100.0	2	100.0	2	100.0	2	100.0

**Tafla I. (frh.) Hlutfallsleg skólasókn eftir sveitarfélögum samkvæmt íbúaskrá 1.12.1967 og nemendaskrá.**

Sveitarfélag	Fjöldi	Í skóla 67/68		Í skóla 68/69		Í skóla 69/70		Í skóla 70/71		Í skóla 71/72		
	F. 1953	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
3807 Klofningshreppur	1					1	100.0					
3808 Skaróshreppur	1	1	100.0			1	100.0	1	100.0	1	100.0	
3809 Saurbæjarhreppur	3	2	66.6	2	66.6	1	33.3					
		284	270	95.0	228	80.2	191	67.2	113	39.7	90	31.6
4000 Ísafjörður	58	57	98.2	46	79.3	43	74.1	16	27.5	12	20.6	
4501 Geiradalshreppur	3	1	33.3	1	33.3	1	33.3			1	33.3	
4502 Reykhólahreppur	4	2	50.0	3	75.0	2	50.0	2	50.0	1	25.0	
4503 Gufudalshreppur	2			1	50.0	2	100.0	2	100.0			
4504 Múlahreppur	1			1	100.0	1	100.0					
4505 Flateyjarhreppur	1	1	100.0	1	100.0	1	100.0			1	100.0	
4601 Barðastrandarhreppur	4	2	50.0	2	50.0	1	25.0	1	25.0	1	25.0	
4602 Rauðasandshreppur	3	3	100.0	3	100.0	2	66.6	1	33.3			
4603 Patrekshreppur	29	29	100.0	24	82.7	21	72.4	8	27.5	7	24.1	
4604 Tálknafjarðarhreppur	6	2	33.3	5	83.3	6	100.0	2	33.3	2	33.3	
4605 Ketildalahreppur	2	2	100.0	2	100.0	2	100.0	2	100.0	1	50.0	
4606 Suðurfjarðahreppur	4	3	75.0	3	75.0	3	75.0	1	25.0	1	25.0	
4701 Auðkúluhreppur	1											
4702 Þingeyrarhreppur	15	14	93.3	11	73.3	8	53.3	8	53.3	6	40.0	
4703 Mýrahreppur	4	4	100.0	4	100.0	4	100.0	2	50.0	1	25.0	
4704 Mosvallahreppur	2	2	100.0	2	100.0	2	100.0	1	50.0	1	50.0	
4705 Flateyrarhreppur	13	13	100.0	9	69.2	10	76.9	5	38.4	4	30.7	
4706 Suðureyrarhreppur	9	7	77.7	6	66.6	6	66.6	3	33.3	4	44.4	
4801 Hólshreppur	23	22	95.6	13	56.5	8	34.7	8	34.7	7	30.4	
4802 Eyrarhreppur	7	7	100.0	7	100.0	7	100.0	3	42.8	3	42.8	
4803 Súðavíkurreppur	10	7	70.0	5	50.0	4	40.0	3	30.0	5	50.0	
4804 Ógurhreppur	1											
4805 Reykjarfjarðarhreppur	1	1	100.0	1	100.0	1	100.0					
4806 Nauteyrarhreppur	1	1	100.0	1	100.0	1	100.0	1	100.0			
4807 Snæfjallahreppur	2	2	100.0	1	50.0	1	50.0	1	50.0	1	50.0	
4901 Árneshreppur	5			1	20.0	1	20.0	1	20.0	1	20.0	
4902 Kaldrananeshreppur	5	5	100.0	2	40.0	2	40.0					
4903 Hrófbergshreppur	2	1	50.0	1	50.0	1	50.0	1	50.0			
4904 Hólmavíkurreppur	13	12	92.3	9	69.2	6	46.1	6	46.1	5	38.4	
4905 Kirkjubólshreppur	3	3	100.0	2	66.6	2	66.6	1	33.3			
4906 Fellshreppur	2							2	100.0			
4907 Óspakseyrarhreppur	2					2	100.0	2	100.0			
4908 Bæjarhreppur	5	4	80.0	3	60.0	3	60.0	1	20.0	1	20.0	
		243	207	85.1	170	69.9	154	63.3	84	34.5	66	27.1
5000 Siglufjörður	62	62	100.0	57	91.9	47	75.8	12	19.3	11	17.7	
5100 Sauðárkrókur	21	21	100.0	20	95.2	15	71.4	8	38.0	5	23.8	
5501 Staðarhreppur	5	5	100.0	5	100.0	5	100.0	2	40.0	2	40.0	
5502 Fremri Torfustaðahreppur	2	1	50.0	2	100.0	2	100.0	1	50.0	2	100.0	
5503 Ytri Torfustaðahreppur	2	2	100.0	2	100.0	2	100.0					
5504 Hvammstangahreppur	6	4	66.6	6	100.0	6	100.0	3	50.0	2	33.3	
5505 Kirkjuhvammshreppur	4	3	75.0	4	100.0	4	100.0	2	50.0	2	50.0	
5506 Þverárhreppur	3	1	33.3	2	66.6	2	66.6	1	33.3	1	33.3	
5507 Þorkelshólshreppur	5	1	20.0	1	20.0	2	40.0	2	40.0			
5601 Áshreppur	7	4	57.1	5	71.4	4	57.1	5	71.4	4	57.1	
5602 Sveinsstaðahreppur	4	3	75.0	2	50.0	3	75.0	1	25.0	1	25.0	
5603 Torfalekjarhreppur	3	2	66.6	2	66.6	2	66.6	1	33.3	1	33.3	
5604 Blönduóshreppur	14	14	100.0	11	78.5	9	64.2	6	42.8	5	35.7	
5605 Svinavatnshreppur	3	3	100.0	2	66.6	1	33.3	2	66.6	1	33.3	
5606 Bólstaðarhlíðahreppur	5	5	100.0	3	60.0	3	60.0	1	20.0	1	20.0	
5607 Engihlíðahreppur	3	2	66.6	2	66.6	2	66.6	1	33.3	1	33.3	
5608 Vindhælishreppur	5	3	60.0	5	100.0	2	40.0	2	40.0	1	20.0	

**Tafla I. (frh.) Hlutfallsleg skólasókn eftir sveitarfélögum samkvæmt íbúaskrá 1.12.1967 og nemendaskrá.**

Sveitarfélag	Fjöldi	Í skóla 67/68		Í skóla 68/69		Í skóla 69/70		Í skóla 70/71		Í skóla 71/72	
	F. 1953	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
5609 Höfðahreppur	16	13	81.2	10	62.5	2	12.5	2	12.5	2	12.5
5610 Skagahreppur	2										
5702 Skarðshreppur	3	3	100.0	3	100.0	2	66.6	1	33.3	2	66.6
5703 Staðarhreppur	4	4	100.0	4	100.0	3	75.0	3	75.0		
5704 Seilahreppur	6	6	100.0	2	33.3	3	50.0	2	33.3		
5705 Lýtingsstaðahreppur	7	6	85.7	3	42.8	3	42.8	2	28.5	3	42.8
5706 Akrahreppur	10	7	70.0	7	70.0	3	30.0	2	20.0	1	10.0
5707 Rípurhreppur	2	2	100.0	2	100.0	1	50.0	1	50.0	1	50.0
5708 Viðvíkurhreppur	2	2	100.0	2	100.0	2	100.0	1	50.0		
5710 Hofshreppur	4	2	50.0	1	25.0	1	25.0				
5711 Hofsóshreppur	4	4	100.0	4	100.0	3	75.0	1	25.0		
5712 Fellshreppur	4			1	25.0						
5713 Haganeshreppur	3	1	33.3	1	33.3	1	33.3	1	33.3		
5714 Holtshreppur	1										
	222	186	83.7	171	77.0	135	60.8	66	29.7	49	22.0
6000 Akureyri	190	180	94.7	162	85.2	152	80.0	62	32.6	62	32.6
6100 Húsavík	30	29	96.6	20	66.6	15	50.0	6	20.0	8	26.6
6200 Ólafsfjörður	14	14	100.0	14	100.0	14	100.0	3	21.4	2	14.2
6501 Grímseyjarhreppur	2	1	50.0	1	50.0	2	100.0				
6502 Svarfaðardalshreppur	5	5	100.0	3	60.0	2	40.0	3	60.0	2	40.0
6503 Dalvíkurhreppur	21	20	95.2	14	66.6	13	61.9	10	47.6	10	47.6
6504 Hríseyjarhreppur	6	6	100.0	3	50.0	4	66.6	2	33.3	1	16.6
6505 Árskógshreppur	5	2	40.0	2	40.0			1	20.0	1	20.0
6506 Arnarneshreppur	4	3	75.0	3	75.0	3	75.0	2	50.0	1	25.0
6507 Skriðahreppur	3	3	100.0	1	33.3					1	33.3
6508 Öxnadalshreppur	4	2	50.0	1	25.0	2	50.0	2	50.0	1	25.0
6509 Glæsibæjarhreppur	8	2	25.0	5	62.5	4	50.0	2	25.0	2	25.0
6510 Hrafnagilshreppur	6	4	66.6	3	50.0	3	50.0	3	50.0	2	33.3
6511 Saurbæjarhreppur	9	4	44.4	3	33.3	2	22.2	5	55.5	5	55.5
6512 Öngulsstaðahreppur	7	7	100.0	7	100.0	6	85.7	1	14.2		
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	8	6	75.0	4	50.0	2	25.0	1	12.5	1	12.5
6602 Grýtubakkahreppur	9	9	100.0	7	77.7	7	77.7	4	44.4	1	11.1
6603 Flateyjarhreppur	1	1	100.0	1	100.0	1	100.0	1	100.0		
6604 Hálishreppur	4	2	50.0	3	75.0	3	75.0	1	25.0	2	50.0
6605 Ljósavatnshreppur	8	8	100.0	8	100.0	7	87.5	3	37.5	3	37.5
6606 Báröðlahreppur	1	1	100.0	1	100.0	1	100.0			1	100.0
6607 Skútustaðahreppur	5	4	80.0	4	80.0	4	80.0	2	40.0	1	20.0
6608 Reykdælahreppur	6	4	66.6	5	83.3	6	100.0	4	66.6	2	33.3
6609 Aðaldælahreppur	6	3	50.0	3	50.0	3	50.0	2	33.3	1	16.6
6610 Reykjahreppur	4	2	50.0	3	75.0	3	75.0	3	75.0	1	25.0
6611 Tjörneshreppur	2			1	50.0	2	100.0	2	100.0	1	50.0
6701 Kelduneshreppur	4	3	75.0	4	100.0	4	100.0	1	25.0	3	75.0
6702 Óxarfjarðarhreppur	3	3	100.0	3	100.0	3	100.0	1	33.3		
6704 Presthólahreppur	13	12	92.3	12	92.3	13	100.0	9	69.2	5	38.4
6705 Raufarhafnarhreppur	9	8	88.8	7	77.7	6	66.6	1	11.1	2	22.2
6706 Svalbarðshreppur	3			1	33.3	2	66.6	1	33.3	1	33.3
6707 Þórshafnarhreppur	9	8	88.8	7	77.7	6	66.6	1	11.1	3	33.3
6708 Sauðaneshreppur	2	2	100.0	2	100.0	2	100.0	1	50.0	2	100.0
	411	358	87.1	318	77.3	297	72.2	140	34.0	128	31.1
7000 Seyðisfjörður	11	11	100.0	10	90.9	9	81.8	7	63.6	4	36.3
7100 Neskaupstaður	26	24	92.3	21	80.7	18	69.2	9	34.6	5	19.2
7501 Skeggjastaðahreppur	2	2	100.0	2	100.0	2	100.0	2	100.0	1	50.0
7502 Vopnafjarðarhreppur	21	8	38.0	13	61.9	13	61.9	6	28.5	5	23.8
7503 Hlíðarhreppur	2	1	50.0	1	50.0	1	50.0	1	50.0		
7504 Jökuldalshreppur	6	4	66.6	5	83.3	5	83.3	2	33.3	2	33.3
7505 Fljótadalshreppur	5	3	60.0	1	20.0	1	20.0	1	20.0	2	40.0

**Tafla I. (frh.) Hlutfallsleg skólasókn eftir sveitarfélögum samkvæmt íbúaskrá 1.12.1967 og nemendaskrá.**

Sveitarfélag	Fjöldi í skóla 67/68		Fjöldi í skóla 68/69		Fjöldi í skóla 69/70		Fjöldi í skóla 70/71		Fjöldi í skóla 71/72	
	F. 1953	Fjöldi %	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
7507 Tunguhreppur	5	3 60.0	1	20.0	1	20.0	1	20.0	1	20.0
7508 Hjaltastaðahreppur	3	1 33.3	2	66.6	2	66.6	2	66.6	2	66.6
7509 Borgarfjarðahreppur	8	6 75.0	5	62.5	3	37.5	2	25.0		
7511 Seyðisfjarðahreppur	2	1 50.0	1	50.0	1	50.0	1	50.0	1	50.0
7601 Skriðdalshreppur	7	6 85.7	5	71.4	6	85.7	5	71.4	1	14.2
7602 Vallahreppur	2	2 100.0	2	100.0	1	50.0	1	50.0	1	50.0
7603 Egilsstaðahreppur	7	6 85.7	5	71.4	4	57.1	4	57.1	5	71.4
7604 Eiðahreppur	6	5 83.3	6	100.0	5	83.3	6	100.0	5	83.3
7605 Mjóafjarðahreppur	1	1 100.0	1	100.0	1	100.0				
7606 Norðfjarðahreppur	6	6 100.0	6	100.0	5	83.3	5	83.3	2	33.3
7607 Helgustaðahreppur	1								1	100.0
7608 Eskifjarðahreppur	19	19 100.0	16	84.2	12	63.1	7	36.8	5	26.3
7609 Reyðarfjarðahreppur	12	10 83.3	10	83.3	9	75.0	4	33.3	1	8.3
7610 Fáskrúðsfjarðahreppur	5	3 60.0	3	60.0	3	60.0				
7611 Búðahreppur	19	14 73.6	8	42.1	7	36.8	2	10.5	3	15.7
7612 Stöðvarhreppur	6	6 100.0	2	33.3	3	50.0	1	16.6		
7613 Breiðdalshreppur	10	10 100.0	8	80.0	5	50.0	7	70.0	5	50.0
7614 Beruneshreppur	8	6 75.0	4	50.0	6	75.0	4	50.0	1	12.5
7615 Búlandshreppur	4	4 100.0	4	100.0	3	75.0	1	25.0	1	25.0
7616 Geithellnahreppur	4	2 50.0	1	25.0	2	50.0	3	75.0	1	25.0
7701 Bæjarhreppur	3	2 66.6	2	66.6			1	33.3		
7702 Nesjahreppur	7	7 100.0	5	71.4	4	57.1	4	57.1	2	28.5
7703 Hafnahreppur	20	20 100.0	17	85.0	7	35.0	5	25.0	4	20.0
7704 Mýrahreppur	3	3 100.0	2	66.6	2	66.6	3	100.0	2	66.6
7705 Borgarhafnahreppur	3	3 100.0	3	100.0	3	100.0	1	33.3		
7706 Hofshreppur	2	1 50.0	1	50.0	1	50.0	2	100.0		
	<b>246</b>	<b>200 81.3</b>	<b>173</b>	<b>70.3</b>	<b>145</b>	<b>58.9</b>	<b>100</b>	<b>40.6</b>	<b>63</b>	<b>25.6</b>
8000 Vestmannaeyjar	112	110 98.2	94	83.9	80	71.4	41	36.6	22	19.6
8501 Hörgslandshreppur	7	7 100.0	5	71.4	1	14.2	2	28.5	1	14.2
8502 Kirkjubæjarhreppur	3	3 100.0	1	33.3	1	33.3				
8503 Skaftártunguhreppur	1		1	100.0						
8505 Álfavershreppur	2	2 100.0	2	100.0	2	100.0	2	100.0	1	50.0
8506 Hvammshreppur	14	13 92.8	10	71.4	9	64.2	7	50.0	7	50.0
8507 Dyrhólahreppur	4	1 25.0	2	50.0	2	50.0	2	50.0	1	25.0
8601 Austur Eyjafjallahreppur	6	6 100.0	6	100.0	4	66.6	4	66.6	3	50.0
8602 Vestur Eyjafjallahreppur	2	1 50.0	1	50.0						
8603 Austur Landeyjahreppur	1									
8604 Vestur Landeyjahreppur	4	4 100.0	4	100.0	3	75.0	1	25.0	1	25.0
8605 Fljótshlíðahreppur	8	7 87.5	5	62.5	4	50.0	2	25.0	2	25.0
8606 Hvolhreppur	12	12 100.0	12	100.0	12	100.0	11	91.6	8	66.6
8607 Rangárvallahreppur	11	10 90.9	7	63.6	5	45.4	7	63.6	5	45.4
8608 Landmannahreppur	6	4 66.6	4	66.6	2	33.3	2	33.3	1	16.6
8609 Holtahreppur	5	3 60.0	1	20.0	1	20.0				
8610 Ásahreppur	1	1 100.0	1	100.0	1	100.0	1	100.0		
8611 Djúparhreppur	9	9 100.0	4	44.4	4	44.4	2	22.2	4	44.4
8701 Gaulverjabæjarhreppur	8	6 75.0	7	87.5	6	75.0	5	62.5	2	25.0
8702 Stokkseyrarhreppur	10	10 100.0	8	80.0	6	60.0	4	40.0	2	20.0
8703 Eyrbakkahreppur	13	11 84.6	9	69.2	10	76.9	2	15.3	2	15.3
8704 Sandvíkurhreppur	2	2 100.0	2	100.0	2	100.0	2	100.0	2	100.0
8705 Selfosshreppur	51	50 98.0	49	96.0	43	84.3	16	31.3	13	25.4
8706 Hraungerðishreppur	10	10 100.0	10	100.0	7	70.0	5	50.0	2	20.0
8707 Villingaholtshreppur	4		2	50.0	1	25.0				
8708 Skeiðahreppur	10	8 80.0	6	60.0	7	70.0	4	40.0	3	30.0
8709 Gnúpverjahreppur	6	4 66.6	3	50.0	4	66.6	4	66.6	1	16.6
8710 Hrunamannahreppur	9	9 100.0	7	77.7	6	66.6	3	33.3	3	33.3
8711 Biskupstungnahreppur	10	9 90.0	7	70.0	3	30.0	4	40.0	5	50.0
8712 Laugardalshreppur	6	6 100.0	6	100.0	3	50.0	5	83.3	3	50.0

**Tafla I. (frh.) Hlutfallsleg skólasókn eftir sveitarfélögum samkvæmt íbúaskrá 1.12.1967 og nemendaskrá.**

Sveitarfélag	Fjöldi Í skóla 67/68		Í skóla 68/69		Í skóla 69/70		Í skóla 70/71		Í skóla 71/72	
	F. 1953	Fjöldi %	Fjöldi %	Fjöldi %	Fjöldi %	Fjöldi %	Fjöldi %	Fjöldi %		
8713 Grímsneshreppur .....	7	4 57.1	6	85.7	3	42.8	2	28.5	2	28.5
8714 Þingvallahreppur .....	2	1 50.0	2	100.0	2	100.0	1	50.0	1	50.0
8715 Grafningshreppur .....	3	3 100.0	3	100.0	2	66.6	2	66.6	1	33.3
8716 Hveragerðishreppur .....	17	16 94.1	15	88.2	12	70.5	9	52.9	6	35.2
8717 Ölfushreppur .....	24	22 91.6	21	87.5	15	62.5	6	25.0	5	20.8
8718 Selvogshreppur .....	1	1 100.0	1	100.0	1	100.0				
	401	365 91.0	324	80.7	264	65.8	158	39.4	109	27.1

Sjö sveitahreppa vantar í töfluna, og eru það þessir:

Hörðudalshreppur, Dalasýslu (3801).

Skefilsstaðahreppur, Skagafjarðarsýslu (5701).

Hólahreppur, Skagafjarðarsýslu (5709).

Fjallahreppur, Norður-Þingeyjarsýslu (6703).

Fellahreppur, Norður-Múlasýslu (7506).

Loðmundarfjarðarhreppur, Norður-Múlasýslu (7510).

Leiðvallahreppur, Vestur-Skaftafellssýslu (8504).

(Loðmundarfjarðarhreppur hefur nú verið sameinaður Borgarfjarðarhreppi (7509), en var sérstakur hreppur í íbúaskrá 1. desember 1967).

Ástæða þess, að umrædda sjö hreppa vantar í töfluna, er sú, að í þeim var ekkert barn fætt árið 1953 samkvæmt íbúaskrá 1. desember 1967.

**Tafla II. Hlutfallsleg skólasókn eftir þéttbýlisstigum og kjördæmum samkvæmt íbúaskrá 1.12.1967 og nemendaskrá.**

Umdæmi	Kaupstaðir			Kaupún			Sveitahreppar								
	Fæddir			Fæddir 1953			Fæddir 1953								
	1953	67-68	68-69	69-70	70-71	71-72	Fjöldi	%	67-68	68-69	69-70	70-71	71-72	Fjöldi	%
Reykjavík	1516	95.7	88.1	80.7	48.3	41.0	1516	100.0	95.7	88.1	80.7	48.3	41.0	212	25.4
Reykjanes	832	93.8	82.9	73.0	40.5	32.3	586	70.4	94.1	86.1	72.8	38.9	30.2	99	34.8
Vesturland	284	95.0	80.2	67.2	39.7	31.6	86	30.2	97.6	90.6	80.2	38.3	29.0	123	50.6
Vestfirðir	243	85.1	69.9	63.3	34.5	27.1	58	23.8	98.2	79.3	74.1	27.5	20.6	40	18.0
Norurland vestra	222	83.7	77.0	60.8	29.7	22.0	83	37.3	100.0	92.7	74.6	24.0	19.2	45	10.9
Norurland eystra	411	87.1	77.3	72.2	34.0	31.1	234	56.9	95.2	83.7	77.3	30.3	30.7	87	35.3
Austurland	246	81.3	70.3	58.9	40.6	25.6	37	15.0	94.5	83.7	72.9	43.2	24.3	91	22.6
Suðurland	401	91.0	80.7	65.8	39.4	27.1	112	27.9	98.2	83.9	71.4	36.6	19.6	697	16.7
<b>Samtals</b>	<b>4155</b>	<b>91.9</b>	<b>82.0</b>	<b>72.6</b>	<b>41.6</b>	<b>33.6</b>	<b>2712</b>	<b>65.2</b>	<b>95.7</b>	<b>87.1</b>	<b>77.9</b>	<b>42.6</b>	<b>35.2</b>	<b>697</b>	<b>16.7</b>
														746	17.9
														76.8	68.4
														60.1	43.1
														43.1	30.2

**Tafla III. Hlutfallsleg skólasókn eftir þéttbýlisstigum og kjördæmum samkvæmt íbúaskrá 1.12.1967 og nemendaskrá. Tekið er tillit til flutninga á könnunartímabilinu, þ. e. nemendurnir flokkaðir þar, sem þeir eiga lögheimili á hverju skólaári.**

Umdæmi	Kaupstaðir			Kaupún			Sveitahreppar								
	Fæddir			Fæddir 1953			Fæddir 1953								
	1953	67-68	68-69	69-70	70-71	71-72	Fjöldi	%	67-68	68-69	69-70	70-71	71-72	Fjöldi	%
Reykjavík	1516	95.9	89.5	82.5	50.3	42.7	1516	100.0	95.9	89.5	82.5	50.3	42.7	212	25.4
Reykjanes	832	94.4	84.4	73.3	40.8	33.5	586	70.4	94.7	87.5	73.2	39.2	30.7	99	34.8
Vesturland	284	96.1	79.9	66.9	38.0	30.2	86	30.2	98.8	89.5	80.2	36.0	27.9	123	50.6
Vestfirðir	243	85.1	67.0	59.2	31.6	23.8	58	23.8	98.2	74.1	67.2	22.4	22.4	40	18.0
Norurland vestra	222	83.7	74.3	57.2	26.5	20.2	83	37.3	100.0	90.3	69.8	21.6	15.6	45	10.9
Norurland eystra	411	87.5	77.8	73.7	34.7	31.6	234	56.9	95.7	83.7	79.4	31.6	31.6	87	35.3
Austurland	246	81.3	69.1	58.5	40.2	22.7	37	15.0	94.5	83.7	72.9	40.5	18.9	91	22.6
Suðurland	401	91.2	80.2	65.0	37.1	25.1	112	27.9	98.2	83.0	70.5	33.9	23.2	697	16.7
<b>Samtals</b>	<b>4155</b>	<b>92.2</b>	<b>82.5</b>	<b>72.9</b>	<b>41.8</b>	<b>33.7</b>	<b>2712</b>	<b>65.2</b>	<b>96.0</b>	<b>87.9</b>	<b>78.8</b>	<b>43.5</b>	<b>36.3</b>	<b>697</b>	<b>16.7</b>
														746	17.9
														76.9	67.4
														58.5	41.5
														27.8	20.8

**Fylgiskjal III.**

**YFIRLIT YFIR FJÖLDA NEMENDA OG KENNARA Á BARNA- OG GAGNFRÆASTIGI 1972—1973**

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Tegund skóla starfsleingi	Aldursárg. í skólanum	Breytilegur námsst. nem.	Forskólanem. 5 og 6 ára	Nemendafjöldi							Kennarar				
					1.—6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Alla nem. 1.—9. skólaár	10. bekkur	Frhd. fyrra ár	Frhd. stóra ár	Alla nem. í skólanum	Stöður	Fætir	Stunda
<b>Reykjavík</b>																
Austurbæjarskóli	BU-9	9	88	624	142	148		914				1002	37 <sup>1</sup> / <sub>6</sub>	41	12	
Álftamýrarskóli	BU-9	9	88	683	127	131		941				1029	31 <sup>5</sup> / <sub>6</sub>	37	16	
Árbæjarskóli	BU-9	9	123	762	81	90		933				1056	31 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	34	16	
Ármúlaslóli	G-8 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	2					533	533	230			763	30 <sup>1</sup> / <sub>3</sub>	32	8	
Breiðagerðisskóli	B-9	7	57	843				843				900	28	30	7	
Breiðholtsskóli	BU-9	9	200	934	130	108		1172				1372	34 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	39	14	
Fellaskóli	BU-9	9	98	440	56	42		538				636	4	4	21	
Fossvogsskóli	B-9	4	102	331				331				433	4 <sup>1</sup> / <sub>6</sub>	6	8	
Gagnfr.sk. Austurbæjar	G-8 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	2					295	295	145			440	20 <sup>1</sup> / <sub>3</sub>	21	7	
Hagaskóli	G-8 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	4			237	229		256	722	132		854	28 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	35	25	
Hlíðaskóli	BU-9	9	64	444	143	139		726				790	27 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	32	9	
Hvassaleitisskóli	BU-9	9	53	366	85	80		531				584	14 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	18	14	
Kvennaskólinn í Reykjavík	G-8 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	4			61	59	64	184	26			210	8 <sup>5</sup> / <sub>6</sub>	11	16	
Landakotsskóli	B-9	7	28	141				141				169	2	2	7	
Langholtsskóli	BU-9	9	132	649	122	113		884				1016	35 <sup>5</sup> / <sub>6</sub>	44	14	
Laugalækjarskóli	G-8 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	4			145	123	137	405	82			487	23 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	24	13	
Laugarnesskóli	B-9	7	100	727				727				827	27	29	6	
Lindargötuskóli	G-8 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	2								157	91	248	11 <sup>1</sup> / <sub>6</sub>	13	4	
Melaskóli	B-9	7	122	1003				1003				1125	30 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	35	11	
Réttarholtsskóli	G-8 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	4			195	195	232	622	128			750	29 <sup>1</sup> / <sub>3</sub>	33	16	
Skóli Ísaks Jónssonar	B-9	4	232	297				297				529	14	18		
Vesturbæjarskóli	B-9	5	46	200				200				246	7	7	5	
Vogaskóli	BG-9	11	73	619	102	141	234	1096	145			1314	49 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	57	14	
Æfinga- og tilraunask. K. Í.	B-9	7	38	404				404				442	14 <sup>1</sup> / <sub>6</sub>	15	3	
Talkennsla og kennsla tor- næmra barna													4	4		
Heimilisfræðikennsla													17 <sup>5</sup> / <sub>6</sub>	20		
Sundkennsla													4	4		
				1644	9467	1626	1598	1751	14442	888	157	91	17222	571 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	645	256
<b>Keflavík</b>																
Barnaskóli Keflavíkur	B-9	7	146	889				889				1035	26 <sup>5</sup> / <sub>6</sub>	29	3	
Gagnfræðask. Keflavíkur	G-8 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	6			145	161	160	466	106	18	12	602	22 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	24	10	
				146	889	145	161	160	1355	106	18	12	1637	49 <sup>1</sup> / <sub>3</sub>	53	13
<b>Hafnarfjörður</b>																
Lækjarskóli	BU-9	9	83	288	114	125		527				610	24 <sup>5</sup> / <sub>6</sub>	32	12	
Óldutúnsskóli	BU-9	8	80	565	102			667				747	26	32	9	
Víðistaðaskóli	B-9	7	90	601				601				691	13 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	21	9	
Flensborgarskóli	G-8 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	4			103	213	316	147	31			494	22 <sup>1</sup> / <sub>6</sub>	24	14	
				253	1454	216	228	213	2111	147	31		2542	86 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	109	44
<b>Kópavogur</b>																
Kópavogsskóli	B-9	7	70	530				530				600	17 <sup>1</sup> / <sub>6</sub>	21	8	
Kársnesskóli	B-9	7	115	751				751				866	29 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	34	4	
Digranesskóli	B-9	7	78	458				458				536	12 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	15	8	
Víghólaskóli	G-8 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	5			197	165	134	496	67	28		591	24 <sup>5</sup> / <sub>6</sub>	26	11	
Þinghóllskóli	G-8 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	4			132	142	102	376	60			436	14 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	16	10	
				263	1739	329	307	236	2611	127	28		3029	99	112	41

Yfirlit yfir fjölda nemenda og kennara á barna- og gagnfræðastigi 1972—1973. (Frh.)

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Tegund skóla starfsföngd	Aldursárg. í skólanum	Breytilegur námat. nom.	Nemendafjöldi										Kennarar			
				Forskólanem. 5 og 6 ára	1.—6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Alls nem. 1.—9. skólaár	10. bekkur	Frhd. fyrra ár	Frhd. síðara ár	Alls nem. í skólanum	Stöður	Fastir	Stunda	
<b>Akranes</b>																	
Barnaskóli Akraessa .....	B-9	7		93	634					634				727	19 <sup>5</sup> / <sub>6</sub>	23	4
Gagnfræðaskóli Akraessa ...	G-8½	6				108	91	108		307	60	18	12	397	16 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	19	9
				93	634	108	91	108	941	60	18	12	1124	36½	42	13	
<b>Ísafjörður</b>																	
Barnaskóli Ísafjarðar .....	B-9	7		64	360					360				424	12 <sup>5</sup> / <sub>6</sub>	15	2
Gagnfræðaskóli Ísafjarðar ..	G-8	4				74	66	71		211	50			261	9	11	6
				64	360	74	66	71	571	50			685	21½	26	8	
<b>Sauðárkrókur</b>																	
Barnaskóli Sauðárkróks ....	B-8	7		24	210					210				234	7½	9	3
Gagnfræðaskóli Sauðárkróks	G-8	4				41	40	51		132	32			164	8	10	5
				24	210	41	40	51	342	32			398	15½	19	8	
<b>Siglufjörður</b>																	
Barnaskóli Siglufjarðar ....	B-9	7		37	259					259				296	9½	12	1
Gagnfræðaskóli Siglufjarðar	G-8	4				41	36	38		115	23			138	7 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	9	5
				37	259	41	36	38	374	23			434	17	31	6	
<b>Ólafsfjörður</b>																	
Barnaskóli Ólafsfjarðar ....	B-9	6			169					169				169	6	7	3
Gagnfræðaskóli Ólafsfjarðar	G-8½	4				26	18	23		67	22			89	5	5	4
				169	26	18	23	236	22				258	11	12	7	
<b>Akureyri</b>																	
Barnaskóli Akureyrar .....	B-9	6			800					800				800	26½	29	1
Oddeyrarskóli .....	BU-9	7			407	56				463				463	16½	18	6
Gleráarskóli .....	B-9	6			239					239				239	8½	9	1
Gagnfræðaskóli Akureyrar ..	G-8½	6				137	220	190		547	140	26	12	725	33½	34	13
				1446	193	220	190	2049	140	26	12	2227	84	90	21		
<b>Húsavík</b>																	
Barnaskóli Húsavíkur .....	B-9	6			340					340				340	9½	12	3
Gagnfræðaskóli Húsavíkur ..	G-8½	4				46	42	49		137	16			153	8½	11	6
				340	46	42	49	477	16				493	17½	23	9	
<b>Seyðisfjörður</b>																	
Barna- og miðsk. Seyðisfj. .	BM-9	9		143	28	22	10	203					203	9	9	2	
<b>Neskaupstaður</b>																	
Barnaskóli Neskaupstaðar ..	B-9	7		34	215					215				249	6½	7	4
Gagnfræðask. Neskaupstaðar	G-8½	5				37	31	43		111	26	10		147	7½	8	8
				34	215	37	31	43	326	26	10		396	13½	15	12	

Yfirlit yfir fjölda nemenda og kennara á barna- og gagnfræðastigi 1972—1973. (Frh.)

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Tegund skóla starfsfengt	Aldursárg. í skólanum	Nemendafjöldi										Kennarar		
			Breytilegur námat. nem.	Forskólanem. 5 og 6 ára	1.—6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Alls nem. 1.—9. skólaár	10. bekkur	Frhd. fyrra ár	Frhd. síðara ár	Alls nem. í skólanum	Stöður	Fastir
<b>Vestmannaeyjar</b>															
Barnaskóli Vestmannaeyja . . .	B-9	7		710	134			844				844	26 <sup>5</sup> / <sub>6</sub>	29	1
Barnask. S. D. Aðventista Vc.	B-9	6		27				27				27	1	1	1
Gagnfr.sk. Vestmannaeyja . . .	G-8	4				106	80	186	61	17		264	11 <sup>1</sup> / <sub>3</sub>	13	8
				737	134	106	80	1057	61	17		1135	39 <sup>1</sup> / <sub>6</sub>	43	10
<b>Gullbringusýsla</b>															
Barna- og ungl.sk. Grindavík	BU-8	9	35	199	32	28		259				294	11 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	12	
Barna- og ungl.sk. Sandgerði	BU-8	8		154	35	15		204				204	6 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	7	2
Barna- og ungl.sk. Gerðum	BU-8	8		90	13	15		118				118	5	5	1
Barna- og ungl.sk. Njarðvík- um (Njarðvíkurhr. Hafnahr.)	BU-9	8		251	48	31		330				330	13 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	15	2
Barna- og ungl.sk. á Vatns- leysuströnd . . . . .	BU-8	8		41	8	3		52				52	2	3	3
Barnask. í Garðahreppi . . . .	B-9	7	103	622				622				725	21 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	25	5
Gagnfræðask. í Garðahreppi	G-8	4			110	108	115	333	52			385	15 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	18	8
Barnask. Bessastaðahr. . . . .	B-8	6		34				34				34	1	1	3
				138	1391	246	200	115	1952	52		2142	77	86	24
<b>Kjósarsýsla</b>															
Barna- og gagnfr.sk. Mýrar- húsum . . . . .	BG-9	11		41	317	57	66	38	478	24		543	22 <sup>5</sup> / <sub>6</sub>	25	3
Barnask. Varmá Mosfellssv. Gagnfræðask. í Mosfellssveit (Nem. Mosfellssv. Kjalarnes- og Kjósarhrepps) . . . . .	B-8 G-8	7 4		22	180				180			202	6 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	8	4
Barnask. á Klébergi, Kjalarnesi . . . . .	B-8 h	6			38				38			38	2	2	4
Barnask. í Ásgarði, Kjósarhr.	B-8 H	6	×		39				39			39	2 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	3	
				63	574	91	106	72	843	46		952	41 <sup>1</sup> / <sub>6</sub>	47	16
<b>Borgarfjarðarsýsla</b>															
Leirárskóli (Hvalfjarðarstr.- Innri-Akranes- Skilmanna- Leirár- og Melahr.) . . . . .	BU-8	9		59	21	12	12	104				104	6 <sup>1</sup> / <sub>3</sub>	8	1
Kleppjárnsreykjask. (Anda- kils- Skorrád.- Lundarreykjadal- dals- Reykholtst. og Hálsahr.)	BU-8 H	8		132	25	16		173				173	6 <sup>5</sup> / <sub>6</sub>	9	2
<b>Mýrasýsla</b>															
Varmalandssk. (Hvítársíðu- Þverárhliðar- Norðurárdals- Stafholtst.- Borgar- Álfta- nes- og Hraunhr.) . . . . .	BU-8 H	8	×	106	16	16		138				138	6 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	7	2
Barna- og gagnfræðask. Borg- arness . . . . .	BG-8	10		163	27	26	39	255	21			276	11 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	14	3
				460	89	70	51	670	21			691	31 <sup>1</sup> / <sub>6</sub>	38	8

Yfirlit yfir fjölda nemenda og kennara á barna- og gagnfræðastigi 1972—1973. (Frh.)

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Tegund skóla starfaleið	Aldursárg. í skólanum	Breytilegur námsst. nem.	Nemendafjöldi										Kennarar			
				Forskólanem. 5 og 6 ára	1.—6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Allis nem. 1.—9. skólaár	10. bekkur	Fríð. fyrra ár	Fríð. síðara ár	Allis nem. í skólanum	Stöður	Fastir	Stunda	
<b>Snæfellsnes- og Hnappasýsla</b>																	
<b>Laugargerðisskóli (Kolbeinsstaða- Eyja- Miklah.- Breiðuvík- Helgafellssveitar- og Skógarstrandarhr.)</b> . . . . . BU-8 H																	
		8	×		91	14	15		120					120	4½	5	3
Barna- og ungl.sk. í Staðarsv.	BU-7½	10	×	4	18	6	6	7	37	7				48	2½	3	1
Barna- og miðsk. á Hellissandi	BM-8	8			115	8	11	8	142					142	6	6	3
Barna- og miðsk. í Ólafsvík	BG-8	10			159	28	18	20	225	15				240	12½	13	
Barna- og miðsk. í Grundarf.	BM-8	9			130	26	17	7	180					180	7½	8	4
Barna- og gagnfr.sk. í Stykkishólmi	BG-8 h	10			143	23	20	35	221	26				247	10½	12	1
					4	656	105	87	77	925	48			977	43½	48	12
<b>Dalassýsla</b>																	
Barna- og ungl.sk. í Búðard.	BU-8	8			49	6	6		61					61	3	3	5
Laugaskóli (Hörðudals- Miðdala- Haukadals- Hvammsfellsstr.-Klofnings- Skarðsstr- og Saurbæjarhr.)	BU-8 H	8	×		107	25	21		153					153	5½	6	1
					156	31	27		214					214	8½	9	6
<b>A.-Barðastrandarsýsla</b>																	
Barnask. Geiradalsh.	B-4 H	4			13				13					13	1	1	
Barna- og ungl.sk. á Reykhólum (Ungl. Reykhólasv. Geiradals- Gufudals- og Flat-eyjarhr.)	BM-7 H	8	×		26	7	5	8	46					46	3½	4	
Barnask. Gufudalshr.	B-4 f	4			9				9					9	1	1	
Barnask. Flateyjar	B-4	5			7				7					7	1	1	
					55	7	5	8	75					75	6½	7	
<b>V.-Barðastrandarsýsla</b>																	
Barna- og ungl.sk. Barðastr.hr. (Múlahr. í A-Barð.)	BU-7	6	×		43		7		50					50	2	2	
Barna- og ungl.sk. Örlygsh. Rauðas.hr.	BU-7 H	6	×		18	3	4		25					25	1	1	2
Barna- og miðsk. Patreksf.	BM-8	9			143	28	21	25	217					217	8	9	1
Barna- og ungl.sk. í Tálknaf.	BU-8	8			42	5	2		49					49	2	2	1
Barna- og ungl.sk. á Bíldudal (Ketildalahr.)	BU-8	8			51	12	8		71					71	3	3	2
					297	48	42	25	412					412	16	17	6
<b>V.-Ísafjarðarsýsla</b>																	
Barna- og ungl.sk. á Þingeyri (Þingeyrar- og Auðkúluhr.)	BU-8	8			54	15	5		74					74	4	4	
Barnask. á Núpi, Mýrahr.	B-7	7	×		31				31					31	1½	2	4
Barna- og ungl.sk. á Flateyri	BU-8	8			55	13	10		78					78	4	4	3
Barnask. í Mosvallahr.	B-6 H	5	×		13				13					13	1	1	1
Barna- og ungl.sk. á Suðureyri	BU-8	8			59	13	6		78					78	4	4	
					212	41	21		274					274	14½	15	8

Yfirlit yfir fjölda nemenda og kennara á barna- og gagnfræðastigi 1972—1973. (Frh.)

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Tegund skóla starfslengd	Aldursárg. í skólanum	Breytilegur námsst. nem.	Nemendafjöldi										Kennarar			
				Forskólanem. 5 og 6 ára	1.—6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Alls nem. 1.—9. skólaár	10. bekkur	Frhd. fyrri ár	Frhd. síðara ár	Alls nem. í skólanum	Stöður	Festir	Stunda	
<b>N.-Ísafjarðarsýsla</b>																	
Barna- og miðsk. Bolungarv.	BM-8				155	19	19	17	210					210	9 <sup>2</sup> / <sub>8</sub>	10	3
Barnask. í Hnífsdal	B-8				52				52					52	3	3	3
Barna- og ungl.sk. í Súðavík	BU-7				39	7			46					46	3	3	
Barnask. í Reykjan. (Ögur-Reykjafj.- Nauteyrrar- og Snæfjallahr.)	B-8½ H	5	×		54				54					54	1½	2	3
					300	26	19	17	362					362	17 <sup>1</sup> / <sub>3</sub>	18	9
<b>Strandasýsla</b>																	
Barna- og ungl.sk. á Finn- bogastöðum	BU-8 H	8	×		21	10			31					31	1	1	1
Barna- og ungl.sk. á Drangsn.	BU-8	8			10	3	3		16					16	1	1	1
Barna- og ungl.sk. á Klúku	BU-7 H	8	×		14	3	6		23					23	1 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	2	
Barna- og ungl.sk. á Hólma- (Hrófbergshr. Kirkjubólsh.)	BU-8	8			54	14	12		80					80	5	5	
Barnask. í Fells- og Öspaks- eyrarhr.	B-6 f	6	×		15				15					15	1	1	
Barnask. á Borðeyri, Bæjar- hreppi	B-7	6	×		24				24					24	1	1	2
					138	30	21		189					189	10 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	11	4
<b>V.-Húnavatnssýsla</b>																	
Barnask. í Staðarhr.	B-7	6			23				23					23	1	1	2
Laugarb.sk., Miðfirði (Fremri- Torfustaða- Ytri-Torfustaða- Kirkjuhvamms- og Porkels- hólsh.)	BU-8 H	8	×		96	15	24		135					135	5½	6	1
Barna- og miðsk. Hvamms- tanga	BM-8	9			39	12	6	10	67					67	4 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	5	3
Barnask. í Þverárhreppi	B-5	6			11				11					11	1	1	
					169	27	30	10	236					236	12 <sup>1</sup> / <sub>3</sub>	13	6
<b>A.-Húnavatnssýsla</b>																	
Húnavallaskóli (Ás-Sveinsst.- Torfal.- Svínav.- Bólstaðar- hlíðar- og Engihlíðarhr.)	BU-8 H	8	×		114	21	16		151					151	6	6	1
Barna- og gagnfr.sk., Blöndu- ósi	BG-8	9			13	87	14	13	128					141	8½	9	6
Barna- og miðsk í Höfða- kaupstað	BM-8	9			87	10	13	8	118					118	6	6	3
Barnask. í Vindhælishr.	B-3 f	6			4				4					4	1	1	
Barnask. í Skagahr.	B-3 f	6			1	6			6					7	1	1	
					14	298	45	42	407					421	22½	23	10
<b>Skagafjarðarsýsla</b>																	
Barnask. Skefilsstaðahr.	B-4 f	4			7				7					7	1	1	
Barnask. Staðarhr. (Nem úr Skarðshr. þar og á Sauðárkr.)	B-6	5	×		18				18					18	1	1	1
Barna- og ungl.sk. í Varma- hlíð (Ungl. úr Akrahr.)	BU-8 h	8	×		44	18	22		84					84	4	4	3

Yfirlit yfir fjölda nemenda og kennara á barna- og gagnfræðastigi 1972—1973. (Frh.)

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Tegund skóla starfs lengd	Aldursárg. í skólanum	Breytilegur námsst. nem.	Nemendafjöldi								Kennarar				
				Forskólanem. 5 og 6 ára	1.—6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Alls nem. 1.—9. skólaár	10. bekkur	Frhd. fyrra ár	Frhd. stóars ár	Alls nem. í skólanum	Stöður	Fastir	Stunda
Steinsst.sk. Lýtingsstaðahr. .	BU-8 H	8	×		41	17	11		69				69	3 $\frac{2}{3}$	4	3
Barnask. Akrahr. ....	B-7	6	×		46				46				46	3	3	
Barnask. Rípurhr. (Ungl. sækja skóla á Sauðárkrók) ..	B-6 H	6			21				21				21	1	1	2
Barnask. á Hólum (Hóla og Viðvíkurhr.) .....	B-7	6			43				43				43	2	2	2
Barna- og ungl.sk. á Hofsósi	BU-7	8			40	12	13		65				65	4	4	2
Barnask. í Hofshr. (Ungl. sækja skóla á Hofsósi) .....	B-7	6	×		35				35				35	1	1	1
Barnask. Fellshr. ....	B-3 $\frac{1}{2}$ f	3	×		7				7				7	1	1	
Barnaskólinn Barði Fljótum (Haganes- og Holtshr.) ....	BU-7 H	6	×		29	4			33				33	1	1	2
					331	51	46		428				428	22 $\frac{2}{3}$	23	16
<b>Eyjafjarðarsýsla</b>																
Barnask. í Grímsey .....	B-6	6			12				12				12	1	1	2
Barna- og gagnfr.sk., Dalvík	BC-8	10			132	25	28	23	208	11			219	10 $\frac{1}{2}$	11	
Húsabakkask., Svarfaðardal	BU-8 H	8			37	5	12		54				54	3 $\frac{1}{2}$	4	3
Barna- og ungl.sk., Árskógs- strönd .....	BU-8 h	8	×		42	16	9		67				67	3	3	2
Barna- og ungl.sk. í Hrísey	BU-8	8		11	46	10			56				67	3	3	3
Barna- og ungl.sk., Hjalteyri	B-8	6	×		38				38				38	2	2	1
Þelamerkursk. (Skríðu-Óxna- dals- og Glæsibæjarhr.) ....	BU-8 H	8	×		65	17	17		99				99	5	6	
Barnask. á Hrafnagili .....	B-8	6	×		42				42				42	2	2	5
Hrafnagilsskóli (Hrafnagils- Saurbæjar- Öngulsstaða- og Svalbarðsstrandarhr.) .....	M-8 H	3				24	34	32	90				90	5 $\frac{1}{2}$	6	2
Barnask. Saurbæjarhr. ....	B-8	6	×		45				45				45	2	2	2
Barnask. Öngulsstaðahr. ....	B-8	6			45				45				45	2 $\frac{2}{3}$	3	1
					11	504	97	100	55	756	11		767	40 $\frac{1}{3}$	43	21
<b>S.-Þingeyjarsýsla</b>																
Barnask. í Svalbarðsstr.hr. .	B-8	6			30				30				30	1 $\frac{2}{3}$	2	1
Barnask. í Grenivík .....	B-7 $\frac{1}{2}$	6			49				49				49	2	2	3
Stórutjarnaskóli (Hálshr. og Ljósavatnshr., auk unglingar úr Grýtubakkahr. og Báró- dælahr.) .....	BU-8 H	8	×	13	67	28	21		116				129	6	7	2
Barnask. í Bárðardal .....	B-7 H	6	×		19				19				19	1	1	1
Barna- og ungl.sk. á Skútust.	BU-7 h	8	×	3	63	18	16		97				100	2	2	9
Barna- og ungl.sk. á Laugum	BU-8 h	7	×		62	12			74				74	3	3	4
Hafralækjarskóli (Aðaldæla- hr. Reykjahr. og Tjörneshr.	BU-8 H	8	×		97	15	12		124				124	5 $\frac{1}{2}$	6	5
					16	387	73	49	509				525	21 $\frac{1}{3}$	23	25
<b>N.-Þingeyjarsýsla</b>																
Barna- og ungl.sk. í Skúla- garði (Kelduneshr. og Óxar- fjarðarhr.) .....	BU-8 H	7	×		35	18			53				53	2	2	1

Yfirlit yfir fjölda nemenda og kennara á barna- og gagnfræðastigi 1972—1973. (Frh.)

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Tegund skóla starfslongd	Aldursárg. í skólanum	Breytilegur námat. nem.	Nemendafjöldi										Kennarar			
				Forskólanem. 5 og 6 ára	1.—6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Alls nem. 1.—9. skólaár	10. bekkur	Frhd. fyrri ár	Frhd. síðara ár	Alls nem. í skólanum	Stöður	Fastir	Stunda	
<b>Miðskólinn í Lundi (Keldun- Óxarfjarðar- og Presthólahr. Unglingar úr öllum hreppum sýslunnar sækja III. bekk)</b>																	
M-8 H		2						19	16	35				35	2	2	5
Barnask. á Kópaskeri	B-7 h	7	×	4	36					36				40	1½	2	2
Barna- og ungl.sk. á Raufarh.	BU-8	10		8	56	15	12	16	99					107	4	4	1
Barnask. í Svalbarðshr.	B-6	6	×		13				13					13	1	1	1
Barna- og ungl.sk. á Þórs- höfn (Sauðaneshr.)	BU-8	8			62	18	9		89					89	4	4	2
					12	202	51	40	32	325				337	14½	15	12
<b>N.-Múlasýsla</b>																	
Barnask. í Skeggjastaðahr.	B-6	6	×		16				16					16	1	1	
Barna- og miðsk. í Vopnaf.	BM-8½	9			81	17	18	15	131					131	5½	6	3
Barna- og ungl.sk. á Torfast.	BU-7 H	8	×		39	12	7		58					58	3	3	3
Barnask. í Jökuldalshr.	B-7 H	6	×		20				20					20	1	1	1
Barnask. í Hlíðarhr.	B-7½ H	6	×		23				23					23	1	1	
Barnask. í Tunguhr.	B-7 H	6	×		18				18					18	1	1	2
Barna- og ungl.sk. í Borgarf.	BU-8	8			35	7	12		54					54	2⅔	3	3
					232	36	37	15	320					320	15⅓	16	12
<b>S.-Múlasýsla</b>																	
Hallormstaðask. (Skríðdals- Valla- Fella- og Fljótaldalshr.)	BU-8 H	8	×		67	9	9		85					85	4	4	2
Barna- og ungl.sk. á Eiðum (Eiða- og Hjaltast.hr. Ungl- lingar úr Hlíðar- Tungu- og Jökuldalshr.)	BU-8 H	6	×		33	20			53					53	2	2	5
Barna- og miðsk. á Egilsst.	BM-8	10		25	130	11	22	12	175					200	8⅓	9	2
Barnask. í Mjóafirði	B-4	6			3				3					3	1	1	
Barnask. í Norðfirði (Ungl. sækja skóla í Neskaupst.)	B-8	6	×		15				15					15	1	1	
Barna- og gagnfr.sk. á Eskif.	BG-9	11		25	138	19	21	13	191	15				231	7½	8	3
Barna- og ungl.sk. Reyðarf.	BM-8	10		13	97	17	7	10	131					144	7	7	4
Tunguholtssk. í Fáskrúðsf.	B-8 H	6	×		18				18					18	1	1	2
Barna- og miðsk. á Búðum	BG-8	11		19	112	20	20	15	167	13				199	7½	8	3
Barna- og ungl.sk., Stöðvarf.	BU-8	8			38	9	5		52					52	2	2	2
Barna- og ungl.sk., Breiðdal	BU-7 H	8			33	18	8		59					59	4	4	1
Barnask. í Beruneshr.	B-7 H	5	×		17				17					17	1	1	1
Barna- og ungl.sk. á Djúpav.	BU-8	8			54	5	14		73					73	3	3	1
Barnask. í Geithellnahr.	B-5H	6	×		11				11					11	1	1	
					82	766	128	106	50	1050	28			1160	49⅓	52	26
<b>A.-Skaftafellsýsla</b>																	
Barnask. í Bæjarhr.	B-6	6	×		15				15					15	1	1	1
Barna- og miðsk. á Höfn	BM-8½	10		32	113	22	21	21	177					209	7⅔	8	3
Barna- og ungl.sk. í Nesjum	BU-8 H	7	×		33	10	17		60					60	3	3	6
Barnask. í Mýrah.	B-6	6			15				15					15	1	1	2
Barna- og ungl.sk. í Borgar- hafnarhr.	BU-7 H	8	×		12	4	1		17					17	1½	2	2
Barnask. í Hofsh.	B-5	4			8				8					8	1	1	
					32	196	36	39	21	292				324	15⅓	16	14

Yfirlit yfir fjölda nemenda og kennara á barna- og gagnfræðastigi 1972—1973. (Frh.)

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Tegund skóla starfsfengd	Alkursárg. í skólanum	Breytilegur námst. nem.	Nemendafjöldi										Kennarar		
				Forskólanem. 5 og 6 ára	1.—6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Alls nem. 1.—9. skólaár	10. bekkur	Frhd. fyrra ár	Frhd. síðara ár	Alls nem. í skólanum	Stöður	Fastir	Stunda
<b>V.-Skaftafellssýsla</b>																
Kirkjubæjarsk. (Hörgslands- Kirkjub.- Leiðvalla- Skaftártungu- og Álftavershr.)	BU-8 h	9		77	8	15	16	116					116	4 <sup>5</sup> / <sub>6</sub>	6	2
Barna- og ungl.sk. í Vík	BU-8	8		58	10	10		78					78	4	5	3
Ketilstaðask. (Hvamms- og Dyrhólshr.)	BU-8	6		42	6			48					48	2 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	3	1
				177	24	25	16	242					242	11 <sup>1</sup> / <sub>3</sub>	14	6
<b>Rangárvallasýsla</b>																
Barnask. A.-Eyjafjallahr. . .	B-8	6	×	52				52					52	2	2	2
Barna- og ungl.sk., V.-Eyjafjallahr. . . . .	BU-7 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	7	×	40	6			46					46	2	2	4
Barnask. A.-Landeyjahr. . .	B-7	7		21				21					23	1	1	2
Barnask. V.-Landeyjahr. . .	B-7	6		20				20					20	1	1	3
Barnask. í Fljótshlíðarhr. . .	B-8	6		32				32					32	2	2	2
Barnask. í Hvolhr. . . . .	B-8	6		77				77					77	3	3	2
Gagnfræðask. á Hvolsvelli (Hvol.- Fljótshlí.- A.-Landeyja- og V.-Landeyjahr.) . .	G-8	4			23	27	16	66	14				80	4	4	4
Barna- og miðsk. á Hellu (Ungl. úr Djúpárhr.) . . . . .	BG-8	10		88	22	20	14	144	9				153	8	8	5
Laugal.sk., Holtum (Holta- Ásahr. og Landsveit) . . . . .	BU-8	9		4	62	8	9	79					83	6	6	2
Barnask. í Þykkvabæ . . . . .	B-8	7		8	38			38					46	2	2	2
				14	430	59	56	575	23				612	31	31	28
<b>Árnessýsla</b>																
Barnask. í Gaulverjabæjarhr. . .	B-8	6	×	29				29					29	1 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	2	1
Barna- og ungl.sk. á Stokks-eyri . . . . .	BU-8	8		86	14	9		109					109	5	5	1
Barna- og ungl.sk. á Eyrarbakka . . . . .	BU-8	8		66	8	8		82					82	3 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	4	2
Barnask. á Selfossi . . . . .	B-9	7		68	408			408					476	11 <sup>1</sup> / <sub>3</sub>	12	3
Gagnfræðaskólinn á Selfossi (Ungl. úr Flóahreppunum og úr Grímsnesi) . . . . .	G-8	5			76	83	93	252	65	26			343	15	16	9
Barnask. í Hraungerðishr. . .	B-8 H	6	×	27				27					27	1 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	2	1
Barnask. í Villingaholtshr. . .	B-8	6	×	34				34					34	1 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	2	1
Barnask. í Skeiðahr. . . . .	B-7 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	6		43				43					43	2	2	2
Barnask. í Gnúpverjahr. . . .	B-8	6		41				41					41	1 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	2	4
Flúðask., Hrunam.hr. (Ungl. úr Gnúpverjahr. og af Skeiðum) . . . . .	BU-7 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> H	8	×	74	19	31		124					124	5	6	5
Reykholtsk. í Biskupst. . . . .	BU-8	8		64	13	13		90					90	3 <sup>2</sup> / <sub>3</sub>	4	3
Barna- og ungl.sk., Laugarv. . .	BU-7	7		30	5			35					35	2	2	2
Barna- og ungl.sk. á Ljósa-fossi (Grímsnes- Grafnings- og Þingvallahr.) . . . . .	BU-8 h	7		57	16			73					73	4	4	2
Barnask. í Hveragerði . . . . .	B-8	7		23	185			185					208	9 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	10	4

Yfirlit yfir fjölda nemenda og kennara á barna- og gagnfræðastigi 1972—1973. (Frh.)

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Tegund skóla starfs lengd	Aldursárg. í skólanum	Breytilegur námat. nem.	Nemendafjöldi										Kennarar		
				Forskólanem. 5 og 6 ára	1.—6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Alls nem. 1.—9. skólaár	10. bekkur	Fríð. fyrra ár	Fríð. stóara ár	Alls nem. í skólanum	Stöður	Fastir	Stunda
Gagnfræðask. í Hveragerði . .	G-8	4				29	34	36	99	24			123	6 $\frac{1}{3}$	7	1
Barna- og ungl.sk. í Þorlákshöfn (Nem. úr Selvogshreppi sækja skóla ýmist til Hveragerðis, Þorlákshafnar, Selfoss eða í heimavistarbarnask.) .	BU-8	8			80	12	19		111				111	5	5	4
				91	1224	192	197	129	1742	89	26		1948	78 $\frac{1}{2}$	85	45
Hlíðardalssk. Ölfusi . . . . .	G-8 H	3					23	39	62	21			83	5	5	
<b>Héradsskólar</b>																
Reykholt í Borgarfirði . . . . .	H-8							53	53	49	26		128	7	7	2
Núpur í Dýrafirði . . . . .	H-8						21	75	96	44	16		156	8	8	2
Reykjanes v/Ísafjarðardjúp . .	H-8				12	15	27	54	23				77	5 $\frac{1}{2}$	6	
Reykir í Hrútafirði . . . . .	H-8				13	18	73	104	27	11			142	8	8	2
Laugar í Reykjadal . . . . .	H-8					25	61	86	49				135	10	10	5
Skógar u. Eyjafjöllum . . . . .	H-8					22	67	89	34				123	6 $\frac{2}{3}$	7	2
Laugarvatn, Árness. . . . .	H-8					21	76	97	28				125	5 $\frac{1}{3}$	6	4
Alþýðusk. á Eiðum . . . . .	H-8					10	52	62	43	21			126	8	8	3
						25	132	484	641	297	74		1012	58 $\frac{1}{2}$	60	20
<b>1. skólar fyrir börn með hegðunarvandamál:</b>																
Jaðar, Reykjavík . . . . .	BU-9	8			14	1	1		16				16	3	3	1
Hlaðgerðarkot, Mosfellssveit	B-9	6			15				15				15	3	3	
Breiðavík, Rauðasandshr. . .	B-8	4			4				4				4	1	1	
					33	1	1		35				35	7	7	1
<b>Skólar og stofnanir fyrir afbrigðilega nemendur:</b>																
2. Blindrask., Reykjavík . . .	B-9				3				3				3	1	1	
3. Heyrnleysingjask., Rvík . .	BU-9 H	8			51	5			56				56	13 $\frac{2}{3}$	14	7
4. Skóli fyrir fjölfötluð börn, Rvík. . . . .	B-9				7				7				7	2	2	
5. Skólar fyrir fatlaða: Reykjadalur, Mosfellssveit . .	BU-9	8			19	1	2		22				22	3	3	1
6. Skólar fyrir vanvita: Höfðaskóli, Reykjavík . . . .	BU-9	9			71	10	10	24	115				115	10	11	5
7. Skólar fyrir fávita:																
Bjarkarás, Reykjavík . . . . .	13—48 ára												31	2 $\frac{1}{2}$	3	
Lyngás, Reykjavík . . . . .	5—34 ára												32	3	3	
Kópavogshæli, Kópavogi . . .	9—69 ára												75	3	3	
Skálatún, Mosfellssveit . . . .	7—44 ára												52	3	3	1
Tjaldanes, Mosfellssveit . . . .	10—33 ára												24	2	2	1
Sólborg, Akureyri . . . . .	4—54 ára												56	3 $\frac{1}{2}$	4	
Sólheimar, Grímsnesi . . . . .	12—40 ára												40	2	3	3
					151	16	12	24	203				513	48 $\frac{2}{3}$	52	21

Tafla I. Yfirlit yfir fjölda nemenda og kennara á barna- og gagnfræðastigi 1972—1973.

Nöfn skóla og sveitarfélaga	Tegund skóla starfalegd	Nemendafjöldi											Kennarar		
		Aldursárg. í skólannum	Breytilegur námsst. nem.	Forskólanem. 5 og 6 ára	1.—6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	Alls nem. 1.—9. skólaár	10. bekkur	Frhd. fyrra ár	Frhd. stóra ár	Alls nem. í skólannum	Stöður	Fastir
Reykjavík .....		1644	9767	1626	1598	1751	14442	888	157	91	17222	571½	645	256	
Kaupstaðir .....		914	8595	1418	1368	1272	12653	810	148	36	14561	490⅝	584	185	
Sýslur: heimangönguskólar .		463	7383	1168	1043	689	10283	294	26		11066	476½	514	238	
heimavistar-skólar . . .		13	1724	365	322	56	2467				2480	117⅝	130	75	
farskólar .....		1	48				48				49	6	6		
Héraðsskólar .....				25	132	484	641	297	74		1012	58½	60	20	
Framhalds- og gask í KHÍ. . .						23	39	62	21	37	48	85			
Hlíðardals-skóli í Ölfusi .....											83	5	5		
Skólar og stofnanir fyrir:															
a) afbrigðilega nem. ....			151	16	12	24	203				513	48⅔	52	21	
b) nemendur með hegðunar- vandkvæði .....			33	1	1		35				35	7	7	1	
		3035	27401	4619	4499	4315	40834	2310	442	175	47106	1781⅝	2003	796	

Framhalds- og sérskólar.

Nöfn skóla	Starfstími skóla í mán.	Breytilegur námst. nem.	Nemendafjöldi						Kennarar			Ath.
			Nem. á 1. ári	Nem. á 2. ári	Nem. á 3. ári	Nem. á 4. ári	Nem ekki flokkaðir eftir árum	Alls nem. í skólanum	Stöður	Fastir	Stunda	
<b>Húsmæðraskólar</b>												
Húsmæðrask. Reykjavíkur	8½	×					152	152	6	6	6	
— á Ísafirði	8	×					60	60	4	4	1	
— á Akureyri	8	×					291	291	3	3	3	
— á Varmalandi	8½						42	42	4	4	1	
— á Staðarfelli	8						26	26	4	4	1	
— á Blönduósi	8	×					45	45	4	4	3	
— á Löngumýri	8						19	19	3	3	1	
— á Laugalandi	8½						21	21	4	4	1	
— á Laugum	8	×					15	15	3	3	5	
— á Hallormsstað	8						7	7	2	2	2	
— á Laugarvatni	8						61	61	6	6	5	
							739	739	43	43	29	
<b>Bænda- og garðyrkjuskólar</b>												
Bændask. á Hvanneyri	8		73		12			85	9	9	8	
— á Hólum	7		15	23				38	5	5	1	
Garðyrkjusk. á Reykjum	5½			17				17	2	2	4	
			88	40	12			140	16	16	13	
<b>Iðnskólar</b>												
Iðnskólinn í Reykjavík	8		220	246	257	180	*418	1321	39	39	46	*Nem. í verknámssk. iðn-
— í Keflavík	8		40		25			65	2½/3	3	7	aðarins II. og IV. b. eftir
— í Hafnarfirði	8		58	39	49	34		180	5½/3	6	3	áramót.
— á Akranesi	7½		13	15	7	15		50	2	2	8	
— í Borgarnesi	4		15	11	10	10		46	0	0	8	
— í Stykkishólmi	6½		13	25	25	5		68	0	0	8	
— á Patreksfirði	6		10		13			23	0	0	9	II. og IV. b. fá kennslu
— á Ísafirði	8		21	3	10	14		48	1	1	8	eftir áramót, ókunnugt um
— á Sauðárkróki	6½		19	21	12	15		67	2/3	1	8	fjöldi nem.
— á Siglufirði	3		18					18	0	0	8	
— á Akureyri	8		23	33		31		87	4	4	14	Auk þess undirbúnd. 17
— á Húsavík	6½		10	14		12		36	0	0	7	áætl. nemfj. síðarihl. vetrar
												105.
— á Seyðisfirði					12			12	0	0	7	
— í Neskaupstað	7		13	13				26	1	1	7	3. og 4. bekkur eftir áramót.
— í Vestmannaeyjum	7		24	21	15	14		74	1½/3	2	10	
— á Selfossi	7½		44	28	29	16		117	3	3	2	
			541	469	464	346	418	2238	60	62	160	
												(St. = stig)
Vélskóli Íslands, Reykjavík	8½							263	12	12	18	I. st. 80, II. 59, III. 63, IV. 61.
— — deild á Akureyri	8½							25	1	1	9	I. st. 12, II. st. 13.
— — — í Vestmannaeyjum	8½							16	1½/3	2	6	I. st. 4; II. st. 12.
— — — á Ísafirði	8		10					10	0	0	2	
			10					314	14½/3	15	35	Ubd. 58, Raungreinad. 50.
Tækniskóli Íslands	9							182	9	9	35	I. hl. 35, II. hl. 20, III. hl. 19.
— — deild á Akureyri	9							22	1	1	7	Ubd 14, Raungreinad. 8.
— — — á Ísafirði	8		10	4				14	0	0	4	
			10	4				218	10	10	46	

### Framhalds- og sérskólar. (Frh.)

Nöfn skóla	Starfstími skóla í máni.	Breytilegur námsst. nem.	Nemendafjöldi					Kennarar			Ath.	
			Nem. á 1. ári	Nem. á 2. ári	Nem. á 3. ári	Nem. á 4. ári	Nem ekki flokkaðir eftir árum	Alls nem. í skólunum	Stöður	Fastir		Stunda
Hótel- og veitingaskóli Íslands . . . . .	4		30	31				78	2	2	5	Auk þess í fiskisk. deild. 17.
<b>Sjómannaskólar</b>												
Stýrimannask. í Reykjavík . . . . .	7½		56	57	30			166	8½/4	9	12	23 í undirbúningsd.
— í Vestmannaeyjum . . . . .	7		20	13				33	1	1	13	
— á Ísafirði . . . . .	7½		6					6	0	0	4	
Fiskvinnsluskólinn í Reykjavík . . . . .	9		11	25				36	2	2	9	
			93	95	30			241	11½/4	12	38	
<b>Skólar fyrir heilbrigðisstéttir og fóstrur</b>												
Hjúkrunarskóli Íslands . . . . .	9		95	77	72			244	11½/3	13	37	
Nýi hjúkrunarskólinn . . . . .	9			23				23	2	2	14	
Ljósmeðraskólinn . . . . .	9		9	11				20		2	5	
Proskapjálfskólinn . . . . .	9		14	11				25			9	
Röntgentæknaskólinn . . . . .	9		12					12			6	
Sjúkraliðaskólinn . . . . .	9						85	85				Kennsla fer fram í ýmsum sjúkrahúsum.
Fóstruskólinn . . . . .	9		56	47				131		1	17	Kennsla fer fram í Tæknisk. Ísl. og á rannsóknarstofum heilbrigðisst.
Meinatæknánám . . . . .	8		36	23				59				
			222	192	72		85	599		18	88	
<b>Verzlunarskólar</b>												
Verzlunarskóli Íslands . . . . .	9		212	287	122	55	65	741				
Samvinnuskólinn . . . . .	7½		46	39				85				
			258	326	122	55	65	826				
<b>Kennaraskólar</b>												
Kennaraháskóli Íslands . . . . .	9							351	36⅔/3	37	21	81 nem. færðir með menntsk.
Íþróttakennarask. Íslands . . . . .	8½/2		30					30	5	5	3	85 nem. færðir með gagnfr.sk
Húsmæðrakennarask. Íslands . . . . .	8½/2		16	13				29	3	3	18	
Kennarad. í Myndl.- og handiðask.								21				Kennarar skráðir við Myndlista- og handiðask.
Kennaradeildir í Tónlistarsk. í Rvík.								24				Kennarar skráðir við Tónlistarsk.
			46	13				455	44⅔/3	45	42	
<b>Menntaskólar</b>												
Menntaskólinn í Reykjavík . . . . .	9		225	263	213	186		887	38	41	33	
— við Tjörnina . . . . .	9		185	173	167	158		683	24⅔/3	25	29	
— við Hamrahlíð . . . . .	9				206	135	449	790	34⅘/6	38	32	
— á Akureyri . . . . .	8½/2		116	125	110	119		470	26⅔/3	27	7	
— á Laugarvatni . . . . .	8		55	49	29	40		173	9	9	3	
— á Ísafirði . . . . .	8		43	44	32			119	8	9	5	
Menntad. Flensborgarsk., Hafnarf.	8		33	40				73	0	0	11	
— Víghólask., Kópavogi . . . . .	8		60					60	1⅓/3	2	13	
— Gagnfr.sk. Austurb.Rvík . . . . .	8½/2		43					43	0	0	13	
— Kennarahásk. Íslands . . . . .	9							81				Kennarar skráðir í KHÍ.
			670	694	757	638	449	3379	142½/2	151	143	
Háskóli Íslands . . . . .	9							2178		146	151	

Tafla II. Yfirlit yfir fjölda nemenda og kennara í framhalds- og sérskólum.

Nöfn skóla	Starfstími skóla í man.	Breytilegur námsst. nem.	Nemendafjöldi						Kennarar			Ath.
			Nem. á 1. ári	Nem. á 2. ári	Nem. á 3. ári	Nem. á 4. ári	Nem ekki flokkaðir eftir árum	Alls nem. í skólunum	Stöður	Fastir	Stunda	
Hásmæðraskólar							739	739	43	43	29	
Bænda- og garðyrkjuskólar			88	40	12			140	16	16	13	
Iðnskólar			541	469	464	346	418	2238	60	62	160	
Vélskóli Íslands							314	314	14 $\frac{2}{3}$	15	35	
Tækniskóli Íslands							218	218	10	10	46	
Hótel- og veitingaskóli Íslands			30	31			17	78	2	2	5	
Sjómannaskólar og fiskvinnsluskóli			93	95	30		23	241	11 $\frac{1}{4}$	12	38	
Skólar fyrir heilbrigðisstéttir og fóstrur			222	192	72		113	599		18	88	
Verzlunarskólar			258	326	122	55	65	826				
Kennaraskólar			46	13			396	455	44 $\frac{2}{3}$	45	42	
Menntaskólar			760	694	757	638	530	3379	142 $\frac{1}{2}$	151	143	
Háskóli Íslands							2178	2178		146	151	
												2038 1860 1457 1039 5011 11405 344 $\frac{1}{12}$ 520 750

Ýmsar námsbrautir.

Námsflokkar- og fullorðinnafræðsla

Lýðháskólinn í Skálholti							17		2	
Námsflokkar Reykjavíkur	8	×					1039		32	
— Keflavíkur	4 $\frac{1}{2}$	×					161		9	
— Kópavogs	6	×					178		14	
— Hafnarfjarðar	7 $\frac{1}{2}$	×					142		11	
— Akraness	3	×					71		4	
— Akureyrar	5	×					108		5	
Bréfaskóli S.Í.S. og A.S.Í.	12						900		30	
Málaskólinn Mímir	8	×					600		20	
Málaskóli Halldórs Þorsteinssonar		×					70		6	Tölur frá fyrra ári.
Kvöldskólinn, Reykjavík							101		10	
Stjórnunarskólinn		×					500		13	Nsk. 12—70 kennslust.
							3887		156	
Öldungad. við Menntask. Hamrahl.	8						320		20	Nám til undirb. stúdentsp.
Nám til undirbúnings iðnnámi							84			Fer fram í Rvík, Akureyri og Egilstöðum.

Tónlistarskólar

Tónlistarskólinn í Reykjavík	8						255		32	
Barnamúsíkskólinn	7 $\frac{1}{4}$						279		19	
Tónskóli Sigursveins D. Kristinss.	7 $\frac{1}{2}$						340		21	
Tónskóli Þjóðkirkjunnar							20		5	
Tónlistarsk. í Keflavík	8						209		9	
— í Hafnarfirði	8						185		12	
— í Garðahreppi	7 $\frac{1}{2}$						121		10	
— í Kópavogi	8						289		16	
— á Varmá í Mosfellssveit	7						68		5	
— á Akranesi	7 $\frac{1}{2}$						163		3	
— í Borgarfirði	7						100		4	
— í Stykkishólmi	7						38		2	
— í V.-Barðastrandarsýslu	7 $\frac{1}{2}$						53		1	
— í Bolungarvík	8						58		2	
— á Ísafirði	8						100		11	
— á Hvammstanga	7						38		1	
— á Sauðárkróki	8						25		2	

Nöfn skóla	Starfstími skóla í mán.	Breytilegur námst. nem.	Nemendafjöldi					Kennarar			Ath.
			Nem. á 1. ári	Nem. á 2. ári	Nem. á 3. ári	Nem. á 4. ári	Nem. ekki flokkaðir eftir árum	Alls nem. í skólunum	Stöður	Festir	
Tónlistarsk. á Siglufirði .....	7½						48			2	
— á Dalvík .....	8						35			2	
— á Akureyri .....	8						234			12	
— á Húsavík .....	7½						98			4	
— á Egilsstöðum .....	8						50			3	
— í Neskaupstað .....	8						40			3	
— á Höfn í Hornafirði .....	7						34			1	
— í Árnessýslu .....	7½						170			6	
— í Vestmannaeyjum .....	7½						79			2	
							3129			190	
<b>Myndlista- og handíðaskólar</b>											
Myndlista- og handíðask. í Rvík ..	8						73	6½	8	21	21 nem færður með kennara-skólum.
Myndlistarsk. í Reykjavík .....	7						120			6	
							193	6½	8	27	
<b>Leiklistarskóli Ævars Kvaran .....</b>											
							10				
<b>Íþróttaskóli Jóns Þorsteinssonar ..</b>											
							550	550	4	4	
<b>Flugskólar</b>											
Flugstöðin, Reykjavík .....							150	150			
Flugskóli Helga Jónssonar, Rvík ..							60	60	3	3	
Flugskóli Suðurlflugs, Keflavík .....							18	18		1	
							228	228	3	4	
<b>Ýmsir sérskólar</b>											
Bankamannaskólinn .....							81			10	
Loftskeytaskólinn .....				13			13				
Lögregluskólinn .....							22			12	
Póst- og símaskólinn .....			10	17		17	44			30	Kennarar við Loftskeytask. taldir með.
Tannsmíðaskólinn .....							11			2	
Tollskóli ríkisins .....							50			10	
			10	30		17	221			64	

Tafla III. Yfirlit yfir fjölda nemenda og kennara í ýmsum námsbrautum.

Námsflokkar og fullorðinnfræðsla .	3887						156			
„Óldungadeild“ við Menntaskólann Hamrahlíð .....	320						20			
Nám til undirbúnings iðnnámi .....	84									
Tónlistarskólar .....	3129									190
Myndlista- og handíðaskólar .....	193	6½	8	27						
Leiklistarskóli Ævars Kvaran .....	10									
Íþróttaskóli Jóns Þorsteinssonar ..	550		4	4						
Flugskólar .....	228		3	4						
Ýmsir sérskólar .....	221						64			
	8622	6½	15	465						

### Skýringar og ábendingar.

Skrá þessi er tekin saman að fengnum upplýsingum frá skólum og fræðslustofnunum í nóvember 1972. Skráin sýnir fjölda nemenda og kennara hvers skóla, skólahverfis og sýslu. Enn fremur starfstíma skóla í mánuðum. Þeir skólar, sem eigi hafa alla nemendur samtímis, eru einkenndir með x. Mismunandi háttur er á um skólasókn nemenda þessara skóla, svo sem að nemendur sæki skóla annan hvern dag, aðra hverja viku eða hálfan mánuð í einu.

Skammstafanir í 1. dálki skrárinnar tákna tegund skóla og merkir:

- B barnaskóla,
- U unglingskóla,
- M miðskóla,
- G gagnfræðaskóla,
- H heimavistarskóla fyrir meiri hluta nemenda,
- h heimavistaraðstaða fyrir hluta nemenda,
- f farskóla.

Í skránni undir liðnum kennarar eru þrjú dálkar. Hinn fyrsti sýnir í hve margar kennarastöður er ráðið og næsti dálkur sýnir fjölda þeirra kennara, sem skipa þessar stöður. Í aftasta dálki er svo tala stundakennara og mun sú tala í einstaka tilviki eigi vera fullnægjandi, vegna þess að á skorti um nákvæmar upplýsingar.

Þrjár yfirlitstöflur eru í skránni, þar sem saman eru dregnar upplýsingar um eftirtalda skólaflokka:

1. barna- og gagnfræðastigsskóla,
2. framhalds- og sérskóla,
3. ýmsar námsbrautir, þar sem eigi er fullt eða samfellt nám.

Það skal tekið fram til skýringar, að hluti þeirra nemenda, sem skráðir eru í töflu 3, eru einnig nemendur skóla, sem falla undir yfirlit 1 og 2. Hins vegar er eigi vitað hve margir þeir eru. Hið sama gildir um talningu stundakennara, þeir geta kennt við fleiri en einn skóla.

**YFIRLIT, ER SÝNA SAMSVÖRUN LAGAFRUMVARPS ÞESSA VIÐ FRUMVARP  
TIL LAGA UM GRUNNSKÓLA, SEM LAGT VAR FYRIR ALÞINGI  
Á 91. LÖGGJAFARÞINGI, 1970—71.**

**I. Yfirlit yfir samvörun þessa lagafrumvarps við greinar eldra  
frumvarps til laga um grunnskóla.**

A. Númer greina í þessu frv.	B. Samsvörun við eldra frv.	C. Athugasemdir
<b>I. KAFLI</b>		
1. gr. ....	2. gr.	
2. gr. ....	1. gr.	
3. gr. ....	3. gr., 4. gr.	
4. gr. ....	Ný gr.	
5. gr. ....	5. gr.	
6. gr. ....	6. gr.	
7. gr. ....	7. gr.	
8. gr. ....	11. gr.	
<b>II. KAFLI</b>		
9. gr. ....	34. gr.	9. gr. er ný að mestu leyti.
10. gr. ....	14. gr., 47. gr., 48. gr.	
11. gr. ....	52. gr.	11. gr. er ný að verulegu leyti.
12. gr. ....	52. gr., 53. gr.	Hluti 12. gr. er nýr; sjá einkum 3.—5. lið.
13. gr. ....	49. gr., 51. gr.	
14. gr. ....	49. gr., 52. gr., 53. gr., 54. gr., 55. gr., 56. gr., 58. gr.	Hluti 13. gr. er nýr; sjá 3. mgr.
15. gr. ....	49. gr.	15. gr. er ný að verulegu leyti; sjá 1. og 3. mgr.
16. gr. ....	13. gr., 15. gr.	16. gr. er ný að verulegu leyti.
17. gr. ....	15. gr., 38. gr., 39. gr., 46. gr.	
18. gr. ....	15. gr., 24. gr., 38. gr., 39. gr., 40. gr.	18. gr. er ný að verulegu leyti.
19. gr. ....	41. gr., 45. gr.	19. gr. er ný að verulegu leyti.
20. gr. ....	34. gr.	Hluti 20. gr. er nýr; sjá 4. mgr.
21. gr. ....	35. gr.	
22. gr. ....	36. gr.	
<b>III. KAFLI</b>		
23. gr. ....	13. gr., 16. gr.	Hluti 23. gr. er nýr; sjá loka- málsgrein.
24. gr. ....	Ný gr.	
25. gr. ....	Ný gr.	
26. gr. ....	Ný gr.	
27. gr. ....	Ný gr.	
28. gr. ....	17. gr.	
29. gr. ....	18. gr.	29. gr. er ný að verulegu leyti; sjá 2. og 3. mgr.

A. Númer greina í þessu frv.	B. Samsvörun við eldra frv.	C. Athugasemdir
<b>IV. KAFLI</b>		
30. gr. ....	19. gr., 20. gr.	Hluti 30. gr. er nýr.
31. gr. ....	25. gr., 31. gr.	
32. gr. ....	19. gr.	
33. gr. ....	42. gr., 43. gr., 44. gr.	
34. gr. ....	24. gr.	34. gr. er að langmestu leyti ný.
35. gr. ....	20. gr., 21. gr.	
36. gr. ....	23. gr.	Hluti 36. gr. er nýr.
37. gr. ....	26. gr.	Hluti 37. gr. er nýr; sjá loka- málgrein.
38. gr. ....	27. gr.	
39. gr. ....	28. gr.	
40. gr. ....	33. gr.	
41. gr. ....	32. gr.	
<b>V. KAFLI</b>		
42. gr. ....	62. gr.	Hluti 42. gr. er nýr; sjá einkum 1. mgr. og tvær síðustu málsgr.
43. gr. ....	63. gr.	Hluti 43. gr. er nýr.
44. gr. ....	Ný gr.	
45. gr. ....	64. gr., 65. gr., 66. gr.	
46. gr. ....	67. gr.	
47. gr. ....	68. gr.	Hluti 47. gr. er nýr; sjá 2. mgr.
48. gr. ....	69. gr., 70. gr.	
49. gr. ....	71. gr., 72. gr.	
<b>VI. KAFLI</b>		
50. gr. ....	2. gr., 88. gr.	
51. gr. ....	8. gr.	
52. gr. ....	9. gr.	
53. gr. ....	10. gr.	
54. gr. ....	89. gr.	
55. gr. ....	90. gr., 91. gr.	
56. gr. ....	92. gr.	
<b>VII. KAFLI</b>		
57. gr. ....	74. gr.	
58. gr. ....	76. gr., 77. gr.	
59. gr. ....	78. gr.	Hluti 59. gr. er nýr.
60. gr. ....	75. gr.	
61. gr. ....	74. gr.	
62. gr. ....	79. gr.	62. gr. er að verulegu leyti ný; sjá 1.—3. mgr.
<b>VIII. KAFLI</b>		
63. gr. ....	80. gr.	
64. gr. ....	59. gr.	
65. gr. ....	82. gr.	
66. gr. ....	85. gr.	
67. gr. ....	84. gr.	

A. Númer greina í þessu frv.	B. Samsvörun við eldra frv.	C. Athugasemdir
<b>IX. KAFLI</b>		
68. gr. ....	96. gr.	Hluti 68. gr. er nýr.
69. gr. ....	97. gr.	Hluti 69. gr. er nýr; sjá b- og g- lið.
70. gr. ....	98. gr.	
71. gr. ....	99. gr.	
72. gr. ....	100. gr.	
73. gr. ....	96. gr., 101. gr.	Hluti 73. gr. er nýr.
74. gr. ....	102. gr.	
<b>X. KAFLI</b>		
75. gr. ....	94. gr.	Hluti 75. gr. er nýr; sjá einkum 2. og 3. mgr.
<b>XI. KAFLI</b>		
76. gr. ....	95. gr.	
<b>XII. KAFLI</b>		
77. gr. ....	87. gr., 93. gr.	
<b>XIII. KAFLI</b>		
78. gr. ....	86. gr.	
<b>XIV. KAFLI</b>		
79. gr. ....	30. gr., 73. gr.	Hluti 79. gr. er nýr.
80. gr. ....	30. gr., 31. gr.	80. gr. er ný að verulegu leyti.
81. gr. ....	30. gr.	81. gr. er ný að verulegu leyti.
82. gr. ....	Ný gr.	
83. gr. ....	Ný gr.	
84. gr. ....	Ný gr.	
85. gr. ....	46. gr., 53. gr.	85. gr. er ný að verulegu leyti.
86. gr. ....	Ný gr.	
87. gr. ....	Ný gr.	
88. gr. ....	51. gr., 56. gr.	88. gr. er að verulegu leyti ný.
89. gr. ....	Ný gr.	
<b>XV. KAFLI</b>		
90. gr. ....	Ný gr.	
91. gr. ....	12. gr., 103. gr.	

**II. Yfirlit yfir samsvörun eldra frumvarps til laga um grunnskóla við greinar þessa frumvarps.**

A. Númer greina í eldra frv.	B. Samsvörun við þetta frv.
<b>I. KAFLI</b>	
1. gr. ....	2. gr.
<b>II. KAFLI</b>	
2. gr. ....	1. gr., 50. gr.
3. gr. ....	3. gr.
4. gr. ....	3. gr.
5. gr. ....	5. gr.
6. gr. ....	6. gr.
7. gr. ....	7. gr.
8. gr. ....	51. gr.
9. gr. ....	52. gr.
10. gr. ....	53. gr.
11. gr. ....	8. gr.
12. gr. ....	91. gr.
<b>III. KAFLI</b>	
13. gr. ....	16. gr., 23. gr.
14. gr. ....	10. gr.
15. gr. ....	16. gr., 17. gr., 18. gr.
16. gr. ....	23. gr.
17. gr. ....	28. gr.
18. gr. ....	29. gr.
<b>IV. KAFLI</b>	
19. gr. ....	30. gr., 32. gr.
20. gr. ....	30. gr., 35. gr.
21. gr. ....	35. gr.
22. gr. ....	
23. gr. ....	36. gr.
24. gr. ....	18. gr., 34. gr.
25. gr. ....	31. gr.
26. gr. ....	37. gr.
27. gr. ....	38. gr.
28. gr. ....	39. gr.
29. gr. ....	
30. gr. ....	79. gr., 80. gr., 81. gr.
31. gr. ....	31. gr., 80. gr.
32. gr. ....	41. gr.
33. gr. ....	40. gr.
<b>V. KAFLI</b>	
34. gr. ....	9. gr., 20. gr.
35. gr. ....	21. gr.
36. gr. ....	22. gr.
37. gr. ....	

A. Númer greina í  
eldra frv.

38. gr.	.....
39. gr.	.....
40. gr.	.....
41. gr.	.....
42. gr.	.....
43. gr.	.....
44. gr.	.....
45. gr.	.....
46. gr.	.....
47. gr.	.....
48. gr.	.....
49. gr.	.....
50. gr.	.....
51. gr.	.....
52. gr.	.....
53. gr.	.....
54. gr.	.....
55. gr.	.....
56. gr.	.....
57. gr.	.....
58. gr.	.....
59. gr.	.....
60. gr.	.....
61. gr.	.....

VI. KAFLI

62. gr.	.....
63. gr.	.....
64. gr.	.....
65. gr.	.....
66. gr.	.....
67. gr.	.....
68. gr.	.....
69. gr.	.....
70. gr.	.....
71. gr.	.....
72. gr.	.....
73. gr.	.....

VII. KAFLI

74. gr.	.....
75. gr.	.....
76. gr.	.....
77. gr.	.....
78. gr.	.....
79. gr.	.....

B. Samsvörun við  
þetta frv.

17. gr., 18. gr.
17. gr., 18. gr.
18. gr.
19. gr.
33. gr.
33. gr.
33. gr.
19. gr.
17. gr., 85. gr.
10. gr.
10. gr.
13. gr., 14. gr., 15. gr.
13. gr., 88. gr.
11. gr., 12. gr., 14. gr.
12. gr., 14. gr., 85. gr.
14. gr.
12. gr., 14. gr.
14. gr., 88. gr.
14. gr.
64. gr.

42. gr.
43. gr.
45. gr.
45. gr.
45. gr.
46. gr.
47. gr.
48. gr.
48. gr.
49. gr.
49. gr.
79. gr.

57. gr., 61. gr.
60. gr.
58. gr.
58. gr.
59. gr.
62. gr.

A. Númer greina í eldra frv.	B. Samsvörun við þetta frv.
<b>VIII. KAFLI</b>	
80. gr. ....	63. gr.
81. gr. ....	
82. gr. ....	65. gr.
83. gr. ....	
84. gr. ....	67. gr.
85. gr. ....	66. gr.
<b>IX. KAFLI</b>	
86. gr. ....	78. gr.
87. gr. ....	77. gr.
<b>X. KAFLI</b>	
88. gr. ....	50. gr.
89. gr. ....	54. gr.
90. gr. ....	55. gr.
91. gr. ....	55. gr.
92. gr. ....	56. gr.
<b>XI. KAFLI</b>	
93. gr. ....	77. gr.
<b>XII. KAFLI</b>	
94. gr. ....	75. gr.
<b>XIII. KAFLI</b>	
95. gr. ....	76. gr.
<b>XIV. KAFLI</b>	
96. gr. ....	68. gr., 73. gr.
97. gr. ....	69. gr.
98. gr. ....	70. gr.
99. gr. ....	71. gr.
100. gr. ....	72. gr.
101. gr. ....	73. gr.
102. gr. ....	74. gr.
103. gr. ....	91. gr.

## Skrá um nokkur helztu atriðisorð frumvarps til laga um grunnskóla.

(Visað er í greinar).

- Aðalkennari 38, 50.  
Aðalskóli 4, 15, 79.  
Aðild að grsk.:  
— jöfn 18, 24.  
— ójöfn 18, 24.  
Aðlögunarvandamál nemenda 52.  
Afríðilegur þroskaferill:  
— afríðileg nemenda 51.  
— skólar og stofnanir fyrir börn, sem  
vikja frá eðlilegum þroskaferli 53.  
Agabrot 55.  
Aldursflokkar saman í deild 49.  
Aldursár 1, 50.  
Atvinnulíf 73.  
Ágreiningur skólustjóra og kennara 14.  
Barnaverndarnefnd 6, 54.  
Bekkjardeild 38, 47, 48.  
Blinda 14.  
Bókasöfn 75, 80, 82, 88.  
Byggingarkostnaður grsk. 24.  
Dagleg umsjón og yfirráð skólamanntvirkja 29.  
Einkaskólar, viðurkenndir, 7, 78.  
Einkunnir 58.  
Endurmenntun kennara 40.  
Endurskoðun reikninga grunnskóla 87.  
Félag háskólamenntaðra kennara 66.  
Félag menntaskólakennara 66.  
Fagnámsstjórn 39.  
Félagsráðgjafar 68, 73.  
Félagsstarf nemenda. Sjá einnig tímstunda-  
starf 24, 44, 80.  
Félagsstarfsemi, aðstaða í skólahúsi 24.  
Fjármál grunnskóla 79—89.  
Foreldrafélög 21.  
Foreldrafundur 21.  
Foreldrar 6, 21, 38, 50, 54, 55, 56.  
Forfallakennari 34.  
Forfallakennsla 79.  
Forskólakennarar 77.  
Forskóli 77.  
Fóstrur 37, 77.  
Framhaldsnám (-menntun) 60, 73.  
Framhaldsskólalastig 50.  
Framkvæmdaáætlun um skólabyggingar 23.  
Fræðsluráð 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 18, 19,  
20, 23, 42, 56, 68, 70, 74.  
Fræðsluskrifstofa 10, 15, 55, 66, 68, 88, 89.  
Fræðslustjóri 5, 6, 8, 13, 14, 15, 19, 20, 30,  
32, 33, 39, 44, 45, 53, 55, 56, 62, 68, 70, 76,  
79, 85, 87, 88.  
Fræðsluumdæmi 10, 42, 51, 53, 67, 76, 85, 88.  
Gildistaka laganna og reglugerð 90—91.  
Grunnskólaráð 66.  
Hámarksfjöldi kennslustunda á kennslu-  
viku 79.  
Háskóli Íslands 66.  
Heilsuvernd (Heilbrigðisþjónusta) 76, 82.  
Heimanakstur 4, 81, 82.  
Heimavistaraskóli (-vist) 17, 20, 23, 25, 34,  
35, 81, 84.  
Heyrnargallar 14.  
Hjálparkennsla 79.  
Hjúkrunarkona 76.  
Hljómplötur (hljómbönd) 75.  
Hlutverk grunnskóla. Sjá Markmið 2, 43.  
Hópnám í bókasafni 79.  
Húsaleiga 82, 88.  
Húsmæðraskólar 14.  
Húsmæður, orlof 29.  
Húsvörður 34.  
Hæfnisprófanir 69.  
Hönnun skólabygginga 26.  
Iðnfræðsluskólar 14.  
Innanstokksmunir 19.  
Innritun nemenda 6.  
Kennaraháskóli Íslands 66.  
Kennarapróf 32, 76.  
Kennarar 14, 20, 32, 33, 35, 36, 37, 39, 40, 41,  
44, 55, 56, 57, 68, 70, 73, 78, 86, 88.  
Kennarafulltrúar 18.  
Kennarafundur 14, 20.  
Kennararáð 14, 20, 22.  
Kennarasamtök — fulltrúar hjá fræðsluráð-  
um 11.  
Kennslubækur 63.  
Kennsludagar 42.  
Kennslumagn grunnskóla 42, 48, 53, 67.  
Kennsluskylda grunnskólakennara 44, 79.  
Kennslustundir 45, 79, 80.  
Kennslutími grunnskóla, vikulegur 45.  
Kennslutæki 19, 28, 80.  
Kennsluvika grunnskóla 42, 84.  
Könnunarpróf, samræmd 62.  
Landshlutasamtök sveitarfélaga 11, 15, 88.  
Landssamband framhaldsskólakennara 66.  
Launakostnaður grunnskóla 81.  
Lausráðið starfsfólk grunnskóla 34.  
Leikvellir 19.  
Leyfis dagar 46.  
Listskreyting skólamanntvirkja 27.  
Lokapróf samræmd 60.

- Læknar 68.  
 Markmið grunnskóla. Sjá Hlutverk grsk. 2, 44.  
 Málhelti 14.  
 Málleysi 14.  
 Menntamálaráðuneytið (ráðuneytið) 4, 5, 9, 13, 14, 16, 19, 20, 23, 24, 26, 28, 29, 31, 32, 33, 35, 37, 40, 41, 42, 44, 45, 47, 53, 59, 61, 62, 63, 64, 65, 66, 67, 68, 71, 72, 73, 74, 75, 76, 79, 81, 85, 86, 87, 88, 90, 91.  
 Nafngift skóla 23.  
 Námsbrautir 60, 73.  
 Námsefni grunnskóla 43, 63.  
 Námseftirlit 88.  
 Námsmat. Sjá einnig Próf. 57—62.  
 Námskrár 24, 43, 47, 63, 67, 79.  
 Námsstjórar 64.  
 Nemendafjöldi 48, 88.  
 Nemendaráð 22.  
 Orlof kennara 40, 41.  
 Óskólastyld börn (forskóli) 77.  
 Próf. Sjá einnig Námsmat. 42, (57), 58, 59, 60, 61, 62.  
 Prófdagar, fjöldi 42, 61.  
 Prófdómarar 62, 81.  
 Rannsóknar- og tilraunastarf á sviði uppeldismála 65.  
 Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta. Sjá einnig Sálfræðipjónusta 68—74.  
 Reikningshald 87.  
 Rekstrarár grunnskóla 85.  
 Rekstraráætlanir 14, 85.  
 Rekstrarkostnaður vegna skólahúsnaðis 83.  
 Reykjavík, borgarstjórn 11.  
 Ríkisútgáfa námsbóka 63, 66.  
 Sálfræðingar 68.  
 Sálfræðipjónusta. Sjá einnig Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta 14, 50, 53, 55, 66, 68—74.  
 Samband islenskra barnakennara 66.  
 Samband islenskra sveitarfélaga 9.  
 Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga 9.  
 Sérbekkir 47, 51.  
 Sérkennsla 43, 51, 52, 53.  
 Sérskólar 51, 53, 84.  
 Sjóndepra 14.  
 Sjúkrakennsla, viðurkennd, 79.  
 Skiptitímar 48.  
 Skirteini 60.  
 Skólabyggingar, framkvæmdaáætlun 5, 23.  
 Skólabókasöfn 75.  
 Skólafulltrúi 17.  
 Skólahús (-húsnaði) 19, 23, 24, 25, 28, 29, 53.  
 Skólahverfi 15, 16, 17, 18, 19, 23, 24, 33, 49, 50, 67, 79, 91.  
 Skólalóð 19.  
 Skólalæknir 52, 54, 76.  
 Skólamannvirki 23, 26, 27, 29.  
 Skólanefnd 5, 8, 16, 17, 18, 19, 20, 23, 24, 29, 30, 32, 34, 42, 62, 85.  
 Skólarannsóknardeild menntamálaráðuneytisins 14, 43, 63, 64.  
 Skólaráðgjafar 68, 70, 73.  
 Skólaráðskona 34.  
 Skólareglur 55.  
 Skólasálfræðingur 50, 73.  
 Skólastyld börn 18.  
 Skólasókn 6, 7.  
 Skólastylda 1, 5, 7, 8, 50, 62.  
 Skólastjóri 6, 8, 14, 18, 19, 20, 30, 31, 33, 34, 35, 39, 41, 42, 44, 45, 50, 54, 55, 56, 62, 70, 76, 86.  
 Skyldunám 60.  
 Starfsdagar, er grunnskóli má nota til annars en kennslu og prófa, 42.  
 Starfsskylda kennara 36.  
 Starfstími grunnskóla 42, 43.  
 Starfsval 69.  
 Stjórnun grunnskóla, stundafjöldi til 80.  
 Stofnkostnaður 24, 89.  
 Strjálbýli 4.  
 Stundahlé 45.  
 Stundakennari 34.  
 Stöðluð próf 59, 63.  
 Sundkennsla 79.  
 Sveitarstjórn 19, 23, 24, 34.  
 Tannlæknar 76.  
 Tilraunaskólar 67.  
 Tornæmi 14.  
 Tömsundastarf nemenda. Sjá Félagsstörf.  
 Umsögn um nemanda 58.  
 Undirbúningur nemenda i skólahúsnaði undir næsta skóladag („Heimanám“) 25.  
 Undanþága skólahverfis frá fullri framkvæmd ákvæða um grunnskóla 5, 7.  
 Útibú frá aðalskóla 4, 16, 79.  
 Valgreinar 60.  
 Vanvitaháttur 14.  
 Veðurfar 4.  
 Vegakerfi 4.  
 Vegalengdir 4.  
 Viðhald skólahúsnaðis, tækja, búnaðar, o. fl. 28, 82, 86, 89.  
 Vikulegur kennslutími i grunnskóla 45.  
 Vinnuveitandi 54.  
 Vixlkennsla (skiptikennsla) 79.  
 Vorskóli 50.  
 Yfirkennari 31.  
 Örnefnanefnd 23.

### Kynning frumvarpsins og breytingar.

Frv. til laga um grunnskóla og frv. til laga um skólakerfi voru fullprentuð 18. desember 1972, og var fyrirhugað að leggja þau fyrir Alþingi áður en jólahlé yrði á störfum þess. Vegna mikils annríkis þá við afgreiðslu mála, var ákveðið að leggja frumvörpin ekki fram fyrir en eftir jólahlé. Hinsvegar voru alþingismönnum send frumvörpin áður en þingi var frestað. Jafnframt var ákveðið að senda frumvörpin ýmsum landssamtökum og stofnunum til umsagnar og efna til kynningarfunda um þau víðsvegar um land.

Frumvörpin voru send þessum aðilum til umsagnar:

1. Alþýðusambandi Íslands.
2. Bandalagi háskólamanna.
3. Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.
4. Barnaverndarráði Íslands.
5. Búnaðarfélagi Íslands.
6. Félagi háskólamenntaðra kennara.
7. Félagi menntaskólakennara.
8. Félagi isl. sálfræðinga.
9. Félagi skólustjóra gagnfræðastigsins.
10. Háskólaráði.
11. Húsmæðrakennaraskóla Íslands.
12. Íþróttasambandi Íslands.
13. Íþróttakennaraskóla Íslands.
14. Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands.
15. Kennaraháskóla Íslands.
16. Kirkjuráði Þjóðkirkjunnar.
17. Kvenfélagasambandi Íslands.
18. Kvenréttindafélagi Íslands.
19. Landshlutasamtökum sveitarfélaga.
20. Landssamb. framhaldsskólakennara.
21. Landssambandi iðnaðarmanna.
22. Landssambandi íslenskra menntaskólanema.
23. Menntaskólanum á Akureyri.
24. Menntaskólanum við Hamrahlíð.
25. Menntaskólanum á Ísafirði.
26. Menntaskólanum að Laugarvatni.
27. Menntaskólanum í Reykjavík.
28. Menntaskólanum við Tjörnina.
29. Myndlista- og handíðaskólanum.
30. Sambandi íslenskra barnakennara.
31. Sambandi íslenskra námsmanna erlendis.
32. Sambandi íslenskra samvinnufélaga.
33. Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
34. Samtökum íslenskra kennaranema.
35. Skólustjórafélagi Íslands.
36. Stéttarsambandi bænda.
37. Stórstúku Íslands.
38. Stúdentaráði Háskóla Íslands.
39. Tónlistarskólanum í Reykjavík.
40. Ungmennafélagi Íslands.
41. Verzlunarráði Íslands.
42. Vinnuveitendasambandi Íslands.
43. Æskulýðsráði ríkisins.
44. Æskulýðssambandi Íslands.

Enn fremur hafa skólanefndum, sveitarstjórnnum og mörgum öðrum verið send frumvörpin. Samtals hefur þeim verið dreift í um það bil 3 þúsund eintökum. Menntamálaráðherra átti fund með fréttamönnum þriðjudaginn 9. janúar og var þar greint frá efni frumvarpanna.

Þá hefur menntamálaráðuneytið efnt til kynningarfunda um frumvörpin svo sem hér segir:

- 1) Höfn í Hornafirði fimmtudaginn 11. janúar 1973.
- 2) Neskaupstað föstudaginn 12. s. m.
- 3) Egilsstöðum laugardaginn 13. s. m.
- 4) Kópaskeri sunnudaginn 14. s. m.
- 5) Patreksfirði þriðjudaginn 16. s. m.
- 6) Ísafirði miðvikudaginn 17. s. m.

Á framangreindum fundum voru þeir framsögumenn Ingólfur A. Þorkelsson og Kristján Ingólfsson.

- 7) Húsavík föstudaginn 12. janúar.
- 8) Akureyri laugardaginn 13. s. m.
- 9) Varmahlíð í Skagafirði sunnudaginn 14. s. m.

10) Reykjaskóla í Hrútafirði mánudaginn 15. s. m.

11) Stykkishólmi þriðjudaginn 16. s. m.

12) Akranesi þriðjudaginn 16. s. m.

Á þessum fundum voru þeir framsögumenn Birgir Thorlacius, Andri Ísaksson og Indriði H. Þorláksson, nema hvað Andri var ekki á Húsavíkurfundi. Páll Línal áætlaði að sækja fundina á Húsavík og Akureyri, en gat ekki komið því við vegna sjúkrahúsvistar.

Ráðgerðir eru einnig fundir í Reykjavík, Reykjaneskjördæmi og Suðurlandskjördæmi.

Þeir tólf kynningarfundir, sem haldnir hafa verið, hafa verið vel sóttir og margir tekið þátt í umræðum. Meginefni frumvarpanna hefur verið vel tekið, en nokkrum atriðum telur grunnskólanefnd rétt að breyta nú þegar í framhaldi af fundunum og hefur menntamálaráðherra fallizt á það. Þessi atriði eru:

I. Norðurlandskjördæmi eystra og vestra verði hvort um sig fræðsluumdæmi. Voru allviða uppi raddir um það norðanlands að breyta bæri í þetta horf og ályktanir samþykktar einróma í þessa átt á fundinum í Varmahlíð og að Reykjum, og bæjarstjórn Sauðárkróks hafði á fundi sínum 12. janúar einnig gert ályktun um málið. Fara allar þessar samþykktir hér á eftir:

a) „Bæjarstjórn Sauðárkróks mótmælir því ákvæði í frumvarpi til laga um grunnskóla, að ein fræðslustjórn sé ákveðin fyrir allt Norðurland.

Bæjarstjórn skorar á Alþingi að breyta umræddu ákvæði á þann veg, að sami háttur sé hafður á um allt land og hvert kjördæmi verði sérstakt fræðsluumdæmi.

Ályktun þessi verði send Alþingi, alþingismönnum og fundi þeim, sem boðaður hefur verið í Varmahlíð til kynningar á frumvarpinu.“

Bæjarstjórinn á Sauðárkróki.

Hákon Torfason.

b) „Fundur skólamanna og áhugamanna um skólamál um frumvarp til laga um grunnskóla, haldinn að Varmahlíð 14. janúar 1973, lýsir undrun sinni yfir að ekki skuli gert ráð fyrir fræðslustjóra og fræðsluskrifstofu í Norðurlandskjördæmi vestra. Telur fundurinn fráleitt að ætla einum manni og einni skrifstofu að annast fræðslustjórn á öllu Norðurlandi, bæði vegna landshátta, veðurfars og samgönguferfiðleika í landsfjórðungnum.“

Hlökkver Sigurðsson.	Gunnar Rafn Sigurbjörnsson.	Páll Helgason.
Birgir Schiøth.	Hafliði Guðmundsson.	Hinrik Aðalsteinsson.
Sigurður Hafliðason.	Skúli Jónasson.	Guðjón E. Jónsson.

c) „Fundur um frumvarp til laga um grunnskóla og frumvarp til laga um skóla-kerfi haldinn í Reykjaskóla 15. janúar 1973, leggur áherzlu á, að sérstök fræðsluskrifstofa verði sett fyrir Norðurlandskjördæmi vestra.

Engar umræður urðu um tillöguna og hún samþykkt einróma.“

Eysteinn Ó. Jónasson.

Ebenezer Jensson,  
fundarritarar.

Ástæðan fyrir því að grunnskólanefnd gerði ráð fyrir að umdæmi Fjórðungssambands Norðlendinga yrði eitt fræðsluumdæmi, eru óskir í bréfi Fjórðungssambandsins, dagsettu 14. júlí 1972, er þannig hljóðar:

„Fjórðungssamband Norðlendinga,  
Glerárgötu 24, Akureyri.  
Pósthólf 354, sími 21614.

Akureyri, 14. júlí 1972.

Til endurskoðunarnefndar  
grunnskólafrumvarps,  
c/o Birgir Thorlacius,  
ráðuneytisstjóri,  
Menntamálaráðuneytinu,  
Reykjavík.

Að gefnu tilefni er rétt að vekja athygli nefndarinnar á því, að sú skoðun á fylgi að fagna meðal landshlutasamtakanna, að fræðsluumdæmin verði þau sömu og svæði landshlutasamtakanna, að fræðsluráðin verði kosin af aðalfundum samtakanna, að fræðslustjórinn verði starfsmaður á vegum samtakanna með líkum hætti og staða fræðslustjórans í Reykjavík er nú.

Ofangreind meginsjónarmið komu fram á fundi framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna í júnímánuði. Æskilegt er að þetta sjónarmið verði tekið til greina af hálfu nefndarinnar strax, svo að ekki þurfi að koma til átaka um þessi atriði, eftir að frumvarpið er komið fyrir Alþingi.

Um miðjan ágústmánuð munu landshlutamennirnir halda fund á ný og mun fyrir þann fund verða kannað á hvaða vegi endurskoðunin er stödd. Sá fundur er að sjálfsögðu reiðubúinn til viðræðu við nefndina.

F. h. Fjórðungssambands Norðlendinga,

Áskell Einarsson.“

- II. Breytt er 50. gr. frumvarpsins í þá átt, að heimilt er að veita nemanda, sem lokið hefur 8. bekk grunnskóla, að gera allt að eins árs hlé á námi vegna þátttöku í atvinnulífínu og ef hann starfar þennan tíma á sviði valgreinar sinnar, þá ber að meta þann þátt til náms í grunnskóla. Þetta er gert til þess að gefa nemendum kost á að gera nokkurt hlé á náminu, ef þeir æskja, og einnig kynnu forráðamenn skóla í sumum tilfellum að ráða nemendum til þessa.
- III. Í j)-lið 43. gr. er tekið fram til að taka af allan vafa, að verklegt nám skuli vera meðal valgreina, og að sjálfsögðu er ætlað til að nemendum sé veittur fróðleikur um atvinnuhætti og helztu atvinnugreinar. Með „efstu bekkjum grunnskóla“ er átt við 7.—9. bekk.
- IV. Í 49. gr. segir, að til þess að haldið verði uppi 8.—9. bekk grunnskóla í skólahverfi, megi meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera lægri en 15. Við þetta ákvæði er bætt, „nema að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins“. Aðstæður verða samkvæmt þessu metnar hverju sinni, en lágmarkstalan er fyrst og fremst sett til til þess að tryggja nemendur gegn því, að kennsla verði látin fara fram við ófullkomnar aðstæður og með óhæfilega miklum kostnaði sakir fámennis.
- V. Þá er rétt að geta þess, að orðalagi 7. gr. frv. til laga um skólakerfi og 42. og 61. gr. frv. til laga um grunnskóla hefur verið breytt lítillega, en ekki er þar um efnisbreytingar að ræða.
- VI. Prentvillur, sem slæðzt höfðu í fyrri prentun frumvarpsins, hafa verið leiðréttar. Á kynningarfundum þeim, sem ráðuneytið hefur haldið um frumvörpin, hafa fjölmörg atriði verið rædd og voru menn hvattir til að athuga frumvörpin gaumgæfilega og senda ráðuneytinu og Alþingi ábendingar um það, sem betur mætti fara.

#### Fskj. IV.

#### MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 20. marz 1973.

Hér með sendir ráðuneytið háttvirtri menntamálanefnd neðri deildar Alþingis bréf grunnskólanefndar til menntamálaráðherra, dags. í dag, þar sem gerðar eru breytingartillögur við frv. til laga um grunnskóla í framhaldi af kynningarfundum um frumvarpið og öðrum viðræðum og athugunum.

Magnús T. Ólafsson (sign)

*Birgir Thorlacius* (sign)

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis,  
ALÞINGI, R.

#### GRUNNSKÓLANEFND

Reykjavík, 20. marz 1973.

Í framhaldi af því, sem fram hefur komið á kynningarfundum, sem haldnir hafa verið að undanförunu um frv. til laga um skólakerfi og frv. til laga um grunnskóla, og öðrum viðræðum og athugunum, leyfir grunnskólanefnd sér að leggja til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á grunnskólafrumvarpinu:

Við 3. gr. Brotti falli í 1. mgr. orðin „og skiptist í 1.—9. bekk“.

Við 4. gr. Niðurlag greinarinnar orðist svo: „fyrir 7, 8 og 9 ára börn“ o. s. frv. (í stað 7 og 8 ára börn).

Við 5. gr. bætist:

Í fjárlögum skal veita sérstaka fjárhæð, sem nemi 5% af árlegu framlagi ríkissjóðs til byggingar mannvirkja vegna grunnskóla. Fjárhæð þessa er heimilt að lána þeim sveitarfélögum, sem standa að slíkum framkvæmdum, en eiga við verulega fjárhagsörðugleika að etja vegna fólksfæðar, sérlega lágra tekjustofna eða annarra gildra orsaka. Samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 9. gr., geri tillögur til menntamálaráðuneytisins um skiptingu fjárins, og ráðstafar ráðuneytið því, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um lánveitingar þessar, lánstíma og lánskjör, er miðist við það, að ríkissjóður sé skaðlaus af þeim.

Við 7. gr.

1. mgr. orðist svo:

Undanþegin því að sækja grunnskóla samkvæmt 1. gr. eru:

Við 11. gr.

Upphaf 1. mgr. orðist svo: Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum, sem kjörnir eru af viðkomandi landshlutasamtökum, er ákveða fjölda þeirra samkvæmt framan-sögðu.

Upphaf 3. mgr. orðist svo: Í reglugerð skal kveðið á um fundarsetu skólustjóra, fulltrúa kennara og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka, o. s. frv.

Á eftir 4. mgr. komi ný málsgrein, þannig:

Fræðsluráð utan Reykjavíkur skulu a. m. k. einu sinni á ári halda fund með öllum skólustjórum og skólanefndarformönnum fræðsluumdæmisins.

Við 12. gr. Á eftir 4. lið komi nýr 5. liður, svofelldur. Það sér um að sköpuð verði aðstaða til kennslufræðilegrar þjónustu fyrir umdæmið eftir því sem fært þykir.

Núv. 5. liður verði 6. liður.

**Við 14. gr.** Á eftir orðunum í 1. mgr. „þar sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er“ komi: eða í næsta nágrenni.

8. tl. sömu greinar orðist þannig: Hann kannar, í samvinnu við skólastjóra, skólalækni o. s. frv.

**Við 15. gr.** Síðasta mgr. orðist svo: Á hliðstæðan hátt er fræðsluráði heimilt að semja svo við landshlutasamtök, að skrifstofa þeirra eða einstakra starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytisins til.

**Við 16. gr.** Síðasta mgr. orðist svo: Menntamálaráðuneytið leggur tillögu um skiptingu landsins í skólahverfi fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þar sveitarstjórnnum, skólanefndum og skólastjórum, sem hlut eiga að máli. Síðan boðar ráðuneytið til eins fundar eða fleiri með þessum aðilum og fulltrúum frá Sambandi íslenzkra sveitarfélaga um tillögurnar. Lögð skal áherzla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hæfilegs tíma, sker menntamálaráðuneytið úr.

**Við 18. gr.**

3. mgr. a.n. orðist svo: Skólastjóri á rétt til setu á skólanefndarfundum og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

**Við 20. gr.** Í 3. mgr. komi: úrskurð í stað „lokaúrskurð“.

Í 5. mgr. falli brott orðið „almenns“.

**Við 21. gr.** Í stað orðanna „fylgjast með skólastarfinu“ komi: styðja skólastarfið. Við greinina bætist ný mgr., svohljóðandi: Fulltrúi foreldrafélags á rétt til setu á kennarafundum með málfrelsi og tillögurétti.

**Við 22. gr.** Við bætist ný mgr.: Formaður nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti.

**Við 24. gr.** b-liður orðist svo: útsvarsskyldar tekjur í sveitarfélögum næstliðið ár.

**Við 25. gr., 2. mgr.** Í stað orðanna: „til að búa sig undir kennslustundir næsta skóladags“ komi: til náms utan kennslustunda og til að neyta málsverðar.

**Við 28. gr.** Á eftir orðunum „að mati fræðslustjóra“ komi: og skólastjóra.

**Við 31. gr.** Í stað starfsheitisins „aðstoðarskólastjóri“ komi allsstaðar í greininni: yfirkennari. Þá bætist við 3. mgr.: Verði þessir aðilar sammála um að mæla með ákveðnum umsækjanda, er ráðuneytinu skylt að fara eftir því.

**Við 32. gr.** Í fyrri málsgrein bætist við á eftir orðinu „umsögnum“: skólastjóra. Þá bætist við ný lokamálsgrein, svofelld: Ákvæði þessarar greinar raska ekki réttarstöðu þeirra kennara, sem starfa við barna- og gagnfræðastigsskóla, þegar lög þessi öðlast gildi.

**Við 34. gr.**

**Við 1. mgr. bætist:** Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða í einni eða fleiri skólastjóra og skólanefndar, skólaráðskonu við heimavistar skóla, þar sem eru 30 nemendur eða fleiri samtímis í heimavist. Eftir tveggja ára setningartímabil við sama skóla á skólaráðskona rétt á skipun í starf sitt, ef skólanefnd og skólastjóri mæla með því. Heimilt er ráðuneytinu að setja skilyrði um menntun og/eða starfsþjálfun skólaráðskvenna.

**Við 37. gr.**

**Við 1. mgr. bætist:** Menntamálaráðuneytinu er heimilt að ráða í einni eða fleiri kennslugreinum kennara fyrir tvo eða fleiri grunnskóla samtímis, til þess að fullnægja kennsluþörf, ef ekki ef fullt verkefni fyrir hann við einn skóla.

**3. málsgrein orðist svo:**

Skólastjóri við heimavistargrunnskóla er jafnframt heimavistarstjóri. Heimilt er menntamálaráðuneytinu þó, ef skólastjóri æskir, að ráða sérstakan heimavistarstjóra, enda fullnægi hann skilyrðum um uppeldismenntun.

Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón nemenda jafnframt vera í höndum kennara, fóstara eða annarra starfsmanna með uppeldismenntun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

**Við 39. gr.**

Í stað niðurlagsorða greinarinnar „sem má endurnýja“ komi: og má endurnýja hann.

**Við 41. gr.**

Upphaf greinarinnar orðist svo: Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár sem settur eða skipaður og óskar að hverfa frá störfum o. s. frv.

**Við 42. gr.**

Greinin orðist svo:

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera 9 mánuðir. Skal skólaárið að jafnaði hefjast 1. september og ljúka 31. maí. Í skólahverfum, þar sem helmingur nemenda eða meira verður að aka til og frá skóla eða dveljast í heimavist, er skólanefnd, að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, heimilt að stytta árlegan starfstíma skóla allt að effirtöldum lágmarkstíma:

- a) í 1.—3. bekk í 7 mánuði,
- b) í 4.—6. bekk í 7½ mánuð,
- c) í 7.—9. bekk í 8¼ mánuð.

Í öðrum skólahverfum, er eiga við örðugar umhverfisaðstæður að búa, er tálma 9 mánaða skólaári, getur menntamálaráðuneytið að ósk skólanefndar heimilað styttingu árlegs skólatíma allt að því lágmarki, sem að framan greinir, enda liggja fyrir umsögn skólustjóra og kennarafulltrúa og meðmæli fræðsluráðs og fræðslustjóra.

Hafi stytting árlegs skólatíma verið heimiluð, gildir heimildin, meðan forsendur hennar eru óbreyttar. Sé slíkt frávik frá 9 mánaða skólaári heimilað, lækkar árlegt kennslumagn hlutaðeigandi grunnskóla í samræmi við það, nema til komi heimild fræðslustjóra að lengja vikulegan kennslutíma.

Miðað við 9 mánaða starfstíma grunnskóla og 6 daga skólaviku, skulu starfsdagar skóla á hverju skólaári teljast vera 210. Af þeim skal 195 dögum hið fæsta varið til kennslu og prófa, en allt að 15 dögum til annarra þarfa skólans, og er í því sambandi heimilt að taka tillit til sérstakra atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfinu.

Fræðsluráð getur, ef skólanefnd æskir, heimilað að kennt sé einungis 5 daga vikunnar, og skal þá lengja daglegan og/eða árlegan starfstíma skólans, sem nemur fækkun daga, svo að nemendur fái á skólaárinu jafnmikla kennslu, hvort sem kennt er 5 eða 6 daga vikunnar.

Miðað við 9 mánaða starfstíma grunnskóla og 5 daga skólaviku skulu starfsdagar teljast vera 177, og skal þá eigi færri en 167 dögum varið til kennslu og prófa, en allt að 10 dögum til annarra þarfa skólans.

Í grunnskólum, er búa við skemmri árlegan skólatíma en 9 mánuði, skal ætla 10 starfsdaga til annarra þarfa skólans. Gildir þetta, hvort sem um er að ræða 5 eða 6 daga skólaviku.

Skólustjóri og kennararáð (skólustjóri og kennarafundur í smærri skólum) ákvarða, hversu ráðstafa skuli þeim starfsdögum skólans, 15 eða 10, sem ekki er skylt að nota til kennslu eða prófa. Skal sú ákvörðun birt nemendum og kennurum við upphaf skólaárs, ásamt skrá um, á hvaða daga lögboðin leyfi falla á skólaárinu. Heimilt er þó að víkja frá þeirri skrá hvað starfsdaga varðar, teljist það nauðsynlegt að dómi framangreindra aðila. Sé heimildin til að verja þessum dögum til annarra þarfa en kennslu og prófa ekki nýtt að fullu, fjölgar kennsludögum á skólaárinu að sama skapi.

Geti grunnskóli ekki fullnægt ákvarðaðri starfsdagaskyldu sinni á reglulegum starfstíma, skal starfstíminn framlengdur, unz fullum starfsdagafjölda er náð, þó eigi um lengri tíma en eina viku. Telst skólaári þá lokið.

Æski skólanefnd, að hluta námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla, getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað, að allt að fjórðungur kennslunnar fari fram með þeim hætti.

**Við 51. gr. Greinin orðist svo:**

Börn, sem talin eru vikja svo frá eðlilegum þroskaferli, að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla fer fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérdeildum grunnskóla, nema til komi kennsla á stérstofnun samkvæmt 53. gr. Kennslan fer fram eftir því, sem hentast þykir eftir afbrigðum nemenda og aðstæðum skóla og fræðsluumdæmis. Sérmenntaðir kennarar skulu annast kennslu, þar sem því verður við komið. Heimilt er skóla að fjölga í þessu skyni vikulegum skyldustundum einstakra nemenda um allt að tveimur kennslustundum, en tilkynna skal slíkt forráðamönnum nemenda.

**Við 52. gr.**

Kennslu samkvæmt 51. gr. skulu njóta:

- a) börn, sem að dómi sérfræðideildar og annarra sérfræðinga skortir hæfileika til að stunda venjulegt grunnskólanám;
- b) börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám;
- c) börn, sem að dómi sálfræðideildar og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu;
- d) börn, sem að dómi sálfræðideildar og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða, að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum;
- e) börn, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðideildar og annarra sérfræðinga, þar með talin seinþroska börn, sem talin eru geta stundað venjulegt grunnskólanám.

**Við 53. gr.**

Greinin orðist svo:

Þeim börnum, sem um getur í a) og b)-lið 52. gr., skal séð fyrir kennslu í sérstofnunum samkvæmt þessari grein. Þar skal þeim veitt uppeldi og fræðsla við þeirra hæfi, enda liggi fyrir álit sálfræðideildar um, að nám í grunnskóla beri ekki tilætlaðan árangur.

Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um, að slíkar sérstofnanir verði reistar. Það lætur gera heildaráætlun um slíkar sérstofnanir og rekstur þeirra, og skal hún að fullu framkvæmd innan 10 ára frá gildistöku laga þessara.

Allur stofnkostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo og rekstrarkostnaður, þar með talin daggjöld nemenda að því leyti, sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

Þegar um er að ræða nemendur, sem um getur í c), d) og e)-lið 52. gr., skal þeim séð fyrir kennslu í almennum grunnskóla eða sérstakri deild á vegum hans. Nú telur sálfræðideild, sem hlut á að máli, að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur, og skal þá séð fyrir kennslu í sérstofnun skv. þessari grein.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérstofnanir skv. þessari grein, og skal þar m. a. kveðið á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkum sérstofnunum.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða nemendum, sem grein þessi tekur til, náms tíma, er sé einu eða tveimur árum lengri en skólaskyldan býður.

**Við 55 gr.**

Tilvísun í málsgreinar er röng; á að vera skv. 3. mgr. (ekki 2. mgr.) og skv. 4. mgr. (ekki 3. mgr.). Við gr. bætist ný mgr.: Ákveða skal nánar í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar.

**Við 59. gr.:** Brot falli í lok fyrri málsgreinar orðin: „þ. e. í 3., 6. og 9. bekk grunnskóla“.

**Við 68. gr.**

4. mgr., a-liður, orðist svo:

a) í 1.—6. bekk, einn sálfræðingur í fullu starfi, félagsráðgjafi í hálfu starfi og sérkennari í hálfu starfi fyrir hverja 2500 nemendur;

**Við 73. gr.** Greinin orðist svo:

Sérmenntaðir starfsmenn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu skulu hafa lokið námi, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir, svo sem hér greinir:

- a) skólasálfræðingar skulu hafa lokið háskólanámi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði;
- b) félagsráðgjafar skulu hafa lokið námi í félagsráðgjöf;
- c) skólaráðgjafar skulu annaðhvort hafa lokið kennaraprófi og framhaldsnámi í uppeldisfræði og skyldum greinum eða hafa lokið BA-prófi í sálar- og uppeldisfræði, hvort tveggja auk viðbótarnáms og/eða starfsþjálfunar, er nánar verði kveðið á um í reglugerð;
- d) sérkennarar skulu hafa lokið kennaraprófi og tveggja ára framhaldsnámi í kennslu og uppeldi afbrigðilegra nemenda.

Forstöðumenn sálfræðideilda skulu vera skólasálfræðingar og hafa a. m. k. þriggja ára starfsreynslu að loknu almennu námi til þess að hljóta skipun í starf. Þeir skulu og vera færir um að leiðbeina byrjendum í starfi.

**Við 75. gr.**

Á eftir 3. mgr. komi ný mgr., svofelld:

Þeir, sem lokið hafa námi í bókasafnsfræðum og jafnframt öðlazzt kennsluréttindi á grunnskólastigi, skulu sitja fyrir öðrum um störf skólabókavaraða.

**Við 77. gr.**

Á eftir fyrstu setningu greinarinnar komi: Rekstrarkostnaður við forskólahald greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla.

**Við 79. gr.**

Við aðra málsgrein bætist:

og annast skólanefnd skiptingu milli einstakra skóla.

**3. málsgrein orðist svo:**

Hámarksfjöldi kennslustunda á kennsluviku skal miða við það, sem hér segir:

**Við 80. gr.**

- a) Stundafjöldi til stjórnunarstarfa, er svarar til allt að 7% af hámarki kennslustundafjöldi skv. 79. gr., þó ekki minna en 5 stundir á viku.

**Við 82. grein bætist ný málsgrein:**

Ríkissjóður greiðir ferða- og dvalarkostnað kennara, sem ráðnir eru að fleiri en einum grunnskóla, sbr. 37. gr.

**Við 84. gr.**

Greinin orðist svo:

Í skólum, sem reknir eru sérstaklega fyrir nemendum, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, en teljast þó til hins almenna grunnskóla og falla því ekki undir ákvæði 53. gr. um kennslu í sérstofnunum á vegum ríkisins, greiðir ríkissjóður kennslu og aðra námsaðstoð samkvæmt ákvæðum reglugerðar, er ráðuneytið setur, og taki hún einnig til starfshátta og fyrirkomulags slíkra skóla.

**Við 86. gr.**

Við næst síðustu mgr. bætist: Heimilt er ráðuneytinu þó að greiða sinn hluta viðhaldskostnaðar skólahúsa jafnóðum og hann fellur á, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

**Við 88. gr.**

Á eftir staflaðunum a)–e) komi ný málsgrein svohljóðandi:

Verði af samningum samkvæmt 15. gr. um, að skrifstofa landshlutasamtaka eða starfsdeilda innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu gegn greiðslu, skal hluti ríkissjóðs greiðast af fjárframlögum samkvæmt þessari grein.

Við bætist nýr liður:

- f) Helmingur ferðakostnaðar fræðslustjóra í embættiserindum, samkvæmt reglum, sem menntamálaráðuneytið setur.

#### Við 91. gr.

Við fyrri málsgrein greinarinnar bætist: Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna.

#### Greinargerð.

##### Um 4. gr.

Bæði á fundum um grunnskólafrumvarpið og eins í umsögnum hefur verið að því vikið, að rétt muni að láta heimildina um útibú frá aðalskólum ná til fleiri árganga en 7 og 8 ára. Grunnskólanefnd mælir með því, að hætt verði við einu ári, þannig að heimildin nái yfir aldurskeiðið 7—9 ára eða þrjú fyrstu skólaárin.

Nefndin getur hinsvegar ekki mælt með því, að 10 ára börn njóti skólavistar í útibúum. Búast má við því, að mörg útibúanna verði fámenn, og örðugt um aðgreiningu aldursflokka, ef ekki ómögulegt. Á 11. aldursári er námsaðgreining orðin það mikil, að hæpið er að árangur kennslu verði að gagni, nema um aldursaðgreiningu verði að ræða í náminu.

##### Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er ákvæði þess efnis, að menntamálaráðuneytið geti hlutazt til um, að sveitarfélög geri úrbætur í skólamálu sínum, séu framkvæmdir ekki í samræmi við lög. Vanrækslan kann að stafa af fjárskorti sveitarfélags, sem ekki er unnt að ráða bót á á skömmum tíma. Eins kann það að koma fyrir, að fjárhagsgeta sveitarfélags leyfi ekki þann byggingarhraða, sem eðlilegur er og hagkvæmur.

Ákvæðum þessum er ætlað að ráða nokkra bót á þessu, þannig að greiðslubyrði sveitarfélaganna verði dreift á fleiri ár. Við ákvörðun lánakjara má tryggja það, að ríkissjóður verði skaðlaus af þessum viðskiptum, þegar horft er til langs tíma. Útgjaldaauki ríkissjóðs af þessum sökum gæti orðið nokkur fyrstu árin, en er tímar liða verður hér um að ræða tilfærslu lánsfjár milli sveitarfélaga.

Eðlilegt er, að Samband íslenskra sveitarfélaga geti haft áhrif á ráðstöfun fjárens með aðild að samningu reglugerðar og úthlutun lána samkvæmt henni.

##### Um 11. gr.

- 1) Ábendingar hafa komið fram um, að rétt sé að fjölga í fræðsluráðum upp í 7 manns. Á viðræðufundi, er grunnskólanefndarmenn áttu með allsherjarnefnd á Búnaðarþingi, voru þau rök m. a. færð fyrir þessu, að í sumum landshlutaumdæmum væri atkvæðaafll kaupstaða og kauptúna mikið, og ástæða til að óttast, að fulltrúar sveita fengju ekki mann kjörinn í 5 manna fræðsluráð. Telur nefndin rétt, að landshlutasamtök ráði, hvort fræðsluráð eru skipuð 5 eða 7 mönnum.
- 2) Hér er gert ráð fyrir fundarsetu skólastjóra, er sitji fundi fræðsluráða vegna starfa sinna. Það girðir þó að sjálfsgöðu ekki fyrir, að kennarar megi kjósa skólastjóra sem fulltrúa sína hjá fræðsluráðum.
- 3) Ábendingar hafa komið fram um, að rétt sé að fræðsluráð gangist árlega fyrir fundum með skólastjórum og skólanefndarformönnum í umdæminu. Nefndin telur, að slíkir fundir gætu orðið mjög gagnlegir, m. a. vegna samræmingar á ýmsum sviðum skólastarfs og til kynningar á nýjungum.

##### Um 15. gr.

Hin fyrirhuguðu fræðsluumdæmi eru hvert öðru ólík, hvað innri aðstæður varðar. Má í því sambandi benda á mörg og fjölmenn byggðarlög á Reykjanesi, sérstöðu kaupstaða o. s. frv. Þykir rétt, að landshlutasamtök og menntamálaráðuneyti hafi heimild til þess að fela einstökum starfsdeildum, er þau starfrækja, meðferð skólamála á tilteknu svæði, undir stjórn fræðsluráðs og fræðslustjóra.

Um 18. gr.

Að sjálfsögðu er ætlað til, að sá háttur haldist, að skólastjórar hafi málfrelsi og tillögurétt á skólanefndarfundum. Orðalag grunnskólafrumvarpsins hefur valdið misskilningi, og þykir því rétt að taka af öll tvímæli.

Um 20. gr.

Á fundum og ráðstefnum hefur gætt nokkurrar óánægju yfir því, að lokaúrskurður í hugsanlegu deilumáli milli skólastjóra og kennararáðs (kennarafundar) skuli eiga að vera í höndum fræðslustjóra. Að gefnu tilefni telur nefndin rétt að breyta orðinu „lokaúrskurð“ í úrskurð.

Um 21. gr.

Þar sem foreldrafélag er starfandi við grunnskóla, á fulltrúi þess að eiga rétt til setu á kennarafundi með málfrelsi og tillögurétti. Slíkt ætti að geta orðið til þess að auka skilning og samstarf milli skóla og foreldra og gagnkvæman stuðning.

Um 22. gr.

Miklar umræður eiga sér stað bæði hér og erlendis um stöðu nemenda í stjórnkerfi skóla. Á fundum um grunnskólafrumvarpið hafa komið fram mjög deildar meiningar um þetta. Þykir sumum, að hér eigi nemendur hvergi nærri að koma, en aðrir leggja hins vegar til, að í nemendaráði eigi sæti nemendur allt frá 7 ára aldri. Grunnskólanefnd telur, að hér muni bezt að fara bil beggja, gera ráð fyrir nemendaráðum í 7.—9. bekk og ætla jafnframt formanni þess nemendaráðs setu á fundum kennararáðs, svo og á kennarafundum. Slíkt ætti að geta verið þroskandi fyrir nemendur og til þess fallið að auka samstarf skólastjóra, kennara og nemenda.

Um 24. gr.

Ábendingar hafa komið fram um, að réttari viðmiðun, skv. b)-lið sé „útsvarskyldar tekjur“, en „tekjur“ vegna mismunandi álagningarreglna í sveitarfélögum. Eru þær ábendingar teknar til greina.

Um 25. gr.

Réttara þykir að orða greinina þannig, að aðstaða verði til náms utan kennslustunda heldur en til undirbúnings kennslustunda næsta skóladags.

Ábendingar hafa komið fram um að setja beri ákvæði í frv. um aðstöðu í skólahúsum til þess að neyta þar málsverðar. Nefndin telur rétt að breyta frv. í þessa átt.

Um 31. gr.

Starfsheiti aðstoðarskólastjóra er breytt í „yfirskennari“ í samræmi við fram komnar tillögur.

Til þess að taka af öll tvímæli er og talið rétt að taka fram, að verði umsagnaraðilar, — skólanefnd, skólastjóri og kennararáð, — sammála um að mæla með tilteknum umsækjanda, sé menntamálaráðinu skylt að ráða hann. Þess skal getið, að samkvæmt frumvarpinu hefur staða yfirskennara (aðstoðarskólastjóra) þá sérstöðu, að hámarksráðningartími er fimm ár.

Um 32. gr.

Nefndin taldi rétt að bæta við þessa grein ákvæði um réttarstöðu þeirra kennara, sem starfa við barna- og gagnfræðaskóla, þegar lög þessi öðlast gildi. Þeir kennarar við umrædda skóla, sem hafa réttindi samkvæmt lögum, halda þeim að sjálfsögðu, þótt ný skipan taki gildi.

Um 34. gr.

Til að forðast misskilning er rétt, að í upphafi 1. málsgreinar standi „setur eða skipar“.

Jafnframt telur nefndin rétt að kveða skýrar að orði varðandi umsagnarrétt skólastjóra um ráðningu skólaráðskonu. Þá leggur nefndin til, að menntamálaráðuneytinu sé heimilt að setja skilyrði um menntun og/eða starfsþjálfun skólaráðskvenna. Hlutverk skólaráðskvenna er mikilvægt, og því rétt, að þessi heimild sé fyrir hendi.

Um 37. gr.

Frumvarpið gengur út frá þeirri almennu reglu, að skólastjóri við heimavistar-skóla fari jafnframt með yfirstjórn heimavistar.

Á fundum hefur verið bent á, að vandkvæði geti verið á því fyrir skólastjóra að sinna einnig yfirstjórn heimavistar. Þykir því rétt, að heimilt sé að ráða sérstakan heimavistarstjóra.

Hentugt virðist í vissum tilfellum að geta ráðið sama kennara að fleiri en einum skóla. Einkum á það við um kennara í sérgreinum, sem ekki fylla vinnuskyldu kennara við lítinn skóla, svo sem í tónlist og leikfimi, en einnig í öðrum greinum.

Samkvæmt breytingartillögunni er heimilt að ráða kennara, sem ferðast á milli skóla til þess að anna þessari kennslu. Er hér ekki um aukna kennslu að ræða, þar sem störf þessara kennara falla undir stundafjöldu viðkomandi skóla.

Um 42. gr.

Þessi grein grunnskólafrumvarpsins hefur nokkuð verið til umræðu á fundum, sem um það hafa verið haldnir.

Leggur nefndin til, að á henni verði gerðar breytingar. Nefndin telur þó ekki unnt að víkja frá því meginatriði, að reglulegur starfstími grunnskóla verði 9 mánuðir, þar sem því verður við komið, og að frávik verði ekki meiri en svo, að tryggt sé, að það skaði sem minnst námsferil nemanda. Eftir athuganir á því, hvaða lágmarkstíma þurfi að ætla til að anna kjarnanámskrá, telur nefndin ekki fært að færa árlegan kennslutíma neðar en hér er lagt til eða í 68¼ mánuð á 9 árum skyldu námsins á móti 81 mánuði í skóla með fullum starfstíma. Er lækkunin gerð til þess að koma til móts við óskir þar að lútandi. Frekari breytingar í þá átt telur nefndin ekki unnt að gera án þess, að yfirgefin sé sú jafnréttisstefna, sem frumvarpið að öðru leyti miðast við.

Þá telur nefndin rétt, að heimiluð verði ýmist 5 eða 6 daga skólavika, og verði á valdi skólanefnda og fræðsluráða að ákveða það með tilliti til mismunandi aðstæðna í hverju byggðarlagi og hins aukna daglega álags á nemendur og húsnæði, sem 5 daga kennsluvika hefur í för með sér.

Þá gerir nefndin um það tillögu, að skólastjóri og kennarar hvers skóla ráði, hvernig varið sé þeim 10—15 dögum, sem til ráðstöfunar eru til annars en kennslu og prófa. Einnig gerir nefndin tillögu um, að framlenging starfstíma skóla, sem ekki getur hafið starf í tæka tíð, verði takmörkuð við eina viku, og að heimild til sumarskólalahalds nái til fyrstu 6 skólaáranna.

Um 51.—53. gr.

Hér er reynt að marka skýrar verkaskiptingu milli grunnskólans og sérstofnana fyrir afbrigðilega nemendur. Aðalreglan er sú, að sem allra flestir nemendur sækji grunnskóla, en starf grunnskólans verði lagað að þörfum þessara nemenda eftir því, sem hentast þykir og unnt er. Sálfræðideild metur vafatilvik, sem upp kunna að koma.

Um 55. gr.

Bætt er við nýrri mgr. um, að reglugerð skuli sett, er nánar kveði á um framkvæmd þessarar lagagreinar. Er þetta gert í samræmi við ýmsar ábendingar.

Um 59. gr.

Nefndin telur eðlilegt, að orðið verði við fram komnum tillögum um að fella niður lokaorð 1. málsgreinar: „þ. e. í 3., 6. og 9. bekk grunnskóla“, enda verði fjallað um þetta atriði í reglugerð.

Um 68. gr.

Hér er aðeins um að ræða orðalagsbreytingu til samræmis við breytingar á 73. gr.: orðið „sérkennari“ er notað í stað „sérfróður kennari“. Geta má þess, að samlök umræddra kennara nota fyrrgreinda starfsheitið.

Um 73. gr.

Greinin hefur verið alveg umrituð m. t. t. skýrari framsetningar. Þá eru og gerðar eftirfarandi efnisbreytingar:

- 1) Um menntun skólaráðgjafa er því bætt við, að auk ákvæðanna, sem fyrir voru í greininni, geti verið um að ræða aðila, sem hafa kennarapróf og framhaldsnám í uppeldisgreinum, er reglugerð verði sett um, sbr. 74. gr.
- 2) Sett eru ákvæði um menntun sérkennara við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu, og eru þau í samræmi við tillögur Félags íslenzkra sérkennara.
- 3) Ákvæði um 5 ára starfsreynslu forstöðumanna sálfræðideilda er breytt í „þriggja ára starfsreynslu“, þar sem fyrra ákvæðið var talið mundu þrængja um of kosti deildanna, einkum þeirra, sem eru úti á landi, til að ráða sér slíka starfsmenn.

Um 77. gr.

Breytingin miðar að því að taka af allan vafa um greiðsluskyldu ríkisins vegna forskólahalds.

Um 79. gr.

Hámark stundafjölda samkvæmt þessari grein er miðað við heildarfjölda nemenda í skólahverfinu öllu. Þar sem fleiri en ein skólastofnun á grunnskólastigi starfar innan skólahverfisins, skiptist stundafjöldinn milli þeirra. Viðauki við 2. málsgrein frumvarpsins lýtur að því að taka af allan vafa um, hver annast skuli skiptingu stundafjöldans milli skólanna.

**Breyting á 3. málsgrein** er til þess gerð, að ekki ríki sá misskilningur, að ákvæði stafliða a) til d) séu bindandi og ófrávíkjanleg, sbr. 1. og 10. málsgrein.

Um 80. gr.

Við athugun þótti nefndinni rétt að fallast á þá skoðun, að ákvæði a)-liðar þessarar greinar mundu vera í knappasta lagi fyrir stærri skóla. Nefndin telur því rétt að breyta greininni í það horf, að öllum skólum sé ætlaður stundafjöldi til stjórnunarstarfa, er nema 7% af hámarki kennslustundafjölda skv. 79. gr. Á það skal þó bent, að eftir sem áður fá litlir skólar hlutfallslega fleiri stundir til stjórnunarstarfa en stórir skólar, en því valda ákvæði 79. gr. Breyting þessi mun auka launakostnað um 2,5–3 millj. kr. á ári.

Um 82. gr.

Í samræmi við breytingartillögu við 37. gr. er hér gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði ferða- og dvalarkostnað vegna þeirra kennara, sem breytingartillagan fjallar um.

Um 84. gr.

Ákvæðin í upphafi eru færð til samræmis við ákvæði 51. og 53. gr. Þá var og horfið að því, að kennslumagn þessara skóla skyldi ákveðið í reglugerð, svo sem nú er, og sú reglugerð taki einnig til starfshátta og fyrirkomulags þessara skóla.

Um 86. gr.

Skv. frumvarpinu skal ríkissjóður endurgreiða sveitarfélögum sinn hluta viðhaldskostnaðar árlega eftir á. Æskilegt væri að greiða þennan kostnað jafnóðum, en framkvæmdaörðugleikar eru á því. En þau ár, sem mikill viðhaldskostnaður fellur á einstök sveitarfélög, er æskilegt að heimila ráðuneytinu endurgreiðslu kostnaðarins fyrir en ella.

Um 88. gr.

Í breytingartillögu við 15. gr. er gert ráð fyrir, að heimilt sé að fela starfsdeildun innan landshlutasamtakanna að annast hluta af starfsemi fræðsluskrifstofu. Breyting á þessari grein kveður á um, að sú heimild breyti í engu fjárframlögum ríkissjóðs til rekstrar fræðsluskrifstofu.

Nefndinni þótti og ástæða til að taka tillit til mismunandi aðstæðna í fræðslu-umdæmum að því, er ferðakostnað varðar.

Um 91. gr.

Til þess að marka ákveðna stefnu um framkvæmdartíma lengdrar skólaskyldu er bætt við ákvæði um, að hún skuli koma til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna. Voru 6 ár hér talin vera hæfilegur undirbúnings-tími.

Þess skal getið, að nefndarmenn eru á einu máli um framangreindar breytingar-tillögur.

Virðingarfyllt,

Birgir Thorlacius,  
formaður.